

---

# Fornleifaskráning í Hrunamannahreppi Flúðir og nágrenni

---



Stefán Ólafsson (ritstjóri)

Höfundar efnis:  
Kristborg Þórsdóttir & Stefán Ólafsson

---

FS593-15231

Reykjavík 2016




*Forsíðmyndin er af veggjabrotum Áslækjarrjómabúsins ÁR-313:025 sem starfsrækt var frá 1903 - 1926.*

© Fornleifastofnun Íslands  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík  
Sími: 551-1033  
Fax: 551-1047  
Veffang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

## Efnisyfirlit

Kort af skráningarsvæðinu .....	4
1. Inngangur .....	5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf. ....	6
3. Fornleifaskrá .....	8
ÁR-312 Hruni .....	11
ÁR-313 ÁS. ....	37
ÁR-314 Grafarbakki .....	55
ÁR-315 Gröf .....	75
ÁR-316 Högnastaðir .....	89
ÁR-317 Hellisholt .....	99
ÁR-318 Miðfell .....	117
ÁR-319 Gata .....	125
ÁR-322 Núpstún .....	133
ÁR-323 Hólar (Hrepphólar). ....	147
ÁR-324 Hólakot. ....	175
ÁR-325 Sóleyjarbakki .....	185
ÁR-681 Fornleifar á fleiri en einni jörð. ....	193
4. Niðurstöður .....	203
Heimildir .....	210
Hnitaskrá .....	214
Loftmyndir - fornleifakort .....	219





Hér á kortinu fyrir ofan er skráningarsvæðið sem fjallað er um í þessari fornleifaskýrslu afmarkað með rauðri línu. Jarðirnar innan þess eru; Hruni, Ás, Grafarbakki, Gröf, Högnastaðir, Hellisholt, Miðfell, Gata, Núpstún, Hólar eða Hrepphólar, Hólakot og Sóleyjarbakki. Ekki má nota kortið sem heimild um landamerki. Á Íslandskortinu sem fellt er inná kortið er afstaða skráningarsvæðisins sýnd gagnvart öðrum landshlutum.



### **Samantekt**

*Að frumkvæði sveitarstjórnar Hrunamannahrepps unnu starfsmenn Fornleifastofnunar Íslands ses. að fornleifaskráningu 12 jarða í nágrenni Flúða sumarið 2015. Fornleifaskráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands byggir á jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsen frá 1887 og þá voru 50 jarðir í Hrunamannahreppi. Skráningarsvæðið er því ekki lýsandi fyrir hreppinn. Á svæðinu voru skráðir 354 minjastaðir. 30% minjastaða höfðu sýnilegar hleðslur að einhverju tagi en 44,1% minjastaða sáust ekki á yfirborði.*

## **1. Inngangur**

Á vormánuðum 2015 óskaði sveitarstjórn Hrunamannahrepps eftir því að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér skráningu á fornleifum innan sveitarfélagsins og samkvæmt óskum sveitarfélagsins voru eingöngu skráðar fornleifar á þeim jörðum sem liggja að þéttbýlinu á Flúðum. Ennfremur var fjöldi skráðra minjastaða takmarkaður við 350 staði. Áður en hafist var handa við vettvangsskráningu var safnað heimildum um minjar á svæðinu. Við slíka yfirferð er reynt að fara í gegnum allar ritaðar heimildir sem fjalla með einum eða öðrum hætti um viðkomandi svæði svo sem fornbréfasöfn, örnefnaskrár, túnakort, ferðabækur, herforingjaráðskort og fornleifaskýrslur svo eitthvað sé nefnt og sá Sædís Gunnarsdóttir um þá vinnu.

Alls voru 354 fornleifar skráðar á 12 lögbýlum; Hruna, Ási, Grafarbakka, Gröf, Högnastöðum, Hellisholti, Miðfelli, Götu, Núpstúni, Hólum, Hólakoti og Sóleyjarbakka. Vettvangsvinna var unnin af Kristborgu Þórsdóttur og Stefáni Ólafssyni í júní 2015 og ennfremur sá Stefán um skýrslugerð.

Skýrsla þessi er byggð upp með svipuðum hætti og aðrar skráningarskýrslur frá Fornleifastofnun Íslands ses. Eftir inngangi er byrjað á að fara yfir sögu fornleifaskráningar á Íslandi og hvaða lög gilda um fornleifar í landinu. Því næst kemur sjálf fornleifaskráin með inngangi þar sem framsetning hennar er útskýrð og að lokum kafli með samantekt á helstu niðurstöðum skráningarinnar.

## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980. Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning). Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminja (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í lögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem það eru vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir ennfremur: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir

yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang[i] fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunaruppgrftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hættu á að áður óþekktar minjar finnast við jarðrask.


Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.



### 3. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: MH-102:001).

Fornleifaskrá hvorrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvorrar jarðar. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og




Tóft er 60m norðvestan við bæjarstæði 001, um 100m suðvestan við hesthús 035.

Tóftin er byggð upp við klettaborg sem myndar jafnframt suðaustur langhlið tóftarinnar en landið norðvestan hennar hallar nokkuð skarpt til vesturs.

Tóftin er 11x5,5m að stærð, einföld og snýr suðvestur og norðaustur. Vegghleðslurnar eru um 150cm á breidd, hlaðnar úr torfi og grjóti. Ytra byrði þeirra er um 160cm á hæð en innra byrði um 80cm á hæð. Hleðslugrjótið er frekar stórt en annars eru vegghleðslurnar vel grónar grasi og mosa. Tóftin hefur að öllum líkindum verið stekkur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Skrínustaðir, 5



*Uppdrættirnir sýna í flestum tilfellum gróna veggj svarta, grjót og kletta gráa með svartri umgjörð og halli er sýndur með örvalínunum.*

Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað.

síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að frávik frá miðju sé ekki meira en 5 metrar og svo er 15 metra friðhelgt svæði umhverfis

fornleifar samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012). Að auki voru gerðar sérstakar uppmælingar á hverjum minjastað þar sem ummerki sáust með gps stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, þar sem frávik frá miðju er innan við 1 metri. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



ÁR-312:018 áveita  
ÁR-312:018 áveita

# ÁR-312 Hruni

ÁR-312:014 fjárhús  
ÁR-312:022 stekkur

ÁR-312:028 óþekkt

ÁR-312:008 traðir  
ÁR-312:017 kálgarður  
ÁR-312:023 áveita  
ÁR-312:003 útihús  
ÁR-312:001 bústaður  
ÁR-312:002 kirkja

ÁR-312:004 fjárhús B

ÁR-312:004 fjárhús A

ÁR-312:010 kvíar

ÁR-312:023 áveita

ÁR-312:006 býi

ÁR-312:005 býi

ÁR-312:026 heystreði  
ÁR-312:021 fjárhús

ÁR-312:012 landamerki



**Skýringar**

- þegjahlóll
- horfinn minjastaður
- loft
- gömul bygging sem stendur enn
- túngarður skv. túnakorti
- mörk túns skv. túnakorti
- garðlag eða leið






## ÁR-312 Hruni

Staður, jarðadýrleiki óviss 1709, talinn 20 hdr jörð. Kirkjustaður aq. JÁM II, 257. 1191: Hruna-Gunnar prestur Bjarnason bjó þar?; IA 22, 62, 120, 180, 324. 1185-1225: Þorvaldr prestur Gizurarson býr þar; Guðmundarsaga dýra, Sturlunga, 155-156, 193. c. 1200: Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups, DI XII 7 [1331]: Máldagi kirkjunnar: „hvn a heima lannd allt oc kaldbak oc þorarinzstadi til forsia. Oc skal þar greida af ij merkur fatækum manni einum skylldaustvm af ætt arnsteins. Skal af runa stad fa til vidu vr skogvm stadarins til fiarhusa. Enn ef norrænn vidur er til lagdur þorarinstada. Þa falle af landz leigu. Grafar kirkia liggur thil songs j runa. Lann[g]hollt hid efra. Rafnkelzstadir oc hellishollt. Backi oc brydiuhollt oc berghylur oc kalldbakur. Horgzhollt. Oc laxardalr oc solheimar. Tijvnndir liggia til runa af þessum fyrr nefndum bæivm nema grof oc half j lanngaholli.

Af þessum bæum er oc tijvnnd j runa selium badum oc jsabacka. Lysitollar allir eru til runa. Vr heima þjngum oc af backa enn hálfur vr grafar þjngum.

Groptur er j runa af þessum ollum bæium. Sem fyrr eru nefndir oc þessvm thil. Kogsvatn oc lavgar tuennir skiphollt. Oc haukhollt. Jeta oc þorarinzstadir. ... Þetta gaf þorarinr rolfsson til runa stadar þa er hann atti horsholt [laxar gliufur] oll norðr frá kalldbakzlandi. Skal sa þo er j horkzhollte byr fa ij. Menn til safnuz [um kall] bakzheidar med runamonnum huertt haust thil allra logretta.“ DI II 665-666 1382-91: Máldagi kirkjunnar: „a heimaland allt oc kalldbak oc Þorarinzstadi og Forsiä og skal þar greida af ij merkur fatækum monnum hinum skyll dustum af ætt Arnsteins. Skal Hrunastadur fa til vidu vr skogum stadarins til fiarhwsa. Enn ef norrænn vidur er til lagdur þorarinstada þa falli af landzleigu. Grafarkirkia liggur til saungs j Hruna oc Langhollt hid efra. Hrafnkjelstader oc Hellishollt. Backi og Brydiuhollt oc Berghylur. Kalldbakur. Horkshollt. Laxardalur. Solheimar.

Tiunder liggia til Hruna af þessum fyrnefndum bæium. Nema Grof oc langholli half. Af þessum bæium er oc tiund j Hrunaselium badum oc Jsabacka. Lysitollar allir eru til Hruna vr heimþjngum oc af Backa. Og allir vr Grafar þjngum. Groptur er j Hruna af ollum þessum bæium sem fyrr eru nefndir. Og þessum til logdum Kogsvatn oc Laugar tuennar. Skiphollt. Haukholt. Eta oc Þorarinzstader. ... Þetta gaf þorarinr Hrolfsson til Hrunastadar. Laxargliufur oll norður j frá Kalldbakslandi. Skal sa þo er j Haurksholli byr fa ij menn til safns med Hrunamonnum a Kalldbaksheijdar huert haust til allra logrietta“ 1397 Máldagi kirkjunnar DI IV 43-44 [um 1400]: Máldagi kirkjunnar. DI VI 38-39 c.1452 „Item lagde byskup Gottskalk j sinne visitatione [hálfkirkjunni í Miðfelli] eitt kugillde fra Runa oc



*Uppdrátturinn hér að ofan er nákvæm endurgerð af túna-korti Hruna frá 1922 en á það hefur verið bætt víðeigandi fornleifanúmerum. Skyggðir rammar tákna þakberandi hús en óskyggðir kálgarða eða önnur afmörkuð svæði. Hér er til að mynda kirkjugarður táknaður á svipaðan hátt en húsið innan hans táknað kirkjunna. Heilar línur umhverfis túnið tákna túngarð en brotin lína náttúrulega afmörkun.*

sira Jon Jonsson afhennde“; Máldagi kirkjunnar DI IV 45

1461: „Stefna lesinn fyrir kirkjudyrum í Hruna.“ DI V 238 4.9.1461: „Andrés Grænendingabiskup veitir junkæra Þorleifi Björnssyni Hrunastað með ollum sínum peningum ... Præter portionem Ecclesiæ“ DI V 240 19.3.1483: „Jörðin Berghylur er í Hrunakirkjusókn.“ DI VI, 476 1488: Berghylur gefinn Hrunakirkju. DI VI, 647-48. [1491-



*Bæjarhóllinn á hruna er um 40x20m að stærð og á honum stendur íbúðarhús sem er byggt um 1950. Horft til norðausturs.*

1518]: Máldagi kirkjunnar DI VII, 44. 7.5.1493: Jörðin Hellisholt í Hrunamannahreppi er í Hrunasókn. DI VII, 177. 1557: Lýsing landamerkja Kaldbaks, Hruna og Hörgsholts. DI XIII, 195-197.

Höfðingjasetur frá um 1195. Hjáleigur 1709, Skrautás 012, Lambhús 006, Launfit 007 og Hrunakrókur ÁR-307 allar í eyði og Ás ÁR-313 í byggð. JÁM II, 257-259.

1922: Tún 5,8 ha, rúml. 1/2 slétt, garðar 21 arar.“Nokkur hluti landsins er lágir ásar og hæðardrög með valllendsigróðri. Ágætt beitiland, bæði vetur og sumar. Annar hluti landsins er flatlendi og að hluta votlendi. - Hrunavöllur. - Þar er vetrarþétt góð, einkum fyrir hross, og talið snjólétt. Gnægð er að þurru og auðunni ræktunarlandi. Engjar voru þýfðar og blautar í vætutíð, víðlendar, en ekki að sama skapi grasgefnar.“ SBI, 235

**ÁR-312:001** *Hruni* bæjarhóll bústaður 438645 404653

Á miðju bæjarstæðinu stendur steipt íbúðarhús frá 1950 sem er hæð, ris og kjallari. Umhverfis húsið er skrudgarður með trjágróðri sem er þéttastur austan við húsið.

Bæjarstæðið er í nokkrum hallanda til suðurs. Hlað er vestan við íbúðarhúsið.

Bær og kirkja 002 standa á hjalla undir háum hól. Ekki er hægt að sjá greinilega upphleðslu bæjarhóls en suðaustan við núverandi hús og innan skrudgarðs er nokkuð brött en lítil brekka. Þessi brekka gæti gefið til kynna að húsið hafi verið grafið inn í gamla bæjarhólinn þó að það sé með öllu óvíst. Þó að ekki sé hægt að sjá neina upphleðslu bæjarhóls má samt

greina umfang bæjarstæðisins sem er um 40x20m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Framhlið hefur að öllum líkindum snúið til suðvesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1922

**ÁR-312:002** hús kirkja 438660 404628

Kirkjan í Hruna er innan kirkjugarðs 10-15m suðaustan við bæjarstæðið 001.

Leiðin eru upphlaðin og austast í garðinum er þó nokkur trjágróður.

Kirkjan er 15x6m að stærð og snýr í norðvestur og suðaustur eins og bærinn. Núverandi kirkja var byggð 1865 og stendur hún á steiptum sökklí. Kirkjan er í kirkjugarði sem enn er grafið í. Í Kirkjum Íslands kemur fram að kirkjugarðurinn hafi verið sléttaður 1905 og svo stækkaður 1955 til norðurs og svo enn meira 1991 til austurs. Greinileg ummerki má sjá á garðinum að einhvern tímann mun hann hafa verið 47x25m að stærð og snúið eins og kirkjan. Þessi lögum garðsins mun að öllum líkindum vera frá því að hann var sléttaður 1905. Þá mun kirkjan hafa verið tiltölulega miðsvæðis innan garðsins þó lítið eitt vestan við miðju. Garðurinn mun síðan hafa verið stækkaður til norðurs og svo aftur til austurs. Í Kirkjum Íslands kemur enn fremur fram að nýtt safnaðarheimili var svo reist tæpa 30m austan við kirkjuna 1992-3. Garðurinn er upphlaðinn og sjást þess greinileg merki að suðvestanverðu. Þar er upphleðslan um 3m. Út frá þessu má ætla að sléttunin sem gerð var 1905 hafi verið fölginn í því að bera jarðveg yfir þáverandi garð.



*Kirkjan á Hruna er enn á gamla kirkjustæðinu og er kirkjan sem enn stendur byggð 1865*

HRUNI (Á) -Maríu, Tómasi eb, Þorláki, Katrínu mey

[aq. 1191: Hruna-Gunnar prestur Bjarnason bjó þar?; IA 22, 62, 120, 180, 324; Prestssaga Guðmundar, Bsk I, 441 - ekkert sem bendir til þess utan nafnið]

?1185-1225: Þorvaldr prestur Gizurarson býr þar; Guðmundarsaga dýra, Haukdælabáttur, Sturl, 155-156, 193; sbr. Prestssaga Guðmundar, Sturl, 172, Íslendinga saga, Sturl, 288 [í allra síðasta lagi frá 1198]

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 7

[1331]: Hruna.

Kirkia j hruna er helgud sælli gudz modur marie oc hinum heilaga tomasi erchibiskupi oc hinum helga þorláki biskupi oc hinne helgu mey katrijnu.

Hvn a heima lannd allt oc kaldbak oc þorarinzstadi til forsia. Oc skal þar greida af ij merkur fatækum manni einum skylldaustvm af ætt arnsteins. Skal af runa stad fa til vidu vr skogvm stadarins til fiarhusa. Enn ef norrænn vidur er til lagdur þorarinstada. Þa falle af landz leigu.

Grafar kirkia liggur thil songs j runa. Lann[g]hollt hid efra. Rafnnkelzstadir oc hellishollt. Backi oc brydiuhollt oc berghylur oc kalldbackur. Horgzhollt. Oc laxardalr oc solheimar.

Tijvnnindir liggia til runa af þessum fyrr nefndum bæivm nema grof oc half j lanngaholli. Af þessum bæum er oc tijunnd j runa selium badum oc jsabacka.



Lysitollar allir eru til runa. Vr heima þjngum oc af backa enn hálfur vr grafar þjngum. Groptur er j runa af þessum ollum bæium. Sem fyrr eru nefndir oc þessvm thil. Kogsvatn oc lavgar tuennir skipholtt. Oc haukhollt. Jeta oc þorarinsstadir.

Kirkia j runa a fiogra vetrunga eldi j langholt. Skal sa vid taka er þar byr at Michaelz messu. Oc annast thil fardaga. Og abyrgist sem log votta.

Runa kirkia a ok veidi I laxa litlu I daga j huerri viku. Vt j laxär os fra vppspretum. Skal sa er runa kirkiu a. Kiosa mariu mesu sijdare hueria daga er hann vill hafa þaug missere.

Stadurinn j runa ä oc torfskurð j backa lannd. Ä torfmyre suo sem hun þarf til elldividar oc fiogra hesta beit medann torfverk eru hofd.

Stadurinn a oc beit j horkzhollt tuo manadi aullu fie. J annat maal sijdan lomb eru færð fra saudum.

Þessa ä runi skoga. Hellirs skoga. Alftavollu. Þorsteinzhofda. Mariuhrijs oc knausa med ollum fornnum vmm merkium.

Þessi er kennimanna skyllð i runa presta tueggia oc messu diaknns.

Þetta a runa kirkia j kuikfie. X. Kugilldi saudfiar. Oc x. Kugilldi nauta. Hesta iij. Kugillda. Oc merross iij. Kugilld.

Rvna kirkia ä vj hundrud jnnan veggjar j bulutum. Mä þad greida j reckiuklædum. J mat oc heyvum oc husbunadi oc odru þuij sem þarf ad hafa oc virða thil frijdz.

Þetta er j kirkiu skruda. Fimm presta messu fot. Oc ij dalmaticur. Sloppar. Iij. Kanntara kapur. Ij. Oc messu fata stack. Vij. Alltaris klædi oc dukar ij glitadir. Kalekar ij oc stenndur annar vj. Aura enn annar ij ortugar hinnz ix eyris. Oc gylldr. Vj. Merkur vax oc reykelzis. Aspiciensbokur iij. Er taka xij. Manadi. Iij. Lesbækur. Er taka xiij mänadi. Gudspialla bokur ij er taka xij manadi gradall oc collectarius oc sequenciubok er taka xij manadi. Ymnarius oc suffragium og capitularius alltarisbok. Handbok. Rijm. Ij. Oc ärtijda skra. Daudiz salltare oc mariu psalltara. Mariu saga. Og kross sogor badar oc vppreistar saga. Jons saga postula. Clemens saga. Formæle. Ceciliu saga. Marie jartegnir a latinu. Glodarker. Glergluggar þrijr. Kerttistikur. Iij. Rodukrossar tveir smellter. Oc þrijr hinir. Mariuskriptt. Ein gyllð ok onnur skriptt steind. Su sem a er vppreistar sagha. Fonz vmmunadur oc lysisker. Skrijn oc tiollð vmm hverfis kirkiu. Oc jarnstika stor. Þrijr lectarar. Merki ij. Kluckur. Vij. Paska kerti af tre. Ampli. Kirkiu las. Munnlog. Eijrn stoll. Oc vatzketill. Elldberi. Kerttastockur. Oblatu budkar. Iij. Handklædi. Iij. Messv fata kista. Krismaker. Slikis steinn.

Þetta gaf þorarinn rolffson til runa stadar þa er hann atti horsholt [laxar gliufur] oll norðr frá kalldbakzlandi. Skal sa þo er j horkzhollte byr fa ij. Menn til safnuz [um kall] bakzheidar med runamonnum huertt haust thil allra logretta. Máld DI II 665-666

1382-91: a heimaland allt oc kalldbak oc Þorarinsstadi og Forsiä og skal þar greida af ij merkur fataekumm monnum hinum skyllðustum af ætt Arnsteins. Skal Hrunastadur fa til vidu vr skogum stadarins til fiarhwsa. Enn ef norrænn vidur er til lagdur þorarinstada þa falli af landzleigu.

Grafarkirkia liggur til saungs j Hruna oc Langholt hid efra. Hrafnkjeldstader oc Hellishollt. Backi og Brydiuhollt oc Berghylur. Kalldbakur. Horkshollt. Laxardalur. Solheimar.

Tiunder liggia til Hruna af þessum fyrnefndum bæium. Nema Grof oc langholtti half. Af þessum bæium er oc tiund j Hrunaselium badumm oc Jsabacka.

Lysitollar aller eru til Hruna vr heimþjngum oc af Backa. Og aller vr Grafar þjngumm. Groptur er j Hruna af ollum þessum bæium sem fyrr eru nefnder. Og þessum til logdum Kogsvatn oc Laugar tuennar. Skipholtt. Haukholt. Eta oc Þorarinsstader.

Kirkia j Runa a fiogra vetrunga eldi j Langholt. Skal sa vid taka er þar byr ad Michaelsmessu oc annast til fardaga oc abyrgiazt sem log votta.

Runa kirkia a [veidi í Laxá, torfskurð, beit, skóga]

Þessi er kiennimanna skyld i Hruna. Presta tveggja oc messudiakns.  
Þetta gaf Þorarin Hrolfsson til Hrunastadar. Laxargliufur oll nordur j frá  
Kalldbakslandi. Skal sa þo er j Haurksholli byr fa ij menn til safns med Hrunamonnum  
a Kalldbaksheijdar huert haust til allra logrietta

Enn slyka peninga sem sira Svarthofdi tok j stadarspioll logdust til ad giaura ad  
stadnum. Er hann nv kvittur fyrer Þa bot sem hann hefur lagt a stadinn

portio Ecclesiae oreiknad vije oc xv aurar

1397 Þetta hefr aukist vmm þat framm sem j Maldaga herra Michels stendur  
gafst hestur oc kyr medann sira Oddur var. Fiell nidur firir stadarbot oc iije af  
stadarspiollumm. Er metinn var vij hundrada bot a stadnum. Er hann hafdi bata lätid  
medan sira Þordur hieilt gafust vj ær oc kyr. Hundrad j haustlagi

[ornamenti] er Svarthofdi prestr lagdi til

portio Ecclesiae vmm næstu ix ar fyrerfarandi xj hundrad; Máld DI IV 43-44 [um  
1400]: Gamall maldage Hrunakirkju.

Suo mikid var virdt og lucktt er sera Andres tok enn sera Þordur liet laust stadnum j hruna.

Xiiij kyr og ij am fätt j attatije asaudar.

Xc j hrossum. Vjc j metfie. Forn Jnnstæda kirkiunnar. Jtem iijc j Bokum. Jtem vc  
j virdingagotze. Jtem iijc voru. Jtem viijc j hafnarvodum og vtiju alna j huertt hundrad.  
Jtem xij sauder veturgamler. Jtem jc j slatrum. Jtem halftt annad hundrad j hafnarvodum  
voruvirdum. Jtem v manna messuklæde og eru ein sæmeleg og tuenn vel fær. Tuenn miog  
vond. Jtem alltarisklæde þriu fær. Jtem viij dukar ovijgder. Og þriyr j blämerkter. Jtem þriar  
kantarakapur er ein med pell slitin og forn. Jtem kaleikar tuejr og kertestikur þriär og er ein  
stor standande. Kirkiuketill. Baksturjarn. Amplæ sacrarium munnlog.

Mätust iijc j stadarspioll medan sera Þordur var.

Jtem xiiij bækur fornar.

Jtem lagde sera Þordur til mork fyrer fyrnd a messuklædum. Máld DI VI 38-39 [AM  
262 4to, bl. 39 ‘anno 1606 22 dag Januarij fanst þesse fyrskrifad[ur] hruna maldage a e[i]nni  
songbok j Skalhollte med gamallt skrif. Enn vel læsiligt’]

c.1452 Jtem lagde byskup Gottskalk j sinne visitatione [hálfkirkjunni í Miðfelli] eitt  
kugillde fra Runa

oc sira Jon Jonsson afhennde; Máld DI IV 45

1461: Stefna lesinn fyrir kirkjudyrum í Hruna; DI V 238

4.9.1461: Andrés Grænlendingabiskup veitir junkæra Þorleifi Björnssyni Hrunastað med  
ollum sijnum peningum ... Præter portionem Ecclesiae; DI V 240

19.3.1483: Jörðin Berghylur er í Jrunakirkjusókn. DI VI, 476

1488: ... Arne prestr snæbiarnarson officialis .... Hefi unt ok gefit til heidrs allzvalldanda  
gudi. Jungfru Marie hans signudu modur. Hinum heilaga thome archiepiscopa cantuarensi.  
Heilaga þorlaki ok blezadri katerine virgini jordina alla Berghyl. Fimm hundrudum ok tuttugu  
at dyreika er liggr j ytra hrepp j Hruna kirkiusokn med aullum þeim gognum ok giædum sem  
greindri iordu fylger ok fylgt hefer at fornu ok nyiu til yztu ummerkia vit adrar iardir ok ek  
hefer fremzt eigandi at ordit. Ok þar til fimm malnytu kugillde Marie ok stadnum i Hruna til  
fullrar eignar ok frials forrædis epter minn dag nema ek vile sialfr fyrr upp gefa. Med þeim  
skilmala at sa sem greinda kirkiu i Hruna helldr ok hefer til forrædis skal her a mot segia lata  
eina messu hvern midvikudag i hverri viku æfinliga af helgum anda at vidlogdum tveimur  
collectum af iungfru Marie ok aullum helgum. Enn ef nockurn tima kann nidr at falla saker  
einhverra naudzsynia eda ef ber adra helgi aa midvikudaginn suo eigi se sungin þessi skylldu  
messa. Þa se sagdar tuær j annari viku. Svo skulu ok tiundernar lukazt af reindre iordu  
æfinliga lika sem adr. Samþykki þessa mina gíof ok skilmala virduligr herra ok andaligr fader  
herra Magnus med gudz nad biskup I skalholli ... DI VI, 647-48 [AM Apogr. 2180 ex orig.

Hrunakirkju]

[1491-1518]: Mariekirkia í hr[vna a] xx. Kyr oc hvndrad tolfrætt saudar. Viij. Hundrvd I gelldvm savdum. Oc þar til enn gell fiar hvndrad.

Jtem xxij hundrud i hestum oc koplum. Máld DI VII, 44 [AM 257 4to; AM Apogr 2694]

7.5.1493: Jörðin Hellisholt í Hrunamannahreppi er í Hrunasókn. DI VII, 177.

21.7.1819: Reykjadalprestakall lagt niður og Tungufell gert að annexíu frá Hruna; (PP, 83) [konungsbréf]

**Hættumat:** hætta, vegna líkagraftar

**Heimildir:** IA 22, 62, 120, 180, 324; Bsk I, 441; Sturl, 155-156, 172, 288; DI II, 665-666; DI IV, 43-44, 45; DI V, 238, 240; DI VI, 38-39, 476, 647-48; DI VII, 44, 177; DI XII, 7; PP, 83; Kirkjur Íslands 1, bls 61-62

**ÁR-312:003** heimild um útihús 438621 404669

Samkvæmt túnakorti frá 1922 var stórt útihús, líklega fjós og fleiri samtengd hús, um 60 m norðvestan við kirkju 002 og fast vestan við bæ 001.

Slétt malarplan er þar sem útihúsið stóð.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna niðurrifs og sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1922

**ÁR-312:004** tóft+garðlag fjárhús 438827 404828



Tóft 004A, horft til norðausturs



Tóft 004B, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1922 var útihús áfast túngarði um 250 m norðaustan við bæ 001. Þar er fjárhústóft sambyggð túngarði við norðausturenda gamla heimatúnsins. Önnur sigin tóft er sambyggð utanverðum túngarðinum.


Fjárhústóftin er uppi á Hrunanum sem bærinn stendur undir. Trjám verið plantað við túnendann nálægt tóftinni og á túngarðinum.

Mínjarnar eru á svæði sem er um 300x40 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.



Túngarður 004C. Tóft 004A og tóft 004B eru sambyggðar túngarði 004C. Horft til vesturs





*Tóft A er neðst á uppdrættinum, hún er sambyggð gerði III sem er sambyggð Túngarði C. Tóft B er vest-norðvestan við tóft A og er hún einnig sambyggð túngarði C.*

er hann torf- og grjóthlaðinn í brekkunni niður af Hrunanum að tóft B. Sú tóft er 130 m VNV við tóft A og er við utanverðan túngarðinn á mörkum brekku og mýrar. Tóftin er um 3x6 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Op er á henni í VNV-enda en þar er veggur útflattur. Sama er að segja um NNA-langvegg sem er að mestu torfhlaðinn. Tóftin er að mestu torfhlaðin f.u. Vegginn sem hún á sameiginlegan með túngarðinum. Mesta hæð veggja er 0,3-0,4 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún gegndi en staðsetning hennar og lögun benda til þess að hún sé kvíatóft.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1922

Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Fjárhústóftin A er suðaustarlega á svæðinu. Hún er um 14x19 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og er þrískipt. Hólf I og II eru fjárhús og hlaða en hólf III er gerði sem tengir tóftina við túngarðinn. Hólf II, hlaðan, er í suðurhorni tóftarinnar. Það er 2,5x4,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því í suðvesturenda og eins er óljóst op úr því til norðvesturs inn í hólf I, fjárhús. Hólf I er um 7x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á norðausturhlið þar sem hefur verið timbur- eða bárujárnsþil. Hólf III, gerðið, er um 11x11 m að innanmáli. Það er L-laga vegna þess að hólf I er í suðurhorni þess. Mesta hleðsluhæð veggja í tóftinni er 0,6 m og í þeim sjást mest 4 umför. Hleðslur eru farnar að hrynja inn í hólf I. Mikið járnarusl er í hölfum I og II. Túngarður C afmarkar norðausturenda túnsins sem er uppi á Hrunanum og liggur svo af honum niður bratta brekku til VNV á mýrlendi þar sem hann beygir til norðvesturs og hverfur svo í mýrina. Garðurinn er 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð.

Hann er að mestu torfhlaðinn, þó

**ÁR-312:005** *Skrautás* bæjarstæði býli 438914 404505

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir: „Hjáleiga í Hrunatúni, liggur nú í eyði, hefur fyrrum bygð verið, en stundum í eyði eftir því sem staðarhöldurum hefur sýnst sjer haga, er annars gömul hjáleiga.“ „Hjáleiga í Hrunalandi. ... Ekki er kunnugt



*Túnakort Skrautáss 005 sett yfir lofjósmynd. Bleika línan sýnir umfang túnsins á Skrautási eins og þau voru teiknuð 1922. Fyllti ferhyrningurinn sýnir bæinn en sá ófyllti kálgarð.*

um, að þetta kot hafi haft sérstakt land til umráða. ... Skrautás fór endanlega í eyði 1929,“ segir í Sunnlenskum byggðum. „Austan við Hruna [001] er eyðibýlið Skrautás,“ segir í örnefnaskrá. Minjastaðurinn er staðsettur út frá örnefnakorti Ingimundar Einarssonar og er staðsetning því ekki fullkomlega nákvæm. Eftir að Skrautás fór í eyði var vegur lagður yfir hluta bæjarhólsins. Skrautás er 300m aust-suðaustan við bæjarstæði 001, 165m suð-suðaustan við Gamlastöðul 010 og 190m vestan við tóft 021.

Minjastaðurinn er í sléttuðu landi og að hluta undir vegarstæði.

Samkvæmt túnakorti sem gert var af Skrautási 1922 voru tún Skrautáss 1,27 ha. Þar af var helmingurinn sléttaður en hinn hlutinn „greiðfær“ eins og það er orðað á túnakortinu og var matjurtagarðurinn 2,7 arar að stærð. Þess er einnig getið

á túnakortinu að tún Skrautáss hafi verið girt með túnum Hruna. Ekkert sér til minja eftir bæjarhúsin. Tveir lágir hólar eru norðan við veginn sem gætu verið minjar eftir bæjarhúsin eða hluta þeirra þó ekki sé hægt að fullyrða neitt um það. Engin úthús eru sýnd á túnakortinu sem myndu þá hafa tilheyrnt Skrautási og því má ætla að húsdýrin hafi annað hvort verið höfð í húsi á bæjarhólnum eða með húsdýrum á Hruna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**JÁM II, 257; Túnakort 1922; SBI, 236; Ö-Hruni, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hruni; SBI, 236

**ÁR-312:006** *Lambhús* bæjarstæði býli 438650 404475

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir: „Lambhús hefur önnur hjáleiga heitið í Hrunatúni, stundum hefur hún kölluð verið Miðhús, hefur ekki bygð verið í 16 ár, þangað til ýmist bygð verið eður í auðn.“ Sennilega sama hjáleiga og síðar voru kölluð

Toddar segir í Sunnlenskum byggðum „Sunnar og frammar [en Kirkjulækur] var býlið Toddar, þar eru líka Toddaflatir,“ segir í örnefnaskrá. Minjastaðurinn er 180-190m sunnan við bæjarstæði 001, 260-270m vestan við Skrautás 005 og 120-130m austan við veitugarðlög 023. Hann er staðsettur út frá örnefnakorti Ingimundar Einarssonar af Hruna og er staðsetning því ekki fullkomlega nákvæm.

Hóllinn er í sléttuðu túni.

Vel sýnilegur hóll er í sléttuðu túni sem er um 25x16m að stærð og sný suðvestur og norðaustur. Framhlið húsa virðist helst hafa snúið heim að Hruna til norðvesturs. Möguleg upphleðsla gæti verið um 1,5m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**JÁM II, 258; SBI, 236; Ö-Hruni, 1; SBI, 236; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hruni



*Lambhús 006 var hjáleiga frá Hruna sem talið er að hafi einnig borið nafnið Toddar. Staðsetning Lambhúsa er ekki fullkomlega nákvæm en samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar mun það hafa verið sunnan við Hruna og vestan við Skrautás.*


**ÁR-312:007** *Launfit* bæjarstæði býli 438168 406521

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir: „Launfit hefur hjáleiga heitið í Hrunalandi, hefur í eyði legið nú í næstu 12 ár, er fyrst bygð fyrir hjer um 80 árum, og lá oft og lengi í eyði þess á milli, eftir því sem staðarhaldaranum í Hruna þótti sjer haga, því kotið þrengir að staðnum.“ Rústir sjást enn segir í Sunnlenskum byggðum. „Langibakki er nær inn að Launfit, með Laxá nær hún inn að Lambakletti,“ segir í örnefnaskrá. Minjastaðurinn er 1,9-2 km norð-norðvestan við bæjarstæði 001, 170-

180m sunnan við brú á Litlu-Laxá og 50-60m austan við þjóðveg 344.

Tóftirnar eru í smápýfðum og frekar flötum móa.

Minjastaðurinn er 20x20m að stærð og á honum eru tvær tóftir og ein þúst. Tóft A er 11x9m að stærð, snýr norður suður og sjást óljóst fjögur hólf í henni. Mögulega hafa tvo op verið



*Launfit er gömul hjáleiga frá Hruna sem sennilega hefur ekki verið í bygð síðan í lok 17. aldar. Þar sem býlið er talið hafa staðið voru skráðar þrjá tóftir sem eru sennilega allar frá sama tíma.*





Launfit 007, horft til vesturs

á tóftinni, á sitt hvorum gafli. Tveimur metrum norðaustan við hana er tóft B sem er 7x6m að stærð, snýr einnig í norður-suður en er einföld. Austan við tóft A og sunnan við tóft B er mikið smápýfi sem virðist vera ferhyrnt og er það hér skráð sem þúst C. Þúst þessi er um 6x3m að stærð og snýr vestur austur. Vegghleðslur eru orðnar mjög rúnnaðar en eru þó um 80-100cm á hæð. Lítið sem ekkert ber á grjóthleðslum í veggjum sem eru allar grónar

mosa og grasi og nokkuð hlaupnar í þúfur. Þétt austan við tóftirnar eru götur 015.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**JÁM II, 258; SBI, 236; Ö-Hruni, 1

#### ÁR-312:008 *Hlaðgerðartraðir* örnefni traðir 438590 404677

„Vestan við bæinn er Steinshóll og Hlaðgerðartraðir ...“ segir í örnefnaskrá. Hlaðgerðartraðir voru líklega norðan við Steinshól og lágu frá bæ 001 til VNV. Þær eru ekki sýndar á túnakorti frá 1922.

Sléttað malarplan er á milli bæjar og Steinshóls en vestan við planið er allbrött brekka og á milli hennar og Steinshóls er laut sem gæti hafa myndast vegna umferðar. Mögulega hafa traðirnar verið þar sem lautin er eða í framhaldi af henni til austurs, nær bænum.

Engin ummerki um traðir sjást vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hruni, 1

#### ÁR-312:009 *Stekkjartún* tóftir beitarhús 439271 405724

Stekkjartún er merkt inn á örnefnauppdrátt Ingimundar Einarssonar norðvestan undir




Beitarhús 009A, horft til norðausturs

Leynisásam. Beitarhúsatóft og önnur lítil tóft eru innan gerðis sem afmarkar Stekkjartún, um 1,2 km norðaustan við bæ 001. Minjarnar fá bókstafi í lýsingu hér á eftir. Ekki sést stekkjartóft í túninu en líklegt er að stekkurinn hafi verið á sama stað og beitarhúsin.


Minjarnar eru vestan undir háum ási. Innan garðs er fremur flatlent og þýft svæði en inn á milli eru sléttaðir blettir. Fjárhústóftin er vestan undir lágum hjalla austast í túninu.

Gerði C afmarkar svæði sem er 260x142 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er



*Uppdrátturinn sýnir beitarhús 009A*

er allt niðurgrafið og að öllum líkindum hefur þar verið hlaða. Það er 4x1,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið er samansigið og ekki er op á því. Hólf III er samsíða hólf I að norðaustanverðu og er 10x2 m að innanmáli. Hlaðinn garði er í því og er hann 0,2-0,3 m á hæð. Úr hólf III er gengt inn í hólf IV til suðausturs. Það er hlaða sem er 2x2,5-3 m að innanmáli. Hólf V er suðvestan við hólf I og er líklega heygardur. Það er 11x11 m að innanmáli. Ekki er hlaðinn veggur fyrir norðvesturhlið þess. Tóft B er 76 m suðvestan við tóft A. Hún er torf- og grjóthlaðin og er einföld. Tóftin er 6x5 m að stærð og snýr



*Uppdrátturinn sýnir tóft 009B*

torfhlaðið og er 0,5-0,8 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Pælan sést á stöku stað og rof er komið í vegg gerðisins hér og hvar. Beitarhúsatóft A er við miðja suðausturhlið gerðisins. Hún er torf- og grjóthlaðin og skiptist í fimm hólf. Tóftin er 32x18 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð veggja utanmáls er 1,3 m en 2 m innanmáls. Tóftin stendur vel en grjót úr veggjum er tekið að hrynja inn í hana. Tóftin er að hluta grafinn inn í hjallann sem hún stendur undir og er sambyggð gerði C. Hólf I er í miðri tóftinni og er stærsta hólfið. Það er 11x7 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á norðvesturhlið þar sem hefur verið þil. Ógreinilegar undirstöður tveggja garða sjást í hólfinu og hafa því verið fjórar krær í þessu hólf. Hólf II er suðaustan við hólf I. Það



*Tóft 009B, horft til suðausturs*



norðvestur-suðaustur. Op er á henni í vesturhorni og þýft er í kringum hana nema til vesturs. Mesta hleðsluhæð er 0,4 m en ekki sést fjöldi umfara vegna gróðurs. Ekki er fullljóst hvert hlutverk tóftarinnar var.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hruni

**ÁR-312:010** *Gamlistöðull* tóft kvíar 438871 404664

„Sunnan við Litla-Leyni er Stöðulás og Gamlistöðull,“ segir í örnefnaskrá. Gamlistöðull er 220-230m austan við bæjarstaði 001,160-170m norð-norðvestan við Skrautás 005 og 300m



*Það eru orðin nokkuð mörg ár síðan kýr eða kvíær voru mjólkaðar á Gamlastöðli 010. Horft til vest-norðvesturs.*



*Teikningin sýnir uppdrátt af Gamlastöðli 010.*

norðvestan við fjárhús 021.

Minjastaðurinn er í þröngum dal milli tveggja hárra klapparholta.

Tóftin er 11x10m að stærð og norður suður. Hún er tvískipt og eru vegghleðslur stöndugar, um 1m á hæð og um 2m á breidd. Tóftin er sennilega hlaðin úr torfi og grjóti og vegghleðslur eru grónar mosa og grasi. Hólfín eru ósamstæð og tóftin eilítið ólöguleg sem gæti gefið til kynna að um tvö byggingarstig sé um að ræða. Greinilegt op er á syðra hólfinu til vesturs en ekkert augljóst op er á nyrðra hólfinu, þó virðist vera eins og gróið rofsár sé í suðausturhorni þess.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hruni, 1

**ÁR-312:011** *Orustulág* örnefni 439738 406071

„Norðan við Stöðulinn [010] eru Leyniásar og Kolbeinsflöt. Vestastur er Stóri-Leynisás, norðan við hann er Orustulág,“ segir í örnefnaskrá. Á örnefnakort Ingimundar Einarssonar er merkt inn Vopnalág sunnan við Stóra-Leynisás. Vopnalágur er ekki getið annarsstaðar og er líklegt að átt sé við sama stað og Orustulág en þá ber heimildum ekki saman um það hvort lágin er sunnan eða norðan við Stóra-Leynisás. Norðan við Stóra-Leynisás er afgerandi lág á

milli klappa. Gengið er út frá því að það sé Orustulág.

Lágin er grasi gróin og er löng og allhá brekka niður úr henni til vesturs á Hrunavöll.  
**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hruni, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hruni

**ÁR-312:012** garðlag landamerki 439821 404951

Landamerkjagarður afmarkaði land Hruna á láglendi á mótum Þverspyrnu ÁR-309 og Áss ÁR-313 og var hann skráður í Seljadal 013 og þar sem hann liggur framhjá Skrautáss-Stekkatúni (sjá 313:044) að garði 131:033C sem afmarkar tún suðaustan við Hellisás.

Garðurinn liggur um þýfða móa.

Landamerkjagarðurinn sést á svæði sem er um 1350x90 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðaustast í Seljadal liggur garðurinn frá norðaustri til suðvesturs á 125 m löngum kafla. Þá beygir hann til suðvesturs á 410 m löngum kafla og endar við hátt klettaholt. Um 350 m suðvestar, við suðvesturenda holtsins, heldur garðurinn áfram til suðvesturs á 500 m löngum kafla. Ekki er ljóst hvort garðurinn heldur áfram til norðurs úr Seljadal en þaðan sjást ummerki um girðingu á loftmyndum sem liggur til norðurs að Litlu-Laxá. Garðurinn er fremur unglegur en aldur hans er ekki þekktur. Hann er víðast torfhlaðinn en einnig er grjót í honum þar sem það er aðgengilegt.



*Landamerkjagarður 012 í Seljadal. Horft til norð-norðausturs.*

Víðast er hann 0,6 m á breidd og 0,5 m á hæð þar sem hann er hæstur. Líklegt er að girt hafi verið ofan á garðinn. Ekki sést garður á suðvesturmerkjum milli Hruna og Áss en þar er búið að grafa skurð á merkjum. Á loftmyndum má sjá að ungleg garðlög liggja meðfram norðurmerkjum jarðarinnar meðfram Litlu-Laxá. Þau voru ekki skoðuð á vettvangi og eru að öllum líkindum of ung til að teljast til fornminja.

**Hættumat:** hættu, vegna vegagerðar

**ÁR-312:013** Seljadalslækur örnefni sel 439663 404796

„Austan Skrautáss [005] er Langamýri, Grjóthóll og Skrautás-Stekkatún [313:044], hjá því rennur Þverspyrnulækur (hann heitir mörgum nöfnum). Næst heitir hann Seljadalslækur, Stekkatúnslækur [sjá 313:044], þá Hyljalækur,“ segir í örnefnaskrá. Seljadalur er um 1 km austan við bæ 001 og liggur malarvegur um hann að Þverspyrnu ÁR-309 og Hörgsholti ÁR-308.

Dalurinn er gróinn að nokkru leyti en raskaður af vegagerð og allmikið jarðvegsrof er í austurhlíðum dalsins. Þar sem hann er gróinn er hann stórþýfður. Meira undirlendi er austanvert í dalnum, austan við Seljadalslæk, en vestanvert í honum.


Dalurinn var allur genginn frá merkjum á mótum Þverspyrnu til suðvesturs en engin ummerki um sel fundust. Ekki er vitað hvar selið var eða frá hvaða bæ. Mögulega eru minjarnar horfnar vegna vegagerðar eða jarðvegsrofs en þar sem ekki er vitað hvar selið var er ekki hægt að skera úr um það.

**Heimildir:** Ö-Hruni, 2

ÁR-312:014 Einarshús hús fjárhús 438200 404759

„Hjá Lækholti er Lokaflóð, norðar og nær bænum er Stekkjarás og Stekkjarskarð. Vestan í ásnum er Stekkjartún. Vestan við það er Stekkjarholt, „ segir í örnefnaskrá. Á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar eru Einarshús sýnd norðaustan við Stekkjarholt. Einarshús eru 460m vestan við bæjarstæði 001, 6-8m vestan við stekk 022 og 1,1-1,2 km suðaustan við Brúnahús 032. Hústóftin eru að hluta enn undir þaki og er óvíst um aldur þeirra.

Tóftin er þétt austan við sléttað tún og vestan undir brekku rótum klapparholts.



Einarshús 014 hafa verið fjárhús. Suðaustastihluti þeirra er enn undir bárujárnnum sem táknad er á teikningunni með samsíða línunum. Í garðanum vottaði fyrir steyptri þró sem ætla má að hafi verið baðþró. Umhverfis Einarshús er mikið af stekkjarskarðum og suðaustan við Einarshús 014 eru tóftir 022. Kannski eru þær tóftir leifar stekksins sem umhverfið dregur nafn sitt af eða að þær eru á svipuðum stað og upphaflegi stekkurinn stóð á.



Einarshús 014, horft til austurs.

Fjárhústóftin er 24x10m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er einföld og liggur garði eftir henni endilangri. Vegggleðslur eru veglegar, um 3m á breidd og um 1m á hæð. Þær eru hlaðnar úr torfi og grjóti og má telja 5-6 umför. Austasti hluti hússins er niðurgrafinn og er hann jafnframt undir þaki. Garðinn er mikið til útflattur og er 10-20cm á hæð. Hann hefur verið hlaðinn úr torfi og grjóti en eitthvað

endurbættur með steypu vestast. Kannski hefur það verið þar. Timburgrindin í þakinu er að hrúni komin. Ekkert burðarverk sést í miðri grindinni og virðist sem aðal burðarþolið hafi verið í útveggjum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hruni, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hruni

**ÁR-312:015** gata leið 438197 406518

Götur hjá eyðibýlinu Launfitum 007 liggja frá malarvegi um sveitina að brún rofabarðs nærri Litlu-Laxá. Leiðin liggur yfir leið 681:006. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru en þær liggja fast austan við býlistóftina og fara jafnvel aðeins yfir austasta vegginn í stærstu tóftinni.

Leiðin liggur um þýfðan móa.

Leiðin sést á 80 m löngum kafla austan vegar og á 35 m löngum kafla vestan við veg. Það sjást 5-6 götur á 5 m breiðu svæði. Þær eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar



*Götur 015 sem liggja framhjá eyðibýlinu Launfitum. Horft til norðurs.*

**ÁR-312:016** *Gamla-Stekkatún* örnefni stekkur

Örnefnið Gamla-Stekkatún kemur fyrir í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar frá Minna Núpi en engar leiðbeiningar eru um staðsetningu og þá kemur þetta örnefni ekki fram á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar. Staðsetning minjastaðarins er óþekkt og ekki reyndist hægt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju. Örnefnið Gamlastekkatún er til í landi Áss ÁR-313:017 en Ás var áður hjáleiga frá Hruna. Hvort um er að ræða sama stað eða staðsetning er óþekkt.

**Heimildir:** Ö-Hruni BJ, 95

**ÁR-312:017** kantur kálgarður 438629 404640

Samkvæmt túnakorti frá 1922 var stór kálgarður fast vestan við kirkju og kirkjugarð 002 og sunnan við bæ 001.

Kálgarðurinn var í allbröttum halla til suðurs framan við bæinn. Flatlent sléttuð tún er sunnan við hann.

Einu ummerkin sem enn sjást um kálgarðinn er gróinn kantur neðst í hallanum sunnan við bæinn. Hann er 46 m á lengd og snýr VNV-ASA. Kanturinn er nokkuð aflíðandi og er 0,3-0,5 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1922



*Í sléttu túninu neðan við bæinn 001 má sjá óljós ummerki eftir kant sem gætu verið einu sýnilegar minjar kálgarðs 017. Horft til aust-suðaustur*



**ÁR-312:018** *Stekkarholtsáveita* garðlag áveita 437900 404958

Stekkarholtsáveita er merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar af jörðinni. Áveitan er í mýrlendi norðvestan og norðan við Stekkjarholt 022, um 800 m vestan við bæ 001.

Áveitan er á stórpýfðu, flatlendu svæði sem búið er að ræsa fram og þurrka að miklu leyti.

Áveitumannvirkin eru á svæði sem er 1,1x0,4 km að stærð og snýr NNA-SSV. Á því sjást fjögur torfhlaðin garðlög og einn skurður. Mannvirkin fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Vélgrafnir skurðir eru í gegnum öll mannvirkin. Garður A er suðvestast á svæðinu og nær hann yfir í land Áss ÁR-313. Það er 0,5 m á breidd og 0,4 m á hæð. Garður B er lengstur garðanna og liggur hann í sveig frá NNA til suðausturs. Garðurinn er genginn í þúfur og er 1-2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Garður C liggur af gördum B og D til norðurs og er einn hlykkur á honum. Hann er 0,5-0,8 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Garður D liggur af garði E



*Stekkarholtsáveita 018, horft til norðvesturs.*

til norðurs og sveigir til norðausturs. Hann er 0,5-1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Skurður E er syðst á svæðinu og liggur úr suðvestri til ANA. Hann er 0,2-0,3 m á breidd og 0,3-0,5 m á dýpt. Uppmokstur úr skurðinum er NNV og norðvestan við hann.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hruni



*Lofljósmyndin sýnir umfang áveitu 018.*

**ÁR-312:019** *Lambhúsbalur* örnefni lambhús

Örnefnið Lambhúsbalur kemur fram í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi en engin lýsing á staðsetningu fylgir. Örnefnið Lambhúsbalur kemur ekki fram á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar af jörðinni og er því staðsetning Lambhúsbalu óþekkt.

**Heimildir:** Ö-Hruni BJ, 96; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Ás; SBI, 236

**ÁR-312:020** *Litluhólar* mannabein legstaður 435840 405288

Í skýrslu um viðbót við Forgripasafnið sem birtist í Árbók Hins íslenska fornleifafélags



1910 segir: „Tvö mannsbein, uppblásin í gamalli dys í Litluhólum rétt hjá Hruna, úr dys annarshvors þeirra Péturs Spons eða Jurens Finchs [...], sem þar voru dysjaðir 12. ág. 1539.“ Litluhólar eru ekki nefndir í örnefnaskráum fyrir Hruna en þar er hins vegar getið um Smáholt þrjú og er líklegt að um sama stað sé að ræða. Smáholtin eru þrjú litlir hólar í mólendi austan við malarveg um sveitina um 650 m norðan við bæ 001.

Smápýfður mói sem er mýrlendur á köflum.

Engin ummerki fundust um legstaðinn og ekki fengust upplýsingar um nákvæman fundarstað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** MÞ: „Skýrsla“ Árbók 1910, 81

**ÁR-312:021** tóft fjárhús 439106 404473

Tóft af fjárhúsum og hlöðu er um 500m suðaustan við bæjarstæði 001, um 200m austan við Skrautás 005 og 6-7m austan við heystæði 026. Fjárhústóftin stendur á lágum holtarana þétt suðvestan undir klettaholti sem nefnist Litli-Miðás en norðvestan og suðaustan við ranann er blaut mýri.


Tóftin er á lágum hól í flötum og blautum móa með lágum klettaholtum.

Tóftin er 14x11m að stærð, snýr norðvestur suðaustur og er hún öll gróin mosa og grasi. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti, þær eru um 1m á hæð og má telja 4 - 5 umför í þeim. Tóftin er tvískipt, fjárhús sem eru 6,5x1,5m að innanmáli og hlaða sem er 1,5x1,5m að innanmáli. Op er á tóftinni til suðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-312:022** Stekkjarholt tóft stekkur 438224 404755

Örnefnið Stekkjarholt kemur fyrir í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar yfir örnefni í landi Hruna en nákvæm staðsetning fylgir ekki. „Hjá Lækholti er Lokaflóð, norðar og nær bænum er Stekkjarás og Stekkjarskarð. Vestan í ásnúm er Stekkjartún. Vestan við það er Stekkjarholt,“ segir í örnefnaskrá. Tóft er 430-440m vestan við



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af fjárhústóft 021. Dæld er norðarlega á suðvesturlanghlið sem gæti mögulega hafa verið op. Nokkuð af grjóti er við þessa dæld sem er örugglega samtíningur sem hefur verið hent í tóftina eftir að hún fór úr notkun.*



*Fjárhústóft 021, horft til norðvesturs.*

bæjarstæði 001, 6-8m austan við Einarshús 014 og 1,1-1,2 km suðaustan við Brúnahús 032. Tóftin er þétt austan við sléttað tún og vestan undir brekkurótum klapparholts.

Tóftin virðist frekar hafa verið rétt en stekkur en mögulega hefur hún verið byggð á eldra stekkjastæði. Tóftin sem er öll á kafi í grasi er 28x9m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún er að öllum líkindum grafin að hluta inn í brekkurætur klapparholts sem jafnframt myndar suð-austurlanghlið tóftarinnar. Tóftin er tvískipt en svo virðist sem lítil kró hafi verið hlaðin í nyrðra hólfinu í austurhorninu við norðurgafflinn. Vegghleðslur sem eru 1-1,5m á breidd og um 60cm á hæð eru sennilega hlaðnar úr torfi og grjóti.



*Stekkjartóft 022, horft til suðvesturs. Teikning af stekki 022 er sýnd á upprætti á bls. 14 ásamt teikningu af tóft 014.*

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hruni BJ, 95; Ö-Hruni, 1

### ÁR-312:023 Veita garðlag áveita 438477 404596


Örnefnið Veita kemur fyrir í örnefnaskráskrá Brynjúlfs Jónssonar frá Minna Núpi en engar upplýsingar um hvar þær eru. Á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar frá um 1945 má sjá að svæði sunnan túns á Hruna heitir Veita. Veita er 170-200m suðvestan við bæjarstæði 001, um 130m suðaustan við Lambhús 006 og 320-330m suðaustan við Einarshús 014 og vottar þar fyrir fjórum garðlögum.

Garðlögin eru í blautri og smápýfðri mýri sem hefur verið framræst.

Garðlögin sem eru fjögur eru á svæði sem er um 150x50m að stærð og eru frá því að vera 60-100cm á breidd og 20-60cm á hæð. Þrjú liggja samsíða frá suðaustri til norðvesturs en fjórða garðlagið er 40m norðar en hin þrjú og hefur stefnuna norður suður.

**Heimildir:** Ö-Hruni BJ, 95; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hruni

### ÁR-312:024 tóft óþekkt 438706 404681




*Á loftmyndinni má sjá afstöðuna milli áveitu 023*

„Bærinn í Hruna [001] stendur hátt og ofan við hann er hæð sem nefnist Hruni og er víðsýnt þaðan. Fremst á hæðarbrún, beint fyrir ofan bæinn, er hústótt, allskýr u.þ.b. 8-9x3 m að innanmáli, og



*Veita 023, horft til norðvesturs*

kann að hafa verið reist í varnarskyni að fornu.“ og „Jóhannes Helgason sýndi mér tóttina, og segir að hún nefnist Kirkjulág eða Kirkjulaut. Hún á að vera leifar kirkju sem kemur fram í þjóðsögunni um dansinn í Hruna,“ segir í grein Helga Þorlákssonar í Árningsi V. Í Kristian Kálund I segir: „Hruninn (skylt „hrun“ : fall, hrap) er raunar grasivaxin hæð með brattar hliðar, en laut ofan í hana og vottar þar fyrir tóftum....Munnmæli segja að kirkjan hafi áður staðið uppi á Hrunanum, þangað til hún sökk í jörðina á jólanótt með prestinn óguðlega og allan söfnuðinn.“



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 024 en hún virðist hafa verið þriggja hólfu og haft op til suðvesturs.*



*Tóft 024 er orðin mjög óljós og sigin. Horft til vesturs.*

Tóft er uppi á Hrunanum sem er um 60m aust-norðaustan við bæjarstæði 001, um 160m vestan við Gamlastuðul 010 og 50m norðan við safnaðarheimili Hrunakirkju byggt 1993.

Tóftin er uppá grösugu klettaholti.

Tóftin er 14x6m að stærð og snýr vest-norðvestur og aust-suðaustur. Vegghleðslur eru mjög signar og útflattar, um 30cm á hæð og um 1,5m á breidd. Innrabyrði er greinilegra en ytra byrði sem gæti gefið til kynna að tóftin hafi verið niðurgráfin og má sjá í henni votta fyrir þremur hólfum og opi á vesturgaffli. Hvorki sést né finnst fyrir grjóthleðslum og er tóftin öll grasi vaxin. Vestan við tóftina virðist landið vera hreyft og má vera að þar sé þúst, hún var þó ekki skráð. Verður hér látið duga að nefna það.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** HP: „Hruni“ Árningsur V, 14 og 65; KK I, 135-136

**ÁR-312:025** tóft beitarhús 439563 405055

Beitarhúsatóft er í norðausturjaðri Brennimýrar, um 1 km norðaustan við bæ 001.

Tóftin er á þurrlendisbala við brekkurætur innan beitarhólfs fyrir hesta.

Tóftin er torf- grjóthlaðin og skiptist í fimm hólf. Hún er 13x9 m að stærð og snýr austur-vestur. Henni hallar lítillega til vesturs. Op eru inn í hólf I og V úr vestri. Hólf I er í suðvesturhorni tóftarinnar. Það er 6x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Austan við það er hólf II. Það er 1,5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf III er norðan við hólf II. Það er 2x2 m að innanmáli. Op er úr því til vesturs inn í hólf IV. Það er 2x1 m að innanmáli og snýr norður-suður Hólf V er svo í norðvesturhorni og er það 4x1,5 m að innanmáli, snýr



austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er 1 m og mest sjást 3 umför. Ekki sjást undirstöður garða eða jötu.


**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-312:026** tóft heystæði 439093 404481

Tóft af heystæði er um 500m suðaustan við bæjarstæði 001, um 200m austan við Skrautás 005 og 6-7m vestan við fjárhús 021. Heystæðið er á lágum holtarana þétt suðvestan undir klettaholti sem nefnist Litli-Miðás en norðvestan og suðaustan við ranann er blaut mýri.



*Beitarhúsatóft 025, horft til vest-norðvesturs*



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af beitarhúsatóft 025.*

Tóftin er á lágum hól í flötum og blautum móa með lágum klettaholtum.


Tóftin er upphlaðinn pallur sem er 4x2,5m að stærð og snýr hann norðaustur suðvestur. Suðvesturhlið hans er grjóthlaðin kantur sem er hlaðinn milli tveggja jarðfastra steina. Í hleðslum eru um 2 umför af flötu meðalstóru grjóti og er hleðsluhæð 20-40cm. Tóftin er mosa og grasi gróin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-312:027** tóft fjárskýli 439154 405984



*Tóft af heystæði 026, horft til suðurs*



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af heystæði 026.*

Borgartóft er undir rafmagnslínu sunnan undir Ketilhól um 1,4 km norðan við bæ 001. Tóftin er í þýfðum móa sem er vaxinn mosa og grasi. Tóftin er einföld og hringlaga. Hún er nokkuð sigin og virðist vera torfhlaðin. Tóftin er 10 m í þvermál og er op á henni til suðvesturs. Veggir tóftarinnar eru 3 m á breidd og 0,5 m á hæð.


**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-312:028** varða óþekkt 438361 404798

Varða er 300m vest-norðvestan við bæjarstæði 001, 160-170m aust-norðaustan við Einarshús 014 og um 350m norðvestan við Veitu 023.

Varðan er á löngu klapparholti sem liggur frá suðvestri til norðausturs.

Varðan er 1x0,8m að stærð og snýr austur vestur. Hún er mikið til fallin, einungis um 30cm



*Borgartóft 027, horft til austurs.*

*Uppdrátturinn sýnir teikningu af borgartóft 027.*

gróðurkragi umhverfis hana.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

á hæð og 3-4 umför. Hún er ferhyrnd og hlaðin úr frekar flötu grjóti, gróin mosa og er

**ÁR-312:029** gata leið 438556 406222

Leið liggur þvert yfir Hrunavöll frá leið 681:006 til austurs að leið 681:009 við Litlu-Laxá. Leiðin sást ekki á vettvangi en er greinileg á loftmyndum og var skráð á úrvinnslustigi og lýst af loftmynd.

Göturnar liggja um þýfðan móa á flatlendi.

Leiðin var ekki skoðuð á vettvangi en sést skýrt á loftmynd á um 600 m löngum kafla. Götur eru á 2-3 m breiðu svæði og eru því ekki margar en þær eru vel greinilegar.

**Hættumat:** engin hætta



*Varða 028, horft til norðurs*




ÁR-312:030 tóft óþekkt 437488 405687

Tóft er 1,5km suðvestan við bæjarstæði 001, um 90m vestan við Brúnahús 032 og um 1km suðvestan við Launfit 007.

Tóftin er í jaðrinum á grösugum móa sem er sunnan við hana en norðan og norðvestan við



Tóft 030, horft til norðvesturs



Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 030. Sökum rofs er allur norðausturendi tóftarinnar blásinn burt.

hana hallar landið bratt niður að Litlu-Laxá.

Tóftin er 8x6m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hún mun hafa verið stærri því allur norðausturgafli hennar hefur orðið rofi að bráð. Rofsárið er gróið. Veggheðslur eru mjög rúnnaðar en þær eru um 60cm á hæð og um 2,5-3m á breidd, ekki sjást neinar grjóthleðslur í þeim. Tóftin er fornleg, öll gróin mosa og grasi. Aðeins er hægt að greina eitt hólfi í þeim hluta tóftarinnar sem eftir er. Ekki er vitað hverju hlutverki tóftin þjónaði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rofs

ÁR-312:031 gata leið 438478 405887

Allmiklar götur liggja þvert yfir Hrunavöll og leið 681:006 í átt að Berghyl ÁR-303. Ekki

er ljóst á hvað leið göturnar eru eða hversu gömul hún er en hún virðist ekki mjög forn.

Leiðin liggur yfir flatlendan þýfðan móa.

Leiðin sést á um 540 m löngum kafla, frá malarvegi um sveitina á leið 034, og liggur hún norðaustur-

suðvestur. 12-15 götur sjást saman á svæði sem er um 20 m á breidd. Þær eru ógreinilegar í þýfinu sem þær liggja um. Mögulega er þetta rekstrarleið að Berghyl frá skilarétt Hrunamanna sem er um 200 m norðvestan við suðvesturenda gatnanna.

**Hættumat:** engin hætta




Leið 031 liggur um flatan þýfðan móa, horft suðvesturs.

ÁR-312:032 *Brúnahús* tóft fjárhús 437579 405698

„Vestan við það [Stekkjartún] er Stekkjarholt [022]. Norðan við holtið eru Brúnir, „ segir í örnefnaskrár Hruna. Örnefnið Brúnir er einnig nefnt í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi. Brúnahús eru sýnd á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar og þá eru hús sýnd á Herföngjaráðskorti frá 1910 á svipuðum stað. Brúnahús eru 1,5km norðvestan við bæjarstæði 001, 1km suðvestan við Launfit 007 og 100m sunnan við Litlu-Laxá.

Tóftin er á lágum hól í sléttu túni. Norðvestan við tóftina fellur landið nokkuð bratt til norðvesturs.



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af Brúnahúsum 032. Línurnar sem sýndar eru innan og upp við norðurlanghliðina eiga að tákna bárujárnsrusl.*

*Brúnahús 032, horft til norðvesturs*

Tóftin er fjárhús og hlaða sem er um 20x15m að stærð og snýr norðvestur suðaustur. Vegghleðslur úr torfi og grjóti eru stöndugar, um 1,5m á breidd og um 1m á hæð að utanverðu. Tóftin er niðurgráfin og því er innra byrði veggja hærra en ytra byrði. Innri veggghæð hlöðu er um 2m en ekki var hægt að slá tölu á hæð innrabyrðis fjárhúsa því þau eru full af bárujárnsplötum, timbri og gaddavír. Ennfremur var ekki hægt að sjá ummerki eftir garð / jötu af sömu ástæðu. Op er á tóftinni á vesturgafli en sunnan við opið er rof í tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hruni, 1; Ö-HruniBJ, 95; Ingimundur Einarsson Örnefnabók: Hrunamannahrepps - Hruni; Herföngjaráðskort 47 1910

ÁR-312:033 varða óþekkt 439743 406118

Vandlega hlaðin varða er uppi á bergjunum norðan við Stóra-Leynisás og Orustulág 011, um 600 m norðaustan við Stekkjartún 009 og 1,8 km norðaustan við bæ 001.

Varðan er á vesturbrún klapparáss. Frá henni sést vítt til norðurs og vesturs.

Varðan er hringhlaðin og er um 1 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Grjótið í henni er hellugrjót og sjást 4-5 umför. Varðan virðist ekki mjög forn en ekki heldur mjög ungleg. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

**Hættumat:** engin hætta

ÁR-312:034 gata leið 438455 406048



Varða 033, horft til suðvesturs.

Götur liggja þvert yfir Hrunavöll og leið 681:006 í átt að Berghyl ÁR-303. Leiðin sást ekki á vettvangi en er greinileg á loftmyndum og var skráð á úrvinnslustigi og lýst af loftmynd.

Leiðin liggur yfir flatlendan þýfðan móa.

Leiðin sést á um 650 m löngum kafla og liggur VSV-ANA. Henni svípar nokkuð til leiðar 031 og eru götur á 15-20 m breiðu svæði. Ekki er ljóst hvert eða hvaðan leiðin lá en hún endar um 60 m austan við skilarétt Hrunamanna og getur verið rekstrarleið frá henni.

**Hættumat:** engin hætta

ÁR-312:035 gata leið 439421 405984

Allmiklar götur liggja frá Stekkjartúni 009 vestan undir Leynisásum til norðausturs. Þær



Leið 035 liggur um þýft flatlendi. Horft til norðvesturs.

hverfa á köflum þar sem búið er slétta litla túnbletti. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru. Þær hafa sömu stefnu og götur á leið 681:023 og gætu verið tilbrigði við þá leið.

Göturnar liggja um þýfðan móa á flatlendi.

Leiðinni var fylgt á 270 m löngum kafla þar sem hún liggur norðaustur-suðvestur. Götur sjást á um 20 m breiðu svæði en þær eru ekki beinar og eru mjög misgreinilegar. Greina má 15-20 götur sem eru flestar grónar en 1-2 götur eru enn farnar af sauðfé.

**Hættumat:** engin hætta





# ÁR-313 Ás



ÁR-313:017 stekkur

ÁR-313:011 útihús  
ÁR-313:020 býli

ÁR-313:004 lambhús  
ÁR-313:005 útihús  
ÁR-313:002 hesthús  
ÁR-313:026 túngarður  
ÁR-313:003 útihús  
ÁR-313:012 áveita

ÁR-313:037 vörslugarður

ÁR-313:030 óþekkt

ÁR-313:014 leið

ÁR-313:008 fjós

ÁR-313:001 bústaður

ÁR-313:015 kálgarður  
ÁR-313:027 traðir

ÁR-313:024 mógrafir  
ÁR-313:013 kvíar

ÁR-313:040 brunnur

ÁR-313:042 leið

ÁR-313:036 óþekkt

ÁR-313:016 þvottastaður

ÁR-313:009 lambhús

ÁR-313:009 lambhús

ÁR-313:036 óþekkt  
ÁR-313:009 lambhús

ÁR-313:039 óþekkt

ÁR-313:033 rétt

ÁR-313:033 rétt

ÁR-313:033 rétt




Skýringar	
	þéttarhöll
	horfinn minjastaður
	tóft
	gömul bygging sem stendur enn
	túngarður skv. túnakorti
	mörk túns skv. túnakorti
	garðlag eða leið



## ÁR-313 Ás

Hjáleiga Hruna 1709, þá eina hjáleigan í byggð. JÁM II, 258. Nýbýli: Skyggfir 1947. SBI, 238.

1922: Tún, 5,37 ha, um 2/3 slétt, garðar 13,6 arar. „Meðaljörð að landrými. Landið að mestum hluta þurrlandir ásar, gott og skjólsamt sumarland. Ræktanlegt þurrlandi er lítið en gott og auðunnið. Samfellt mýrlendi er ekki mikið og að mestu framræst. Engjar voru lélegar.“ SBI, 237



Uppdrátturinn hér að ofan er nákvæm endurgerð af túnakorti Áss frá 1922 en á það hefur verið bætt viðeigandi fornleifanúmerum. Skyggði flöturinn táknar bæjarhólinn en óskyggðir rammar tákna kálgarða eða útihús. Heilar línur umhverfis túnið táknar túngarð en brotin lína náttúrulega afmörkun.

### ÁR-313:001 Ás bæjarhóll bústaður 437965 404215

Samkvæmt túnakorti frá 1922 stóð bærinn miðsvæðis innan heimatúnsins. Gamla bæjarstæðið í Ási er um 100m suðvestan við núverandi íbúðarhús á Ási byggt 1977 og 90-100m norðaustan við gamla íbúðarhúsið á Skyggfir byggt 1947.

Bæjarstæðið er í sléttuðu túni undir klettaborg og umhverfis það eru útihús og skemmur.

Bæjarstæðið er u.þ.b. 30x30m að stærð en upphleðsla bæjarhóls er mjög ógreinileg. Á bæjarstæðinu stendur íbúðarhús sem ekki er lengur búið í. Húsið er ein hæð, ris og kjallari sem er ekki mjög djúpur. Fyrir framan húsið eru nokkur tré.

**Hættumat:** hættu

**Heimildir:** Túnakort 1922



Bæjarhólinn á Ási 001, horft til norð-norðvesturs.

**ÁR-313:002** heimild um hesthús 438004 404318

Samkvæmt túnakorti frá 1922 var útihús um 120 m NNA við bæ 001. Útihúsið var líklega á sama eða svipuðum stað og núverandi íbúðarhús í Ási, byggt árið 1977. Að sögn Eiríks Steindórssonar, heimildamanns, var hesthús þar sem núverandi íbúðarhús í Ási stendur og eru miklar líkur á því að hesthúsið hafi verið á sama stað og útihúsið á túnakortinu.

Íbúðarhúsið er í sléttuðu túni uppi á holti og er lítil afgirt lóð í kringum það.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna sléttunar og byggingaframkvæmda.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1922

**ÁR-313:003** heimild um útihús 438009 404337

Samkvæmt túnakorti frá 1922 var útihús um 140 m NNA við bæ 001. Það var líklega 20 m norðan við núverandi íbúðarhús í Ási, byggt árið 1977.

Útihúsið var í sléttuðu túni uppi á holti.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1922

**ÁR-313:004** heimild um lambhús 437982 404336

Samkvæmt túnakorti frá 1922 var útihús um 130 m NNA við bæ 001 og 20 m vestan við útihús 003. Að sögn Eiríks Steindórssonar, heimildamanns, var lambhús um 40 m norðan við núverandi íbúðarhús í Ási (byggt árið 1977) og um 130 m norðan við bæ 001 og eru miklar líkur á því að lambhúsið hafi verið á sama stað og útihúsið á túnakortinu.

Útihúsið var í sléttuðu túni uppi á holti.

Sléttað var yfir minjarnar um 1970 og engin ummerki um lambhúsið sjást lengur á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1922

**ÁR-313:005** heimild um útihús 437989 404317

Samkvæmt túnakorti frá 1922 var útihús um 120 m NNA við bæ 001 og 10 m vestan við útihús 002. Útihúsið var líklega á sama eða svipuðum stað og núverandi íbúðarhús í Ási, byggt árið 1977.

Íbúðarhúsið er í sléttuðu túni uppi á holti og er lítil afgirt lóð í kringum það.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna sléttunar og byggingaframkvæmda.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1922

**ÁR-313:006** gripir

Öxi frá miðöldum, mögulega víkingaöld, fannst í Ási. Ekki er vitað hvar gripirnir fundust og því reyndist ekki unnt að staðsetja þá með innan við 50 m skekkju.

**Heimildir:**KEKH, 288

**ÁR-313:007** *Hrunalaug* laug bað 438881 403934

„Volg laug er í Áslandi, kölluð Hrunalaug frá fornu fari. Laugin er friðlýst,“ segir í Sunnlenskum byggðum. Afi Eiríks Steindórssonar, Stefán Jónsson (1857-1886), mun hafa hlaðið laugina á sínum búskaparárum. Laugin er 960-970m aust-suðaustan við bæjarstæði 001, um 800m vestan við fjárborg 031 og 150m austan við veg sem liggur að Sólheimum ÁR-311.

Minjastaðurinn er í djúpri kvos sem er gróin snöggu grasi og er umhverfið nokkuð traðkað af ferðamönnum sem sækja staðinn mikið.


Á minjastaðnum er grjóthlaðin laug og steypur kofi sem notaður var sem fjárbað á svæði sem er 15x15m að stærð. Hrunalaug er grjóthlaðin laug sem er um 5x3m að stærð og snýr hún svo til alveg í austur-vestur. Vatnið í henni er um 80cm djúpt og vegghleðslurnar sennilega um 150m á hæð. Vegghleðslurnar eru vel hlaðnar en búið að rífa úr þeim. Frá lauginni er rás sem liggur að baðhúsi fyrir kindur. Húsið sem er undir þaki er um 6x5m að utanmáli og snýr norðaustur suðvestur. Húsið er steypur sökkull með steypum langhliðum og meðfram langhliðunum eru hlaðnar vegghleðslur úr torfi og grjóti. Vegghleðslurnar eru um 120cm á hæð og um 150cm á breidd. Norðausturgaflinn er timburgafl og á honum er hurð. Suðvestur-gaflinn er alveg opinn en frá steypum langhliðunum liggja steyptir veggstubbar sem þrengja gafflopið að baðþró sem er full af vatni sem veitt er í gegnum húsið. Á steypu veggjunum hvílir timburgrind með bárujárn.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:**SBI, 237



*Hrunalaug 007, horft til suðausturs.*



*Uppdrátturinn sýnir afstöðu Hrunalaugar sem er hlaðin úr grjóti og baðhússins sem er undir þaki og að hluta steypur. Baðþróin er framan við suðvesturgafli baðhússins*

**ÁR-313:008** *Gömlufjós* örnefni fjós 437977 404229

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar er Gömlufjós örnefni í túni. Staðsetning er óþekkt en mögulega er hér átt við fjós sem var norðaustan við bæjarstæði 001. Sé það rétt voru Gömlufjós 15m norðaustan við bæjarstæði 001 og um 80m suðvestan við íbúðarhúsið á Ási byggt 1977.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni þétt við bæjarhól 001.

Ekkert sér til minja en þar sem ætla má að Gömlufjós stóðu stendur stór skemma sem er að hluta inngráfin í hól sem hún stendur við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Ás ÞB, 1



**ÁR-313:009** *Lambhúslág* þúst lambhús 437887 404110

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar er Lambhúslág örnefni í túni. Eiríkur



*Stór skemma mun standa á svipuðum slóðum og Gömlufjós 008 stóðu áður. Horft til norðurs.*

Steindórsson, heimildamaður, kannaðist við örnefnið og sagði að Lambhúsin hefðu staðið 120-130m suðvestan við bæjarstæði 001, um 50m sunnan við eldra íbúðarhúsið á Skyggni byggt 1947 og 60m norðan við þúst 041.

Minjastaðurinn er á lágum rana í sléttuðu túni.

Á minjastaðnum má sjá mjög óljósa dæld og umhverfis dældina er lágur hryggur. Þúst þessi er 16x9m að stærð og snýr norður suður eins og raninn sem þústin er á. Dældin í þústinni er í mestalagi 10-20cm að dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Ás ÞB, 1

**ÁR-313:010** *Vesturtraðir* örnefni traðir 437919 404188

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar eru Vesturtraðir örnefni í túni. Áður en eldra íbúðarhúsið í Skyggni var byggt 1947 voru þar upphlaðnar traðir, fylltust þær alltaf af snjó á vetrum. Traðirnar lágu til suðvestur frá bæjarstæði 001.

Minjastaðurinn er í túni sem hefur verið sléttað.

Traðirnar munu hafa verið á svipuðum stað og vegur sem liggur á milli eldra íbúðarhússins í Skyggni byggt 1947 og bæjarstæðis 001. Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta

**Heimildir:**Ö-Ás ÞB, 1

**ÁR-313:011** *Kuðungur* heimild um útihús 438044 404386

Kuðungur er nafn á kofa sem samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar var í túni. Í svörum við spurningum um örnefni kemur fram búið sé að rækta þar sem Kuðungur er, í Norðurtúni. Eiríkur Steindórsson, heimildamaður, taldi líklegt að þessi kofi hefði verið í röð af kofum sem voru rifnir áður en hann fæddist (1928). Þar er nú afgerandi hólmyndun í kverk utan við útflattan túngarð 026 og um 190 m norðaustan við bæ 001. Ætla má að kofinn hafi gegnt hlutverki útihúss.



*Traðir 010 munu haf verið á svipuðum stað og heimreiðin að eldra íbúðarhúsi Skyggis byggt 1947 er.*

Kuðungur er í sléttuðu túni og liggur vegarslóði (Vetrarbrautin) yfir hann.

EKKI sjást greinileg ummerki um kofann en líkur eru til þess að leifar af honum séu enn undir sverði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Ás ÞB, 1; Ö-Ás svör við sp., 1

**ÁR-313:012** *Veita* heimild um áveitu 438215 404362

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar er Veita örnefni í úthaga Áss. Í Veitu voru áveitumannvirki um 280 m norðaustan við bæ 001. Eiríkur Steindórsson, heimildamaður, man eftir torfhlaðinni stíflu þar en mundi ekki hvar hún var nákvæmlega. Búið er að framræsa og þurrka Veitu og rækta þar tún.

Sléttuð túnstykki á milli skurða.

Engin ummerki um stíflu eða önnur áveitumannvirki sjást vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Ás ÞB, 1

**ÁR-313:013** *Stöðulás* heimild um kvíar 438222 404160

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar eru örnefnin Stöðulás og Stöðullág í úthaga Áss. „Kýr og kindur voru mjólkaðar á stöðli við Stöðulás, sem er um 250 m frá bænum. Vitað er, að um 1936 var ennþá mjólkað þar. Rústir sjást þar ekki,“ segir í svörum við spurningum. Stöðullinn var við NNA-enda Stöðuláss um 260 m austan við bæ 001.

Deiglendi er fast norðaustan við ásinn og þar norðaustan við er vegar slóði.

Engin mannvirki sjást við Stöðulásinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ás ÞB, 1; Ö-Ás svör við sp., 1

**ÁR-313:014** *Stígur* örnefni leið 438486 4042222

Örnefnið Stígur er merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar. Stígur lá frá bæ 001 að fjárhúsum 033 undir Hellisási.

Leiðin lá yfir móa og ása þar sem nú (2015) er niðurgrafinn bíslóði.

Ekki sjást götur aðrar en fjárgötur á leiðinni vegna bíslóðans sem liggur á sama stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Ás



*Stígur 014, horft til vesturs*

**ÁR-313:015** heimild um kálgarð 437965  
404203

Samkvæmt túnakorti frá 1922 var kálgarður þétt sunnan við bæjarstæði 001.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1922

**ÁR-313:016** *Ullarhvammur* heimild um þvottastað 437739 404091



*Engin ummerki eftir ullarþvott sjást lengur í Ullarhvammi 016. Horft til norðausturs*

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar er Ullarhvammur örnefni vestan við bæinn í Ási. Samkvæmt svörum við spurningum tengdum örnefnaskránni kemur fram að Ullarhvammur sé við Áslæk og að þar hafi ullin verið þvergin og þurrkuð. Ullarhvammur er 250-260m suðvestan við bæjarstæði 001, um 100m sunnan við yngra íbúðarhúsið á Skyggni byggt 1992 og 150m vestan við Lambhús 009.

Gróinn og frekar mýrlendur hvammur.

Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ás ÞB, 1; Ö-Ás svör við sp., 2

**ÁR-313:017** *Gamlastekkatún* heimild um stekk 437576 404289

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar er Gamlastekkatún örnefni vestan við bæinn í Ási og í svörum við spurningum tengdum örnefnaskránni kemur fram að þar hafi verið tóft en að nú liggi þar vegur. Tóftin sem minnst er á í svörunum hefur að öllum líkindum verið stekkur og vegurinn væntanlega núverandi akvegur milli bæja, nefndur Hrunavegur 344. Nákvæm staðsetning minjastaðarins er óþekkt en hann mun þó hafa verið um 400m vest-norðvestur af bæjarstæði 001 og um 140m norðan við brunn 040. Í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar frá Minna Núpi yfir örnefni í landi Hruna sem var einu sinni heimajörð Áss kemur fyrir örnefnið Gamla-Stekkatún ÁR-312:016. Hvort um er að ræða sama stað eða staðsetningu er óþekkt.

Um minjastaðinn liggur Hrunavegur 344 milli túna sem hafa verið sléttuð.

Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ás ÞB, 1; Ö-Ás svör við sp., 2

**ÁR-313:018** *Gapi* heimild um hesthús

„Gapi og Þristur [019] voru hesthúskofar, sem búið er að slétta út, en hétu eftir hestum, sem þar voru,“ segir í svörum við spurningum. Ekki fengust upplýsingar um það hvar þessir hesthúskofar voru. Þeir kunna að hafa verið á sama stað og Kuðungur 011 eða þar sem útihús 002-005 voru í túni.

**Heimildir:** Ö-Ás svör við sp., 1

**ÁR-313:019** *Þristur* heimild um hesthús

„Gapi [018] og Þristur voru hesthúskofar, sem búið er að slétta út, en hétu eftir hestum, sem þar voru,“ segir í svörum við spurningum. Ekki fengust upplýsingar um það hvar þessir hesthúskofar voru. Þeir kunna að hafa verið á sama stað og Kuðungur 011 eða þar sem útihús

002-005 voru í túni.

**Heimildir:**Ö-Ás svör við sp., 1

**ÁR-313:020** *Grímstún* heimild um býli 437994 404372

„Grímstún er nefnt eftir manni, sem bjó þar og Grímur hét, en ég veit ekki nánari deili á honum,“ segir í svörum við spurningum. Meint býli er um 160 m norðan við bæ 001, suðaustan í holtinu sem gamla heimatúnið náði upp á.

Grímstún var í stórri laut en neðan við hana er ræktað tún og kann Grímstún að hafa hafa náð niður á það. Lautin er þýfð og grösug og í henni er lítill trjálundur.

Engar minjar um býlið eru sýnilegar á yfirborði og kunna þær að hafa horfið vegna túnasléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Ás svör við sp., 1

**ÁR-313:021** *Beinaás* sögustaður 438121 403887

„Ásinn heitir Beinaás og ber nafn af bardaga, sem háður var þar í fyrndinni,“ segir í svörum við spurningum um örnefni. Beinaás er stór líparíthóll innan um ræktað tún, fast suðaustan við fjárhús og um 380 m sunnan við bæ 001.

Ásinn eða hóllinn er rauðleitur að sjá vegna líparítsins. Hann er að miklu leyti mosagróinn en víða sést í grjót og kletta.

Engar frekari upplýsingar fengust um sagnir sem tengjast hólnum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ás svör við sp., 1

**ÁR-313:022** *Sólheimalaug* náttúrumin þvottalaug 438730 403461

„Sólheimalaug er alveg við Hyljalækinn og var notuð áður fyrr til þvotta frá Sólheimum [ÁR-311],“ segir í svörum við spurningum um örnefni. Laugin er við norðaustanverðan bakka Hyljalækjar litlu suðvestan við malarveg að Sólheimum og 1,1 km suðaustan við bæ 001.

Gróinn og smáþýfður lækjarbakki. Lág er af bakkanum niður að lauginni.

Laugin virðist vera náttúruleg þar sem heit uppspretta kemur fram og rennur í lækinn. Þar í viki inn í lækjarbakkann er dálítill pyttur sem er um 3x2 m að innanmáli og um 1,5 m djúpur. Lágir og votlendir bakkar eru í kring. Loftbólur streyma upp úr pyttinum næst bakkanum. Mögulega hefur verið hlaðið fyrir VSV endann en sú hleðsla hefur rofnað og kemst vatn úr pyttinum í lækinn og öfugt. Vatnið í lauginni er ylvolgt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Ás svör við sp., 1



*Sólheimalaug 022, horft til suðvesturs*



**ÁR-313:023** stífla 48815 403829

Torfhlaðin stífla er í læk sem rennur frá Hrunalaug 007. Hún er um 120 m suðvestan við laugina og 930 m suðaustan við bæ 001.



*Stífla 023, horft til suðausturs*

Stíflan er sunnan undir Laugarhóli í deiglendum móa.

Stíflan er um 20 m á lengd og snýr NNA-SSV. Dálítill sveigja er á henni miðri til VSV. Rof er á henni í lækjarfarveginum en á bökkum lækjarins standa hleðslur hennar grónar. Stíflan er 1,5-2 m á breidd og 0,5-

0,6 m á hæð innanmáls (að austanverðu) en 1-1,2 m að utanverðu (að vestanverðu). Stíflan virðist ekki gömul og hefur hún að líkindum átt að hafa áhrif á vatnsstöðu í Hrunalaug.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**ÁR-313:024** náma mógrafir 438109 404153

„Mórin var aðallega tekinn á svonefndu Keldubarði. Þar voru um tveir metrar niður á



*Mógrafir 024, horft til suðvesturs*

góðan mó. Mórin var notaður til heimilisnota í Ási, en Hrúni fékk einnig svolítið,“ segir í

svörum við spurningum um örnefni. Mógrafir á Keldubarði eru um 160 m austan við bæ 001, austan við Keldu sem er blautt sund og vestan við gamalt tún.

Þýft og gróið svæði.

Mógrafir sjást á svæði sem er um 88x22 m að stærð og snýr NNA-SSV. Dýpstu grafirnar eru 2-3 m á dýpt við bakkann. Stendur vatn í þeim dýpstu á miðju svæðinu en annars eru grafirnar þurrar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ás svör við sp., 3

**ÁR-313:025** Áslækjarrjómabú mannvirki 437480 404148



*Áslækjarrjómabú 025, horft til norðurs*

Í spurningum og svörum út frá örnefnaskrá er spurt um Áslækjarrjómabú, hvar það sé og hvenær það var starfrækt. Í svörum við þessum spurningum kemur fram að dálítill hluti veggjanna standi enn og að búið hafi starfað frá 1903-1926. Rústirnar af Áslækjarrjómabúi eru 480-490m vestan við bæjarstæði 001, 130-

140m vestan við rafstöð 038 og 230m vestan við yngra íbúðarhúsið á Skyggni byggt 1992.

Minjastaðurinn er á sléttum flata milli gróinna holta og umhverfis flatann rennur lækur nema að

norðaustanverðu.

Rjómabúið hefur verið steipt hús, um 7x7m að stærð. Vegg hæð er u.þ.b. 3m en veggbreidd um 25cm. Vesturhluti hússins er verst farinn, liggja veggjabrot umhverfis rústina. Húsið var tvískipt og kjallari undir því að norðanverðu. Við kjallaraopið er hleðsla og frá því liggur rás til norðurs að læknum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ás svör við sp., 3

**ÁR-313:026** garðlag túngarður 438040  
404373


Útflattur túngarður sést í Norðurtúni um 130 m norðaustan við bæ 001. Garðurinn er á sama stað og túngarður sem sýndur er á túnakorti frá 1922 á stuttum kafla í norðausturenda túnsins.

Garðurinn er uppi á holti í sléttuðu túni.

Garðurinn sést sem ógreinilegur hryggur í túninu. Hann afmarkar svæði sem er 36x125 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á túnakorti náði túnið lengra til norðvesturs en þessi túngarður. Lítilfjörlegur garður 037 liggur frá túngarði til suðausturs eftir brekku niður af holtinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1922



*Uppdráttur af veggjabrotum Áslækjarrjómabúsins 025*



*Túngarður 026 hefur verið sléttaður en sést sem ógreinilegur hryggur í túninu sem hann afmarkaði áður. Horft til suðvesturs*

**ÁR-313:027** heimild um traðir 437976 404199

Samkvæmt túnakorti frá 1922 lágu traðir frá bæjarstæði 001 til suðausturs og um miðbikið beygðu þær til aust-norðausturs. Heimildarmaður man ekki eftir þessum tröðum.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Minjastaðurinn hefur verið sléttaður og sér ekki til fornleifa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-313:028** heimild um beitarhús 437255 404668

Á Herforingjaráðskorti frá 1910 er merkt hús, líklega beitarhús, í landi Áss niður við Litlu-Laxá. Beitarhúsin voru u.þ.b. 830 m norðvestan við bæ 001. Ekki fengust frekari heimildir um það hvar fjárhúsin voru en líklegur staður er frammi á vesturbrún bakka Litlu-Laxár. Þar neðan við eru grónar og flatlendar eyrar.

Uppi á árbakkanum er flatlent, sléttuð tún.

Engin ummerki sjást um útihúsið á yfirborði en á afmörkuðu svæði í brekkunni niður af

meintrí staðsetningu beitarhúsanna vaxa fíflar og annar gróður sem þrífst vel á húsdýráburði. Styður það tilgátuna um að þarna hafi beitarhúsin verið.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-313:029** garðlag beitarhús 438746 403910

Á Herforingjaráðskorti frá 1910 eru sýnd beitarhús litlu vestan við Hrunalaug 007. Á kortinu eru tvö lítil holt sem heita Kaldalækjarholt og Laugarholt. Kaldilækur er sýndur norðan við Kaldalækjarholt á kortinu en hann rennur sunnan við það, á milli holtanna. Beitarhúsin á kortinu eru sýnd norðvestan í Kaldalækjarholti. Ekki var leitað að þeim á réttum stað og þau voru ekki skráð á vettvangi. Þau sjást hinsvegar óljóst á loftmynd og eru um 120 m vestan við Hrunalaug. Á vettvangi var skráð garðlag sem hefur eflaust afmarkað tún eða beitarhólf norðvestan við beitarhúsin. Garðlagið er við suðvesturenda Kaldalækjarholts, 130 m suðvestan við Hrunalaug 007 og 870 m suðaustan við bæ 001.

Garðlagið eru utan í holtinu og í þýfðum, deiglendum móa vestan þess. Malarvegur að



*Garðlag 029, horft til suðvesturs.*

Sólheimum liggur í gegnum garðinn.

Garðurinn er torfhláðinn og liggur í L. Hann afmarkar svæði sem er 60x45 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn liggur í sveig niður af Kaldalækjarholti frá austri til suðvesturs. Þar sést hann á um 20 m löngum kafla áður en hann hverfur undir veginn á 40 m löngum kafla. Vestan við veginn er framhald af garðinum á 45 m löngum kafla þar sem hann liggur til norðvesturs að Rauðaslæk/Hyljalæk. Garðurinn er 1 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar


**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-313:030** tóft óþekkt 437922 404265

Tóft er 60m norðvestan við bæjarstæði 001, um 100m suðvestan við hesthús 035 og um



*Tóft 030 er byggð upp að klettavegg eins og algengt er um stekki. horft til norðurs.*



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 030.*

220m aust-norðaustan við yngra íbúðarhúsið á Skyggni byggt 1992.

Tóftin er byggð upp við klettaborg sem myndar jafnframt suðaustur langhlið tóftarinnar en landið norðvestan hennar hallar nokkuð skarpt til vesturs.


Tóftin er 11x5,5m að stærð, einföld og snýr suðvestur og norðaustur. Vegghleðslurnar eru um 150cm á breidd, hlaðnar úr torfi og grjóti. Ytra byrði þeirra er um 160cm á hæð en innra byrði um 80cm á hæð. Hleðslugrjótið er frekar stórt en annars eru vegghleðslurnar vel grónar grasi og mosa. Tóftin hefur að öllum líkindum verið stekkur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

### ÁR-313:031 *Borgardalur* tóft fjárskýli 439689 404012

Borgardalur er sýndur á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar sem sýnir örnefni í landi Áss. „Áföst við Moldás fyrir norðan Steinbogaás eru Hrafnabjörg. Borgardalur þar norður af.“ segir í örnefnaskrá Hruna. Borgardalur sá sem nefndur er í örnefnaskrá Hruna og Áss

mun vera sami dalurinn en tilheyrir Áslandi. Í Borgardal er tóft af fjárborg. Tóftin er 1,7km austan við bæjarstæði 001, 800m austan við Hrunalaug 007 og 90-100m suðaustan við vörðu 032.



Uppdrátturinn sýnir teikningu af fjárborg 031. Tóftin er ógreinileg en suðvesturhliðin að utanverðu er ógreinilegust

Fjárborg 031, horft til suðausturs.

Tóftin er í grösugum hvammi innst í nokkuð mýrlendum dal.

Vegghleðslur fjárborgartóftarinnar eru mjög signar og sennilega hefur mikið af fokmold safnast að henni. Hún er algróin grasi og ekki sést í neinar grjóthleðslur. Tóftin er 13x13m að stærð og hefur opið á henni snúið til suðausturs. Vegghleðslur eru um 3m á breidd og um 80cm á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Ás; Ö-Hruni, 2.

### ÁR-313:032 *Einhóll* varða huldufólksbústaður 439622 404082

Eiríkur Steindórsson, heimildamaður, sagði að Einhóll væri talinn vera álfhóll en hann er strýtulaga og sérstæður hóll í Borgardal 031. Hóllinn er 1,7 km austan við bæ 001. Ungleg varða er á hólnum.

Nokkuð jarðvegsrof er í Borgardalnum og á Einhóli hefur gróður og jarðvegur blásið af





Varða 032, horft til suðurs.

efsta hluta hans. Hann hefur gróið aftur og er mosavaxinn.

Engar sagnir eru þekktar um álfa og huldufólk í tengslum við Einhól. Á háhólnum er vandlega hlaðin varða sem virðist ekki gömul. Hún er um 0,6 m í þvermál og 0,8 m á hæð. Í henni sjást 6 umför. Lítillega hefur hrunið úr henni til austurs. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.


**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-313:033** hleðsla rétt 438440 404088

Að sögn Eiríks Steindórssonar, heimildamanns, voru fjárhús frá Ási sunnan undir Hellisási við helli sem notaður var sem rétt. Tún er nú þar sem fjárhúsin voru undir ásnum en hellirinn sést enn vel og vegghleðsla framan við hann. Sunnan við ásinn er garðlag sem afmarkaði túnið. Minjarnar eru um 500 m austan við bæ 001 og fá þær bókstafi til aðgreiningar í lýsingu.

Hellisásinn er ekki mjög hár en nokkuð langur klapparás, fremur gróinn. Sunnan við hann eru flatlend tún.

Garðlag C afmarkar svæði sem er um 245x260 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.



Uppdrátturinn sýnir teikningu af rétt 033. Réttin er hellir sem er um 10x8m að innanmáli og framan við hellinn er hleðsla úr torfi og grjóti.

Hann er unlegur, víða 0,5-0,6 m á breidd og 0,4 m á hæð.

Grjót er í garðinum þar sem stutt var að ná í grjót í Hellis-ásnum en víðast er hann torf-hlaðinn. Girt er ofan á hann í suðvesturhluta svæðisins þar sem garðurinn stendur best. Skurður er meðfram norðausturhlið túnsins þar sem ætla má að garður hafi verið áður. Hellirinn er í ásnum suðvestarlega á svæðinu. Í honum var heimarétt. Hellirinn sjálfur er allstór og er um 10 m á lengd og 8 m á breidd yst, í suðausturenda, en 5 m á breidd innst, í norðvesturenda. Manngengt er inni í hellinum.



Rétt 033, horft til norðausturs

Í gólfi hans er tað og möl en einnig eru leifar af brenndu plasti á víð og dreif. Hlaðinn veggur sem myndar L er framan við hellinn. Hann er 4x13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggurinn er torf- og grjóthlaðinn. Hann er 1 m á hæð og innanmáls sjást 4 umför í hleðslum. Hrunið hefur lítillega úr hleðslum. Við suðvesturenda veggjarins er op inn í hellinn á milli ássins og veggjarins og er þar 2 m breiður og 3 m langur gangur inn í réttina. Frá suðvesturenda veggjarins er sneiðingur

niður brekku til austurs sem virðist manngerður. Eins er sneiðingur til SSV litlu suðvestan við suðvesturenda réttarinnar. Ekki er ljóst hvar fjárhús B voru nákvæmlega og ekki eru greinileg ummerki um þau í túninu. Mögulega voru þau þar sem bunga er í túninu um 60 m norðaustan við rétt A.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

#### ÁR-313:034 *Skrautás-Stekkatún* garðlag beitarhús 439018 404207

„Austan Skrautáss [312:005] er Langamýri, Grjóthóll og Skrautás-Stekkatún ...“ segir í örnefnaskrá Hruna. Stekkatúnið er um 340 m SSA við eyðibýlið Skrautás 312:005 í landi Hruna og um 1 km austan við bæ 001. Nafnið gefur til kynna að þar hafi verið stekkur frá Skrautási. Seinna voru beitarhús í túninu og torfgarður í kringum það. Þau eru merkt inn á Herforingjaráðs-kort frá 1910. Ekki er vitað hvar stekkurinn var en líklegt er að hann hafi verið á sama stað og beitarhúsin síðar. Búið er að rífa þau og slétta yfir en torfgarðurinn sést enn.

Túnið er að mestu flatlent en orðið þýft og sinuvaxið. Suðaustast í túninu er hjalli þar sem beitarhúsin stóðu.

Torfgarður liggur í U af landamerkjagarði 312:012. Saman afmarka garðarnir tún sem er um 205x105 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er 0,6 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Suðvestan við miðja suðausturhlið túngarðsins eru ummerki um beitarhús. Þar er flatur stallur sem er 28x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur Hann mjókkar í norðausturenda. Stallurinn er grafinn inn í aflíðandi hjalla. Skýr kantur er fram af stallinum í suðvesturenda og þar er hann um 1 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Hruni, 2; Herforingjaráðskort 47 1910



*Skrautás-Stekkatún 034, horft til norð-norðvesturs*

#### ÁR-313:035 tóft óþekkt 438769 403887

Lítill tóft er um 30 m suðaustan við garðlag 029B og 130 m VSV við Hrunalaug 007 á milli



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 035*



*Tóft 035, horft til norðvesturs*

suðvesturenda Kaldalækjarholts og Laugarholts.

Tóftin er í þýfðum móa fast norðvestan við Kaldalæk.

Tóftin er einföld og torfhlaðin. Hún er 4x3,5 m að stærð og og snýr norðvestur-suðaustur. Suðausturveggur er siginn og ógreinilegur og hefur líklega verið op inn í tóftina á þeirri hlið. Mesta hæð veggja er 0,3 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi og virðist hún ekki mjög gömul.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-313:036** garðlag óþekkt 437716 404053



*Garðlag 036, horft til aust-suðausturs*

Garðlag er um 100m suðvestan við íbúðarhús á Skyggni byggt 1992 og 90-100 austan við Áslækjarrjómabú 025.

Garðlagið liggur um móa.

Garðlagið er um 350m langt, liggur frá norðvestri til suðausturs, er um 1m á breidd og um 70cm á hæð. Það er upp-mjótt, gróið grasi og mosa og nokkuð hlaupið í þúfur. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í því. Hugsanlega er um túngarð í yngri kanntinum að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-313:037** garðlag vörslugarður 438119 404417



*Vörslugarður 037, horft til suðausturs.*

Lítilfjörlegt garðlag liggur frá túngarði 026 í Norðurtúni niður brekku til suðausturs. Garðlagið er 250 m norðaustan við bæ 001

Brött brekka á milli túna sem er lítillaga grýtt og er vaxin grasi og mosa.

Garðurinn sést á um 50 m löngum kafla og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er 0,3-0,4 m á breidd og 0,1-0,3 m á hæð. Mest sjást 2 umför í hleðslum en garðurinn er grjóthlaðinn. Líklegt er að hann hafi verið hlaðinn undir girðingu og að hann sé ungur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-313:038** stífla 437614 404129

Rafstöð er um 350m vestan við bæjarstæði 001, 130-140m aust-suðaustan við Áslækjarrjómabú 025 og um 120m suðvestan við yngra íbúðarhúsið á Skyggni byggt 1992.

Rafstöðin er í litlu gili við Áslæk sem rennur til norðvesturs.

Rafstöðin er á 10x40m stóru svæði sem liggur frá norðvestri til suðaustri. Neðst og norðvestast innan þessa svæðis eru leifar stöðvarhússins ef það er hægt að kalla það svo. Það hefur verið á steiptum sökkli sem er 3x2,5m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur og er um 50cm hár. Hverfillinn er ennþá meðfram suðaustur langhlið sökkulsins. Þétt norðvestan






Stífla 038 hefur að hluta til verið brotin niður. Horft til suðurs.



Hverfillinn er ennþá á sýnum stað í litlu gili vað Áslæk. Horft til suðurs.

við sökkulinn er óljós gryfja. Efst og syðst á svæðinu er steipt fyrirhleðsla sem hefur að einhverju leyti verið rifin. Hún er rúmlega 10m löng, liggur þvert yfir Áslæk frá suðvestri til norðausturs. Norðausturendi hennar stendur sennilega heill, um 160cm á hæð, en væntanlega hefur stærstur hluti hennar verið brotinn niður og er ekki nema 40-50cm á hæð. Á hleðslunni er trapisulag nema suðausturhliðin sem er með 90° horni. Hún er um 120cm að breidd neðst en um 20cm efst. Vatnið fellur yfir hleðsluna þar sem hún hefur verið brotin niður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




Stífla 038. Uppdrátturinn sýnir afstöðuna milli hverfilsins og stíflunnar.

**ÁR-313:039** tóft óþekkt 438438 404100

Lítill tóft er uppi á brún Hellisáss um 480 m austan við bæ 001 og um 12 m norðan við rétt 033A sem er í helli í ásnum.

Tóftin er á grónum ási þar sem sést í klappir hér og hvar. Vegarslóði liggur fast norðvestan



Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 039 sem gæti hafa verið lambhúis eða hrútakofi.



Tóft 039, horft til norðurs



við tóftina. Í kringum tóftina er þýft og þar vex grænt og kraftmikið gras.

Tóftin er um 5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og torfhláðin. Op er á tóftinni til suðvesturs en þar er veggur samansiginn og afbakaður. Tóftin virðist niðurgráfin að hluta. Mesta hleðsluhæð er 1 m í suðurhorni en víðast eru veggir 0,5 m á hæð. Veggjarbrot gengur til suðausturs frá suðurhorni tóftar. Það er 3 m á lengd og 0,4 m á hæð. Það gæti hafa afmarkað heystæði við tóftina. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að þarna hafi verið lambhús eða hrútakofi frá þeim tíma sem fjárhús 033A neðan við ásinn var í notkun.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-313:040** brunnur brunnur 437522 404158



Brunnur er 440m vestan við bæjarstæði 001, 40-50m austan við Áslækjarrjómabú 025 og 40-50m vestan við garðlag 036.

Brunnurinn er í grösugu túni í landi sem hallar til suðvesturs.

Brunnurinn er um 50cm í þvermál og 50-60cm djúpur. Hliðar hans eru hlaðnar og má telja 5-6 umför af frekar smáu grjóti. Brunnurinn er þurr.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

*Brunnur 040 er grjóthlaðinn en erfitt er að greina hleðslugrjótið á myndinni. Horft til norðurs.*

**ÁR-313:041** þúst útihús 437886 404052

Þúst er 170-180m suðvestan við bæjarstæði 001, 100m sunnan við eldra íbúðarhúsið á Skyggni byggt 1947 og um 60m sunnan við útihús 009.


Mínjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Þústin sést eingöngu sem ferhyrnd gróðurfarsbreyting í annars sléttuðu túni. Hún er 5x6m að stærð og snýr austur-vestur. Hún virðist bara hafa verið eitt hólf og er suðurgafllinn ekki sýnilegur sem gæti gefið til kynna að þar hafi verið timburgafl. Sýnileg breidd veggja er um 1m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Þúst 041 sést eingöngu sem ferhyrnd gróðurfarsbreyting. Horft til norðausturs.*



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af þúst 041.*

**ÁR-313:042** gata leið 437566 404198

Gróinn slóði liggur til austurs frá Áslækjarrjómabúinu og yfir garðlag 036. Að öllum líkindum hefur þetta verið gata sem þjónað hefur vinnslu á rjómabúinu.


Gatan liggur um slétt tún.

Götuna má rekja á 170m löngum kafla, hún er gróin, um 10cm á dýpt og er nálægt 1,5m á breidd.








**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



# ÁR-314 Grafarbakki



## Skýringar

-  bæjarhöll
-  horfinn minjastaður
-  tóft
-  gömul bygging sem stendur enn
-  túngarður skv. túnakorti
-  mörk túns skv. túnakorti
-  garðlag eða leið




## ÁR-314 Grafarbakki

30 hdr. 1528, 1686, 1709, 1847. Bændaeign Bænhús á jörðunni. [1331]: „liggur thil songs j runa ... backi“ Máldagi Hrunakirkju DI II 665-666. 1382-91: „liggur til saungs j Hruna ... Backi“ Máldagi Hrunakirkju DI IV 43-44. Eign Hrepphólakirkju 1382. 1528 selur Ögmundur Skálholtsbiskups Gröf í Áverjahreppi fyrir Grafarbakka. DI IX, 452. 1709 er Grafarbakkasel 006 eyðihjáleiga. JÁM II, 247. Bakki upphaflega nafnið, notað í fornskjöllum. HÞ: Rannsókn og leiðrjettingar“ Árbók 1923, 25. Grafarbakka var skipt árið 1935 í Grafarbakka IA og IB, ásamt Grafarbakka II, nýbýli úr GII Laxárbakki, Hverabakki, Reykjabakki. Árnesingar I, 216-227.

1709: „Tún jarðarinnar spillist árlega af uppblæstri og sandsgágni.“ JÁM II, 247. 1921: Tún 7,5 ha um 2/3 slétt, garðar 44,8 arar. „Jörðin er landstór og landið grösugt. Nokkur hluti landsins er í Galtafellsfjalli, gott sumarland, grónar vallendisbrekkur og lægðardrög og skjól í öllum áttum. Meginhluti landsins er mýrlendi, Grafarbakkavöllur. Engjar allgóðar og vetrararbeit góð á mýrinni. Völlurinn grasgefinn og þýfður, en talinn snjóléttur. Ræktunarland er gott, bæði þurrlendir móar auðunnir og mýrlendi, sem liggur vel við uppurrkun.“ SBI, 239

**ÁR-314:001** Grafarbakki bæjarhóll bústaður  
436203 404295

Bæjarhóllinn er norðaustan við heimreiðina, gegnt elsta núverandi íbúðarhúsi á Grafarbakka byggt 1935. Gamli bærinn hefur sennilega snúið burstum til suðvesturs.



Uppdrátturinn hér að ofan er nákvæm endurgerð af túnakorti Grafarbakka frá 1921 en á það hefur verið bætt videigandi fornleifanúmerum. Skyggði flöturinn táknar bæjarhóllinn en óskyggðir rammar tákna kálgarða eða útihús. Heilar línur umhverfis túnið táknar túngarð en brotin lína náttúrulega afmörkun.



Bæjarhóll 001, horft til norðvesturs.



Bæjarhóllinn er fremst á bakka Litlu-Laxár og umhverfis hann stendur fjöldi bygginga af ýmsu tagi, svo sem íbúðarhús, skemmur og gróðurhús.

Bæjarhóllinn er 80x30m að stærð og snýr norðvestur suðaustur. Á suðausturluta bæjarhólsins eru skemmur, austast er steipt hús sem er nokkuð stórt, þá tveir braggar sem eru vestan við það og vestan við braggana er lítið steipt hús með torfpaki. Um miðbik bæjarhólsins hafa verið gróðursett tré en þar munu síðustu bæjarhúsin hafa staðið en þau voru rifin 1935. Vestast á bæjarhólnum er gróðurhús og austan við það er einn braggi. Þétt við norðausturgafli þessa bragga er niðurgrafið steipt hús með torfþekju. Upphleðsla bæjarhólsins er nálægt því að vera 2m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1921

#### ÁR-314:002 heimild um bænhús

Til eru heimildir sem greina frá því að bænhús hafi staðið á Grafarbakka, staðsetning þess er óþekkt en gera má ráð fyrir því að það hafi staðið nærri bæ þó að það sé ekki algilt.

BAKKI Í HRUNAMANNAHREPPI (Á) (HRUNAPING) - BÆNHÚS

[1331]: liggur thil songs j runa ... backi

Tíjvndir liggia til runa af þessum fyrr nefndum bæivm lysitollar allir eru til runa. vr heima þijngum ... enn hálfur vr grafar þijngum Groptur er j runa af þessum ollum bæium. sem fyrr eru nefndir; Máld DI II 665-666 [Hruna]

1382-91: liggur til saungs j Hruna ... Backi

Tiunder liggia til Hruna af þessum fyrnefndum bæium

Lysitollar aller eru til Hruna vr heimaþijngum ... og aller vr Grafar þingumm.

Groptur er j Hruna af ollum þessumm bæiumm sem fyrr eru nefnder; Máld DI IV 43-44 [Hruna]

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**DI II 665-666; DI IV 43-44;

#### ÁR-314:003 heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var útihús um 200m suð-suðvestan við bæjarhól 001, um 80 m norð-norðvestan við íbúðarhús á Grafarbakka IB byggt 1977 og 50-60m vestan við heimreiðina sem liggur að gamla íbúðarhúsinu að Grafarbakka byggt 1935.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Minjastaðurinn hefur verið sléttaður og sér ekkert til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1921



*Samkvæmt túnakorti frá 1921 stóð útihús 003 á þessum stað. Horft til norðurs*

**ÁR-314:004** heimild um útihús 436263 404015

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var útihús um 290m suð-suðvestan við bæjarhól 001, um 140m aust-suðaustan við íbúðarhús á Grafarbakka 2 byggt 1986. Á minjastaðnum stendur íbúðarhús Grafarbakka IB byggt 1977.

Minjastaðurinn er innan skrautjurtagarðs.

Byggt hefur verið á minjastaðnum og sér ekkert til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1921



*Samkvæmt túnakorti frá 1921 stóð útihús 004 á þessum stað. Horft til suðurs*

**ÁR-314:005** gripir öskuhaugur 436253 404277

Í skýrslu um forngripasafn Íslands í Reykjavík frá 1867 segir: „Annar hluti af PARI eða SPENNU úr kopar, hefir hjartarmyndaðan enda og 20 smágöt á hliðunum og auga að framan, sem krókurinn á parinu, er hefir verið á móti, virðist hafa gripið í. Parið er allt grafið með smágjörfum rósum, þó eigi gamallegum; það fannst þar í hól eða öskuhaug rétt hjá bænum [á Grafarbakka].“ Ekki er vitað nákvæmlega hvar umræddir gripir fundust en öskuhaugur frá Grafarbakka er þétt norðaustan við bæjarhól 001 á suðvestur bakka Litlu-Laxár.

Grösug hlíð sem liggur til norðausturs að farvegi Litlu-Laxár.

Bakkinn og hlíðin eru gróin en víða má sjá í dót og drasl sem hent hefur verið fram af bakkanum. Öskuhóllinn eða svæðið sem öskuhaugurinn gæti verið dreyfður yfir er um 80x30m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Skýrsla FÍ II, 5-6



*Öskuhaugur 005, horft til suðausturs.*

**ÁR-314:006** Grafarbakkasel bæjarstæði býli/sel 437439 403600

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir: „Selstöðu hefur jörðin einhverntíma brúkað (þó ekki í manna minni) í sínu eigin landi, þar sem en nú kallast Grafarbacka-sel. Þar hefur fyrir hjer um 50 árum sett sig maður niður til að búa, og var þar ekki hlut hálftr á og flutti sig þaðan aftur á móti vetri. Enginn veit með hvaða kostum hann hafi átt þar að búa. Síðan hefur þar ekki byggð verið. Væri og jörðunni til stórs ógagns, ef bygt væri, því þetta selstæði liggur mitt í högunum, og standa þar



*Grafarbakkasel 006 hefur verið sléttað. Horft til vesturs.*

nú fjárhús Grafarbakkamanna.“ Örnefnið Grafabakkasel er svo til óþekkt og lítið notað, í staðinn hafa menn einfaldlega kallað staðinn Selholt. Selholt er 1,4km suðaustan við bæjarhól 001, 820-830m aust-suðaustan við Hrafnkelsleiði 024 og 550-560m suðaustan við Hrunaveg 344. Á Selholti stóðu fjárhús, hrútakofi og steipt súrheysgryfja, voru þessi hús byggð á eldri tóftum og lá garðlag umhverfis svæðið en í kringum 1960 var kveikt í fóðurbæti sem var í súrheysgryfjunni sem olli nokkurri sprengingu og var staðurinn í kjölfarið sléttaður út.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni í landi sem er nokkuð hæðótt.

Þó svo að minjastaðurinn hefur verið sléttaður sést þar enn greinileg hólmyndun. Hóllinn um 60x30m að stærð og snýr vest-norðvestur og aust-suðaustur. Upphleðsla er um 50-80cm.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**JÁM II, 247

**ÁR-314:007** *Dýraflatir* tóft+garðlag beitarhús 437457 402677

Beitarhúsatóft og lítilfjörlegur garður sem afmarkar gamalt tún í kringum hana eru um 2 km suðaustan við bæ 001. Staðurinn heitir Dýraflatir samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar. Minjarnar eru suðaustan við gamlan vagnveg 681:024 og suðvestan við Hálsa. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu.


Beitarhúsin eru á sléttum bala sem hallar til norðvesturs. Gamli vegurinn hefur grafist niður fast norðvestan við minjarnar og lækur grefur sig niður suðvestan við þær. Til norðvesturs er smáþýft deiglendi og þá



Tóft 007A, horft til austurs.



Garðlag 007B, horft til norðausturs.



Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 007A.

taka við lágir ásar. Í vesturhorni minjasvæðisins er brak úr skúr og vaskur og klósett.

Torfgarður B afmarkar svæði sem er 95x55 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Rof er komið í garðinn á köflum. Hann er víðast 0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Beitarhúsatóft A er í miðju túninu sem garðurinn afmarkar. Hún er torf- og grjóthlaðin og snýr norðvestur-suðaustur. Mögulega er grjótið sem sést efst í veggjum aðeins grjót úr þaki því hún virðist að mestu torfhlaðin. Tóftin er 25x10 m að stærð og eru tvö greinileg hólfr í henni og önnur tvö óskýr. Í norðvesturenda tóftarinnar er hólfr I, fjárhús með garða. Það er 2x7 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er á því til norðvesturs, út úr tóftinni. Garðinn er 0,6 m á breidd og 0,2 m á hæð. Hólfr II, hlaða, er suðaustan við hólfr I. Ekki er hlaðinn veggur á milli fjárhúsa og hlöðu en hlaðan er litlu dýpri en fjárhúsin. Hlaðan er 2x4 m að innanmáli og snýr eins og fjárhúsin. Suðaustan við hlöðuna er óljósi hluti tóftarinnar. Óljóst op er úr hlöðu til suðausturs inn í hólfr III sem er 4x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er skýr veggur í suðvesturenda. Suðaustast í tóftinni og suðaustan við hólfr III er óljóst hólfr IV sem er um 1x4 að innanmáli. Ekki er skýrt op á því og snýr það eins og hólfr III. Líklegt er að tvö síðasttöldu hólfrin séu leifar af heystæðum. Mesta hæð veggja í tóftinni er 1 m. Mögulega eru leifar af eldri húsum undir tóftinni og gætu hólfr III og IV hafa tilheyrt þeim en lítil uppsöfnun er sýnileg á staðnum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Grafarbakki

#### **ÁR-314:008** *Lambhústún* örnefni lambhús 436400 403920

Lambhústún er á lista Ingmundar Einarssonar yfir örnefni í túni Grafarbakka og er merkt inn á örnefnakort. Það er 350 m suðaustan við bæ 001, fast austan við Hrunaveg 344. Emil og Eiríkur Kristóferssynir, heimildamenn, vissu ekki til þess að tóftir eða gömul útihús hefðu verið í túninu. Austast í því eru steipt fjárhús en ekki er vitað um eldri byggingar á þeim stað.

Lambhústúnið er sléttað og hefur því verið skipt í tvennt með röð trjáa. Moldarflag var í suðvesturhluta þess þegar skráningarmenn voru á vettvangi (júní 2015). Steyptu fjárhúsin eru í norðausturhlutanum. Mikið rask er við norðvesturenda fjárhúsanna. Þar er nýlega búið að grafa inn í hæðina sem húsin eru á en þar sjást engin mannvistarlög í jarðvegssniði.

Engar sýnilegar fornleifar eru í Lambhústúni. Hafi verið lambhús á þessu svæði er líklega búið að slétta það í tún.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Grafarbakki

#### **ÁR-314:009** *Hofin* álagablettur 436089 404219

Hofin eru jarðvegshryggur frammi á gömlum árbakka um 140 m suðvestan við bæ 001. Þau eru merkt inn á örnefnakort Ingmundar Einarssonar. Neðan við árbakkann til vesturs eru flatlendar áreyrar niður að Litlu-Laxá og austan við hrygginn er alldjúp lægð (sjá 031). Nyrst á hryggnum Hofum eru tvær unglegar tóftir. Að sögn heimildamanna, Emils og Eiríks Kristóferssona, mátti ekki slá Hofin eða hrófla þar við neinu.


Hofin eru í gömlu túni sem er komið í órækt. Búið er að planta mikið af trjám á svæðinu, sér í lagi í syðst á því.

Í grein eftir Brynjúlf Jónsson í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1910 segir: „Þess vil eg nú láta getið, er eg vissi ekki 1905, að í túninu á Grafarbakka í Hrunamannahreppi er



örnefni, sem heitir Hofin. Grafarbakki stendur, eins og kunnugt er, á austurbakka Litlu-Laxár þar sem Gröf er vestanmegin hennar. Í Gröf bjuggu höfðingjar í fornöld; Þorsteinn goði og Bjarni spaki, son hans, og hafa þeir óefað átt landið báðum megin árinna. Gátu þeir því haft hof sinn fyrir austan á. Ekki er langt á milli; austurtúnið í Gröf og áin. En örnefnið Hofin eru á sjálfum árbakkanum gangvart Gröf, og þar fast við liggur gatan [022] upp frá ánni, þó er sem beinast er farið frá Gröf að Grafarbakka.“ Engar sýnilegar minjar um hof sjást á yfirborði en Hryggurinn sem nafnið á við er lítillaga kúptur.

Hann er um 50x15 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hryggurinn mjókkar til norðurs og eru stórar þúfur á honum. Hér verður ungu minjunum nyrst á hryggnum lýst þó að þær teljist líklega ekki til fornminja vegna ungs aldurs. Þær eru á svæði sem er um 8x15 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Tóft A er austast á svæðinu og virðist hún vera einföld. Hún er torfhláðin, 5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ógreinilegt op er á henni til



Uppdrátturinn sýnir afstöðuna milli tóftar 009A og 009B.



Tóft 009A, horft til suðurs



Tóft 009B, horft til norðvesturs

norðvesturs. Veggir hennar eru 0,2-0,3 m á hæð. Mjög óljóst hólf er suðvestan við tóftina sem er um 2x3 m að innanmáli, snýr eins og tóft. Tóft B er um 3 m vestan við tóft A. Hún er 2x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðinn veggur á norðvesturhlið tóftarinnar og þar hefur verið timbur- eða bárujárnsþil. Suðausturhlið tóftarinnar er grafin inn í árbakkann. Bárujárns og timbur úr þakinu eru ofan í tóftinni. Hlaðnir veggir eru úr torfi og eru hæstir um 0,5 m.


**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Grafarbakki; BJ: „Ýmsar greinar“ Árbók 1910, 42-43

**ÁR-314:010** tóft hesthús 436663 403211

Hesthústóft er á flatlendi um 1,2 km suðaustan við bæ 001.

Tóftin er í þýfðu skurðstykki á flatlendi, í horni milli skurða.



*Hesthústóft 010, horft til austurs.*

*Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 010.*

Tóftin er unleg, einföld og torfhlaðin. Hún er um 8x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst, samansigið op er á henni til norðvesturs. Mesta veggjahæð utanmáls er um 0,8 m.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**ÁR-314:011** Réttarholt örnefni rétt

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar var Réttarholt örnefni í túni. Engar nákvæmar staðsetningar á Réttarholti er að finna í örnefnaskrá og þá kemur örnefnið ekki fyrir á örnefnakorti Grafarbakka eftir Ingimund Einarsson og er staðsetning óþekkt.

**Heimildir:** Ö-Grafarbakki ÞB, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Grafarbakki

**ÁR-314:012** Kvíalaut örnefni kvíar 436347 404095

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar er Kvíalaut örnefni í túni Grafarbakka. Að sögn heimildamanna, Emils og Eiríks Kristóferssona, voru kvíar við suðurhorn á stórri bárujárnskemmu um 250 m suðaustan við bæ 001, í jaðri gamals túns sem er afmarkað af torfhlöðnum garði (sjá 038). Kvíadalur er austan undir brekkunni sem Kvíalaut er í og gert er ráð fyrir því að örnefnin vísi til sömu kvíanna.

Túnið er löngu komið í órækt og vex þar gras og mosi. Talsvert rask er í kringum skemmuna, aðallega á milli hennar og vegarins heim að Grafarbakka.

Kvíarnar eru horfnar en þær voru um 10x6 m að stærð að sögn heimildamanna. Þær voru notaðar sem rúningsrétt eftir að hætt var að mjólka í kvíum.

**Heimildir:**Ö-Grafarbakki ÞB, 1

**ÁR-314:013** garðlag túngarður 436330 403995

Samkvæmt túnakorti frá frá 1920 lá túngaður umhverfis heimatúnið á Grafarbakka. Hluti hans stendur ennþá og liggur meðfram austur- og suðurhlíðum túnsins á Grafarbakka. Syðst



*Túngarður 013, horft til norðausturs*

liggur hann undir suðausturhlíðum klapparholts og svo meðfram og norðvestan megin við Hrunaveg 344 þar til á hann kemur kröpp beygja til norð-norðvesturs. Þar liggur hann vestanvert meðfram heimreiðinni að elsta íbúðarhúsinu (byggt 1935) á Grafarbakka og bæjarhól 001.

Túngarðurinn liggur í jaðri sléttaðs túns og meðfram akvegi.

Garðlagið afmarkar svæði sem er 400x80m að stærð og liggur austan og sunnan við heimatúnið. Víðast hvar er garðurinn um 1m á breidd og 30-60cm á hæð. Ytra byrði hans er yfirleitt hærri

og greinilegra en innrabyrðið. Garðlagið er frekar sigið en um miðja suðurhlíðina er hann uppmjór eða toppmjór. Nokkuð stór skörð eru í garðlaginu en svo hefur mögulega verið op á honum nyrst á suðausturhlíðinni. Ekkert grjót sést í garðlaginu sem er vel gróíð grasi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-314:014** Torfamýri örnefni rista 438619 403846

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar er Torfamýri örnefni í úthaga Grafarbakka. Í svörum við spurningum um örnefni í landi Áss ÁR-313 kemur fram að í Torfamýri hafi verið skorið heyturf og reiðingstorf. Hún er nú í landi Áss en var í landi Grafarbakka til skamms tíma og því skráð með fornleifum í landi Grafarbakka. Torfmýri er við Hyljalæk um 2,4 km suðaustan við bæ 001.

Smápýfð mýri sem hefur verið framræst með skurðum.

Engin ummerki um ristur sjást í mýrinni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Grafarabakki ÞB, 1; Ö-Ás svör við sp., 3

**ÁR-314:015** Tjaldás örnefni tjaldstæði

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar er Tjaldás örnefni í úthaga Grafarbakka. Engar nákvæmar staðsetningar á Tjaldás er að finna í örnefnaskrá Grafarbakka og þá kemur

örnefnið ekki fyrir á örnefnakorti Grafarbakka eftir Ingimund Einarsson og er staðsetning óþekkt.

**Heimildir:** Ö-Grafarbakki ÞB, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Grafarbakki

**ÁR-314:016** Fornasel tóft sel 436799 402480


Örnefnið Fornasel er merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar. Fornasel er 1,9 km suð-suðaustan við bæjarhól 001, um 600m suðvestan við Torfholt 0018 og 15m sunnan við tóft 041. Fast austan við hana er tóft 039. Sunnan við holtið er lágt fell sem nefnist Torfholt 018.

Fornasel er á lágu holti ásamt tóftum 039, 040 og 041. Lítil klettaborg er efst á holtinu en landið umhverfis er flatt og hefur verið framræst.

Tóftin, sem er 20x12m að stærð og snýr suðvestur norð-austur, stendur á upphlöðnum hól og er upphleðslan tæpur 1m á hæð. Í tóftinni má greina þrjú hólf og eina gryfju. Hólf A hefur uppbyggðan kant umhverfis sem er tæpur 1m á breidd og um 60cm á hæð. Austurendi tóftarinnar liggur nokkuð neðar en vesturendi hennar og er í honum lítil gryfja (D). Syðst í tóftinni er hólf B og hólf C er þétt suðaustan við hólf A. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum tóftarinnar. Tóftin er þó nokkuð óregluleg og hlaupin í þúfur en ber þess greinileg merki að þar er að finna fleiri en eitt byggingarstig. Ekki er hægt að greina op á hölfum né milli hólfna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Grafarbakki



Uppdrátturinn sýnir afstöðu og teikningar af tóftum 016, 039, 040 og 041



Fornasel 016, horft til norðausturs



**ÁR-314:017** *Hlöðubót* örnefni óþekkt 436989 402195

Samkvæmt örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar eru þrjú Höðubótar örnefni í Grafarbyggðalandi: Innri-Höðubót, Fremri-Höðubót og Höðubótarholt. Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar eru þau fjögur: Höðubótaholt efra, Höðubótaholt fremra, Höðubót efri og Höðubót fremri. Engin nánari staðsetning er að finna í þessum örnefnaskárm. Á örnefnauppdrætti Ingimundar Einarssonar koma fyrir tvö slík örnefni: Höðubótaholt og Höðubætur og eiga þau bæði við sama stað. Örnefnið kann að vera tilkomið vegna þess að holtið var grösugt og nýttist vel til beitar. Höðubótaholt er 2,2km suð-suðaustan við bæ 001 og 800m suðaustan við Torfholt 018.

Holt með blautum mýrum.

Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ö-Grafarbakki BJ, 100; Ö-Grafarbakki ÞB, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Grafarbakki

**ÁR-314:018** *Torfholt* örnefni rista 436213 402575

Torfholt er merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar. Það er áberandi en lítið holt norðaustan við Hellisholtslæk, um 1,7 m sunnan við bæ 001.

Holtið er á flatlendu og mýrlendu svæði sem hefur verið framræst að miklu leyti. Á suðausturluta holtsins hefur gróður blásið burt en rofsárið er tekið að gróa að nýju. Norðvestan við holtið eru slétt tún og grænmetisræktarreitir. Suðaustan við það er þýfður mói sem nýttur er fyrir hrossabeit eins og holtið sjálft.

Engin ummerki um torfristu eða mógrafir sjást í nágrenni við Torfholt og má ætla að þau hafi horfið vegna framræslu og ræktunar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Grafarbakki

**ÁR-314:019** *Lambhúsmýri* örnefni lambhús

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar var Réttarholt örnefni í úthaga Grafarbyggða. Engar nákvæmar staðsetningar á Lambhúsmýri er að finna í örnefnaskrá og þá kemur örnefnið ekki fyrir á örnefnakorti Grafarbyggða eftir Ingimund Einarsson og er staðsetning óþekkt.

**Heimildir:**Ö-Grafarbakki ÞB, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Grafarbakki

**ÁR-314:020** *Stöðull* örnefni kvíar 436358 403936

Emil og Eiríkur Kristóferssynir, heimildamenn, töldu Stöðul hafa verið í kanti Hrunavegar 344 við norðvesturjaðar Lambhústúns 008 og 390 m suðaustan við bæ 001.

Rask hefur orðið við veginn vegna vegaframkvæmda og í túninu vegna sléttunar og bygginga.

Engin gömul mannvirki sjást á yfirborði þar sem Stöðull var en ekki er vitað hvort þar voru hlaðnar kvíar.

**Heimildir:**Ö-Grafarbakki BJ, 100

**ÁR-314:021** Kumbaravogur bæjarstæði býli 436657 403592

„Nýibær. Öðru nafni Bjarnastaðir að ég tel [sjá ÁR-682:001], vegna þess að sama fólk býr í Nýjabæ 1773 og 75 og á Bjarnastöðum 1777... Annars hefur ég hvergi séð eða heyrt þessi bæjarnöfn í þessari sveit, og svo veit ég ekki, hvar þetta býli hefur verið, þó ég telji mig hafa líkur fyrir, að í Grafarbakka hafi það verið, og þá helzt í þýfunum sunnan Jarðfalla, þar sáust lengi húsarústir,“ segir í Heimi (1959). Inn á örnefnakort af Grafarbakka er merkt eyðibýlið Kumbaravogur á bakka Jarðfalla og er það sama býli og húsarústirnar sem nefndar voru í heimildinni hér að framan en ekki er þekkt annað nafn á þeim. Býlið er að mestu komið í tún um 830 m suðaustan við bæ 001, þar sem dálítið nes gengur út í gil (Jarðföllin).

Sléttað, flatlent tún.

Ekkert sést til minja vegna sléttunar en í túnjaðrinum er grjót, hraungrýti og blágrýti, sem hefur verið hreinsað úr túninu og kemur líklega úr rústum Kumbaravogs. Hæðarhryggur er á gilbarmi litlu norðar. Heimildamenn, Eiríkur og Emil Kristóferssynir, vissu ekki hvenær síðast var búið á þessu býli en túnið var ræktað 1956. Búið að raða grjótinu saman. Mögulega eru leifar af tóft í krók á gilbarminum sem hefur tilheyrt býlinu en þær eru óljósar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Heimir (1959), 2; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Grafarbakki



*Kumbaravogur 021, horft til norðvesturs*

**ÁR-314:022** gata leið 436052 404180

Í grein eftir Brynjúlf Jónsson í Árbók Hins íslenska fornleifafélags segir: „En örnefnið Hofin [009] eru á sjálfum árbakkanum gangvart Gröf, og þar fast við liggur gatan upp frá ánni, þó er sem beinast er farið frá Gröf að Grafarbakka.“ Sneiðingur liggur upp árbakkann í skarði sem þar er og hefur mögulega myndast vegna umferðar. Leiðin kemur upp á bakkann fast norðvestan við ungar tóftir á Hofum.

Þar sem leiðin liggur upp gamla árbakkann er grasi gróin brekka, allbrött. Skógrækt er efst í henni og austan við leiðina í brekkunni.

Svo virðist sem rudd leið hafi legið upp af flötunum niður við ána og upp á bakkann. Þar er 2 m breiður stallur og gata eftir honum. Leiðin sést á um 60 m löngum kafla og liggur NNA-SSV. Hún hverfur ofan og neðan við brekkuna vegna ræktunar og annars rasks.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** BJ: „Ýmsar greinar“ Árbók 1910, 42-43



*Leið 022, horft til norðausturs*

**ÁR-314:023** heimild um vað 435896 404115

Í grein eftir Brynjúlf Jónsson í Árbók Hins íslenska fornleifafélags segir: „En örnefnið



*Vað 023, suðvesturs.*

Hofin [009] eru á sjálfum árbakkanum gangvart Gröf, og þar fast við liggur gatan [022] upp frá ánni, þó er sem beinast er farið frá Gröf að Grafarbakka.“ Meint staðsetning vaðs á Litlu-Laxá á leið 022 milli Grafar og Grafarbakka er um 170 m suðvestan við þann hluta leiðarinnar sem enn sést og um 360 m suðvestan við bæ 001. Vegarslóði liggur að vaðinu.

Í landi Grafarbakka eru lágur, grónar áreyrar á bakkanum en Grafarmegin er fremur lágur en brattur bakki. Norðan við vaðið, ofar með ánni á bakkanum Grafarmegin, hefur verið sett grjótt til að verjast landbroti.

Rof er í bakkanum móts við bíslóða í landi

Grafar. Áin er ekki straumhörð og virðist ekki djúp.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**BJ: „Ýmsar greinar“ Árbók 1910, 42-43

**ÁR-314:024** *Hrafnkelsleiði* örnefni legstaður 436676 403910

„Í Grafarbakka-landi, fyrir austan túnið, eru rjett við vagnbrautina á milli Grafarbakka og smjörbúsins [AR-313:025] þar fyrir austan, við Áslæk, tveir smábalar eða þúfur á melholti. Heitir önnur þúfan Hrafnkelsleiði og er sagt að þar sje jarðaður Hrafnkell sá, sem Hrafnkelsstaðir eru kendir við, en í hinni þúfunni á að vera hundur hans,“ segir í Árbók 1924. Hrafnkelsleiði var um 600m suðaustan við bæjarhól 001, um 820m norðvestan við Selholt 006 og um 400m austan við íbúðarhús á Grafabakka IB byggt 1977.



*Öll ummerki eftir Hrafnkelsleiði 024 eru horfin. Horft til suðausturs*

Minjastaðurinn er nýttur sem malarnáma.

Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** stórhætta, vegna efnistöku

**Heimildir:**MP: „Smávegis“ Árbók 1924, 57-58

**ÁR-314:025** heimild um traðir 436245 404247

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir um bæjarhólinn 001 og frá honum til norðvesturs og suðausturs.

Minjastaðurinn liggur milli húsbygginga og um vinnusvæði.

Ekkert sér til minja vegna sléttunar.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1921

**ÁR-314:026** heimild um kálgarð 436134 404345

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður 80m norðvestan við bæjarhól 001 og 130-140m norð-

norðaustan við Hofin 009.

Minjastaðurinn er fremst á bakka í jaðri óræktaðs túns.

Ekki er víst að hlaðið hafi verið umhverfis kálgarðinn en ekkert sér til minja. Eftir að hætt var að nota kálgarðinn var steypur þar lítill kofi sem brúkaður var sem hænsnakofi og standa rústir hans enn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-314:027** *Stekkjarnef* örnefni stekkur 436348 403937

Inn á örnefnakort Grafarbakka er merkt stekkjarnefni sem er illlæsilegt en virðist vera Stekkjarnef. Það er við beygju á Hrunavegi 344 móts við heimreið að Grafarbakka 001. Emil og Eiríkur Kristóferssynir, heimildamenn, minnir að talað væri um að fara út á Stekkana og var þá átt við sama eða svipaðan stað og sýndur er á örnefnakortinu. Stekkjarnef er líklega um 380 m suðaustan við bæ 001 og fast vestan við Stöðul 020.

Malarvegur um sveitina liggur um svæðið sem heitir Stekkjarnef.

Engin ummerki um stekkjartóft sjást á yfirborði. Líklegt verður að teljast að hún sé horfin vegna vegaframkvæmda.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:**Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannhrepps - Grafarbakki

**ÁR-314:028** frásögn hesthús 436325 403971

Að sögn Emils og Eiríks Kristóferssona, heimildamanna, stóðu tvö hesthús saman á hrygg í túni um 340 m sunnan við bæ 001 og 60 m suðaustan við fjárhús 004.

Sléttað tún í kverk á milli Hrunavegar 344 og heimreiðar að Grafarbakka.

Annað hesthúsið var með steypu gólfí og steyptri baðþró en hitt húsið var torf- og grjóthlaðið. Búið er að slétta yfir húsinn og engin ummerki um þau sjást í túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-314:029** frásögn hesthús 436227 403825

Að sögn heimildamanna, Emils og Eiríks Kristóferssona, var hesthús í suðaustanverðu Hryggjarholti, um 470 m sunnan við bæ 001.

Hesthúsið var utan í þýfðu holti fast norðvestan við Hrunaveg 344 og norðaustan við garðlag 030.

Óljóst sér móta fyrir grunni húss sem er 4x6 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur en húsið sjálf hefur verið rífið.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar



*Hesthús 029, horft til norðvesturs*



ÁR-314:030 garðlag fjárhús 436192 403810



Garðlag 030, horft til norðausturs

Að sögn heimildamanna, Emils og Eiríks Kristóferssona, voru fjárhús á Hryggjarholti innan gerðis sem enn sést þar sem nýbýlið Reykás er. Fjárhúsin voru um 470 m sunnan við bæ 001.

Mikið er búið að rækta af trjám innan gerðisins og í kringum íbúðarhúsið í Reykási.

Engin ummerki um fjárhúsin sjást og hafa þau líklega horfið þegar íbúðarhúsið í Reykási var byggt. Gerði sem fjárhúsin voru innan sést að hluta og eru veggir á norðaustur- og norðvesturhlíðum enn greinilegir. Frá Hrunavegi 344 liggur garður til norðvesturs á 45 m löngum kafla. Þá beygir garðurinn til suðvesturs á 240 m löngum kafla. Garðarnir eru torfhlaðnir og fremur

lítillfjörlegir og eru skýrastir utan við lóð Reykáss. Þar eru þeir 0,5 á breidd og hæð. Þessar minjar eru ungar en ekki er vitað hversu gamlar þær eru.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

ÁR-314:031 heimild um legstað 436110 404212

Um 80 m suðvestan við bæjarhólinn 001 er aflöng dæld sem liggur frá norðri til suðurs. Suðvestan við hana er hryggurinn Hofin 009 en austan við er bakki með háum öspum og björkum og uppi á honum íbúðarhús. Sunnan til í þessari dæld er talið að séu grafreitir. Það er ekki nákvæmlega afmarkað svæði heldur um 70 m langt norður-suður og 10-20 m breitt, breiðast nyrst.

Áður var staðurinn í túni sem var síðan lengi hrosshagi en er nú komið í órækt. Þurrlendi var í dældinni en vatn fraus oft þar á veturnum og skautuðu börn þar. Nú rennur vatn frá gróðurhúsum um dældina.

Staðurinn var fyrst skráður árið 2004. Áður sáust þar leiði, sem höfðu verið spörkuð niður 2004 en ekkert sléttað. Þau voru talin leiði 12 Hólasveina á leið í Skálholt. Þeir urðu úti í stórbyl og voru grafnir þarna vegna jarðhitans. Er þetta sögn gamallar konu frá Kaldbak, Krístrúnar Brynjólfsdóttur (f. 18.2. 1871 d. 27.1. 1961). Þorgeir Halldórsson (d. 1930) sléttaði hluta af grafreitnum og lærbrotnaði stuttu seinna. Kona hans, Halla Þorsteinsdóttir, greindist með andlegan sjúkdóm. Þegar aðalskráning fornleifa á jörðinni fór fram 2015 var staðurinn skoðaður aftur. Grunn tjörn er í lægðinni þar sem grafreitir er og tjarnargróður í vatninu. Engin ummerki um leiði sjást.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

ÁR-314:032 frásögn leið 436172 404399

Emil og Eiríkur Kristóferssynir, heimildamenn, greindu frá leið yfir að Gömlu Lauginni 315:014 í landi Grafar um vað 033 og var leiðin einnig farin yfir að Gröf 315:001. Leiðin lá frá bæ niður allbrattann árbakkann niður að Litlu-Laxá. Malarvegur liggur á sömu slóðum niður að ánni. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1910 og þar sést að leiðin liggur frá Grafarbakka 001 á leið 681:016 í landi Grafar.

Mikið hverasvæði er beggja vegna við ána.

Engin ummerki um leiðina sjást lengur vegna vegagerðar og annarra byggingaframkvæmda auk trjáræktar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-314:033** frásögn vað 436178 404463

Emil og Eiríkur Kristóferssynir, heimildamenn, sögðu að vað hefði verið yfir Litlu-Laxá yfir að Gömlu Lauginni 315:014 í landi Grafar en það var einnig farið á leið 032 yfir að Gröf. Vaðið er um 170 m norðan við bæ 001.

Mikið hverasvæði er beggja vegna við ána og talsverðar breytingar hafa verið gerðar á árbökkunum beggja vegna við hana. Áin er nokkuð breið en ekki straumhörd og virðist fremur grunn á þessum stað.

Malarvegur liggur niður að vaðinu frá Grafarbakka 001 en að öðru leyti eru ekki ummerki um umferð á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta



*Vað 033, horft til norðurs.*

**ÁR-314:034** garðlag áveita 436904 402573

Áveitugarðlag er 1,9 km suð-suðaustan við bæjarhól 001, um 80m norðaustan við tóft 041 og 1,2 km suð-suðvestan við Selholt 006. Þetta áveitugarðlag er um 380m suð-suðaustan við áveitugarðlag 035 og er líklegt að það tilheyri sama áveitu kerfi.

Garðlagið liggur um flata mýri.

Garðlagið liggur frá vest-suðvestri til aust-norðausturs, er um 160m langt, 50 cm á hæð og um 50 cm á breidd. Það er allt gróið grasi og nokkuð hlaupið í þúfur. Hugsanlega er garðlagið torfhlaðið en það gæti líka einungis verið orpið jarðvegi.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar



*Áveita 034, horft til suðvesturs.*


**ÁR-314:035** garðlag áveita 436639 402855

Tveir torfhlaðnir áveitugarðar eru á milli skurða um 360 m sunnan við hesthús 010 og 1,5 km norðan við bæ 001.

Garðarnir eru á flatlendu þýfðu mýrarsvæði sem býið er að þurrka með framræsluskurðum.



*Áveita 035, horft til austurs.*



Loftmyndin sýnir afstöðu og umfang áveitu 034 og áveitu 035.

Áveitugarðarnir eru á svæði sem er um 720x155 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þeir fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Garður A er norðvestast á svæðinu. Garðurinn er mjög langur eða 620 m á lengd og hafa verið grafnir djúpir framræsluskurðir í gegnum hann á þremur stöðum. Hann liggur norðaustur-suðvestur. Garðurinn er um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Garður B er um 70 m suðvestan við garð A. Hann er um 155 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Skurður hefur verið grafinn í gegnum hann á a.m.k. einum stað og vegur liggur yfir hann. Hann virðist ekki hafa ná lengra til suðausturs en kann að hafa náð lengra til norðvesturs þar sem er búið að rækta tún. Garðurinn er 1 m á breidd og 0,4 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

### ÁR-314:036 garðlag óþekkt 436278 403842

Suðaustan við Hrunaveg 344 og samsíða honum er garðlag. Það er 450-460m sunnan við bæ og um 20m suðvestan við túngarð 029.



Garðlag 036, horft til suðvesturs.

Garðlagið liggur í jafri sléttað túns og samsíða akvegi.

Garðlagið er um 330m langt, tæpur 1m á breidd og 40-50cm á hæð. Það liggur frá suðvestur til norðausturs og er það vel vaxið grasi en aðeins farið að hlaupa í þúfur, ekki sjást neinar grjóthleðslur í því. Rafmagnsgirðingu hefur verið komið fyrir í garðlaginu. Þetta garðlag gæti verið túngarður í yngri kanntinum og eða jafnvel vörslugarður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

### ÁR-314:037 garðlag áveita 436722 404031

Torfhlaðið garðlag liggur í hálfhring í kringum blauta mýri austan við Kviadal (sjá 037) á flatlendi niður við Litlu-Laxá.

Flatlent, gróið svæði með víðirunnum. Víða er búið að grafa framræsluskurði á svæðinu.

Garðurinn afmarkar svæði sem er 170x100 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er víðast um 1 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Sennilega er hér um að ræða áveitumannvirki eða vörslugarð sem hefur varnað því að búfénaður færi í blauta mýrina. Þar sem garðurinn






Áveita 037, horft til vest-suðvesturs.

endar til norðurs er stór þúst sem er greinilega manngerð. Hún er 10x8 m að stærð og 1,5 m á hæð. Þústin snýr norðvestur-suðaustur og virðist eingöngu úr torfi. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki er að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar




Loftmyndin sýnir umfang áveitu 037.

### ÁR-314:038 tóft+garðlag fjárhús 436375 404112

Torfhlaðið gerði er fast suðaustan við stóra bárujárnsskemmu um 200 m suðaustan við bæ 001. Innan þess er útflött tóft sem ætla má að sé af fjárhúsum. Kvíar 012 voru við vesturhorn gerðisins. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu hér á eftir.

Leifarnar af fjárhúsunum eru á brekkubrún en gerðið afmarkar gamalt tún í brattri brekku og á flatlendi þar fyrir neðan. Lækur rennur í gegnum túnið á flatlendinu og út í Litlu-Laxá. Á flatlendinu er búið að rækta ný tún og hefur verið sléttað yfir hluta gerðisins þar.



Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 038.

Gerði B er torfhlaðið og afmarkar svæði sem er 185x70 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Garðhleðslurnar er 0,5-1 m á hæð og er 1-1,5 m á breidd. Óljós ummerki um mannvirki eru í innanverðu norðvesturhorni



Fjárhús 038, horft til austurs.



gerðisins en þar er þúst. Tóft A er norðvestarlega á svæðinu. Hún er um 15x11 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin virðist vera tvískipt en hún er aflöguð vegna sléttunar og suðvesturhlutinn er nánast útflattur. Hringlaga hól, líklega hlaða, er í norðvesturenda tóftarinnar og er það um 5 m í þvermál að innanmáli. Op er á því til suðausturs inn í hól II sem er um 2x2 m að innanmáli. Op er á því til suðvesturs út úr tóftinni. Norðausturveggur tóftarinnar er afgerandi og er um 0,5 m á hæð þar sem hann er hæstur en aðrir veggir eru nánast útflattir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-314:039** tóft óþekkt 436784 402472

Tóft er 1,9 km suð-suðaustan við bæjarhól 001, 600m austan við Torfholt 018. Hún er fast vestan við tóft 016.



*Tóft 039, horft til suðvesturs. Teikning af tóft 039 er á upprætti á bls. 63 ásamt tóftum 016, 040 og 041.*

Tóftin er á lágu holti ásamt tóftum 016, 040 og 041. Lítil klettaborg er efst á holtinu en landið umhverfis er flatt og hefur verið framræst.

Tóftin er 10x5m að stærð og snýr suðvestur norðaustur. Hún er öll hlaupin í þúfur en er sennilega tvískipt. Vegghleðslurnar eru um 1,5m að breidd og um 50cm á hæð, þær eru grónar mosa og grasi og allar hlaupnar í þúfur. Hugsanlega má greina op syðst á suðausturlanghliðinni. Ekkert grjót sést í vegghleðslum. Ekki er hægt að segja til um hvaða hlutverki hún þjónaði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-314:040** tóft heystæði 436803 402505



*Heystæði 040, horft til norðurs. Teikning af tóft 040 er á upprætti á bls. 63 ásamt tóftum 016, 039 og 041.*

Tóft sem af útlitinu að dæma hefur þjónað sem heystæði er 1,9 km suð-suðaustan við bæjarhól 001, 600m austan við Torfholt 018 og um 20m norðan við Fornasel 016. Hún er fast austan við tóft 041.

Tóftin er á lágu holti ásamt tóftum 016, wv039 og 041. Lítil klettaborg er efst á holtinu en landið umhverfis er flatt og hefur verið framræst.

Tóftin, sem er einföld, er 5x3m að stærð og snýr svo til í norður suður. Vegghleðslurnar eru á lágum stelli, 40-50cm á breidd og um 60cm á hæð og er ytra byrðið hærra en innrabyrðið. Tóftin er mjög mosavaxin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-314:041** tóft fjárhús 436785 402504

Tóft sem af útlitinu að dæma hefur þjónað sem fjárhús er 1,9 km suð-suðaustan við bæjarhól 001, 600m austan við Torfholt 018 og um 15m norðan við Fornasel 016. Hún er fast austan við tóft 041.

Tóftin er á lágu holti ásamt tóftum 016, 039 og 041. Lítil klettaborg er efst á holtinu en landið umhverfis er flatt og hefur verið framræst.

Tóftin er 22x12m að stærð og snýr norðvestur suðaustur. Hún skiptist í tvö hólf, fjárhús og hlöðu. Hlaðan er suðaustan við fjárhúsin, 5x3m að innanmáli og um 2m djúp og að hluta til niðurgráfin. Fjárhúsin eru um 11x2m að innanmáli, ekki sést móta fyrir garða en hugsanlega hefur jata legið eftir útvegg. Vegghleðslur eru mjög mosavaxnar en einnig grónar grasi, þær eru um 150cm á breidd og um 80cm á hæð. Þær eru úr torfi og grjóti og sést í hleðslugrjót en ekki er hægt að slá tölu á umför.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar










*Tóft 041, horft til austurs. Teikning af tóft 041 er á uppdrætti á bls. 63 ásamt tóftum 016, 039 og 040.*



# ÁR-315 Gröf

## Skýringar

-  bæjarhöll
-  hortinn minjastaður
-  tóft
-  gömul bygging sem stendur enn
-  túngarður skv. túnakorti
-  mörk túns skv. túnakorti
-  garðlag eða leið

ÁR-315:008 vað

ÁR-315:017 aftökustaður

ÁR-315:013 kvíla

ÁR-315:022 fjárhús

ÁR-315:023 lambhús

ÁR-315:024 traðir

ÁR-315:003 túngarður

ÁR-315:006 þingstaður

ÁR-315:011 traðir

ÁR-315:001 bústaður

ÁR-315:025 kalgarður

ÁR-315:002 útkirkja

ÁR-315:028 vað

ÁR-315:026 kalgarður

ÁR-315:027

ÁR-315:010 fjós

ÁR-315:019 mógráfr

metri

0

150

300






## ÁR-315 Gröf

Jarðadýrleiki óviss 1709, Skálholtskirkjueign. Útkirkja var á jörðinni. JÁM II, 246. 1331: Jörðin nefnd í máldaga Hrunakirkju. DI II, 665-666. 1519: Jörðin nefnd í dómi. DI VIII, 679. 1709 er eyðihjáleiga Grafargil 316:012. Gröf og Högnastaðir átta saman óskipt land til 1929, Ö-Högnastaðir, 1. Nýbýli úr Grafarlandi: Hvammur (seinna Hvammur I, Hvammur II og Garður), Högnastaðir II, Laxárhlið og Sunnuhlið. Árnesingar I, 246-258.

1709: „Tún jarðarinar spillast árlega af Litlu-Laxá, sem það brýtur meir og meir, svo og er stekkatúnið að miklu leyti afbrotið.“ JÁM II, 246. 1921: Tún 7,1 ha, garðar 27,64 arar. „Jörðin er landlítill. Meiri hluti landsins er blaut mýri. Heldur lélegt land, bæði til beitar og slæгна. Nokkur hlut landsins eru þurrir móar, gott og auðunnið ræktunarland. Meðfram Litlu-laxá eru grösugir hvammar, þar sem skiptast á vallendisbakka og mýrardrög, undir skjólgóðum brekum. Ágætt sumarland fyrir allan fénað. Engjalönd vöru rýr.“ SBI, 254



*Uppdrátturinn hér að ofan er nákvæm endurgerð af túnakorti Grafar frá 1921 en á það hefur verið bætt viðeigandi fornleifanúmerum. Skyggði flöturinn táknar bæjarhóllinn en óskyggðir ramar tákna kálgarða eða útihús. Heilar línur umhverfis túnið táknar túngarð en brotin lína náttúrulega afmörkun.*

### ÁR-315:001 Gröf bæjarhóll bústaður 435687 404080

Bærinn stóð norðvestan við fjóshlöðu þar sem Minjasafn Emils Ásgeirssonar var til skamms tíma (2015) og norðaustan við íbúðarhús í Gröf sem byggt var 1963. Ekki er lengur búið í íbúðarhúsinu. Enn sést stór bæjardyrhella á bæjarhólnum. Á túnakorti frá 1921 segir að brunnur sé í hlaði. Hvorki Guðjón né Guðrún Emilsbörn, heimildamenn, könnuðust við þennan brunn en hann hefur að öllum líkindum verið á bæjarhólnum og er því skráður undir sama númeri og bærinn.

Sléttuð grasflöt er á bæjarhólnum og vaxa aspir norðan og norðaustan við hana og reynitré suðvestan við hana. Suðvestan við reynitrén er gamla íbúðarhúsið í Gröf og birkitré.

Lág en stór bunga er þar sem bærinn hefur staðið, um 60x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Bæjarhóllinn gæti náð lengra til suðausturs að fjósinu (sjá Þinghúshól 002). Hann er um 1 m hár, allt að 2 m að suðvestanverðu. Bærinn í Gröf sneri stöfnum til suðvesturs.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1921



Bæjarhóll Grafar 001, horft til suðurs.



**ÁR-315:002** Þinghúshóll mannabein útkirkja 435714 404048

Útkirkja var á Gröf og hafa mannabein í þrígang komið upp við byggingu fjóss og hlöðu suðaustan við bæinn 001. Í þeim húsum var til skamms tíma (2015) Minjasafn Emils Ásgeirssonar. Að sögn Guðrúnar Emilsdóttur, heimildamanns, er fjósið og beinafundirnir þar sem heitir Þinghúshóll en í grein Þorkels Grímssonar í Árbók Hins íslenska fornleifafélags frá 1962 kemur fram að manntalsþing í Gröf hafi síðast verið haldið í húsi heima við bæ og taldi Emil Ásgeirsson að það hafi staðið rétt austan við bæinn og snúið eins og bæjarhúsin. Í Gröf er til mynd af bænum sem gerð er eftir úttekt frá 1879. Þar er sýnt hús sem snýr austur-vestur, suðaustan við bæinn, sem gæti hafa staðið á kirkjustæðinu. Eru góðar líkur á því að það hús hafi verið þinghúsið. Áður en fjós og hlaða voru byggð var hæsnakofi á Þinghúshólum. Kirkjugarður, kirkja og þingstaður eru um 50 m frá miðjum bæjarhól Grafar 001. Annar þingstaður er skráður í landi Grafar þar sem heitir Lögrétta 006 og kann þingstaðurinn að hafa verið færður nær bæ á Þinghúshól á einhverjum tímapunkti.

Flatlent svæði sem er mikið raskað af húsbyggingum og sléttun.

Þegar fjósið var byggt 1942 komu upp 1-2 beinagrindur. Nokkru síðar kom upp 1 beinagrind þegar dísilrafstöð var byggð austan við fjósið (hún hefur verið rifin). Fjölmargar beinagrindur komu upp þegar hlaða var byggð norðan við fjósið vorin 1955-1956 (rigningarvor). Þær voru aðallega í vesturhluta grunnsins. Jón Steffensen kom, var í nokkra daga og tók beinagrindurnar með í bréfpoka. Ætla má að svæðið sem beinagrindurnar hafa verið að koma upp á sé um 20 m í þvermál.

GRÖF Í HRUNAMANNAHREPPI (Á) -Pétri (HRUNAPING)

- HÁLFKIRKJA

[1331]: Grafar kirkia liggur thil songs j runa. Tijvnndir liggia til runa af [upptöldum] bæivm nema grof lysitollar allir eru til runa. Vr heima Þijngum ... Enn hálfur vr grafar Þijngum

Groptur er j runa af þessum ollum bæium. Sem fyrr eru nefndir ; Máld DI II 665-666 [Hruna]

1382-91: Grafarkirkia liggur til saungs j Hruna.

Tiunder liggia til Hruna af þessum fyrnefndum bæium. Nema Grof oc langholli half.

Lysitollar aller eru til Hruna vr heimaþijngum. Og aller vr Grafar þingumm.

Groptur er j Hruna af ollum þessum bæium sem fyrr eru nefnder; Máld DI IV 43-44 [Hruna]

1382-91: aa eina kv portio Ecclesiae su sem falled hafde vmm xx ár reiknadist xvij aurar fiell nidur af portione viije firir kirkiu vppgiaurd

1397 Þetta til aukist sydann gierdizt maldagi herra Michels [kvikfé og ornamentu]

portio Ecclesiae vmm næstu ix ár vij hundrud ov mork

forn portio medann Jon Biarnason hafdi buid vmm xx ár ix hundrad; Máld DI IV 44-45

{1598: Hálfkirkja; AM 263 fol. Bl. 49}

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**ÞG: „Rannsókn á svonefndi Lögrétta að Gröf í Hrunamannahreppi“ Árbók 1962,102; DI II 665-666; DI IV 43-44; DI IV 44-45; AM 263 fol. bl. 49

**ÁR-315:003** heimild um túngarð 435697 404259

Á túnakorti frá 1921 segir að túnið sé girt með torfgarði og vír ofan á fyrir ofan bæinn. Túngarður sést enn á stuttum kafla í brekku um 190 m norðan við bæ 001, á merkjum móti Högnastöðum II sem er nýbýli úr landi Grafar.

Garðurinn er á grasi grónu svæði í suðaustanverðum Högnastaðaási. Neðan við brekkuna, við endann á garðinum, er hestarétt og er þar mikið traðk.

Garðurinn sést á um 45 m löngum kafla og liggur hann austur-vestur. Hann er að mestu torfhlaðinn og er mjög illa farinn vegna ágangs hrossa og er víða úttroðinn. Þar sem hann sést enn nokkuð vel er hann 1,5 á breidd, útflattur og 0,2-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Túnakort 1921



*Túngarður 003, horft til vest-norðvestur.*

**ÁR-315:004** *Ljónastígur* gata leið 436413 405253

„Inn af Bæjargróf er Ljónastígur. Það er gata yfir Ásana. Ekki er vitað um skýringu nafnsins,“ segir í örnefnaskrá Högnastaða. Ljónastígur lá af leið 681:016 eða samsíða henni þar til hún beygir yfir ásana norðan við beitarhús 009 þar sem uppgangan er auðveld en þó nokkuð brött. Þar liggur hún á leið 681:019. Leiðin liggur um land Högnastaða og Hvamms sem er nýbýli úr landi Grafar.

Grýttur klapparás eða holt. Nokkuð víða er rof og er meira um það í landi Hvamms en í landi Högnastaða því þar er hrossabeit. Þar sem leiðin liggur um land Högnastaða er hún á svæði sem hefur verið friðað fyrir beit en þar er mikil skógrækt. Sumarbústaðahverfi er fast norðvestan við stíginn í landi Högnastaða.

„Ljónastígur var hestagata, e.t.v. áður þjóðleið þarna yfir. Hvergi var greiðfært með hesta yfir Ásana nema þarna; varð að fara annaðhvort fram fyrir þá eða inn fyrir,“ segir í örnefnaskrá Högnastaða. Leiðin sést á um 700 m á löngum kafla og liggur hún skáhallt yfir ásinn, norðaustur-suðvestur. Í landi Hvamms sjást ekki reiðgötur en margar fjárgötur og troðningar. Þegar kemur yfir í land Högnastaða liggur leiðin eftir náttúrulegri, allbreiðri, lág niður af ásnum og þar sjást grónar reiðgötur 10-12 saman á 10 m breiðu svæði. Götur eru 0,2-0,3 m á breidd og dýpt. Rafmagnsgirðing er á merkjum og ekki er hlið á henni þar sem leiðin liggur.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Högnastaðir, 3



*Ljónastígur 004, horft til suðvesturs.*

**ÁR-315:005** garðlag vörslugarður 436413 405253

Tveir grjóthlaðnir garðar eru í Högnastaðaási, um 1,4 m norðaustan við bæ 001 og 170 m norðvestan við beitarhús 009.

Ásinn er nokkuð hár og brattur. Víða eru gróðurlausar klappir og mosa og grasi gróið á

milli þeirra.

Garðarnir eru á svæði sem er um 110x20 m að stærð og snýr norður suður. Á milli þeirra eru 90 m og eru þeir hlaðnir fyrir skörð í ásnum til að hindra för búfjár um þau. Garðarnir liggja báðir norðvestur-suðaustur. Sá syðri, garður A, er 16 m á lengd og 0,3-0,5 m á breidd. Hleðslan er sigin og jarðlæg, ekki hærri en 0,3 m. Nyrðri garðurinn B er um 19 m á lengd. Hann er 0,5-0,6 m á breidd og eru hleðslur í honum einnig signar og jarðlægar. Hæstar eru þær um 0,3 m.

**Hættumat:** engin hættu

#### **ÁR-315:006** *Lögrétta* örnefni þingstaður 435625 404116

Örnefnið Lögrétta er á lista Þorsteins Bjarnasonar yfir örnefni í túni vestan heimreiðar. Þorkell Grímsson rannsakaði staðinn að beiðni Þjóðminjavarðar þegar ákveðið hafði verið að byggja nýbýlið Sunnuhlíð þar. Hann lýsir aðstæðum þannig áður en rannsókn hófst: „Þarna var að sjá stórar þúfur í óreglulegum hnapp og í breiðum skákum, sem mynduðu ferhyrning út frá honum. Austan við var vallgróin tóft, breið og ávöl. Allt var þetta efst á lágum og næstum kringlóttum hól í túninu vestan heimreiðarinnar. ... Þúfnaklasinn hefur gengið undir nafninu Lögrétta og var að heyra á fólki á staðnum, að það nafn væri algengast, en einnig var mér sagt frá örnefninu Þinghúspúfur. Hafði bóndinn það eftir gamalli konu í sveitinni.“ Þingið í Gröf var lagt niður skömmu fyrir aldamótin 1900. Í grein Þorkels kemur fram að þinghald í Gröf hafi undir það síðasta farið fram í húsi heima við bæ, mögulega þar sem útkirkja 002 stóð áður. Elsta heimild um þingstað í Gröf er frá byrjun 16. aldar. Lögrétta var um 50 m norðvestan við bæ 001 þar sem íbúðarhúsið í Sunnuhlíð stendur og um 110 m suðaustan við kirkju 002. Hafi verið þingstaður á Lögréttu hefur hann verið færður að bænum á einhverjum tímamarki, sjá 002.

Lögrétta var á flatlendi. Sunnan og vestan við íbúðarhúsið í Sunnuhlíð er trjágróður í húsa- garði og austan við það er malarplan. Til norðurs eru gróðurhús og útihús.

Rannsókn Þorkels leiddi í ljós undirstöður veggja í tóft og áföstu gerði. Vallgróna tóftin sem sást áður en rannsókn hófst var af hesthúsi og var ekki rannsökuð. Ekki fundust gólfög eða stoðarholur í tóftinni sem var grafinn upp og ályktaði Þorkell að ekki hefði verið varanlegt þak á þeirri byggingu. Í henni fundust bein úr sauðfé og stórgripum á víð og dreif, á veggjum og inni í tóftinni. Þorkell telur víst að mannvirkin hafi verið notuð við þinghald og rökstyður hann það með örnefninu Lögrétta sem á við staðinn og því að ekki er vitað til þess að þarna hafi verið neitt annað en þingstaður. Ekki var hægt að aldursgreina minjarnar. Örnefnið Lögrétta gefur vissulega vísbendingu um hlutverk minjanna á staðnum en rannsóknin sem fram fór 1961 gat ekki stutt það eða hrakið. Rannsókn Guðrúnar Sveinbjarnardóttur á Þinghól á Kópavogspingstað leiddi einnig í ljós ílanga tóft og einhvers konar gerði eða stétt. Lítið er vitað um hreppþingminjar á Íslandi enn sem komið er og er þörf á frekari rannsóknum á þeim minjaflokki.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Gröf ÞB, 1; ÞG: „Rannsókn á svonefndi Lögrétta að Gröf í Hrunamannahreppi“ Árbók 1962, 100-113; DI VIII, 132; Guðrún Sveinbjarnardóttir, Rannsókn á Kópavogspingstað

#### **ÁR-315:007** *Völugerði* örnefni

Örnefnið Völugerði er á lista Þorsteins Bjarnasonar yfir örnefni í túni í landi Grafar. Ekki könnuðust heimildamennirnir Guðrún og Guðjón Emilsbörn við það. Ekki reyndist unnt að

staðsetja það með innan við 50 m skekkju af þeim sökum.

**Heimildir:**Ö-Gröf ÞB, 1

**ÁR-315:008** frásögn vað 435242 404458

Vað var á leið 681:019 (Konungsvegi) um 70 m norðvestan við Gálgaklett 017 og um 600 m norðvestan við bæ 001. Mögulega er þetta vað sama og FerðamannaVað 015.

Vaðið er norðan við tvo klettarana sem ganga þvert út í árfarveginn og áin rennur á milli.

Suðvesturbakki árinna er allhár malarbakki, e.t.v. að hluta aðflutt efni til landvarna. Norðausturbakkinn er lágur en þar hefur orðið talsvert rask. Engin ummerki um leiðina sjást við vaðið.


**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-315:009** tóft+garðlag beitarhús 436571 405278

Beitarhúsatóft og leifar af gerði umhverfis það eru 1,5 km norðaustan við bæ 001, austan undir Högnastaðaási. Húsið er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910. Minjarnar fá bókstafi í lýsingu hér á eftir.

Minjarnar eru vestast í gömlu túni og er beitarhúsatóftin austan undir hamrabelti í ásnum. Túnið er fremur flatlent en í því má greina ummerki um leið 681:016 sem lá fast austan við húsin. Svæðið er nýtt fyrir hrossabeit og hefur traðk hrossanna leikið minjarnar illa.

Gerði B afmarkar svæði sem er um 140x80 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það sést á köflum og er torfhlaðið. Hleðslurnar eru um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð þar sem þær eru hæstar. Gerðið náði líklega talsvert mikið lengra til suðausturs en hefur þar verið sléttað í



Uppdrátturinn sýnir teikningu af beitarhúsatóft 009.



Beitarhúsatóft 009A, horft til norðausturs.



Garðlag 009B, horft til norðausturs.



tún. Í norðvesturjaðri minjasvæðisins er beitarhúsatóft A. Hún er torf- og grjóthlaðin og skiptist í hlöðu sem er grafin inn í brekku og fjárhús þar framan við. Hólfin snúa norðvestur-suðaustur eins og tóftin. Tóftin er 15x6 m að stærð. Op er inn í fjárhúsin í suðausturenda tóftarinnar. Það er orðið ógreinilegt. Fjárhúshlutinn er í suðausturenda tóftarinnar. Hann er 8x3 m að innanmáli. Ekki sést móta fyrir undirstöðum garða eða jötu í fjárhúsum. Ekki er hlaðinn veggur á milli hlöðu og fjárhúsa en þar er dálítill þrenging á mörkum milli hólfanna. Hlaðan er um 3x1,5 m að innanmáli. Hún er talsvert samansigin og er rof í henni. Mesta hleðsluhæð veggja er um 0,7 m. Í þeim sjást 3-4 umför en grjóthleðslur eru hrundar að miklu leyti.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-315:010** *Fornufjós* þúst fjós 435824 404166

Örnefnið Fornufjós er á lista Þorsteins Bjarnasonar yfir örnefni í túni í landi Grafar. Guðrún Emilsdóttir, heimildamaður, taldi líklegt að það væri sami staður og Fjóshóll. Hann er á flatlendi í túnjaðri frammi á bakka Litlu-Laxár. Hóllinn er um 160 m norðaustan við bæ 001, nærri merkjum milli Grafar og nýbýlisins Högnastaða II.



*Fornufjós 010 er ílangur hóll sem snýr norðvestur og suðausturs. Horft til norðausturs.*

Áin var farin að grafa sig verulega í bakkann við Fornufjós eða Fjóshól og er búin að brjóta á að giska helming hólsins. Fyrir allmörgum árum var gerður varnargarður meðfram ánni til að stöðva rofið. Rofsárið í hólnum hefur gróið en grjót sést hér og hvar í grassverðinum. Guðrún man eftir því að grjót væri að hrynja úr hólnum þar sem rofið var.

Fornufjós eða Fjóshóll er ílangur hóll sem er 40x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Eins og fyrr segir hefur mikið brotnað af honum að norðaustanverðu. Hóllinn er um 2 m á hæð. Afgerandi lægð er í hólnum í suðausturenda sem er um 4x3 m að innanmáli og snýr eins og hóllinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gröf ÞB, 1

**ÁR-315:011** heimild um traðir 435634 404085

Samkvæmt túnakorti frá 1921 lágu traðir að bæ 001 frá Litlu-Laxá úr suðvestri.

Traðirnar voru í flatlendu, gömlu túni.

Ekki sjást ummerki um traðir. Mjög líklegt er að malarvegur að bænum og áfram til suðvesturs sé á sama stað og traðirnar voru. Þær hafa þá horfið vegna vegagerðar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-315:012** *Laugaveita* örnefni áveita

Örnefnið Laugaveita er á lista Þorsteins Bjarnasonar yfir örnefni í túni í landi Grafar. Ekki fengust neinar upplýsingar um það hvar Laugaveita var og því reyndist ekki unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

**Heimildir:**Ö-Gröf ÞB, 1

**ÁR-315:013** *Stöðulhvammur* örnefni kvíar 435454 404352

Stöðulhvammur er að sögn Guðrúnar Emilsdóttur, heimildamanns, í stóru viki inn í bakka Litlu-Laxár um 360 m norðvestan við bæ 001. Í vikinu er nú (2015) stórt hjólhýsahverfi. Hvammurinn er merktur inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar.

Í Stöðulhvammi eru brattar, grónar brekkur og innan hans er flatlent.

Skjól gott var í hvamminum og voru kýr reknar þangað og mjólkaðar en þar voru engin mannvirki sem tengdust mjóltunum. Ekki er ljóst hvar nákvæmlega í hvamminum stöðullinn var en örugg má telja að hann hafi verið undir brekkunum í skjóli af þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Gröf

**ÁR-315:014** *Gamla Laugin* hleðsla sundlaug 436252 404472

Gamla Laugin er um 680 m norðaustan við bæ 001 í Hverahólma við Litlu-Laxá. Sundlaugin var gerð 1891 og vatnið í hana var fengið úr hverunum í Hverahólma. Gamla Laugin er elsta sundlaug landsins og fór fram sundkennsla í henni frá 1909-1947. Laugin hefur verið endurgerð og er seldur aðgangur að henni. Búið er að reisa aðstöðuhús og búningsklefa vestan við laugina.

Hverahólmi er á flatlendi við bug á Litlu-Laxá suðvestan við Högnastaðaás. Þar er mikill trjágróður og fjöldi bygginga sem tilheyra nýbýlunum Garði og Hvammi 2.

Í minningum Helgu R. Einarsdóttur um Hverahólmann í bókinni Árnesingar I segir: „Sundskýlið við laugina var hólfað í tvennt, í öðrum endanum var búningsklefi með bekkjum við vegg, en í hinum endanum var gufubað. Hár bekkur með einum vegg, en í öðru gólfhorninu á móti kom gufan inn jafnt og þétt, þangað leidd í stokki frá einum hvernum útifyrir. Sundlaugin var þannig gerð að veggir voru hlaðnir á þrjá vegu úr grjóti og þéttað með torfi að utanverðu. Þannig var gerð fyrirstaða fyrir afrennsli hveranna í hólmanum.“ Laugin er um 25x50 m að stærð en girt er fyrir norðausturhorn hennar til að forða fólki frá því að brenna sig á heitu hveravatninu sem þar vellur upp. Trépallar eru meðfram lauginni að sunnan og austan svo hægt sé að ganga um svæðið og skoða hverina. Malar- og sandbotn er í lauginni. Hún er 1-1,5 m á dýpt. Hlaðið hefur verið með köntum laugarinnar á vestur-suður og norðurhliðum hennar. Grjóthellur er í kanti og á bakkanum. Við suðausturhorn laugarinnar er gamla búningsaðstaðan, tvískiptur steinsteyptur skúr. Forsteyptir gluggar eru á



*Gamla Laugin er elsta sundlaug landsins. Horft til suðurs.*

norður- og suðurhliðum skúrsins og dyr snúa að laug til vesturs. Básahver gutlar rétt utan við norðausturhorn búningsklefans. Leifar af steinþró eru rétt við norðvesturhorn búningsklefans og kann vatni að hafa verið veitt um hana úr Básahver í laugina. Önnur þró er litlu norðar, við timburpall á leið um svæðið.

**Heimildir:** <http://www.secretlagoon.is/saga/?lang=is>; Árneseingar I, 229

#### ÁR-315:015 *Ferðamannavað* örnefni vað

Örnefnið Ferðamannavað er á lista Þorsteins Bjarnasonar yfir örnefni í landi Grafar. Guðjón og Guðrún Emilsbörn, heimildamenn, könnuðust ekki við nafnið en ekki er ólíklegt að það eigi við um eitthvað af þeim fjórum vöðum sem skráð eru á Litlu-Laxá í landi Grafar (008, 028) og Grafarbakka (314:023, 314:033).

**Heimildir:** Ö-Gröf ÞB, 1

#### ÁR-315:016 *Draugahver* heimild um draug 436442 404698

„Í mýrinni var einn hver, Draugahver, og er hann nú alveg við bæjardyr í Hvammi II,“ segir í örnefnaskrá Högnastaða. Draugahver er við austurendann á mýrartúninum, um 980 m norðaustan við bæ 001. Þar rýkur úr tveimur holum við skurð sem er austan við túnin.



*Draugarhver 016, horft til norðurs.*

Hverinn er á flatlendu mýrarsvæði sem hefur verið þurrkað. Hann er á milli túna á óræktuðu svæði með talsverðum trjágróðri.

„Kerling ein í Reykjadal öfundaði bóndann á Laugum af því að hafa hver. Hún vakti því upp draug í kirkjugarðinum og sendi hann í Hverahólma að sækja hver. Er draugsi var lagður af stað með hverinn, ljómaði dagur, og hann sökk með byrgði sína og er hverinn síðan, þar sem fyrir er sagt,“ segir í örnefnaskrá Högnastaða. Holurnar sem rýkur úr eru á svæði sem er um 15x3 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Syðst á svæðinu eru tveir stokkar hver fram af öðrum og rennur vatn úr þeim til suðvesturs í skurð eða

læk. Meira rýkur úr hinni holunni sem er nyrst á svæðinu og er það líklega hinn eiginlegi Draugahver. Gamall stútur er í honum og leiðsla að Hvammi 2 en hverinn var notaður til að hita íbúðarhúsin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Högnastaðir, 8

#### ÁR-315:017 *Gálgaklettur* örnefni aftökustaður 435294 404408

Gálgaklettur er klettur sem skagar út í Litlu-Laxá vestan við hjólhýsahverfi í Stöðulhvammi 013 um 510 m norðvestan við bæ 001. Nafnið bendir til þess að þar hafi verið aftökustaður.

Kletturinn skagar afgerandi út í árfarveginn en flatir og lágir bakkar eru beggja vegna við hann. Neðan við klettinn rennur áin í sveig milli tveggja klettara en á milli þeirra myndast mjótt sund.

Kletturinn snýr norðaustur-suðvestur. Að suðaustanverðu er hann snarbrattur og 4-5 m á hæð en að norðvestan er hann aflíðandi í stöllum. Hátt er fram af honum ofan í ána og þar er mikill hylur fyrir neðan, Breiðtrog.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Gröf, Hvammur og Högnastaðir, 1



*Gálgaklettur 017, horft til norðvesturs.*

**ÁR-315:018** heimild um mógrafir 434932  
404660

„Mór var tekinn í Rimanum, í bakka Litlu-Laxár. Mótak þar var nothæft, en ekki gott,“ segir í örnefnaskrá Högnastaða. Riminn er um 950 m norðvestan við bæ 001.

Vegur liggur eftir rímanum. Suðaustan við rímann er mýrlendi sem hefur verið ræst fram. Þar vex mikið af víðikjarri.

Engin ummerki sjást um mógrafir enda var fyllt upp í þær eftir 1915 að sögn Guðrúnar Emilsdóttur, heimildamanns. Torf var líka skorið á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Högnastaðir, 2

**ÁR-315:019** frásögn mógrafir 435924 404025

Um 240 m austan við bæ heita Fit. Þar sagði Guðrún Emilsdóttir, heimildamaður, að hefðu verið mógrafir en að sögn móður hennar (Eyrúnar Guðjónsdóttur, d. 1999) var það lélegur mór. Fitin eru niður við Litlu-Laxá um 250 m austan við bæ 001. Til vesturs eru gróðurhúsin sem tilheyra nýbýlinu Laxárhlið.

Grasi gróið svæði. Norðvestan við það er gróið jarðvegsrask. Syðst á því svæði sem ætla má að örnefnið Fit nái til er sléttur flöt suðaustan undir lágum bakka þar sem komið hefur verið fyrir miklu safni gamalla landbúnaðarvéla.

Ekki sjást skýr ummerki um mógrafir á svæðinu. Þær kunna að hafa verið þar sem vélasafnið er og eins er nokkuð skýr og beinn kantur litlu norðan við það. Þar kunna að hafa verið mógrafir. Kanturinn er 1,5 m á hæð þar sem hann er hæstur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Mógrafir 019, horft til aust-suðausturs*

**ÁR-315:020** *Vaðmálahver* hver þvottastaður 436236 404453

„Áin rennur það alveg með, og eru sandeyrar suðaustur af hólnum, en hann er upphækkaður. Fremstur og stærstur er Vaðmálahver. Það er mikill hver í klöpp, nokkuð djúpur, og 4-5 metrar í þvermál. Þar voru voðir þvegnar áður fyrr,“ segir í örnefnaskrá





*Vaðmálhver 020, horft til vesturs.*

Högnastaða. Hverinn er um 660 m norðaustan við bæ 001 og er hann inni á svæðinu sem er afgirt í kringum Gömlu Laugina 014 og um 20 m sunnan við laugina.

Hverinn er í klöpp frammi á bakka Litlu-Laxár og er búið að útbúa gönguleið á pöllum fast norðan við hverinn og um svæðið í kringum laugina. Hverinn er merktur með nafni.

Í minningum Helgu R. Einarsdóttur um Hverahólmann í bókinni Árnesingar I segir: „Fyrst hefur verið þvegið upp úr hverunum eins og nafnið gefur til kynna en síðan var steipt þró í hólmanum og þótti það hin mesta framför. Hólfin í

þrónni voru þrjú, tvö minni fyrir sápuþvott og eitt stærst þar sem skolað var.“ Í Hverahólma var matur einnig soðinn í hverunum og bökuð hverabrauð. Hverinn er um 4 m í þvermál og er reglulegur hringur. Vatn rennur úr honum til austurs og vesturs og liggur leiðsla úr honum til austurs. Vatnið í hvernum er 99°C heitt og sýður það. Engin mannaverk sáust í kringum hverinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Högnastaðir, 7; Árnesingar I, 228

**ÁR-315:021** renna áveita 434684 404521

Að sögn Guðrúnar Emilsdóttur, heimildamanns, gróf Guðjón Helgason (f. 1872, d. 1959), afi hennar, skurð frá Litlu-Laxá nyrst á Lambatanga og langleiðina að Selsbæjunum [Syðra-Sel ÁR-335, Efra-Sel ÁR-336] til að veita vatni þangað á engjar. Skurðurinn lá þvert yfir Lambatanga og svo skáhallt til norðvesturs að Selsbæjunum. Skurðurinn sést enn á löngum köflum um 850 m norðvestan við bæ 001.



*Áveita 021, horft til norð-norðvesturs.*

Skurðurinn er á flatlendu láglandi niður við Litlu-Laxá. Nokkurt rask hefur orðið á Lambatanga vegna vegagerðar og byggingaframkvæmda. En víðast er svæðið grasi gróið.

Skurðurinn sést á svæði sem er um 400x60 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Nyrst á Lambatanga liggur skurðurinn þvert yfir hann og beygir svo til norðvesturs. Á Lambatanga er hann um 190 m á lengd og liggur austur-vestur. Eftir að skurðurinn beygir til norðvesturs sést hann á 150 m löngum kafla þar sem hann liggur í mjúkum boga frá suðaustri til norðvesturs. Sá hluti var skoðaður á vettvangi. Þar er skurðurinn er 0,3-0,5 m á breidd innanmáls og er víðast 0,5 m á dýpt.

Hann er allt að 1 m á breidd. Á nokkrum stöð eru höft eða brýr á skurðinum. Skurðurinn hverfur skyndilega í norðvesturenda og hefur verið fyllt upp í hann og sléttað yfir. Engar sýnilegar rásir liggja frá skurðinum. Ekki sjást heldur garðlög sem gætu hafa verið hluti af þessu áveitumannvirki.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**ÁR-315:022** *Hofatún* frásögn fjárhús 435556 404254

Að sögn Guðrúnar Emilsdóttur, heimildamanns, voru hesthús, fjárhús og hlaða í Hofatúni uppi á Högnastaðaási, ofan við útihús 023 og 220 m norðvestan við bæ 001.

Íbúðahverfi er nú (2015) í Hofatúni við götuna Austurhof.

Engin ummerki um útihúsin sjást lengur en búið var að rífa þau löngu áður en íbúðarbyggðin reis. Örnefnið Hofatún er ekki að finna í örnefnaskrár fyrir Gröf og engar sagnir eru um Hof á því svæði. Ef til vill hefur túnið heitið Kofatún sem síðar breyttist í Hofatún.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-315:023** frásögn lambhús 435576 404217

Að sögn Guðrúnar Emilsdóttur, heimildamanns, voru torf- og grjóthlaðin útihús efst í brekku í suðaustanverðum Högnastaðaási. Annað þeirra var líklega lambhús.

Íbúðabyggð við Austurhof er komin fast að þeim stað, fram á brekkubrún.

Engin ummerki sjást um útihúsin og hefur verið sléttað yfir þau eða þau verið rifin.

**Hættumat:** hætta, vegna byggingar

**ÁR-315:024** *Hofatraðir* heimild um traðir 435631 404190

Traðir sjást liggja til norðvesturs á túnakorti frá 1921. Um þær lá leiðin á milli Högnastaða 316:001 og Grafar. Guðrún Emilsdóttir, heimildamaður, sagði leiðina ganga undir nafninu Gúndabrekka en eldra nafn er Hofatraðir (sjá einnig Hofatún 022). Hvorugt þessara nafna er að finna í örnefnaskrár fyrir Gröf. Guðrún man ekki eftir upphlöðnum tröðum en þær sjást vel á gamalli loftljósmynd frá 1954 sem birtist í grein Þorkels Grímssonar um rannsókn á Lögréttu 006 í Árbók Hins íslenska fornleifafélags. Leiðin er enn farin og sést sem troðningur.



*Hofatraðir 024, horft til norðvesturs.*

Leiðin liggur um grasi gróna aflíðandi brekku. Háar aspir eru í röð meðfram henni að norðaustanverðu og ofarlega í brekkunni eru birkitré suðvestan við hana.

Engin ummerki um traðirnar sjást en greinilegur troðningur er þar sem leiðin liggur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1921; ÞG: „Rannsókn á svonefndi Lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi“ Árbók 1962,101

**ÁR-315:025** heimild um kálgarð 435686 404070

Á túnakorti frá 1921 er kálgarður framan við bæ 001 til suðvesturs. Svæðið suðvestan við bæinn var kallað Blómsturgarður að sögn Guðjóns Emilssonar, heimildamanns. Þar er talsvert af gömlum reynitjám og birkitjám. Steinsteipt íbúðarhús sem byggt var 1963 er líklega að miklu leyti á því svæði sem kálgarðurinn náði yfir.

Fremur flatlent svæði innan afgirtrar lóðar í kringum íbúðarhúsið í Gröf.

Ekki sjást leifar af hlöðnu gerði sem ætla má að hafi verið umhverfis kálgarðinn. Líklega hefur verið sléttað yfir hann.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1921

**ÁR-315:026** heimild um kálgarð 435758 403944

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var kálgarður á bökkum Litlu-Laxár um 150 m suðaustan við bæ 001 og litlu vestan við Grafarhver 027.

Kálgarðurinn var í flötu túni við Litlu-Laxá. Norðaustan við það eru gróðurhús nýbýlisins Laxárhliðar.

Engin ummerki sjást um kálgarðinn vegna sléttunar. Vafalaust hefur garðinum verið valinn þessi staður vegna nálægðar við hverinn og hitann frá honum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1921

**ÁR-315:027** *Grafarhver* hver 435802 403943



*Grafarhver 027, horft til suðvesturs.*

Grafarhver er niðri á bakka Litlu-Laxár um 180 m suðaustan við bæ 001. Að sögn Guðjóns Emilssonar, heimildamanns, var vatn úr ánni leitt í gegnum hverinn og í ofna í gamla bænum í Gröf 001. Aðeins kom moðvolgt vatn í bæinn því rörin voru ekki einangruð. Affallsvatn úr ofnakerfinu var notað til neyslu.

Hverinn er á grónum, flatlendum árbakka.

Í hvernum er rör og kemur heitt vatn út um það sem rennur í ána. Steypt mannvirki eru í kring. Ekki er þekkt önnur notkun á heita vatninu úr hvernum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-315:028** frásögn vað 435553 404002

Að sögn Guðrúnar Emilsdóttur, heimildamanns, var vað á Litlu-Laxá um 200 m suðvestan við bæ 001. Vaðið var við suðvesturendann á tröðum 011, þar sem brú er yfir ána. Mögulega er þetta sama vað og Ferðamannavað 015.

Á norðurbakkanum er mól og stórgrýti til landvarna en á suðurbakkanum er lágur affliðandi bakki.

Engin ummerki um vaðið sjást og hefur svæðið raskast af vegaf framkvæmdum og byggingu brúarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-315:029** frásögn beitarhús 436163 404612

Beitarhús eru merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910 suðaustan undir Högnastaðaáasi og vestur af hverasvæðinu við Gömlu Laugina 014. Að sögn Bjargar Björnsdóttur, heimildamanns, voru beitarhúsin á hjallanum þar sem nýbýlið Hvammur var reist árið 1929 og Hvammur I stendur nú (2015).

Mikil trjárækt er allt í kringum byggingarnar í Hvammi I.

Mínjar um beitarhúsin eru horfnar vegna bygginga. Hvammsbærinn sem reistur var 1929 brann og þá var núverandi íbúðarhús byggt. Það er með áföstu, gömlu fjósi sem breytt hefur verið í hesthús.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910



*Beitarhús 029, horft til norðvesturs*

**ÁR-315:030** heimild um beitarhús 435985 404662

Á Herforingjaráðskorti frá 1910 eru beitarhús eða fjárhús merkt frammi á suðausturbrún Högnastaðaáass, á merkjum milli Högnastaða ÁR-316 og Grafar. Húsin voru um 185 m VSV af beitarhúsum 029 og um 650 m norðaustan við bæ 001. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi og óvíst er að tóft húsanna sjáist enn. Mikil skógrækt er á Högnastaðaáasi á þessu svæði og stórt mannvirki í kringum vatnstank er einnig á svipuðum slóðum. Gróið svæði uppi á háum ás eða holti. Mikil skógrækt er á svæðinu.

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910



# Skýringar

- bejarhöll
- horfinn minjastaður
- 📍 tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- túngarður skv. túnakorti
- ⋯ mörk túns skv. túnakorti
- garðlag eða leið

● ÁR-316:010 garðlag

● ÁR-316:006 stekkur

● ÁR-316:005 túngarður

● ÁR-316:007 kvíar

● ÁR-316:004 úthús

● ÁR-316:003 úthús

● ÁR-316:002 úthús

● ÁR-316:001 bústaður

● ÁR-316:018 kálgarður

# ÁR-316 Högnastaðir

0 400 200  
metrar






## ÁR-316 Högnastaðir

Upphaflega hjáleiga frá Gröf, tekið undan jörðinni fyrir 1709, Skálholtseign. JÁM II, 247. Gröf og Högnastaðir áttu saman óskipt land til 1929, Ö-Högnastaðir, 1. Ekki var búið á Högnastöðum frá 1964, árið 1970 var landi skipt upp í Högnastaði I og II. Ásland nýbýli úr jörðinni.

1921: Tún 3,1 ha, 1/2 slétt, garðar 16,58 arar. „Jörðin er í meðallagi stór að landrymi, og nær landið austan frá Litlu-Laxá vestur að Hvítá. Að miklum meiri hluta er landið blaut mýri, en nokkurt þurrlandi þó í grösugum ásum, bæði heima við bæinn og vestur undir Hvítá. Þurrir bakkar eru einnig meðfram ánni. Engjar voru allgóðar, einnig vetrarheit á mýrinni. Sumarhagar voru lélegir. Ræktunarland lítið sem ekkert, nema á framræstum mýrum.“ SBI, 250.



*Uppdrátturinn hér að ofan er nákvæm endurgerð af túnakorti Högnastaða frá 1921 en á það hefur verið bætt viðeigandi fornleifanúmerum. Skyggði flöturinn táknar bæjarhóllinn en óskyggðir ramar tákna kálgarða eða útihús. Heilar línur umhverfis túnið táknar túngarð en brotin lína náttúrulega afmörkun.*

**ÁR-316:001 Högnastaðir** bæjarhóll bústaður 435726 404380

Högnastaðir eru framarlega á flötum bakka norðan Litlu-Laxár, suðvestast í Högnastaðaási. Flúðahverfið sem að stærstum hluta hefur byggst á landi Hellisholt hefur teygt sig yfir í land Högnastaða og er gamli bæjarhóllinn núna við götu sem nefnist Högnastígur.

Bæjarhóllinn er innan þéttbýlis.

Á bæjarhól Högnastaða stendur íbúðarhús byggt 1933. Það er bárujárnsklætt timburhús sem er hæð og ris og undir því steypdur kjallari. Kjallarinn er miðlungs djúpur. Miklar breytingar hafa verið gerðar á umhverfi bæjarhólsins og því erfitt að greina upphleðslu bæjarhólsins. Það má þó sjá vísbendingar um að hann sé um 40x20m að stærð og snúi norðvestur suðaustur með framhlið til suðvesturs. Upphleðsla hans gæti verið um 2m. Húsið stendur austan við miðju hólsins

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1921



*Bæjarhóll Högnastaða 001, horft til norðausturs.*

**ÁR-316:002** heimild um útihús 435615 404401

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var útihús rúma 120m norðvestan við bæjarhól 001 og tæpa 130m vest-suðvestan við útihús 004. Ætla má að þetta sé sama útihús og sést á gamalli mynd sem til er af Högnastöðum og er að finna í Sunnlenskum byggðum I.

Minjastaðurinn er innan þéttbýlis.

Á minjastaðnum stendur íbúðarhús og skrautjurtagarður umhverfis. Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1921; SBI,251

**ÁR-316:003** þúst útihús 435684 404508

Samkvæmt túnakorti frá 1921 stóð útihús um 120m norð-norðvestan við bæjarhól 001 og um 50m vestan við útihús 004.

Minjastaðurinn er innan tráræktarsvæðis í þéttbýli.

Minjastaðurinn hefur verið sléttaður og tré gróðursett í hann.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar


**Heimildir:**Túnakort 1921

**ÁR-316:004** heimild um útihús 435734 404504

Samkvæmt túnakorti frá 1921 stóð útihús um 100m norðan við bæjarhól 001 og um 50m austan við útihús 004. Á minjastaðnum stendur tóft.



Útihúsatóft 004, horft til vesturs.



Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 004.

Minjastaðurinn í þýfðri órækt innan þéttbýlis.

Tóftin er 14x8m að stærð og snýr norðvestur suðaustur. Hún er einföld, hefur op til norðvesturs og er mikið til niðurgrafin, sér í lagi að norðaustanverðu. Vegghleðslur eru um 70 cm á hæð og er innra byrði skýrara en ytra byrðið sem er um 40 cm á hæð. Hún er öll á kafi í grasi og eru vegghleðslur hlaupnar í þúfur. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:**Túnakort 1921

**ÁR-316:005** garðlag túngarður 435704 404525

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var heimatúnið á Högnastöðum afgirt með túngarði að norðan og vestanverðu. Garðlag sem er 140m norðan við bæjarhól 001, um 140m sunnan við fjárhústóft 009 og um 20m norðvestan við tóft 004 er að öllum líkindum hluti af þessum túngarði.

Garðlagið er í brekku sem hallar til vesturs í þýfðu óræktarsvæði innan þéttbýlis.

Garðlagið sem er um 40m langt og liggur austur-vestur, er um 2m á breidd og um 80cm á hæð. Ekki sést í neinar grjóthleðslur í garðlaginu sem er allt grasivaxið. Það er rúnnað og vel stöndugt og sambyggt garðlaginu að norðanverðu er tóft 007.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Túnakort 1921

**ÁR-316:006** Stekkatún örnefni stekkur 435668 404567

„Vestur af túni er Stekkatún (Stekkjartún á uppdrætti). Á leið frá bæ [001] í Stekkatún var Stöðull [007] við túnhliðið,“ segir í örnefnaskrá. Stekkatún var þar af leiðandi norður af túninu, á flatanum neðan við Stöðul 007 um 100m suðvestan við fjárhús 009 og um 190m norðan við bæjarhól 001. Það er merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar.

Um Stekkjartún liggur gata sem nefnist Ásastígur og þar standa nokkur íbúðarhús.

Ekkert sér til minja sökum þess að minjastaðnum hefur verið umbylt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda


**Heimildir:** Ö-Högnastaðir, 2; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Högnastaðir



*Stekkatún 006 eða Stekkjartún mun hafa dregið nafn sitt af stekki sem þar mun hafa verið en er nú horfinn. Horft til suðurs.*

**ÁR-316:007** Stöðull tóft kvíar 435705 404527

„Vestur af túni er Stekkatún [006] (Stekkjartún á uppdrætti). Á leið frá bæ í Stekkatún var Stöðull við túnhliðið. Valdimar man, að kýr voru mjólkaðar þar á sumrin,“ segir í



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af Stöðlinum 007.*



*Stöðull 007, horft til vesturs.*



örnefnaskrá. Stöðullinn er sambyggður garðlagi 005, 140m norðan við bæjarhól 001, um 140m sunnan við fjárhústóft 009 og um 30m norðvestan við tóft 004.

Tóftin er í brekku sem hallar til vesturs í þýfðu óræktarsvæði innan þéttbýlis.

Tóftin er 10x6m að stærð, snýr norður suður og er sambyggð túngarði 005. Vegghleðslur eru um 3m á breidd og um 60cm á hæð. Ekkert grjót sést í vegghleðslum sem eru á kafi í grasi. Í fornleifaskráningarskýrslu sem unnin var af Kristjáni Mímíssyni 2005 vegna deiliskráningar við Högnastíg og Smiðjustíg er umrædd tóft skráð undir aðalnúmerinu 7 og undirnúmerinu 2. Þar er þess einnig getið að um svo kallað Innra-hús sé að ræða en sá minjastaður er um 140m norðar, sjá 009. Tóftin var rannsökuð með fornleifauppgrefti 2006 af Hildi Gestsdóttur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Högnastaðir, 2; Kristján Mímísson 2005, 7/2; Hildur Gestsdóttir 2006, 7-

### ÁR-316:008 *Jónstóft* tóft óþekkt 436155 405040

„Á uppdrættinum er Stóratofa vestan við Bæjargróf fremst, og Jónstóft er innan til við grófina, en Valdimar man ekki eftir þeim nöfnum,“ segir í örnefnaskrá. Ekki tókst að staðsetja tóftina með vissu á vettvangi en þegar unnið var við úrvinnslu kom skráningarmaður auga á tóft uppi á Högnastaðaási á loftmynd sem er á svipuðum stað og Jónstóft er sýnd á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar. Tóftin er um 790 m norðaustan við bæ 001.

Tóftin er á grónu svæði uppi á stórum ás eða holti, suðaustan við sumarhúsabyggð og norðvestan við skógrækt.

Tóftin virðist vera einföld og er um 7x5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki var hægt að lýsa henni nánar af loftmyndinni.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Högnastaðir, 3; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Högnastaðir


### ÁR-316:009 *Innrahús* tóft fjárhús 435718 404663

„Suðvestur af Djúpaflagi er Fjárhúsmýri. ... Brúnin, sem myndaðist upp frá blautari mýrinni, var kölluð Sauðhúsbrún, og í henni, neðan við Fjárhúsmýri, var gamalt sauðahús frá



*Innrahús 009, horft til suðvesturs.*

Högnastöðum, kallað Innrahús.“ segir í örnefnaskrá. Innrahús er sýnt á örnefnakorti Högnastaða í óútgefinni Örnefnabók Hrunamannahrepps eftir Ingimund Einarsson. Þar er það sýnt þó nokkuð norðan við heimatúnið á Högnastöðum fyrir miðri Bæjargróf og norðan Fjárhúslækjar. Innrahús er 280-290m norðan við bæjarhól 001, um 140m norðan við Stöðul 007 og um 50m austan við íbúðarhús Ásastíg 5. Umhverfis fjárhúsin liggur garðlag



Uppdrátturinn sýnir afstöðuna milli tófta 009 og 011 og garðlags 010 á Innrihúsum. Garðlagið er mikið til komið á kaf í trjáróður.

**ÁR-316:010** Innrahus garðlag 435726  
404616

Umhverfis Innrahus 009 liggur garðlag, það er um 30m norðan við tóftina 5m austan við hana og um 40m sunnan við hana. Vesturhlíð garðlagsins hefur að öllum líkindum verið sléttuð.

Garðlagið liggur um land sem hallar til vesturs og er trjárækt á svæðinu.

Garðlagið er um 163m langt, um 1m á hæð og 120cm á breidd. Það er uppmjótt, gróið mosa og grasi og er innra byrði þess hærra en ytra byrðið. Það afmarkar svæði sem er 80x45m eða um 3600 fermetra og er garðlagið að stórum hluta komið á kaf í trjárækt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

010 að norðan-, austan- og sunnanverðu.

Garðlagið liggur um land sem hallar til vesturs og er trjárækt á svæðinu.

Tóftin er 14x13m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur og skiptist í tvö hólf, fjárhús og hlöðu. Tóftin er niðurgrafin, sér í lagi hlaðan, hún er um 230cm djúp en hefur lítið ytra byrði. Innra byrði veggja fjárhússins eru um 150cm á hæð en ytra byrði um 1m. Vegghleðslur eru hlaðnar úr torfi og grjóti og eru á kaf í grasi og öðrum gróðri. Garði liggur eftir endilöngum fjárhúsunum sem er um 1m á breidd og um 30cm á hæð. Greinilegt op er á milli hólfanna og svo er op á fjárhúsunum á suðvesturgaffli.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Högnastaðir, 3



Garðlag 010, horft til norðurs.



Tóft 011, horft til norðurs.

**ÁR-316:011** *Innrahús* tóft óþekkt 435723 404681

Tóft er 6m norðan við Innrahús 009 og sambyggð garðlagi 010.

Minjastaðurinn er innan skógræktarsvæðis sem er í jaðri þéttbýlis.

Tóftin er 6x5m að innanmáli og snýr austur vestur. Hún er einföld og hefur enga suðurhlið. Garðlag 010 myndar austurhliðina en lítill klettur norðurhliðina. Vesturhliðin sem er byggð upp að klettinum sem myndar norðurhliðina er um 1m á breidd og um 30cm á hæð. Vegghleðslan er gróin grasi og sjást engar grjóthleðslur í henni. Ekki er hægt að segja til hvað hlutverki tóftin þjónaði en hún kann hafa verið einhvers konar rétt eða lítið aðhald.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:**Ö-Högnastaðir, 4

**ÁR-316:012** *Grafargil* bæjarstæði býli 435159 405866

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir: „Í Gili hjet bygðargrey, sem bygt var um þriggja ára tíma hjá gili einu í Grafarengjum, heitir Grafargil, var gjört til verja þann hluta engjanna, þar bjó öregi, sem annars var sveitarþurfi, og hafði þar eina kú. Afgjaldið var ekkert af býlinu, og lagðist þó í eyði, er skeð fyrir nokkrum og 40 árum. Engin er von, að þetta býli upp aftur byggist.“ „Skammt norður af Ósbotni er svolítið holt í mýrinni, og þar eru merki um einhver hús. Þetta heitir Siggatættur, en engin sögn er um tilefni nafnsins,“ segir í örnefnaskrá. Jón taldi að Siggatættur og Grafargil væri sami minjastaðurinn og er hann um 1,5 km norð-norðvestan við bæjarhól 001, 760-770m austan við Vörðuáshús 014 og um 500m austan við Bræðratunguveg (359).

Bæjarhóllinn er miðsvæðis á flatlendi sem er frekar blautt en hefur verið framræst.



*Grafargil 012, horft til suðausturs*

Bæjarhóllinn er 40x20m að stærð og snýr norður suður og því má gera ráð fyrir því að framhlið hafi snúið til vesturs. Hóllinn hefur sennilega verið sléttaður að einhverju marki og þá er hann nokkuð traðkaður. Engin ummerki eftir hús eru sjáanleg en möguleg upphleðsla gæti verið allt að 2m.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:**JÁM II, 246; Ö-Högnastaðir, 4

**ÁR-316:013** *Vörðuás* varða 434294 405771

„Vörðuás nær þvert yfir landareignina og aðeins inn í Bryðjuholtsland, en annars er hann allur í landi Högnastaða. ... Markavarða er fremst á honum og girðing þar yfir,“ segir í örnefnaskrá. Varðan hefur að öllum líkindum verið á svipuðum slóðum og grjóthlaðinn merkjagarður 016 er og liggur yfir Vörðuásinn, tæpa 2 km norðvestan við bæjarhól 001, um 200m suðvestan við Vörðuáshús 014 og um 770m vestan við Siggatættur 012.

Grösugur hár ás sem liggur frá suðvestri til norðausturs.

Ekkert sér til minja og er líklegt að grjótið úr vörðunni hafi verið notað í landamerkjagarðinn 016.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Högnastaðir, 5

**ÁR-316:014** *Vörðuáshús* tóft fjárhús 434395 405932

„Austan í Vörðuás [013] voru fjárhús, kölluð Vörðuáshús. Þau voru frá Gröf [AR-315] fyrir skipti jarðanna, en eftir þau frá Högnastöðum,“ segir í örnefnaskrá.


Vörðuáshús eru rúma 2 km norðvestan við bæjarhól 001, 180-190m norðaustan við merkjagarð 016 og tæpa 50m suðvestan við Bræðratunguveg 359.

Minjastaðurinn er á ofarlega á háum ási sem liggur frá suðvestri til norðausturs og er tóftin suðaustan við hæsta hrygginn. Raninn hefur verið klofinn af vegi, svokölluðum Bræðratunguvegi sem liggur þvert á stefnu ranans.

Tóftin er 20x10m að stærð og snýr suðaustur og norðvestur. Hún er tvískipt, fjárhús og hlaða og er op á milli. Hlaðan sem er í norðvesturenda tóftarinnar er að nokkru leyti grafin niður og inn í hlíðina og er hún 180-190cm djúp. Vegghleðslur eru torf- og grjóthlaðnar, um 150cm á hæð og um 250cm á breidd. Ytra byrði þeirra er torfhlaðið og er flái á því en innrabyrðið er allt grjóthlaðið, má telja 5-6 umför í hleðslunum. Grjóthleðslurnar eru vel hlaðnar úr frekar stóru, flötu grjóti. Garði liggur eftir endilöngum fjárhúsunum, hann er grjóthlaðinn um 30cm á hæð og 1m á breidd. Opið ógróið rof er í norðurhorni tóftarinnar sem virðist stafa af efnistöku norðaustan við tóftina, sem sennilega átti sér stað við gerð Bræðratunguvegar sem liggur í gegnum Vörðuásinn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna efnistöku

**Heimildir:** Ö-Högnastaðir, 5



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 014*



*Grjóthleðslurnar í veggjum Vörðuáshússins hafa verið vel hlaðnar en eru teknar að síga nokkuð. Einnig er komið rof í norðurhorn hennar sem sennilega stafar af efnistöku. Horft til austurs.*

**ÁR-316:015** *Breiðavað* heimild um vað 433652 406275

„Rétt áður en Selsós rennur í Hvítá, er Breiðavað á ósnum, fyrir austan tún á Ísabakka [ÁR-337]. Þarna var áður vað,“ segir í örnefnaskrá. Breiðavað er á Hvítá um 2,8 km norðvestan við Bæjarhól 001 og um 850m norðvestan við Vörðuáshús 014.

Vaðið er um 100m austan við Hvítá og sunnan við vaðið er uppræktað land en norðan við það er mói.

Við vaðið breiðir Hvítáin úr sér og sér í eyrar um miðbik hennar. Ekki sjást neinar götur við vaðið en þar var smíðuð brú 2011 og því má gera ráð fyrir því að umhverfi vaðsins hafi verið umbýlt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Högnastaðir, 6



**ÁR-316:016** *Markagarður* garðlag landamerki 434294 405771

„Markagarður var hlaðinn, bæði sunnan Selóss og frá honum út í Hvítá,“ segir í örnefnaskrá. Markagarður er á merkjum Efra-Sels AR-336 og Högnastaða og er hann tæpa 2 km norðvestan við bæjarhól 001, 180-

190m suðvestan við Vörðuhús 014 og um 870m vestan við Siggatættur 012.

Merkjagarðurinn liggur þvert yfir Vörðuholt um ágætlega gróið land. Suðvestan við



*Markagarður 016, horft til norðvestur.*

garðlagið er sumarhúsabyggð þar sem trjárækt er ástunduð.

Garðlagið er 270m á lengd, um 1m á hæð og um 120cm á breidd. Norðan við Vörðuholtið hefur garðlaginu verið mokað burt þegar skurður sem er á sama stað og garðlagið lá áður var grafinn. Liggur þessi skurður alveg að sléttuðu túni við bakka Hvítár. Garðlagið sem er hlaðið úr torfi og grjóti er vel gróið mosa og grasi. Girðing er í garðlaginu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Högnastaðir, 6

**ÁR-316:017** frásögn býli 434621 406316

Norðaustast á Vörðuás 013, þar sem hann lækkar og fjarar út, um 2,2km norð-norðvestan við bæ 001 og 440m norðaustan við Vörðuáshús 014 benti Jón Hermannsson heimildarmaður, skrásetjorum á hugsanlegan minjastað. Áður hafði Guðmundur Jónsson frá Kópsvatni bent honum á staðinn og tjáð honum að þar myndi fornþýli hafa staðið.



*Norðaustast á Vörðuás taldi Guðmundur frá Kópsvatni gamalt býli (017) hafa staðið. Horft til suðausturs*

Minjastaðurinn er efst á hraunhrygg sem liggur suðvestur norðaustur.

Á svæðinu er hólmyndun sem er 30x10 að stærð og snýr suðvestur norðaustur. Ekki er gott að segja til um hvort hóllinn er náttúrulegur eða manngerður en engar tóftir eru á honum. Hóllinn er allur mosavaxinn og nokkuð sparkaður af ágangi hrossa.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-316:018** heimild um kálgarð 435703 404367

Samkvæmt túnakorti frá 1921 var kálgarður suðvestan við bæjarhól 001. Kálgarðurinn sést einnig á teikningu eftir Hörð Einarsson sem birt er í Árningsi I.

Kálgarðurinn hefur verið sléttaður en þar sem hann var er skrautjurtagarður framan við íbúðarhúsið á Högnastöðum byggt 1933.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Árningsar I, 238





# ÁR-317 Hellisholt

ÁR-317:036 hjallur

ÁR-317:025 mógráfrir

ÁR-317:018 bústaður

ÁR-317:024 þvottastaður

ÁR-317:023 þvottastaður

ÁR-317:014 stekkur

ÁR-317:031 óþekkt  
ÁR-317:030 óþekkt

ÁR-317:032 huldufólksbústaður

ÁR-317:010 túngarður

ÁR-317:005 útihús

ÁR-317:006 lambhús

ÁR-317:004 útihús

ÁR-317:009 traðir

ÁR-317:012 þvottastaður

ÁR-317:002 bænhús

ÁR-317:016 traðir

ÁR-317:020 fjarhús

ÁR-317:013 rétt

ÁR-317:003 útihús

ÁR-317:026 óþekkt

ÁR-317:001 bústaður

ÁR-317:011 hesthús

ÁR-317:008 býli

ÁR-317:010 túngarður

ÁR-317:022 leið

ÁR-317:034 útihús

ÁR-317:015 hrútakofi

ÁR-317:037 vörslugarður

## Slýrtingar

○ bæjarhöll

□ horfinn minjastaður

📍 tóft

■ gömul bygging sem stendur enn

— túngarður skv. túnakorti

⋯ mörk túns skv. túnakorti

— garðlög eða leiðir

0 150 300  
metrar






## ÁR-317 Hellisholt

20 hdr 1566. 1709: 20 hdr með hjáleigunni Hellisholtakoti 008. Bænhús á jörðunni. JÁM II, 248. [1331]: „kirkia liggur thil songs j runa ... hellishollt.“ Máldagi Hrunakirkju DI II 665-666. 1382-91: „liggur til saungs j Hruna ... Hellishollt.“ Máldagi Hrunakirkju DI IV 43-44. 1566: Jörðin gefin í próventu. DI XIV, 459. Flúðir byggðust að hluta úr landi Hellisholts frá 1929. Nýbýli í landi Flúða: Varmalækur, Laugarland, Bjarkarhlíð, Varmaland, Straumur, Steinahlíð, Grund, Akurgerði, Silfurtún og Brún.

1920: Tún 4,3 ha, um 1/3 slétt, garðar 10 arar. „Jörðin er í meðallagi að landrými og landið sem mest að jöfnu og þurrlendi og votlendi. Sumarhagar eru sæmilega góðir, en vetrarþeir rýr. Engjar voru taldar lélegar. Ræktunarland er gott bæði á þurru mólendi og á framræstum mýrum, sem liggja vel við.“ SBI, 268.



*Uppdrátturinn hér að ofan er nákvæm endurgerð af túnakorti Högnastaða frá 1921 en á það hefur verið bætt viðeigandi fornleifanúmerum. Skyggði flöturinn táknar bæjarhólinn en óskyggðir ramar tákna kálgarða eða útihús. Heilar línur umhverfis túnið táknar túngarð en brotin lína náttúrulega afmörkun.*

### ÁR-317:001 Hellisholt bæjarhóll bústaður 435493 403139

Bærinn stóð 30-50 m suður af elsta íbúðarhúsi þar sem nú er aðkeyrsla að mjólkurhúsi en



*Gömul mynd af Hellisholtabænum. Myndin er í eigu Garðars Olgeirssonar.*



*Bæjarhóll 001, horft til vesturs.*



hlaða og skemma er vestan við og efst á bæjarstæðinu. Austan við aðkeyrsluna eru 4 birkitré sem gróðursett voru utan við baðstofugluggann.

Hlað, steiptar byggingar sunnan og vestan við, hafa eflaust skemmt hluta hólans. Austan við er grasflöt sem hallar niður af. 15 m neðar í henni er stór skúr og ónýtt gróðurhús.

Bærinn hefur staðið á hjalla í brekku og snúið stöfnum til austurs. Bæjarhóll er ekki greinilegur, en þó er svolítill brún norður undir eldra íbúðarhúsinu sem gæti bent til að bæjarhóllinn sé um 40 m langur og ef til vill 25 m breiður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-317:002** heimild um bænhus 435493 403139

Í heimildum frá 14. öld kemur fram að bænhus var í Hellisholti. Ekki er vitað hvar bænhusið var og ekki hafa komið upp mannabein svo vitað sé. Ekki reyndist því unnt að staðsetja það nákvæmlega en ætla má að það hafi verið við eða á bæjarhólnum 001.

HELLISHOLT Í HRUNAMANNAHREPPI (Á) (HRUNAPING) - BÆNHÚS

[1331]: kirkia liggur thil songs j runa ... hellishollt.

Tijvndir liggia til runa af þessum fyrr nefndum bæivm

lysitollar allir eru til runa. vr heima þingum ... enn hálfur vr grafar þingum

Groptur er j runa af þessum ollum bæium. sem fyrr eru nefndir; Máld DI II 665-666

[Hruna]

1382-91: liggur til saungs j Hruna ... Hellishollt. Tiunder liggia til Hruna af þessum fyrnefndum bæium

Lysitollar aller eru til Hruna vr heimaþingum ... og aller vr Grafar þingumm.

Groptur er j Hruna af ollum þessumm bæiumm sem fyrr eru nefndir; Máld DI IV 43-44

[Hruna]

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**DI II 665-666; DI IV 43-44

**ÁR-317:003** heimild um útihús 435557 403130

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús 15-20 m austan við traðir 016 og 80 m ASA við bæ 001.

Flag þar sem verið er að endurrækta tún fast norðaustan við heimreið.

Engin ummerki sjást um útihúsið en í flaginu næst veginum er grjót sem komið hefur upp við plægingu og kann að vera úr veggjahleðslum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-317:004** heimild um útihús 435470 403188

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 50 m norðan við bæ 001, líklega á sama eða svipuðum stað og yngsta íbúðarhúsið á bæjarstæðinu stendur.

Steinsteypt íbúðarhús með kjallara. Trjágróður er í garðinum í kringum húsið.

Engin ummerki sjást um útihúsið. Ekki er vitað hvort það var rífið þegar húsið var byggt

eða hvort það var búið að slétta yfir það áður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-317:005** heimild um útihús 435523 403262

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús austan í afgerandi kletti í túninu sem heitir Birnir, um 120 m NNA við bæ 001.

Útihúsið var í brekku í túni þar sem grunnt skarð er inn í klettinn.

Engar leifar af útihúsinu sjást og er búið að slétta yfir það.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-317:006** *Lambhúsklettur* heimild um lambhús 435569 403248

„Norður úr túninu liggja traðir [009]. Fyrir austan þær heitir Birnir, stór klettur. Framan undir honum heitir Kinn; þá norðan við hana Gamligarður [010], þá í túngarðinum Lambhúsklettur,“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 130 m norðaustan við bæ 001 og um 50 m suðaustan við útihús 005. Það var við Lambhúsklett og því líkur til þess að það hafi gegnt hlutverki lambhúss.

Aflíðandi halli sunnan undir Lambhúskletti. Nokkur tré eru vestan í honum.

Engin ummerki sjást um útihúsið og ætla má að það hafi verið sléttað í tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hellisholt, 1; Túnakort 1920

**ÁR-317:007** heimild um brunn 435524 403084

Á túnakorti frá 1920 segir að brunnur hafi verið utan túns. Garðar Olgeirsson, heimildamaður, benti á að uppsprettulind hefði verið 60 m suðaustan við bæ 001. Úr henni fékkst allt vatn fyrir bæinn og seinna var settur vatnshrútur í hana. Líklegt er að brunnurinn sem nefndur er á túnakortinu hafi verið á sama stað og lindin.

Brunnurinn var í suðausturjaðri gamla heimatúnsins fáum metrum ofan við vegarslóða í brekkurótum. Þar er drulluforað. Efst í því er grjót á dreif og einn steypuklumpur auk gamals blikks.

Engar minjar sjást um brunninn og hefur hann sigið saman eða verið fylltur. Enn kemur vatn úr uppsprettulindinni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920



*Brunnur 007, horft til norðvesturs.*

**ÁR-317:008** *Hellisholtakot* bæjarstæði býli 435329 403038



*Hellisholtakot 008, horft til norðausturs.*

1709: 4 hdr. Fór í eyði um 1778. Býlið stóð sunnan undir kletti þétt utan við gamla heimatúnið, tæpa 200m suðvestan við bæjarhól 001, um 90m norð-norðaustan við hrútakofa 015 og rúma 80m sunnan við tóft 026.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**JÁM II, 248; SBI, 268

**ÁR-317:009** renna traðir 435486 403192

„Norður úr túninu liggja traðir,“ segir í örnefnaskrá. Þær traðir eru ekki sýndar á túnakorti



*Traðir 009, horft til norðurs.*

frá 1920 en hlið er á túngarði 010 í norðurjaðri túnsins og hafa traðirnar legið í það. Búið er að slétta traðirnar í tún en þó sést enn móta fyrir grunnri rennu í túninu um 50 m norðan við bæ 001.

Í brekku í sléttuðu túni.

Rennan sést á 60 m löngum kafla sem liggur norður-suður. Hún er 1-1,5 m á breidd og 0,1 m á dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hellisholt, 1

**ÁR-317:010** *Gamligarður* garðlag túngarður 435367 403007

„Norður úr túninu liggja traðir [009]. Fyrir austan þær heitir Birnir, stór klettur. Framan undir honum heitir Kinn; þá norðan við hana Gamligarður, þá í túngarðinum Lambhúsklettur [006],“ segir í örnefnaskrá. Gamligarður er hluti af túngarði sem afmarkaði gamla heimatúnið



*Túngarður 010, horft til norðurs.*

og sést á túnakorti frá 1920. Hluti túngarðsins sést enn meðfram suðaustur- og suðurhlið túnsins á Hellisholti um 110 m suðvestan við bæ 001 en Gamligarður er horfinn.

Gamla heimatúnið er í halla mót suðaustri og í því eru margir klapparhólar. Það hefur verið fært mikið út og stækkað.

Túnið var um 330x200 m að stærð og sneri norðvestur-suðaustur. Enn sjást leifar af torfhlöðnum túngarði í suðurhorni túnsins þar sem garðurinn myndar gleitt horni sem er 45x60 m að stærð. Garðurinn er hæstur um 1,5

m og 0,6 m á breidd. Girt er ofan á garðinn. Engar minjar sjást um Gamlagarð vegna sléttunar en óljóst má greina lágan hrygg á milli Lambhúskletts 006 og klettsins sem heitir Birnir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hellisholt, 1; Túnakort 1920

**ÁR-317:011** frásögn hesthús 435538 403121

Garðar Olgeirsson, heimildamaður, sagði að það hefði verið hesthús í gamla heimatúninu, um 50 m ASA við bæ 001 og 40 m NNA við brunn 007.

Hesthúsið var í þeim hluta túnsins sem ekki er lengur sleginn en nýttur til beitar. Ummerki um það eru frammi á lágrí brún sem hefur afmarkað gamla heimatúnið á þessu svæði.

Búið er að slétta yfir hesthúsið en þar sést grunn lægð er 4x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Hesthús 011, horft til norðausturs.*

**ÁR-317:012** *Ullarhól* örnefni þvottastaður 435451 403149

„Þá nær bænum Harðhaus, þá heim við bæinn Ullarhól og Réttarhóll [013] ...“ segir í örnefnaskrá. Garðar Olgeirsson, heimildamaður, man eftir tveimur hólum fast norðvestan við steinsteypt útihús á bæjarstæði 001 og skammt suðvestan við yngra íbúðarhúsið. Garðar taldi sennilegt að það væru sömu hólar og Ullarhóll og Réttarhóll 013 en kannaðist ekki við þessi örnefni.

Sléttað malarplan milli túns og steyptra útihúsa.

Engin ummerki sjást um hólana eða mannaverk við þá og hefur svæðið allt verið sléttað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hellisholt, 1

**ÁR-317:013** *Réttarhóll* örnefni rétt 435445 403142

„Þá nær bænum Harðhaus, þá heim við bæinn Ullarhól [012] og Réttarhóll ...“ segir í örnefnaskrá. Garðar Olgeirsson, heimildamaður, man eftir tveimur hólum fast norðvestan við steinsteypt útihús á bæjarstæði 001 og skammt suðvestan við yngra íbúðarhúsið. Garðar taldi sennilegt að það væru sömu hólar og Ullarhóll 012 og Réttarhóll en kannaðist ekki við þessi örnefni.

Sléttað malarplan milli túns og steyptra útihúsa.

Engin ummerki sjást um hólana eða mannaverk við þá og hefur svæðið allt verið sléttað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hellisholt, 1



**ÁR-317:014** *Gamlastekkjartún* örnefni stekkur 435668 403497

„Fyrir norðan túnið heitir Skúti, stór klettur, norðan við hann heitir Skútaflöt, og við lækinn Hellisholtalæk heitir Gamlastekkjartún,“ segir í örnefnaskrá. Gamlastekkjartún er tæpa 400m norð-norðaustan við bæjarhól 001 og 120-130m vestan við tóft 030. Íbúðarhúsin Varmaland, Bjarkarhlíð og Steinahlíð í þéttbýlinu á Flúðum munu vera byggð á Gamlastekkjartúninu.

Svæðið er nýtt sem lóðir undir íbúðarhús og sunnan við íbúðarhúsin er skógrækt. Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:**Ö-Hellisholt, 1-2


**ÁR-317:015** tóft hrútakofi 435312 402948

Tóft af hrútakofa er 260-270m suðvestan við bæjarhól 001, um 60m vestan við tóft 034 og 70m suðvestan við túngarð 010.

Tóftin er í grösugu landi milli tveggja klettara sem liggja frá suðvestri til norðausturs og er tóftin byggð upp við austari ranann.



*Hrútakofi 015, horft til austurs.*



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af hrútakofa 015.*

Tóftin er 6x6m að stærð, hún er einföld og er innanmál hennar 4x1m og snýr það norðvestur suðaustur. Tóftin er niðurgrafin og gengur suðausturgafli hennar inní hlíð hraunranans sem tóftin er byggð upp að. Veggheðslur eru um 2m á breidd og er innrabyrðið um 1m á hæð en það ytra um 60cm. Þær eru frekar signar og á kafi í grasi, ekki sést í grjóthleðslur í þeim. Það vottar hvorki fyrir garði eða jötu í tóftinni. Tóftin er á lágum hól sem gæti mögulega verið upphlaðinn um 50-60cm.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hellisholt, 2

**ÁR-317:016** heimild um traðir 435512 403146

„... svo heitir allt Niðurtún vestur að tröðum, sem liggja niður úr túninu og stefna í austurlandsuður,“ segir í örnefnalýsingu. Þessar traðir eru einnig sýndar á túnakorti frá 1920.

Traðirnar voru líklega á sama eða svipuðum stað og heimreiðin.

Engin ummerki sjást um traðirnar og eru þær líklega horfnar vegna vegagerðar.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:**Ö-Hellisholt, 1; Túnakort 1920

**ÁR-317:017** *Borgardalur* heimild um leið 434993 402711

„Fram undan þeim [016] heita Þverbrekkur, þar vestar heitir Heiði. Vestan undir þeim (svo) Borgardalur og Kringlumýri,“ segir í örnefnaskrá. Ekki er fjárborg að finna í Borgardal en um hann liggja götur sem stefna frá Hellisholti að Götu ÁR-319 og Miðfelli ÁR-318 og eru þær því á sömu leið og götur á leið 038 og 681:014 frá Hellisholti að Miðfellshverfi. Borgardalur er um 370m vest-norðvestan við bæjarhól 001 og um 550m vestan við fjárhústóft 027.

Gróið dalverpi sem liggur frá suðvestri til norðaustri norðan Miðfells.

Götunum var fylgt á um 500 m löngum kafla og liggja þær suðvestur-norðaustur. Göturnar eru 4-5 talsins á 3-5m breiðu belti og um 30-40cm djúpar.

**Heimildir:**Ö-Hellisholt, 2; Herforingjaráðskort 47 1910



*Um Borgardal liggur leið 017, horft til norðausturs*

**ÁR-317:018** *Kotholt* örnefni bústaður 435119 403384

„Þar vestur af [017] Markamýri; þar er Markatjörn og Markaklettur. Þar upp af er Stökkumýri, austan við hana er Klettholt, norðanvert við það er Sprengur, þá Kotholtskelda, þá Kotholt,“ segir í örnefnaskrá. Kotholt er 440 m norðvestan við bæ 001. Garðar Olgeirsson, heimildamaður, kannaðist hvorki við frásagnir um býli á Kotholti né að þar væru rústir.

Kotholt er langt og mjótt holt sunnan við Hellisholtslæk. Það liggur norðaustur-suðvestur. Meðfram holtinu að suðaustan er skurður og þar suðaustan við eru flatlend tún. Norðvestan við holtið er þýfður mói.

Engar minjar um býli sjást á eða við holtið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hellisholt, 2

**ÁR-317:019** hleðsla fjárskýli 435086 402682

Hlaðinn veggur er fyrir hellisskúta sem notaður hefur verið sem fjárskjól hátt uppi í Nónási norðvestan við Miðfellsfjall, um 610 m suðvestan við bæ 001.


Í Nónási er þýfður mói og grösugur á milli klettarana. Hellisskútinn er hátt uppi í ásnum



Hátt uppí Nónási er fjárskýli 019, horft til norðvesturs.



Hleðsla í fjárskýli 019, horft til suðausturs.



Uppdrátturinn sýnir teikningu af fjárskýli 019.

en þó að bratt sé að komast upp í hann er það ekki erfitt. Áberandi grænt gras vex á utanverðri veggjahleðslu framan við skútann.

Skútinn er um 3x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hann mjókkar eftir því sem innar dregur og er 2 m á breidd innst. Þar er hann um 1 m á hæð en um 1,8 m á hæð yst. Veggurinn sem hlaðinn er fyrir skútann er 2 m á lengd og 1,5 m á breidd. Hann snýr norðaustur-suðvestur.

Hægt er að komast inn í hellinn um op við suðvesturenda veggjarins. Veggurinn er að mestu grjóthlaðinn en torfhleðsla er efst í honum. Veggurinn er um 1 m á hæð og í honum sjást 4 umför. Gólfíð í skútanum er flatt og er lítið af grjóti í því.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-317:020** Gerði örnefni fjárhús 435286 403158



Gerði, einnig nefnt Gamla-Gerði 020 mun hafa verið á þessum slóðum. Minjastaðurinn hefur verið sléttaður og sér ekkert til minja. Horft til aust-suðausturs.

Gerði eða Gamla-Gerði er rúma 200m vestan bæjarhóls 001, 50-60m norðvestan við við tóft 026 og 370-380m austan við tóft 029. Þar stóðu fjárhús og rámar Garðar Olgeirsson heimildarmann, til þess að umhverfis það hafi legið túngarður.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni. Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hellisholt, 24

**ÁR-317:021** *Glampi* bæjarstæði bústaður

Í lista yfir örnefni í úthögum í Hellisholti kemur fyrir örnefnið Glampi og segir að það hafi verið einsetukofi áður fyrir. Garðar Olgeirsson, heimildamaður, kannaðist ekki við þennan stað og hafði ekki heyrt hans getið. Engar nánari upplýsingar um staðsetningu kofans fundust og reyndist ekki unnt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju. Hans er getið á eftir Torfdal 035 og Harðabakka og gæti hafa verið í nágrenni við þá staði.

**Heimildir:**Ö-Hellisholt, 24

**ÁR-317:022** gata leið 435324 402979

Grónar götur liggja eftir Nónási og sjást fyrst um 250 m suðvestan við bæ 001. Lítil varða er við leiðina. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar og varðan eru en hún hefur sömu stefnu og leið 681:014 þar sem hún liggur um land Hellisholts og kann að vera afbrigði af þeirri leið.

Leiðin liggur um þýfðan móa á milli klapparása.

Leiðinni var fylgt á um 670 m löngum kafla þar sem hún liggur eftir Nónási norðaustur-suðvestur. Ekki sjást afgerandi reiðgötur en troðningar eru á milli þúfna í móanum og líkjast þeir fjárgötum. Suðvestarlega á Nónási, á mosagróinni standsteinsklöpp er lítil varða sem er 780 m suðvestan við bæ. Hún er 0,6 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Í henni sjást 2 umför. Hrunið hefur úr vörðunni en hún virðist ekki hafa verið umfangsmikil að upplagi.

**Hættumat:** engin hætta



*Leið 022, horft til suðvesturs.*

**ÁR-317:023** *Hellisholtahver* heimild um þvottastað 435455 403512

Hellisholtahver er á Brauðatanga, um 370 m norðan við bæ 001 og 40 m VSV við sundlaugina á Flúðum. Um Hellisholtahver segir í ritinu Árnesingar I: „Svo lengi sem menn muna var þveginn þvottur, soðið slátur og bakað brauð við Helliholtslæk [sjá Flúðahver 024]. Þar var steyptr pró og hver bær hafði sína brauðaholu sem nefnd var eftir bænum ... Árið 1929 þegar skólinn var byggður var vatnið nýtt þar til upphitunar og lagðist þetta þá af. Sama ár eða næsta var að frumkvæði Páls Guðmundssonar í Dalbæ, steyptr tvær þrær, efri og neðri hver. Lokur voru á báðum hverum, en aldrei stóð vatn í þeim nema þegar þeir voru í notkun. Tréhleri var yfir hvernum, einnig brauðahola á tanga í landi Hellisholta ... Um 1950 byggðu svo Olgeir Guðjónsson í Hellisholtum og Páll í Dalbæ stærri og veglegri skúr. Rúmlega tuttugu heimili nýttu sér þessa aðstöðu. Þar voru bökuð brauð, soðin slátur, soðinn hvalur og þveginn þvottur. ... Nú eru engar menjar eftir hverinn.“ Af textanum hér



*Hellisholtahver 023, horft til norðausturs.*





*Steyptur stokkur á Brauðtanga. Horft til suð-suðvesturs*

Hverasvæðið er um 10x10 m að stærð. Nyrst á því er eitt auga sem heitt vatn kemur upp um og rennur það til suðurs. Um 5 m suðvestan við augað er krani og vellur heitt vatn úr honum. Syðst á svæðinu er steypur stokkur eða þró sem er um 0,5 m á kant. Stokkurinn er nánast fullur af jarðvegi og gróðri en vatn stendur efst í honum.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Árnésingar I, 339

**ÁR-317:024** *Flúðahver* heimild um þvottastað 435526 403588

„Svo lengi sem menn muna var þveginn þvottur, soðið slátur og bakað brauð við Helliholtslæk. Þar var steyp þró og hver bær hafði sína brauðaholu sem nefnd var eftir



*Flúðahver 024, horft til norðvesturs.*

bænum ... Árið 1929 þegar skólinn var byggður var vatnið nýtt þar til upphitunar og lagðist þetta þá af. Sama ár eða næsta var að frumkvæði Páls Guðmundssonar í Dalbæ, steypar tvær þrær, efri og neðri hver [sjá 023]. Lokur voru á báðum hverum, en aldrei stóð vatn í þeim nema þegar þeir voru í notkun. Tréhleri var yfir hvernum, einnig brauðahola á tanga í landi Helliholta ... Um 1950 byggðu svo Olgeir Guðjónsson í Helliholtum og Páll í Dalbæ stærri og veglegri skúr. Rúmlega tuttugu heimili nýttu sér þessa aðstöðu. Þar voru bökuð brauð, soðin slátur, soðinn hvalur og þveginn þvottur. ... Nú eru

engar menjar eftir hverinn.“ Af textanum hér að ofan má skilja að víða við Helliholtalæk hafi verið heitt vatn sem nýtt var til þvotta og eldunar. Hinn eiginlegi Helliholtahver 023 er á Brauðtanga en Flúðahver er um 100 m norðaustar og þar var heitavatnið nýtt við þessar athafnir þar til skólinn var reistur 1929. Flúðahver er 450m norðan við bæjarhól 001 og 280-290m norðvestan við tóft 031.

Hverinn er í jaðri bílastæðis sem er suðaustan við hann og norðvestan við hann rennur lækur.

Hverinn hefur verið yfirbyggður og girtur af.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Árnésingar I, 339

**ÁR-317:025** náma mógrafir 435367 403447

Að sögn Garðars Olgeirssonar, heimildamanns, voru litlar mógrafir suðvestan við Hellisholtahver 023. Þær eru 310 m norðan við bæ 001 og um 50 m suðvestan við hverinn.

Mógrafirnar eru í þýfðum móa á suðurbakka Hellisholtalækjar, vestan við vestasta húsið sunnan við lækinn sem tilheyrir þéttbýlinu á Flúðum.

Mógrafirnar eru á svæði sem er um 50x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær eru þurrar og grunnar og ekki mjög greinilegar en mótar fyrir kanti í suðausturjaðri.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks




*Mógrafir 025, horft til suðvesturs.*

**ÁR-317:026** tóft óþekkt 435331 403122

Tóft er 160-170m vestan við bæjarhól 001, 70-80m norðan við Hellisholtakot 008 og 170-180m norðan við hrútakofa 015.

Tóftin er byggð á klettaholti og umhverfis það eru sléttuð tún.

Tóftin sem kann hafa verið lítil rétt er byggð að klettaveggjum sem mynda jafnframt austur- og suðurvegg tóftarinnar. Tóftin er 9x5m að innanmáli og snýr norður suður. Engin norðurgaff er á henni og er vesturveggurinn torfhlaðinn. Hann er um 70cm á hæð



*Uppdráttur af tóft 026.*



*Tóft 026, horft til suður.*

og um 150cm á breidd. Ekki sést nein grjóthleðsla í tóftinni sem er á kafi í grasi. Innarlega í henni þ.e.a.s. syðst, er stór þúfa sem má hafa verið hluti af tóftinni. Nyrst er vesturveggurinn mikið siginn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-317:027** Grænaflöt tóft+garðlag beitarhús 435545 402642

Beitarhúsatóft er á gömlum túnbletti norðan undir Miðfellsfjalli um 500 m sunnan við bæ 001. Hlaðið gerði er í kringum túnið. Innan þess eru gamlar götur sem sjást á stuttum kafla.

Túnið er fremur flatlent og slétt. Það er grasi vaxið en hluti þess er nýttur fyrir hrossabeit og þar liggja minjarnar undir skemmdum vegna ágangs.

Torfhlaðið gerði afmarkar túnið sem beitarhúsatóftin er í. Það er um 225x83 m að stærð og snýr ASA-VNV. Gerðið mjókkar í ASA-enda og er þar um 56 m á breidd. Gerðið er nokkuð heillegt í SSV-hluta þar sem það er í þurrum móa en það er sigið og ógreinilegra í NNA-hluta




Beitarhúsatóft 027, horft til suðvesturs.



Gerði er umhverfis beitarhúsið 027. Horft til norð-norðausturs.



Gamlar grónar götur liggja innan gerðisins. Horft til aust-suðausturs.



Uppdrátturinn sýnir teikningu af beitarhúsatóft 027.

sem er á deiglendara svæði. Veggjahleðslur eru 0,6 m á breidd og 0,4 m á hæð. Beitarhúsatóftin er litlu ASA við mitt gerðið. Hún er tvískipt og torfhlaðin. Tóftin er 17x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Bæði hólfín snúa eins og tóftin. Í suðvesturenda hennar er niðurgráfin hlaða sem er 3x1,5 m að innanmáli. Ekki er hlaðinn veggur á milli hólfá. Lítillega niðurgráfin fjárhús með garða eru norðaustan við hlöðuna. Hólfíð er 8x2 m að innanmáli og er dyraop á því á norðausturgafli. Garðinn liggur eftir endilöngu miðju hólfínu og er 1 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,5 m.

Minjarnar virðast fremur unglegar af útliti og gróðri að dæma en ekki er vitað á hvaða tímabili beitarhúsin voru í notkun. Gamlar, grónar götur eru innan við og samsíða SSV-langvegg gerðisins. Þær sjást á tveimur stöðum á 70 m löngum kafla. 8 grunnar götur eru saman á 7 m breiðu svæði. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru.


**Hættumat:** hætta, vegna rasks

ÁR-317:028 tóft beitarhús 435693 402352

Beitarhúsatóft er norðaustan í Miðfellsfjalli um 120 m vestan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30 og 810 m sunnan við bæ 001. Stikuð leið upp á fjallið liggur skammt sunnan við tóftina.

Tóftin er í þýfðri lægð milli kletta og er hún grasi og mosa vaxin.

Tóftin er um 14x7 m að stærð og snýr norður-suður.



Beitarhúsatóft 028, horft til norðvesturs.


Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 028.

Hún virðist að mestu torfhlaðin og skiptist í tvö hólf, hlöðu og fjárhús. Hlaðan er í suðurenda tóftar og er hún niðurgráfin að miklu leyti og samansigin. Hún er 2x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki er hlaðinn veggur á milli hlöðu og fjárhúsa sem eru norðan við hlöðuna. Fjárhúshlutinn er 7x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður eins og tóftin. Op hefur verið í norðurenda tóftarinnar en það sést ekki lengur. Mesta hæð veggja er um 1 m.

**Hættumat:** engin hætta

ÁR-317:029 Klettholt tóft beitarhús 434916 403078

Beitarhús eru í Klettholti, um 580m vestan við bæjarhól 001 og 410-420m vest-norðvestan við hrútakofa 015.



Uppdráttur af beitarhúsatóft 029.

Klettholt 029, horft til norð-norðausturs.



Klettholt er langt holt sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Á því norðanverðu eru klettaborgir og við suðurendann á einni þeirra eru beitarhúsin. Umhverfis holtið er mói.

Tóftin er 18x8m að stærð og snýr vestur austur, hún er tvískipt; hlaða og fjárhús. Hlaðan er í austurenda en fjárhúsin í vesturenda tóftar. Hlaðan er 8x2m að innanmáli og um 2m djúp en ytrabyrði hennar er um 160cm. Fjárhúsin er 8x2,5m að innanmáli og liggur garði eftir þeim endilöngum. Garðinn, sem er um 30cm á hæð og um 1m á breidd, er hlaðinn úr torfi og grjóti. Vegghleðslur eru um 1m á hæð, hlaðnar úr torfi en ekki sést til né finnst fyrir grjóthleðslum. Ekki er langt um liðið frá því að einhver hefur mætt með skóflu og tekið eina skóflustungu inn í tóftinni, hætt við frekari uppgröft og skilið síðan skófluna eftir.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-317:030** tóft óþekkt 435811 403488

Tóft er 470-480m norðaustan við bæjarhól 001, 140-150m austan við Gamlastekkjartún

014 og 8m suðaustan við tóft 031. Garðar Olgeirsson, heimildamaður, var með þá tilgátu að þessi tóft og tóft 031 gætu hafa tilheyrt býlinu Bjarnastöðum, sjá 682:001.


Tóftin er framarlega á litlu nesi myndað af læk ásamt tóft 031. Bakkinn niður að læknum er nokkuð brattur og vestan við tóftirnar er skógrækt. Svæðið hjá tóftinni er notað sem leiksvæði og er þar stundað frísbíggj.

Tóftin er einföld, 22x20m að stærð og snýr norður suður. Vegghleðslur, sem eru mjög signar og grónar, eru um 80cm á hæð og 3-4m á breidd. Ekkert hleðslugrjót sést í veggjum og svo hefur hún op til norðurs. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin þjónaði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-317:031** tóft óþekkt 435382 403861

Tóft er 470-480m norðaustan við bæjarhól 001, 140-150m austan við Gamlastekkjartún 014 og 8m norðvestan við tóft 030. Garðar Olgeirsson, heimildamaður, var með þá tilgátu að



Uppdrátturinn sýnir afstöðu og teikningu af tóftum 030 og 031.



Tóft 030, horft til suðurs. Tóftin er innan frísbíggjvallar.

Þessi tóft og tóft 030 gætu hafa tilheyrt býlinu Bjarnastöðum, sjá 682:001.

Tóftin er framarlega á litlu nesi myndað af læk ásamt tóft 031. Bakkinn niður að læknum er nokkuð brattur og vestan við tóftirnar er skógrækt. Svæðið hjá tóftinni er notað sem leiksvæði og er þar stundað frísbíggj.

Tóftin er einföld, 9x6m að stærð og snýr vestur austur. Vegghleðslur, sem eru mjög signar og grónar, eru um 80cm á hæð og um 2,5m á breidd. Ekkert hleðslugrjót sést í veggjum og svo hefur hún op til austurs. Hún er að einhverju leyti niðurgráfin í lága brekku sem er vestan megin við hana. Vestan við tóftina liggur göngustígur fast upp við tóftina og þar er jafnframt hleðsluhæð ytrabyrðis lægst eða um 20cm. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin þjónaði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar



*Tóft 031, horft til vesturs. Þétt vestan við tóftina er göngustæigur og vestan hans hefur mikið af trjám verið gróðursett.*

**ÁR-317:032** frásögn huldufólksbústaður 435476 403342

Garðar Olgeirsson, heimildamaður, greindi frá því að Guðrún Jónsdóttir, fyrrum ábúandi, hefði séð ljós í Laugaklettum. Kletturinn er um 200 m norðan við bæ 001 og um 90 m norðvestan við útihús 005 við klettinn Birnir.

Kletturinn er í túnjaðri við skurð sunnan við Laugamýri.

Kletturinn er stór móbergsklettur, nokkuð afgerandi í landslaginu. Hann er í hvarfi frá bænum. Gömul keðja er boltuð föst við klettinn.

**Hættumat:** engin hætta



*Laugaklettur 032, horft til norðausturs*


**ÁR-317:033** garðlag vörslugarður 435149 402711

Torf- og grjóthlaðinn garður er á Nónási á milli klapparrana um 70 m norðaustan við fjárskýli 019 og 550 m suðvestan við bæ 001.

Garðurinn er í þýfðum móa innan um klappir og stór björg.

Garðurinn er hlaðinn milli klappa og gríðarstórra bjarga sem hafa fallið úr ásum. Hann er um 22 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Garðurinn er hæstur um 0,5 m. Ekki sést fjöldi umfara. Garðurinn hefur verið hlaðinn til að hindra för búfjár um ásinn.

**Hættumat:** engin hætta




*Garðlag 033, horft til suðausturs.*

ÁR-317:034 tóft útihús 435373 402957

Lítill tóft er 220 m suðvestan við bæ 001, norðvestan í Bólkletti.  
Í þýfðum móa á milli Bólkletts og Miðáss.



Tóft 034, horft til norðvesturs



Uppdrátturinn sýnir teikningu tóft 034 sem er torf og grjóthlaðin.

Tóftin er einföld og torf- og grjóthlaðin. Hún er 8x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Samansigið op er á miðri norðvesturhlið. Suðausturhlið tóftarinnar er að hluta grafin inn í aflíðandi halla. Mesta hæð veggja er 0,6 m. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin þjónaði en líklega er hún af útihúsi.

**Hættumat:** engin hætta

ÁR-317:035 Torfdalur örnefni rista 435382 403861



Torfdalur 035, horft til suðvesturs.

Torfdalur er merktur á örnefnakort í Örnefnabók Ingimundar Einarssonar. Þessi dalur er 730-740m norðan við bæjarhól 001 og 550-560 norðvestan við Bjarnastaði 030.

Á minjastaðnum stendur límtrésverksmiðja og hefur landinu umhverfis verið umbylt. Ekkert sér til minja.

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hellisholt

ÁR-317:036 Hjallanef örnefni hjallur 434982 403479

„Þar vestar [en Kotholt 018] er Skammagil og Hjallanef,“ segir í örnefnaskrá. Örnefnið Hjallanef bendir til þess að þar hafi verið þurrkhjallur. Þeir eru ekki algengir inn til landsins en það hefur tíðkast að þurrka lax og silung sem veiðast í ám samanber Laxahjallstöft 323:006 sem skráð er á Hrepphólum. Garðar Olgeirsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið eða tóft af hjalli. Líklegt er að Hjallanef sé nef sem skagar til norðurs í farveg Hellisholtalækjar um 600 m norðvestan við bæ 001.

Þurr, þýfður lækjarbakki. Norðvestast á nefinu er jarðvegsrof. Mýrlent er suðvestan við

lækjarbakkann.

Ekki sáust ummerki um hjall á meintu Hjallanefi en ekki er víst að leitað hafi verið á réttum stað.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:**Ö-Hellisholt, 2

**ÁR-317:037** garðlag vörslugarður 435245 402860

Torfhláðinn garður er á Nónási á milli klapparrana um 170 m norðaustan við garðlag 033 og 370 m suðvestan við bæ 001.


Garðurinn er í þýfðum móa innan um klappir og stór þjörg.

Garðurinn er áþekkur vörslugarði 033 og hefur gegnt sama hlutverki. Hann er nokkuð veigaminni. Hann er 7 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er 0,5-0,6 m á breidd og 0,3 m á hæð.








**Hættumat:** engin hættu



# ÁR-318 Miðfell



## Skýringar

-  bæjarhöll
-  horfinn minjastaður
-  tóft
-  gömul bygging sem stendur enn
-  túngarður skv. túnakorti
-  mörk túns skv. túnakorti
-  leiðar túngarðs

ÁR-318:001 bústaður  
ÁR-318:002 útkirkja  
ÁR-318:016 traðir  
ÁR-318:017 landamerki  
ÁR-318:011 túngarður  
ÁR-318:008 lambhús  
ÁR-318:004 úthús  
ÁR-318:003 úthús

0 150 300  
metrar





## ÁR-318 Miðfell


60 hdr 1709, með hjáleigunum Dalbæ ÁR-320 og Götu ÁR-319. Útkirkja á jörðunni. JÁM II, 249-250. 1382-91: „[til Hrepphóla] halfur lysitollur vr Midfelli oc Langholtli nedra oc Vnnarholtli.“ Máldagi Hrepphóla DI IV 45-46. 1382-91: „aa eina kv“ 1397 „Þetta hefer tillagizt sydann maldagi herra Michels var skrifadur [önnur kýr og ornamenti] portio Ecclesiae vmm xvj ar næstv ccc oc x aurar“ c.1452 „Jtem lagde byskup Gottskalk j sinne visitatione eitt kugillde fra Runa oc sira Jon Jonsson afhennde“ DI IV 45 .

Nýbýli eru Miðfell III byggt úr landi MII, og Miðfell IV og V byggð úr landi MI.

1920: Austurbær: Tún 5,16 ha, um 2/3 slétt, garðar 11,7 arar. Vesturbær: Tún 4,23 ja, 2/3 slétt, garðar 12,3 arar.

Miðfell I: „Að landrými er þetta meðaljörð. Að meiri hluta er landið blaut mýri. Er það sæmilegt beutiland á vetrum og slægjur voru þar allgóðar, einkum með svonefndu Miðfellsgili. Er þar grasgefið

og sæmilega þurrhent til heyskapar, en mjög þýft. Sumarhagar fyrir málnytupening voru mjög takmarkaðir áður en ræktun hófst. Ræktunarland er lítið sem ekkert, annað en á framræstu votlendi. Þessi jörð og Miðfell II eiga saman land uppi á Miðfellsfjalli, ofan eggja.“ Miðfell II: „Jörðin er í meðallagi stór og að meiri hluta blaut mýri. Er það allgott beutiland á vetrum. Engjar grasgefna með Miðfellsgili, en þýðar og erfitt að komast á þær vegna foraðsbleytu.“ SBI, 270-271



*Uppdrátturinn hér að ofan er nákvæm endurgerð af túnakortum vestur- og austurbæjum Miðfells frá 1920 en á það hefur verið bætt viðeigandi fornleifanúmerum. Skyggðu fletirnir tákna bæjarhólana en óskyggðir rammar tákna útihús. Heilar línur umhverfis túnið tákna túngarð en brotin lína náttúrulega afmörkun.*

### ÁR-318:001 Miðfell bæjarhóll bústaður 434475 400736

Tvíbýli var í Miðfelli, Austurbær og Vesturbær. Bæirnir voru sambyggðir og eru skráðir saman. Á túnakorti frá 1920 stendur að brunnur hafi verið heima. Brunnhús var á milli bæjanna og er brunnurinn skráður með bæjarhólnum. Fjós var sambyggt Vesturbænum. Bæjarstæðið er fast ofan við heimreiðina, vestan við Miðfell II (íbúðarhús byggt 1965) og út að girðingu við austasta húsið í Götu ÁR-319. Á bæjarstæðinu stendur steipt skemma - grafin inn í brekkuna, og vestan við hana er lítill bárujárnskur, einnig grafinn inn í brekkuna.



*Bæjarhóll 001, horft til norðausturs.*

Bilastæði og garður vestan við Miðfell II er yfir austasta hluta bæjarstæðisins og á því miðju er steipt skemma. Framan við er malbikuð heimreið. Ýtt hefur verið til í kringum Miðfell II en vestast er bæjarstæði ósléttað og eru þar ójöfnur en engar skýrar byggingaleifar. Bjarkir vaxa vestan við skemmu en framan við heimreið er gamall reynir.

Ekki er afgerandi bæjarhóll í Miðfelli en þar er hólmyndun á svæði sem er um 60x20 m að stærð og snýr VNV-ASA. Talsvert rask hefur orðið á bæjarstæðinu vegna niðurrifs og bygginga. Brunnurinn á bæjarhólnum var ekki notaður lengi eftir að Skúli Gunnlaugsson, heimildamaður, kemur að Miðfelli 1935 en eftir að hætt var að nota brunninn var vatn fengið úr uppsprettulind skammt austan við bæinn.

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-318:002** heimild um útkirkja 434504 400714

Hálfkirkja var á Miðfelli. Ekki er vitað hvar kirkjan stóð þó menn hafi talsvert velt því fyrir sér. Magnús og Skúli Gunnlaugssynir, heimildamenn, hafa giskað á flötina framan (sunnan) við Miðfell I (byggt 1951) en þar hefur sést í hleðslur við rask. Mannabein hafa hvergi komið upp. Þar sem staðsetning kirkjunnar er ekki þekkt er gengið út frá því að hún hafi verið á eða við bæjarhól 001.

Talsvert rask hefur orðið á og í kringum bæjarhólinn vegna niðurrifs eldri bygginga, nýbygginga, vegagerðar og trjáræktar.

MIÐFELL Í HREPPUM (Á) (HREPPHÓLAÞING) -Jóni post - HÁLFKIRKJA

1382-91: [til Hrepphóla] halfur lysitollur vr Midfelli oc Langholli nedra oc Vnnarholli.

Groptur af ollumm þessum bæiumm; Máld DI IV 45-46 [Hrepphóla]

1382-91: aa eina kv

1397 Þetta hefer tillagizt sydann maldagi herra Michels var skrifadur

[önnur kýr og ornament]

portio Ecclesiae vmm xvj ar næstv ccc oc x aurar

c.1452 Jtem lagde byskup Gottskalk j sinne visitatione eitt kugillde fra Runa oc sira Jon Jonsson afhennde; Máld DI IV 45

{1598: Hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 49}

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**DI IV 45-46; AM 263 fol. bl. 49

**ÁR-318:003** heimild um útihús 434575 400424

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús frá Austurbænum um 320 m suðaustan við bæjarstæði 001.

Í gömlu túni sem nýtt er til beitar, við merkin á móti Dalbæ ÁR-320.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna sléttunar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-318:004** heimild um útihús 434247 400596

Á túnakorti frá 1920 er útihús um 260 m suðvestan við bæ 001 sem tilheyrði Vesturbænum. Gunnlaugur Magnússon, heimildamaður, man eftir húsi vestan við trjálund á Lambhúshóli 008 og er það að öllum líkindum á sama stað og útihúsið á túnakortinu.

Sléttað tún í brekku sem er allbrött til SSV.

Engin ummerki um útihúsið sjást í túninu. Það er nærri Lambhúshól og gæti hóllinn dregið nafn sitt af því en hlutverk þess er ekki þekkt og ekki hægt að slá því föstu að það hafi verið lambhús.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-318:005** þúst óþekkt 433022 399457

Tvær lágar þústir eru við Miðfellsgil um 70 m vestan við beitarhúsatóft 007 og 1,9 km suðvestan við bæ 001.

Smápýfður mói á þurru bakka sem nýttur er til hrossabeitar.

Þústirnar eru á svæði sem er um 22x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þúst A er í suðvesturenda svæðisins. Hún er um 12x6 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Þúst B er í norðvesturenda svæðisins og er um 8x6 m að stærð og snýr norður-suður. Báðar þústirnar eru 0,2 m á hæð. Ekki er víst að í þústunum séu mannvistarleifar en þær skera sig úr umhverfinu og virðast vera leifar af útflöttum torfhlöðunum mannvirkjum, mögulega heystæðum.

**Hættumat:** engin hætta



*Þúst 005, horft til aust-suðausturs.*

**ÁR-318:006** *Lambhúsbali* örnefni lambhús

Örnefnið Lambhúsbali er á lista Þorsteins Bjarnasonar yfir örnefni í túni austurbæjar Miðfells en engin staðsetning á því gefin upp. Engar upplýsingar fengust um staðinn og ekki reyndist unnt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju en ætla má að hann hafi verið innan gamla heimatúnsins.

**Heimildir:**Ö-Miðfell ÞB, 1

**ÁR-318:007** tóft beitarhús 433095 399462

Beitarhúsatóft er við Miðfellsgil um 1,9 km suðvestan við bæ 001. Hún er á vesturbakka lítills gils sem gengur til norðurs úr Miðfellsgili.

Smápýfður mói á þurru bakka sem nýttur er til hrossabeitar.

Tóftin virðist að mestu torfhlaðin og er tvískipt. Hún er 14x8 m að stærð og snýr norður-suður. Hólf I, fjárhús, er í suðurenda. Það er um 4x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft.






Tóft 007, horft til norðurs.



Lambhúshóll 008, horft til norðurs.



Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 007.

Óljóst op er á því í suðurenda. Ekki er sýnilegt op úr hólfi I til norðurs í hólfi II, hlöðu. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Tóftin er sigin og er mesta hæð veggja um 0,5 m.  
**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-318:008** *Lambhúshóll* örnefni lambhús 434261 400582

Lambhúshóll er í túni Vesturbæjar, um 260 m suðvestan við bæ 001. Hann er merktur inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar.

Hóllinn er ílangur og er mjög afgerandi. Hann er utan þess túns sem enn er slegið og er trjágróður í kringum hólinn og er hann afgirtur.


Ekki sjást minjar um lambhús á hólnum en dálítill bunga er norðarlega á honum þar sem leifar af mannvirki kunna að leynast undir sverði. Ekki er útlokað að hóllinn dragi nafn sitt af útihúsi 004 en ekki er hægt að slá því föstu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Miðfell, Gata

**ÁR-318:009** *Borgarhóll* tóft fjárskýli 433705 399326

Örnefnið Borgarhóll er í lista Þorsteins Bjarnasonar yfir örnefni í úthaga vesturbæjar en engar lýsingar eru á staðsetningu. Niður við Miðfellsgil benti Gunnlaugur Magnússon á þúst sem hann taldi vera á Tóftarhaus 010. Þústin er fjárborgartóft og er líklegt að Borgarhólls-örnefnið sé dregið af henni. Tóftin er um 1,6 km suðvestan við bæ 001 og um 620 m austan við beitarhús 007.



*Borgarhóll 009, horft til austurs.*

*Uppdrátturinn sýnir teikningu af fjárborg 009. Tóftin er frammi á norðurbrún Miðfellsgils, og á austurbrún skarðs sem gengur inn í gilbakkann.*

Tóftin er frammi á norðurbrún Miðfellsgils, og á austurbrún skarðs sem gengur inn í gilbakkann.

Tóftin sést vel og er mikil um sig en innanmál hennar er orðið ógreinilegt. Staðsetning, lögun og stærð tóftarinnar bendir sterklega til þess að hér sé um fjárborg að ræða. Borgin er 11x10 m að stærð en bakkinn er að brotna undan

henni til suðvesturs þar sem hrúnið hefur úr veggjum. Hún er um 5 m í þvermál að innanmáli. Tóftin virðist að mestu torfhlaðin og er gengin í þúfur. Mesta hleðsluhæð er um 1 m.

**Hættumat:** hættu, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Miðfell ÞB, 1

#### **ÁR-318:010** *Tóftarhaus* örnefni

Örnefnið Tóftarhaus kemur ekki fyrir í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar en það kemur fyrir í lista Þorsteins Bjarnasonar yfir örnefni í úthaga vesturbæjar en engar lýsingar á staðsetningu fylgja. Örnefnið er merkt inn á örnefnakort af Miðfelli eftir Ingumund Einarsson. Gunnlaugur Magnússon, heimildamaður, taldi Tóftarhaus vera þar sem fjárborg 009 er. Hann gæti verið litlu austar en ekki fundust tóftir á vettvangi niður við Miðfellsgil sem gætu stutt það. Ekki tókst að staðsetja Tóftarhaus með óyggjandi hætti en mögulega dregur hann nafn sitt af borgartóftinni.

**Heimildir:** Ö-Miðfell ÞB, 1; Ö-Miðfell ÞB, 1; Ö-Ingumundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Miðfell, Gata

#### **ÁR-318:011** heimild um túngarð 434451 400537

Samkvæmt túnakorti frá 1920 afmarkaði túngarður tún Austurbæjarins. Engin ummerki sjást um túngarðinn.

Túnið er í afliðandi halla til suðurs. Mikið rask hefur orðið í gamla heimatúninu vegna sléttunar, húsbygginga og vegagerðar.

Túngarðurinn er horfinn vegna sléttunar og byggingaframkvæmda.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-318:012** *Kviaklettur* örnefni kvíar

Örnefnið Kviaklettur er í lista Þorsteins Bjarnasonar yfir örnefni í fjallinu ofan Miðfells en engar staðsetningar á því gefnar upp. Engar upplýsingar fengust um staðinn og ekki reyndist unnt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju.

**Heimildir:**Ö-Miðfell ÞB, 1

**ÁR-318:013** *Einstígur* örnefni leið 434648 400826

Örnefnið Einstígur er á lista Þorsteins Bjarnasonar yfir örnefni í fjallinu ofan við Vesturbæ Miðfells. Engar nákvæmar lýsingar eru á staðsetningu í örnefnaskránni en Einstigi er merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar í fjallinu norðaustur af bænum. Leiðin var ekki skoðuð á vettvangi en á loftmynd má greina óljósa götu sem liggur til NNV frá afleggjara að húsi sem ber heitið Miðfell 2. Gatan sést um 200 m norðaustan við bæ og stefnir upp í þröngt skarð í fjallinu og liggur eftir því í átt að Miðfellsvatni, sjá 018.

**Heimildir:**Ö-Miðfell ÞB, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Miðfell, Gata

**ÁR-318:014** *Byrgisás* örnefni

Örnefnið Byrgisás er á lista Þorsteins Bjarnasonar yfir örnefni í fjallinu ofan við Miðfell. Engar nákvæmar lýsingar eru á staðsetningu og ekki fengust upplýsingar um það hvar Byrgisásinn er. Ekki reyndist því unnt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju.

**Heimildir:**Ö-Miðfell ÞB, 1

**ÁR-318:015** *Stígur* örnefni leið

Örnefnið Stígur er á lista yfir örnefni í Miðfellshverfi eftir Brynjúlf Jónsson. Engar nákvæmar lýsingar eru á staðsetningu og ekki fengust upplýsingar um það hvar Stígur er. Ekki reyndist því unnt að staðsetja hann með innan við 50 m skekkju. Ekki er loku fyrir það skotið að Stígur sé sama og Einstígur 013.

**Heimildir:**Ö-Miðfellshverfi BJ, 104

**ÁR-318:016** heimild um traðir 434457 400676

Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru traðir að bæ 001 úr SSV. Þær mörkuðu skil milli Austur- og Vesturbæjar og voru líklega á sama stað og Markgarður 017. Að sögn Skúla Gunnlaugssonar, heimildamanns, var austurgafli á íbúðarhúsinu Miðfell I við merkin á milli bæjanna og þá einnig traðirnar. Vegur liggur á sama eða svipuðum stað og traðirnar lágu áður.

Gamalt tún sem er í aflíðandi halla til suðurs. Búið er að byggja mörg íbúðarhús í gamla heimatúninu og á milli þeirra eru sléttar flatir.

Engin ummerki sjást um traðirnar og hafa þær verið sléttaðar í tún eða horfið undir veginn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-318:017** *Markagarður* örnefni landamerki 434426 400568

Örnefnið Markagarður kemur fyrir í örnefnaská Brynjúlfs Jónssonar um örnefni í landi Miðfells en nákvæmari staðsetning fylgir ekki. Skúli Gunnlaugsson, heimildamaður, taldi að Markagarður hefði verið á merkjum milli Vesturbæjar og Austurbæjar, sunnan við íbúðarhús Miðfells I sem er sunnan við bæjarstæði 001.

Girt er á merkjum milli bæjanna sem eru í gömlu túni, í halla til suðurs. Vegur liggur samsíða merkjum að austanverðu. Búið er að byggja mörg íbúðarhús í gamla heimatúninu og á milli þeirra eru sléttar flatir.

Engin ummerki sjást um garð á merkjum milli bæjanna og hefur hann verið sléttaður í tún.

**Heimildir:**Ö-Miðfellshverfi BJ, 106

**ÁR-318:018** *Miðfellsvatn* þjóðsaga 434825 401393

Undir mynd af Miðfellsvatni í bókinni Árnesingar I segir: „Þjóðsagan segir að þar hafist við nykur ógurlegur sem ferðast neðanjarðar milli þriggja vatna sem staðsett eru á Miðfelli, Langholti og Vörðufelli. Sækist hann sérstaklega eftir því að taka börn á bak sér og hlaupa með þau í vatnið.“ Sögn þessi fannst ekki við leit í þjóðsagnasöfnum en til er sambærileg sögn um nykur sem ferðast á milli vatns á Vörðufelli og vatns á Langholtsfjalli og finna má í Íslenskum þjóðsögum sem Einar Guðmundsson safnaði.

Vatnið er uppi á Miðfelli á milli klettahryggja.

Vatnið er 570x105 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Að sögn Skúla Gunnlaugssonar, heimildamanns, eru tveir djúpir hyljir í vatninu, um 10 m djúpir.








**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Árnesingar I, 361; Einar Guðmundsson: Íslenskar þjóðsögur 5. bindi, 65-67



# ÁR-319 Gata

## Skýringar

-  bæjarhöll
-  hortinn minjastaður
-  gömul bygging sem stendur enn
-  túngarður skv. túnakorti
-  mörk túns skv. túnakorti
-  garðlag eða leið
-  tóft






## ÁR-319 Gata

15 hdr 1709, hjáleiga Miðfells. JÁM II, 250.

1709: „Á túnið ber grjót og aur þess á milli úr tveimur lækjum. Engjar spillast og af Miðfells gili.“ JÁM II, 250. 1920: Tún 4 ha um 1/3 slétt, garðar 11,2 arar. „Jörðin er í góðu meðallagi um landrými. Að öðrum þræði er landið blaut mýri, en að hinu þurrir móar og brekkur í vesturhlíðum Miðfells. Landið er allt gróið og allgóðir sumarhagar. Vetrararbeit var góð á mýrlendinu, en engjar voru lélegar og heyskapur reytingssamur. Ræktunarland er ágætt, bæði á þurrum mómum og á framræstum mýrum.“ SBI, 269



Bæjarhóll Götu 001, horft til norðurs. Gata var áður hjáleiga frá Miðfelli.



Uppdrátturinn hér að ofan er nákvæm endurgerð af túnakorti Götu frá 1920 en á það hefur verið bætt við-eigandi fornleifanúmerum. Skyggði flöturinn táknar bæjarhólinn en óskyggðir rammar tákna útihús. Heilar línur umhverfis túnið táknar túngarð en brotin lína náttúrulega afmörkun.

**ÁR-319:001** Gata bæjarhóll bústaður  
434336 400739

Bæjarstæðið í Götu er fyrir innan eða vestan Miðfellsbæina 318:001 og stendur íbúðarhús byggt 1965 á bæjarstæðinu.

Bæjarstæðið er í brekkurótum undir Miðfellsfjalli sem er norðan við bæinn. Sunnan bæjarstæðisins liggur vegur inn í Fólaldadal sem er að breytast í sumarbústaðaland.

Lítill sem engin hólmyndun sést á bæjarstæðinu en það sem má greina er um 40x20m að stærð og snýr svo til alveg í vestur og austur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-319:002** heimild um útihús 434202 400750

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóðu útihús um 90m vestan við bæjarstæði 001 og að öllum líkindum sambyggð túngarði 004 og tröðum 005.

Um minjasvæðið liggur vegur og þar hafa einnig yngri útihús risið.

Ekkert sér til minja vegna sléttunar.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-319:003** *Lambhúsballi* örnefni lambhús 434286 400853



*Lambhúsballi 003, horft til norðurs.*

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar er örnefnið Lambhúsballi í túni en nákvæm staðsetning kemur ekki fram. Samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar virðist sem ballinn hafi verið um 90m norðvestan við bæjarstæði 001 og 100m beint norður af úthúsi 002.

Sléttað tún í grunnum aflöngum hvammi.

Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Gata ÞB, 1; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannhrepps - Miðfell, Gata

**ÁR-319:004** garðlag túngarður 434401 400804

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lá túngarður umhverfis túnið í Götu nema að suðaustanverðu. Garðlag sem liggur 80-160m norðan við bæjarstæði 001 mun vera sá hluti túngarðsins sem eftir stendur.

Garðlagið liggur ofarlega á klettholti norðan við bæjarstæði innan skógræktarsvæðis.



*Túngarður 004, horft til austurs.*

Túngarðuin afmarkar svæði sem er 270x120m að stærð, hann er torfhlaðinn, um 1m á breidd og 50-100cm á hæð. Innrabyrði er hærra en ytrabyrði. Girðingu hefur verið komið fyrir í garðlaginu og mikið af trjágróðri hefur verið plantað í námunda við það beggja vegna. Sumstaðar hefur jafnvel verið stungið úr honum til gróðursetningar trjáplantna.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-319:005** heimild um traðir 434360 400754

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir að bænum frá austri og frá bænum til vesturs. Akfær vegur liggur á svipuðum slóðum og traðirnar.

Traðirnar voru niðurgrafnar og liggur núverandi heimreið sem er lítið eitt upphlaðin á svipuðum stað. Ekkert sér til minja vegna vegagerðar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-319:006** *Grænagerði* heimild um býli 434237 400552

Samkvæmt örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar er Grænagerði eyðibýli ofan við bæ en engin frekari staðsetning gefin upp. Þessi lýsing er í algjörrri andstæðu við lýsingu Sigurdórs Stefánssonar í Akurgerði sem hljóðar svo: Grænagerði og Grænagerðiskot voru skammt fyrir neðan túnið í Götu í svokallaðri Brún og sáust glögg merki þess, bæði túngarður og tóftarbrot, þangað til það var jafnað niður með ýtu fyrir skömmu,“ (Heimir, 1959). Samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar var Grænagerði sunnan og utan við tún á Götu og samræmist sú staðsetning lýsingu Sigurdórs. Þar sem engar minjar sjást er staðsetning óljós en býlið var líklega um 250m suð-suðvestan við bæjarstæði 001.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Gata ÞB, 1; Heimir (1959), 3;Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Miðfell, Gata



*Grænagerði 006 hefur verið sléttuð og er nákvæm staðsetning óljós. Hnitið var tekið sunnan og neðan við túnið á Götu. Horft til norðurs.*

**ÁR-319:007** *Grænagerðiskot* heimild um býli

„Sigurdór nefnir þessi 3 eyðibýli, sem Gestur nefnir ekki: Grænagerði og Grænagerðiskot voru skammt fyrir neðan túnið í Götu í svokallaðri Brún og sáust glögg merki þess, bæði túngarður og tóftarbrot, þangað til það var jafnað niður með ýtu fyrir skömmu,“ segir í Heimi 1959. Grænagerðiskot mun hafa staðið nærri Grænagerði en nákvæm staðsetning Grænagerðiskots er óþekkt og ekki reyndist unnt að staðsetja minjarnar innan við 50m skekkju.

Minjastaðurinn er í túni sem hefur verið sléttuð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Heimir (1959), 3

**ÁR-319:008** *Sauðhús* garðlag fjárhús 434568 401828

Samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar eru Sauðhús í Folaldadal og má sjá það á kortinu að umhverfis þau hafi legið garðlag. Sauðhús eru tæplega 1,2 km norðan við bæjarstæði 001 og 60m norðvestan við Kvíaklett.

Minjastaðurinn er upp að hliðum klettholts við brekkurætur Miðfellsfjalls.

Á minjastaðnum stendur sumarbústaður byggður 2003. Umhverfis bústaðinn að norðan- og austanverðu má enn sjá garðlagið. Það afmarkar 70x25m stórt svæði, er um 80cm á breidd og 60-70cm á hæð. Það er strýtumyndað, virðist eingöngu torfhlaðið og allt gróið mosa. Trjágróðri hefur verið plantað í og við garðlagið. Engar tóftir fundust og eru þær að öllum líkindum horfnar undir byggingar eða vegna annara framkvæmda.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:**Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Miðfell, Gata



**ÁR-319:009** *Fjárhúsholt* þúst fjárhús 433037 400279

Fjárhúsholt er austan við Götukeldu um 1,5 km suðvestan við Miðfell 318:001 og um 1,4 km suðvestan við bæ 001. Holtið er merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar. Á því voru fjárhús sem hætt var að nota fyrir 1935. Búið er að slétta yfir tóftina.

Búið er að þurrka svæðið í kringum holtið með skurðum og rækta tún. Holtið er í langt og snýr norðaustur-suðvestur. Það er uppblásið nyrst þar sem það er mjóst og hæst. Um miðbik þess breiðkar það og þar er gamalt tún sem komið er í órækt.



*Sauðhús 008, horft til aust-suðausturs.*

Í gamla túninu á holtinu er allmikil bunga þar sem ætla má að fjárhúsin hafi verið. Hún er u.þ.b. 10x16 m að stærð, snýr nálega austur-vestur og er um 0,2 m á hæð. Litlu sunnan við bunguna, þar sem holtið mjókkar er ílöng lægð sem virðist vera gróið rof frekar en mannvirki og önnur lægri en breiðari lægð þar sunnan við frammi á holtsenda. Óljósar leifar af ungum torfgarði sem hefur afmarkað túnið sjást í norðausturenda þess og 70 m norðaustan við bunguna. Hann er 12 m langur og liggur norðvestur-suðaustur. Garðurinn er lítilfjörlegur, aðeins 0,3 m á breidd og hæð og hefur verið girt ofan á hann.

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Miðfell, Gata

**ÁR-319:010** *Stöðull* örnefni kvíar 434115 400756

Stöðull er sýndur á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar vestan og utan við túnið í Götu. Staðsetning er ónákvæm en gæti verið um 220m vestan við bæjarstæði 001 og sunnan og vestan við garðlag 011.



*Fjárhúsholt 009, horft til suðausturs.*

Minjastaðurinn er innan skógræktarreits sem kallaður er Siggalandur.

Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Miðfell, Gata

400753

**ÁR-319:011** garðlag túngarður 434178

Garðlag sem tengist túngarði 004 er 200m norðvestan við bæjarstæði 001. Garðlagið gæti mögulega hafa verið hlaðið sem túngarður. Það er ekki sýnt á túnakorti Götu frá 1920 en gæti passað við hvernig túnið er sýnt á örnefnakorti Ingimundar Einarssonar.

Garðlagið liggur í jaðri túns og móa og hefur trjám verið plantað í það og umhverfis það.

Garðlagið er um 180m að lengd, liggur frá norð-norðaustri til suð-suðvesturs, er um tæpan 1m á breidd og um 70cm á hæð. Það er gróið grasi og mosa og gæti verið torfhlaðið eða jafnvel einungis orpið jarðvegi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Gata

**ÁR-319:012** garðlag óþekkt 434421 401690

Garðlag er um 970m norðan við bæjarstæði 001 og rúma 200m suðvestan við Sauðhús 008.

Garðlagið er í þýfðum móa við rætur Miðfellsfjalls.

Garðlagið sem virðist vera torfhlaðið er um 130m að lengd og snýr norður suður. Það er mjög sigið, 30-40cm á hæð og 1 - 1,2m á breidd. Víða hlaupið í þúfur. Tré hafa verið gróðursett í það.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar




*Garðlag 012, horft til norðurs.*

**ÁR-319:013** tóft+garðlag óþekkt 434315 401318

Tóft með áföstu garðlagi er í sumarbústaðalandi vestan undir Miðfellsfjalli, um 550 m norðan við bæ 001.

Minjarnar eru í smáþýfðum mosagrónum móa. Hluti af minjasvæðinu er innan beitarhólfs fyrir hross og þar er garðahleðslur nánast útflattar.



*Uppdrátturinn sýnir tóft 013.*



*Tóft 013, horft til suðvesturs.*


Minjarnar eru á svæði sem er um 45x35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Garðlag A afmarkar svæðið en það er horfið á köflum sökum rofs. Þar sem hann er greinilegastur er hann 1 m á hæð og 0,7 m á breidd, torfhlaðinn. Tóft B er í austurhorni gerðisins. Hún er einföld og er 6x3 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Op er á henni til suðvesturs. Lítill lækur rennur suðaustan og austan við gerðið og tóftina og

hefur hann brotið af norðausturvegg tóftarinnar og hluta af gerðinu. Veggir í tóftu eru 1 m á hæð og 0,7 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en ekki er ólíklegt að hér hafi verið náttthagi. Vegur að sumarbústað liggur upp með innanverðum suðvesturvegg gerðisins og fer í gegnum hann þar sem veggurinn beygir til norðausturs.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

ÁR-319:014 tóft óþekkt 433519 400951

Þrjár litlar tóftir eru á Torfholti 015, um 860 m vestan við bæ 001. Torfholt er gróið og smápýft og á því vex mosi og gras.



Uppdrátturinn sýnir teikningar af tóftum 014A, 014B og 014C en ekki afstöðuna á milli þeirra.



Tóft 014A, horft til vesturs.



Tóft 014 B, horft til suð-suðausturs.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 80x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir. Tóft A er á miðjum hól á holtinu, suðvestast á svæðinu. Hóllinn er nokkuð illa farinn af rofi og hluti tóftar einnig. Tóftin er einföld og torfhlaðin. Hún er um 5x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést hvar op var á tóftinni. Veggjarbrot er í suðausturenda tóftarinnar sem er 0,5 m á hæð. Annarsstaðar eru veggir útflattir. Tóft C er torfhlaðin og einföld og er um 20 m suðvestan við tóft B og 33 m norðaustan við tóft A. Hún er mosavaxnari en hinar tvær tóftirnar og virðist eldri. Tóftin er um 3x3 m að stærð. Op er á suðvesturhlið. Það hallar lítillega undan henni til norðvesturs. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Gróf er fast norðaustan við hana, mögulega eftir efnistöku. Torfhlaðin, einföld tóft B er norðaustast á svæðinu. Hún er heilleg en hleðslur eru signar. Tóftin er 6x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Óljós veggur er á norðvesturhlið. Mögulega var op þar eða ekki veggur



Tóft 014C, horft til suðvesturs

á þeirri hlið. Mesta hleðsluhæð er 0,3 m. Hlutverk þessara tófta er ekki þekkt en líklegt er að þær séu af heystæðum eða í tengslum við torfskurð eða mótekju.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-319:015** *Torfholt* örnefni rista 433436 400965

Torfholt er fremur lágt og gróið holt austan við miklar mýrar um 900 m vestan við bæ 001. Einnig var mýrlent sunnan við holtið en allar þessar mýrar eru meira og minna framræstar og hlutar þeirra ræktaðir.

Torfholt er gróið og smápýft og á því vex mosi og gras.

Engin ummerki sjást um torfristu eða mótekju í kringum holtið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Miðfellshverfi BJ, 106

**ÁR-319:016** *Stekkatún* garðlag beitarhús 433810 401203

Stekkatún er syðst í Hrossholti, stóru og háu klettaholti. Þar er hluti af gerði sem hefur afmarkað túnið. Innan þess hafa verið beitarhús og þar áður stekkur. Stekkatún er 720 m norðvestan við bæ 001.

Vestan við Hrossholt eru mýrar en sunnan og austan við það hafa verið ræktuð tún. Stekkatún er nú innan stærra túns og er það hálent og bratt til suðvesturs en meira aflíðandi til austurs. Garðurinn hefur sloppið við sléttun á kafla þar sem hann er utan þess túns sem er ræktað og slegið.

Minjar í Stekkatúni eru á svæði sem er um 45x108 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Garður A afmarkar svæði sem er um 108x30 að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er torfhlaðinn og girt hefur verið ofan á hann. Mikið rof er meðfram honum þar sem hann liggur til vesturs, niður af holtinu. Eftir að garðurinn beygir til suðvesturs, vestan í holtinu, liggur hann þvert á brekku og sést aðeins sem kantur þar. Mesta hæð garðsins er 0,6 m á breidd og 0,5 m á hæð. Klettasnös er í Stekkatúni, rétt suðaustan við það svæði sem garðurinn afmarkar og innan þess túns sem enn er slegið. Vestan við hana er ílöng dæld B þar sem vex mikið og kjarngott gras. Dældin er 10x4 m að innanmáli og snýr SSA-NNV. Ætla má að hér hafi verið beitarhús og líklega áður stekkur en búið er að slétta yfir minjarnar.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:**Ö-Miðfellshverfi BJ, 105











*Stekkatún 016, horft til suð-suðausturs.*



# ÁR-322 Núpstún

## Skýringar

-  bæjarhöll
-  horfinn minjastaður
-  tóft
-  gömul bygging sem stendur enn
-  túngarður skv. túnakorti
-  mörk túns skv. túnakorti
-  garðlag eða leið





## ÁR-322 Núpstún

1709: Háflenda, jörðin var áður hjáleiga frá Hrepphólum ÁR-323. JÁM II, 235-236. Smárahlið nýbýli.

1920: Tún 5,35 ha, um 2/3 slétt, garðar 10 arar. „Meðaljörð að landrými. Að hálfu er landið blaut mýri, en að hálfu fjalllendi, Núpstúnafjall. Í fjallinu eru góðir sumarhagar og skjólsamir. Milli fjallsins og mýrarinnar eru þurrir, grónir móar, gott og auðunnið ræktunarland. Á mýrinni var góð vetrararbeit, einkum fyrir hross. Engjar voru grasgefnar og slægjur góðar.“ SBI, 280



Þar sem bærinn 001 stóð er malarplan, horft til norðurs.

### ÁR-322:001 Núpstún bæjarhóll bústaður 435899 398324

Bærinn stóð sunnan við fjósið sem hefur að líkindum verið lengi á þeim stað. Byggingar í tengslum við fjósið eru austan við bæjarstæðið en á túnakorti frá 1920 ná byggingar á bæjarstæðinu yfir stórt svæði.

Þar sem bærinn stóð er sléttað malarplan og ekki greinileg ummerki um bæjarhól. Mikið er búið að róta og grafa burt jarðvegi vegna nýrra bygginga.

Örlítill hólmyndun er framan við bæjarstæðið á milli fjóss og vegar að íbúðarhúsi nýbýlisins Núpstúni 2. Hóllinn er um 30 m í þvermál og 1 m á hæð.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

### ÁR-322:002 heimild um útihús 435871 398240


Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 270 m sunnan við útihús 005 og um 80 m sunnan við bæ 001.

Sléttað flatlent tún.

Búið er að slétta útihúsið í tún en þar sem það var er flatur hóll eða hæð í túninu og lítil dæld í honum sem er 4x3 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920



Uppdrátturinn hér að ofan er nákvæm endurgerð af túnakorti Núpstúns frá 1920 en á það hefur verið bætt viðeigandi fornleifanúmerum. Skyggði flöturinn táknar bæjarhólinn en óskyggðir rammar tákna útihús. Heilar línur umhverfis túnið táknar túngarð en brotin lína náttúrulega afmörkun.

**ÁR-322:003** tóft hesthús 435940 398371


Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús í austurjaðri túnsins um 135 m sunnan við lambhús 005 og um 60 m norðaustan við bæ 001. Þar er tóft sem hefur verið notuð sem leiksvæði fyrir börn og búið er að byggja timburvirki ofan á veggri hennar. Ingilaug Auður Guðmundsdóttir, heimildamaður, taldi að þarna hefði verið hesthús.

Tóftin er innan lítils skógræktarreits í brekkurótum Núpstúnsfjalls. Fjosið á bænum er litlu vestan og neðan við tóftina.

Tóftin er einföld og er torf og grjóthlaðin. Hún er um 8x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Austurendi hennar er grafinn inn í brekku. Op er á henni til vesturs. Mesta hæð veggja er 0,6



*Hesthús 003, horft til austurs.*



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 003*

m, ekki sést fjöldi umfara. Hleðsla er austan við op inn í tóftina sem er að líkindum nýleg viðbót við tóftina en þó gæti hún verið frá því að útihúsið var í notkun.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-322:004** þúst útihús 435956 398470

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 40 m sunnan við Lambhús 005. Það var á hjalli undir bröttum brekkum Núpstúnsfjalls þar sem nú er sumarbústaðarlóð. Dæld sést þar sem útihúsið var og er hún um 10 m sunnan við sumarbústað á lóðinni.

Grasi gróið er á lóðinni og mikill trjágróður í kringum sumarbústaðinn.


Búið er að slétta yfir útihúsið en dældin sem enn sést er 2x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún grynkar til suðvesturs en er dýpst um 0,4 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1920



*Þúst 004, horft til norðausturs.*



*Teikning af þúst 004.*


„Upp af bænum, efst í túninu, er sumarbústaður, kallaður Bústaðurinn, og örfá skref vestan hans er Lambhúsið,“ segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1920 er sýnt útihús sem er um 190 m NNA við bæ 001 í norðausturhorni gamla heimatúnsins. Þar er stór tóft um 10 m norðvestan við bústaðinn og er hún af Lambhúsinu.

Tóftin er í túni vestan undir hlíðum Núpstúnsfjalls og fast sunnan við læk sem rennur út á túnið úr hlíðum fjallsins. Við hann hefur túnjaðarinn verið.

Í örnefnaskrá kemur fram að áreftið hafi verið tekið af Lambhúsinu sumarið 1986. Tóftin er tvískipt og er úr torfi og grjóti. Hún er um 15x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Austast er hólfi I, fjárhúshlutinn. Það hólfi er 9x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á því til vesturs og er grjóthella framan við dyraopið. Steyptir stallar eru meðfram innanverðum langveggjum í hólfi I, líklega undirstöður fyrir jötur. Syðri stallurinn er sýnu breiðari og er 0,3 m á breidd. Austurendi hólsins er grafinn inn í brekku. Þar, í austurendanum, er nokkurt hrun er úr veggjum. Virðist hólfið hafa náð örlítið lengra til austurs og hefur verið op úr því þar til norðurs í hólfi II sem er að hluta niðurgrafið. Hólfi II er grjóthlaðið að innan og er 4x6 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Búið er að hálfylla það af dauðum trjágreinum. Mesta hleðsluhæð veggja í tóftinni er um 1,3 m. Mest sjást 5 umför í hleðslum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Núpstún, 2; Túnakort 1920



Uppdrátturinn sýnir teikningu af lambhústóft 005.



Lambhústóft 005, horft til vesturs.



ÁR-322:006 Hestarétt heimild um rétt 435839 398197

„Um miðja vegu milli Þjóðvegarins og útihúsa, skammt austan við heimreiðina, er ílöng dæld eða laut, sem oft safnast í vatn í leysingum á vetrum og botnfrís stundum, sem kallast Dælin. Við austurhorn hennar hækkar túnið nokkuð, og er þar lágur, kollóttur smáhóll. Þar var í minni B.G. Kofi, sem kallaður var Hestarétt, og er þetta nafn á hólnum nú,“ segir í örnefnaskrá. Hestarétt var að líkindum um 140 m suðvestan við bæ 001 á hólbrún vestan við Dælina.

Sléttað tún.

Ekki sést til minja um kofa eða rétt á þessum stað í túninu og hefur verið sléttað yfir minjarnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Núpstún, 1-2

ÁR-322:007 garðlag túngarður 435815 398636



Túngarður 007, horft til norðvesturs.


Lítillfjörlegt, unglegt garðlag liggur í brekkurótum Núpstúnsfjalls frá læk norðan við Lambhús 005 og langleiðina að gömlum bragga á Sandvelli, sjá fjárhús 008.

Garðurinn liggur á mörkum túns og móa í brekku.

Garðurinn er að mestu torfhláðinn og sést pælan ofan við garðinn á köflum. Hann er um 170 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Garðurinn er 0,4-0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Girt er ofan á hann.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

ÁR-322:008 þúst fjárhús 435810 398602



Uppdrátturinn sýnir teikningu af fjárhúspústi 008

„Túnið niður af Vesturás kallast Sandvöllur. Eru þar fjárhús,“ segir í örnefnaskrá. Fjárhúsin voru hlaðin og hengu uppi 1965 þegar Ingilaug Auður Guðmundsdóttir, heimildamaður, kom að Núpstúni. Búið er að ýta þeim út en vel sýnileg þúst er á staðnum um 290 m norðan við bæ 001 og um 40 m sunnan við gamlan bragga.

Leifar af fjárhúsunum eru innan beitarhólfs sem er í gömlu túni í aflíðandi halla til vesturs.

Þústin er um 26x8 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Óljóst má greina innri brún veggja og um

miðbik sést í grjóthleðslur í innanverðum norður-langvegg. Þar sjást 2 umför hleðslu. Austur- og vesturhlutar virðast fullir af byggingarefni og jarðvegi en minna er um það í miðhluta. Fjargötur liggja yfir þústina á tveimur stöðum. Mesta hæð veggja sem er hægt að greina er 0,5 m. Blikk sést víða í þústinni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Núpstún, 2



*Fjárhúspúst 008, horft til austurs.*

**ÁR-322:009** *Brekkuvað* heimild um vað 437671 399366

„Á uppdrætti I[ngimundar] E[inarssonar] og í skrá Þ[orsteins] B[jarnasonar] eru nokkur nöfn sem ekki hafa komið fram í skránni og þekkjast ekki nú: ... Brekkuvað á Stóru-Laxá...,“ segir í örnefnaskrá. Brekkuvað er á uppdrætti Ingimundar vestan undan Kvalatjörn, á milli Lambakletts og Stapa, um 2 km norðaustan við bæ 001 og um 450 m austur af fjárhúsum 017.

Hár og brattur, grasi gróinn bakki er í landi Núpstúns við vaðið en malareyrar eru á bakknum hinum megin árinna í landi Hlíðar.

Erfitt hefur verið að komast niður að ánni í landi Núpstúns eins og aðstæður eru í dag (2015). Vaðið var ekki skoðað á vettvangi og því ekki hægt að lýsa aðstæðum nánar. Ekki er ljóst á hvaða leið vaðið var.

**Heimildir:** Ö-Núpstún, 7; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Núpstún

**ÁR-322:010** *Gamla-Stekkatún* örnefni stekkur 436050 398996

„Á uppdrætti I[ngimundar] E[inarssonar] og í skrá Þ[orsteins] B[jarnasonar] eru nokkur nöfn sem ekki hafa komið fram í skránni og þekkjast ekki nú: ... Gamla-Stekkatún (ofan Stekkjarbakka)...,“ segir í örnefnaskrá. Staðsetningu Stekkjarbakka er lýst framar í örnefnaskránni: „Stekkjarlækur rennur á landamerkjum Núpstúns og Galtafells [ÁR-321], og eftir að hann er komin niður fyrir Stekkjargil, heita bakkarnir Stekkjarbakki. ... Efsti hluti Stekkjabakkans, þar sem Smárahlíð er nú, hét Efri-Stekkjjarbakki. Þaðan liggur gata upp á fjallið, skáhallt upp bratta brekkuna, Kúagata [011], og upp á Stekkjarnefið, sem er fremsta klettanefið austan við Stekkjargil.“ Líklegt er að stekkur hafi verið þar sem nú er svínabú nýbýlisins Smárahlíðar en það er í hvílt sem gengur inn á milli Galtafells og Núpstúnsfjalls. Hann hefur þá verið um 690 m norðan við bæ 001.

Stekkjjarbakki hefur verið sléttaður og á honum eru byggingar og tré. Svæðinu hefur því verið raskað mikið.

Engin ummerki um stekk sjást á Stekkjarbakka og hefur hann horfið vegna sléttunar og/eða byggingaframkvæmda.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Núpstún, 2-7; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Núpstún



*Gamla-Stekkatún 010, vest-suðvesturs.*

**ÁR-322:011** *Kúagata* gata leið 436141 399020

„Stekkjarlækur rennur á landamerkjum Núpstúns og Galtafells, og eftir að hann er komin niður fyrir Stekkjargil, heita bakkarnir Stekkjarbakki [010]. ... Efsti hluti Stekkjabakkans, þar sem Smárahlið er nú, hét Efri-Stekkjjarbakki. Þaðan liggur gata upp á fjallið, skáhallt upp



*Kúagata 011, horft til norðausturs.*

bratta brekkuna, Kúagata, og upp á Stekkjarnefið, sem er fremsta klettanefið austan við Stekkjargil,“ segir í örnefnaskrá. Gatan sést enn í brekkunni frá lóðamörkum Smárahliðar á flatlendinu. Hún sést fyrst um 650 m norðan við bæ 001.

Grösug brött brekka sem verður grýttari eftir því sem ofar dregur.

Götunni var fylgt á um 155 m löngum kafla sem liggur norðaustur-suðvestur. Gatan er óskýr neðst í brekkunni þar sem hrossum hefur verið beitt og þau hafa traðkað en verður mun skýrari eftir því sem ofar dregur þar sem hún er mjór sneiðingur upp brekkuna. Gatan er ekki breiðari en 0,3 m og víða er hún mjórri. Hún hverfur 20-30

m sunnan við Stekkjarnef vegna rofs sem myndast hefur vegna vatnsrennslis niður brekkuna.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 2

**ÁR-322:012** *Seldalur* örnefni sel 437008 399489

„Ef farið er alldjúpa leið inn með Stekkjargilinu, er komið í Seldal, og í honum miðjum er Seldalstjörn. Ekki er kunnugt um seltóftir,“ segir í örnefnaskrá. Seldalur er 1,6 km norðaustan við bæjarstæði 001, um 260m norðvestan við Grensástættur 017 og rúman 1 km norð-norðaustan við fjárhústóft 015.

Seldalur er grösugur og mýrlendur dalur.

Engar tóftir fundust í Seldal.

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 3

**ÁR-322:013** *Lind* lind vatnsból 436175 398263

„Við vesturhorn hans [Ingunnarhóls] er uppspretta, og rennur þaðan lækur fram í mýrina, en var áður veitt heim og var þá Bæjarlækur. Uppsprettan er kölluð Lind,“ segir í örnefnaskrá. Lindin er 280m aust-suðaustan við bæjarstæði 001, 450m suðvestur af fjárhústóft 015 og um 100m norðvestur af leið ÁR-681:021.



*Vatnsból 013, horft til suðvesturs.*

Lindin er þétt undir hliðum Ingunnarhóls og sunnan vegar að Sólheimum ÁR-311.

Brunnur hefur verið grafinn í uppsprettuna og járnhólki sem er um 80cm á þvermál komið fyrir í honum. Yfir brunninum er lok.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 3

**ÁR-322:014** heimild um lögn 436127 398222

„Við vesturhorn hans [Ingunnarhóls] er uppspretta, og rennur þaðan lækur fram í mýrina, en var áður veitt heim og var þá Bæjarlækur. Uppsprettan er kölluð Lind 013.“ segir í örnefnaskrá. Lækurinn þar sem hann er næstur brunnum er enn sýnilegur og er hann u.þ.b. 250m aust-suðaustur af bæjarstæði 001 og rúma 500m suðvestan við fjárhústóft 015. En hvar honum var veitt heim að bæ er horfið í tún.

Minjarnar eru horfnar í tún. Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 3


**ÁR-322:015** tóft fjárhús 436541 398532

„Ef farinn er gamli Sólheimavegurinn inn úr, er Stekkatúnið á vinstri hönd innan Þrönghóla. Þar eru

fjárhústættur, og sér móta fyrir, að þar hefur verið hlaðin rétt,“ segir í örnefnaskrá. Fjárhústóftin er rúma 670m aust-norðaustan við bæjarstæði 001, um 100m norðvestan við leið ÁR-681:021 og rúman 1 km suðvestan við Grensástættur 017. Fjárhúsin eru um 2m vestan við rétt 016.

Tóftin er ofarlega við brekkurætur Núpsins.

Tóftin er 20x17m að stærð og snýr suðvestur norðaustur. Hún hefur fjögur hól, hól A er 5x2m að innanmáli og hól B er 6x3m að innanmáli. Bæði hafa þessi hól op til suðausturs. Hól C er greinilegt fjárhús, 11x4m að innanmáli og liggur garði eftir því endilöngu. Á fjárhúsinu er einnig op til suðausturs eins og hólfi A og B. Norðvestan við fjárhúsið er svo hól D sem er niðurgrafin hlaða 8x3m að innanmáli. Vegggleðslurnar eru hlaðnar úr torfi og grjóti, eru þær um 160cm á hæð og frá 1-6m á breidd, innri veggghæð hlöðu er þó um 3m. Garðinn er líka hlaðinn úr torfi og grjóti og er um 40cm á hæð. Í veggjum má telja um 5 umför af



Uppdrátturinn sýnir aftöðu og teikningar af tóftum 015 og 016.



Fjárhústóft 015 og rétt 016, horft til suðausturs. Rétt 016 er vinstramegin á ljósmyndinni en fjárhústóftin 015 hægramegin.



hleðslugrjóti en í hlöðu um 12 umför. Hleðslugrjótið er frekar stórt og flatt. Leifar af bárujárni eru í tóftinni. Undir tóftinni er virðist vera nokkur uppsöfnun og gæti hún numið um 50cm.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 4

**ÁR-322:016** tóft rétt 436558 398528

„Ef farinn er gamli Sólheimavegurinn inn úr, er Stekkatúnið á vinstri hönd innan Þrönghóla. Þar eru fjárhústættur [015], og sér móta fyrir, að þar hefur verið hlaðin rétt,“ segir í örnefnaskrá. Tóft af hugsanlegri rétt er um 670m aust-norðaustur af bæjarstæði 001, um 100m norðvestan við leið ÁR-681:021 og rúman 1km suðvestan við Grensástættur 017. Réttin er um 2m austan við fjárhúsin.

Tóftin stendur ofarlega við brekkurætur Núpsins, fast neðan og austan við tóft 015.

Tóftin er einföld, 15x5m að stærð og snýr norðvestur suðaustur. Norðvesturgaffl hennar og horn eru niðurgrafin og einnig stór hluti af suðvestur-langhliðinni. Aðrir hlutar tóftarinnar eru torf og grjóthlaðinir. Vegghleðslur eru um 1m á breidd og um 70-100cm á hæð. Í þeim má telja um 2 umför

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 4

**ÁR-322:017** Grensástættur tóft fjárhús 437228 399339

„Strax innan hans [Stórasteins] rís landið þó nokkuð á móti, og er komið upp á sléttan hjalla, votlendan, síðan eins og 100 m langan þurrlandisþröskuld aðeins hærri, og opnast af honum útsýni inn úr til Sólheima. Þar er Þorsteinsleiti. Ekki er vitað um tilefni nafnsins. Þar á mótis við eru fjárhústættur efst við klettabeltið í Grensásnum og kallast Grensástættur,“ segir



*Grensástættur 017, horft til suðausturs.*

í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að hætt hafi verið að nota húsin um 1940. Grensástættur eru 1,6 km norðaustan við bæjarstæði 001, um 1 km norðaustan við fjárhús 015 og 420-450m vestan við Stóru-Laxá. Tóft 018 er rúma 2m suðvestan við tóftina.

Tóftin er efst í brekkurótum rétt neðan við skriðurnar úr Grensásnum.

Tóftin er einföld, 11x6m að stærð og snýr norðvestur suðaustur. Vegghleðslur eru 90-120cm á hæð og um 150cm á breidd.

Tóftin er torf og grjóthlaðin og standa vegghleðslur svo til alveg ósagnar nema


helst vestast í suðurlanghliðinni. Norðvesturgafflinn stendur hæst. Hægt er að telja 6-8 umför í grjóthleðslunni sem er úr frekar stóru og flötu grjóti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 4; Ö-Núpstún aths. og viðb., 1

ÁR-322:018 tóft óþekkt 437223 399330

„Strax innan hans [Stórasteins] rís landið þó nokkuð á móti, og er komið upp á sléttan hjalla, votlendan, síðan eins og 100 m langan þurrlandisþröskuld aðeins hærrí, og opnast af honum útsýni inn úr til Sólheima. Þar er Þorsteinsleiti. Ekki er vitað um tilefni nafnsins. Þar á móts við eru fjárhústættur efst við klettabeltið í Grensásnum og kallast Grensástættur,“ segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að hætt hafi verið að nota



Tóft 018, horft til vesturs.

húsin um 1940. Tveimur metrum suðvestan við Grensástættur 017 er tóft. Hún er 1,6 km norðaustan við bæjarstæði 001, um 1 km norðaustan við fjárhús 015 og 420-450m vestan við Stóru-Laxá.

Tóftin er efst í brekkurótum rétt neðan við skriðurnar úr Grensásnum.

Tóftin er einföld, 8x7m að stærð og snýr norðvestur suðaustur. Veggheðslur eru um 3m á breidd og 60cm á hæð en hún er að stærstum hluta niðurgráfin, um 220cm á dýpt. Veggheðslurnar eru mjög signar og breiðar, grónar mosa og grasi. Grjótið í

Uppdrátturinn sýnir afstöðu og teikningu af tóftum 017 og 018.

veggheðslunum er frekar stórt og flatt. Op er ekki greinilegt en hefur að öllum líkindum verið til suðausturs. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en kannski hefur hún verið nýtt sem hlaða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Núpstún, 4; Ö-Núpstún aths. og viðb.

ÁR-322:019 Torfdalsvað heimild um vað 437284 398432

„Er þarna vað á ánni [við Flötina], Torfdalsvað, og hylurinn Sveinssker þar neðan við, undir kletti austan megin árinna,“ segir í örnefnaskrá. Torfdalsvað er vað á Stóru-Laxá og er það tæpa 1,4 km austan við bæjarstæði 001, um 750m austan við fjárhús 015 og um 900m sunnan við Grensástættur 017.

Vað á straumpungri á.

Staðsetningin er mögulega ekki nákvæm. Góður bakki er að sunnanverðu en bakkinn að

norðanverðu er frekar brattur þó að hann sé lágur. Áin er breið en straumþung. Nokkrar eyrar eru í ánni miðri sem gefur til kynna að áin breiðir vel úr sér á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 5

**ÁR-322:020** gata leið 437557 398680

„Þegar farið er niður að ánni, er auðveld leið niður af götunni [ÁR-681:021] innan við



*Leið 020, horft til suðausturs.*

Fláana og niður í Torfdalsgilið móts við botn Djúpagils og sniðskorin brekka á góðri götu niður á flötina. Með heybandslest mátti einnig fara nánast hvar sem var upp vesturhlíðina,“ segir í örnefnaskrá.

Göturarnar liggja eftir mýrlendri grösugri brekku sem hallar til suðausturs.

Göturarnar eru fáar, grónar og frekar óljósar. Þær eru í mesta lagi 4-5 og liggja frekar þétt saman á 2-3m breiðu beltí. Liggja frá leið ÁR-681:021 til suðausturs að Torfdalsvaði á Stóru-Laxá. Hægt er að rekja leiðina á um 380m löngum kafla eða svo

til alveg frá á að leið ÁR-681:021.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 5

**ÁR-322:021** Stóri-Nátthagi/Litli-Nátthagi örnefni 435781 398716

„Túnið niður af Vesturás kallast Sandvöllur. Eru þar fjárhús [008]. Voru þar áður tveir nátthagar, Litli-

Nátthagi og Stóri-Nátthagi,“ segir í örnefnalýsingu. Ekki er ljóst á hvaða svæði Nátthagarnir voru nákvæmlega en ætla má að þeir hafi verið á flatlendi vestan undir hlíðum Núpstúnsfjalls, norðan við bragga á Sandvelli, um 380 m norðvestan við bæ 001.

Tún sem komið er í órækt og nýtt er til beitar.

Engin garðlög sjást á svæðinu sem hafa afmarkað Nátthagana og óvíst er að þeir hafi verið girtir af með gördum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 2

**ÁR-322:022** garðlag túngarður 436042 398253

Á túnakorti frá 1920 sést að túngarður var meðfram suðvestan- og sunnanverðu túninu. Garðurinn sést á kafla um 160 m suðaustan við bæ 001 í hlíðum Núpstúnsfjalls ofan við malarveg sem liggur að Sólheimum ÁR-311.

Brött brekka, að mestu gróin en rofflekkir eru í mesta brattanum vegna ágangs hrossa.

Garðurinn sést á um 30 m löngum kafla og liggur norðaustur-suðvestur. 12 m norðaustan við garðinn er mjög óljóst framhald á 20 m löngum kafla sem hefur sömu stefnu. Þar sem

garðurinn sést greinilega er hann í beitarhólfi fyrir hross á milli girðingar og vegar að Sólheimum. Þar er hann hlaðinn á náttúrulega brún og er 1-1,5 m á breidd og mesta hæð á innri brún er 0,2-0,3 m. Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn og er illa farinn vegna ágangs hrossa. Útflatt framhald af garði sést á flatlendi neðan við brökkuna, alveg að útihúsi 002. Þar sést garðurinn sem brún í túninu. Alls sjást leifar af garðinum á svæði sem er um 140x100 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Garðlag 022, horft til norðausturs.*

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-322:023** heimild um rist 435507 398161

„Fyrir neðan túnið er Mói, og brúnin fremst, þar sem honum fer að halla niður að mýrinni, er kölluð Móabrún. Þar sem þjóðvegurinn liggur, er þurrleint og heitir Svarðarlág. Það er lítil vallendisflöt fyrir neðan veginn, niður að mýrinni. Dý er fyrir neðan Móann og heitir Stóradý. Torfrista var í mýrinni fyrir neðan Stóradý, þar var skorið heytorf,“ segir í örnefnaskrá. Stóradý er um 420 m suðvestan við bæ 001. Þar er enn stórt jarðfall þó að búið sé að grafa djúpa skurði sitthvoru megin við það og víðar á þessu svæði.

Búið er að ræsa fram mýrar á svæðinu og rækta tún.

Engin ummerki um torfristu sjást vegna ræktunar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Núpstún, 6

**ÁR-322:024** *Torfdalur* heimild um rist 437266 398916

„Torfdalsholt er algróið, en með miklu rofsári á austurhlið. ... Slægjur voru nýttar í Torfdalsgilinu ... Finnst honum, að einkum í því sambandi hafi jöfnum höndum verið notuð nöfnin Torfdalur og Torfdalsgil ...,“ segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum við örnefnaskrá segir að torf hafi verið rist í Torfdal. Torfdalur er 1,5 km aust-norðaustan við bæjarstæði 001, um 550m sunnan við Grensástættur 017 og um 300m norðvestan við Stóru-Laxá.

Minjastaðurinn er mjög blautt mýrarsvæði.

Mikið rof er á svæðinu og sjást engin ummerki um torfristu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Núpstún, 4-5; Ö-Núpstún ath, 1




*Í Torfdal 024 var rist torf. Horft til norðausturs.*



ÁR-322:025 tóft beitarhús 434821 398506

Tóft af beitarhúsum Sigurðar Jónssonar (d. 1936) frá Hrepphólum ÁR-323 er suðvestast í Vestri-Grímhól sem er stærri hóllinn af tveimur um 1,7 km norðan við bæ 001.

Tóftin er norðvestan í hólnum, í brattri hlíð. Hóllinn er grasi gróinn en víða er komið rof í svörð. Hóllinn er hálendur og ílangur og standa klettur upp úr sverði hér og hvar. Í kringum



Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 025.

hóllinn er flatlent deiglendi.

Tóftin skiptist í fjárhús með garða og hlöðu. Hún er um 16x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er að mestu leyti grafin inn í bratta hlíðina. Hún er breiðust norðvestast þar sem hún er ekki niðurgrafin.



Hlaðan (hólf I) er innst eða suðaustast í tóftinni og er hún 2x2,5m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er veggur sem skilur á milli hlöðu og fjárhúsa. Fjárhúsin (hólf II) eru 10x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er á þeim til norðvesturs. Garðinn er um 1 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Mesta hleðsluhæð veggja er um 1 m og mest sjást 3 umför innanmáls.

**Hættumat:** engin hættu

Tóft 025, horft til norðvesturs.

**ÁR-322:026** heimild um traðir 435853 398354

Samkvæmt túnakorti frá 1920 lágu traðir frá bæ til VSV út úr heimatúninu. Þær voru að öllum líkindum á sama stað og heimreið liggur nú (2015).

Heimreiðin liggur um tiltölulega flatlent svæði og eru tún beggja vegna við hana.

Ekki sjást leifar af tröðum og hafa þær horfið vegna vegagerðar.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**ÁR-322:027** heimild um ristu 435449 398164

„Torf var rist í krókunum og einnig í mýri vestan Sandvallar,“ segir í örnefnaskrá. Krókarnir eru um 480 m vestan við bæ 001 og um 60 m vestan við torfristusvæði 023 neðan við Stóradý.

Slétt tún í framræstum mýrum neðan við brún í landslaginu. Frá henni hallar til suðvesturs.

Ekki sjást ummerki um torfristu vegna ræktunar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 7

**ÁR-322:028** heimild um ristu 435724 398675

„Torf var rist í krókunum [027] og einnig í mýri vestan Sandvallar,“ segir í örnefnaskrá. Torfristusvæðið var líklega um 100 m vestan við fjárhús 008 og um 390 m norðvestan við bæ 001 á flatlendu svæði milli slóða að bragga á Sandvelli og þýfðs móa.

Búið er að ræsa fram mýrlendi sem var á þessu svæði og rækta tún sem komið er í órækt og nýtt er fyrir hrossabeit.

Engin ummerki sjást um ristu vegna ræktunar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 7

**ÁR-322:029** *Stöðull* örnefni kvíar 436092 398211

Stöðulmýri á uppdrætti I[ngimundar] E[inarssonar] þekkir B[rynjólfrur] G[uðmundsson] ekki, en augljóslega er hún mýrin framan (suðvestan) við Ingunnarhól. Um fráfærur er ekkert vitað, en Stöðull virðist hafa verið austan við túnið, sem nú er, sbr. Stöðulmýri. Man B[rynjólfrur] G[uðmundsson] eftir leifum af hlaðinni rétt eða smágerði þar á harðlendisbalanum. Brekkuhorn er þar upp af. Jón Sigurðsson í Hrepphólum staðfestir það, sem B[rynjólfrur] G[uðmundsson] segir um Stöðulmýri, segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning er óþekkt en samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar hefur Stöðullinn verið 220-230m suðaustan við bæ 001.

Undir brekkum Ingunnarhóls og í jaðri grösugrar mýrar.


Ekkert sást til minja og má gera ráð fyrir að minjastaðurinn hefi verið sléttaður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Núpstún, 3; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Núpstún



# ÁR-323 Hrepphólar





## ÁR-323 Hólar (Hrepphólar)


Talin 20 hdr 1709, þá hét jörðin Hólar. JÁM II, 233-234. Kirkjustaður, 20 hdr. 1847. JJ, 67. Jörðin er nefnd í Landnámu því Þorbjörn jarðakappi keypti land af Má Naddoddsyni og bjó á Hrepphólum. ÍF I, 382, . C. 1200: Jörðin nefnd í kirknaskrá Páls biskups, DI XII 7. 1382-91: Máldagi kirkjunnar. „a heimaland allt med gognum oc giædum. Backaland. [+skóg, hrútahöfn, afrétt, engjar, beit] Þar skulu vera prestar tveir oc diakn. Þangad liggur tiund af v. Bæium oc

lysitollar. Halfur lysitollur vr Midfelli oc Langholhti nedra oc Vnnarholhti. Groptur af ollumm þessum bæium“ 1397 Máldagi kirkjunnar DI IV 45-46 [um 1430]: „kirkiann aa [kvikfé] allan skog ä steinastodum ... Annan j aslaagstungum. Hin þridia j bringu“ Máldagi kirkjunnar DI IV 434 1440: „[ágrip, kvikfé og ornamenta] Enn um beit aa galltafell talar hier ecki þar“ Máldagi DI IV 616 [um 1440]: „aa heimaland allt med gognum og suo giædum. Backa land og suo nups land [+3 skóga, hrútahöfn, afrétti, engjar]

Þar skulu vera ij prestar og eirn diakni. Þangat liggur tiund af ollum fim bæium og lysistollar. Halfur liostollar fra midfelli. Langholhti nedra og unnarholhti. Groftur af ollum þessum bæium.kyrkian a beit upp a galtafell xx kuum og hundrad asaudar .ij. Manudi j annat mal. Er gunnar nikulasson gaf kyrkiunne“; Máldagi DI IV 617 1444: „J portio iiij voder og xij alner betur“ DI IV 662 1449: Máldagi kirkjunnar DI V, 35 1474: Máldagi kirkjunnar DI V 773-775 24.5.1476: Máldagi kirkjunnar. DI VI, 72-73 1493: Máldagi kirkjunna. DI VII, 300. 9.8.1498: sr. Þórður Guðmundsson gefur sr. Þórði Jónssyni umboð til að taka út staðinn Hóla í Hrunamannahrepp. DI VII, 396 1503: Máldagi kirkjunnar DI VII 665 1538: Máldagi kirkjunnar DI X 395-396 1553: Máldagi kirkjunnar DI XII 638 1575: Máldagi kirkjunnar DI XV 652-653

1709 eru hjáleigur staðarins Efra Hólakot 008 og Syðra Hólakot ÁR-324 heima við staðinn og við túnið en úti í landareigninni standa Núpstún ÁR-322 og Sóleyjarbakki ÁR-325. 1709 á staðurinn tvær afréttir, Þórarinsstaði sem eru fram eða norður úr Ytri-Hrepp og Sandafell (Sauðafell) í afrétt Eystri-Hrepps. JÁM II, 234. Nýbýli Ásgerði og Breiðártún.

1709: „Engjar staðarins eru mjög úr sjer gengnar og skemmdar af jarðföllum og landbroti af einu gili og fara til þurðar ár eftir ár. Svo eru og hagar á sumar ekki nærri nógir.“ JÁM II, 234. 1920: Tún 12,2 ha, 3/4 slétt, garðar 16,8 arar. „Jörðin er landstór og landið



*Uppdrátturinn hér að ofan er nákvæm endurgerð af túnakorti Hrepphóla frá 1920 en á það hefur verið bætt viðeigandi fornleifanúmerum. Skyggði flöturinn táknar bæjarhólinn en óskyggðir rammar tákna útihús. Heilar línur umhverfis túnið táknar túngarð en brotin lína náttúrulega afmörkun.*



grösugt. Meginhluti landsins er blaut mýri, Hólamýri. Gott beitiland á veturnum fyrir hross og sauði. okkur hluti landsins er ásat og lægðardrög með vallendisgróðri, skjólsamir og góðir sumarhagar. Engjar voru lélegar, þýfðar og ekki grasgefnar nema spilda við Miðfellsgil. Ræktunarland er lítið annað en framræst mýrlendi.“ SBI, 284, 283

**ÁR-323:001** Hólar (Hrepphólar) bæjarhóll bústaður 435136 396850



*Bæjarstæðið á Hólum, horft til norðausturs.*

„Hrepphólabærinn stóð áður snertispöl suðvestan við kirkjuna [002],“ segir í örnefnaskrá. Bærinn stóð 10-15 m suðvestan við kirkju 005 sem nú (2015) stendur og var byggð fyrst á þeim stað árið 1903. Safnaðarheimili (timburhús á steiptum grunni) stendur nú að hluta til þar sem áður var kálgarður 013 framan við bæinn.

Slétt malarplan er á bæjarstæðinu og norðvestan við það. Í brekkunni ofan og norðvestan við malarplanið er allhá og brött brekka og er trjálundur í henni. Neðst í brekkunni er kantur niður á planið sem er um 2 m á hæð. Það hallar niður af bæjarstæðinu til ASA og hefur bærinn snúið stöfnum í þá átt.

Engin bæjarhólsmyndun er greinileg á bæjarstæði Hrepphóla. Sunnan við safnaðarheimilið er um 50x30 m opið svæði, malarborið hlað, sem greinilega hefur verið ýtt til og sléttað með vélum. Bæjarstæðið er á að giska 60x30 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Hrepphólar, 2

**ÁR-323:002** heimild um kirkju 435170 396855

Kirkjan í Hrepphólum stóð áður 10-15 m suðvestan við kirkjuna sem þar er nú. Kirkjan var rifin árið 1903 og færð út úr kirkjugarðinum á lítinn bala norðaustan við bæ 001. Kirkjan sem reist var á nýjum stað árið 1903 (sjá 005) fauk í lok desember 1908. Önnur kirkja var reist á



*Gamla kirkjustæðið 002, horft til austurs.*

sama stað árið 1909 og stendur hún enn.

Kirkjugarðurinn er í aflíðandi halla til suðausturs. Reynitré og bjarkir vaxa hér og hvar í garðinum og eru birkitré í röð meðfram garðinum að suðaustan og norðaustan.

Autt svæði er í kirkjugarðinum þar sem gamla kirkjan var. Svæðið er um 25x5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Leiðin í garðinum raðast norðan og sunnan við kirkjustæðið. Vestast á svæðinu er jarðlægur stuðlabergsdrangur sem snýr norður-suður. Hann hefur

líklega verið framan við dyrnar á kirkjunni. Kirkjugarðurinn er um 50x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í Kirkjum Íslands 1 kemur fram að hafist hafi verið handa við að færa garðinn út til austurs og norðausturs árið 1933. Á sama tíma var garðurinn girtur. Vírnetsgirðing afmarkar kirkjugarðinn nema á norðvesturhlið og suðvesturhlið að hálfu leyti. Þar er hvítmálað viðargrindverk. Undir girðingunni á suðausturhlið er hlaðinn kantur sem er 1 m á hæð. Ekki sést grjót í honum. Elsti legsteinninn sem sést í garðinum og sýnir ártal er frá 1876. Mörg leiðin eru upphlaðin en garðurinn var sléttaður út nokkru fyrir miðja 20. öld. Fram kemur í Kirkjum Íslands 1 að nokkrir fornir munir úr Hrepphólakirkju eru varðveittir á Þjóðminjasafni Íslands. Meðal þeirra eru tvær fornir kirkjuklukkur úr kopar. Önnur þeirra er líklega frá því fyrir árið 1150 og hin er yngri en þó er hún ekki yngri en 1300. Á safninu er einnig forn hurðarhringur sem var á dyrum kirkjunnar. Jón Egilsson annálaritari lét smíða hringinn en hann þjónaði kirkjunni á Hrepphólum 1569-1608. Að lokum má nefna legstein úr blágrýti frá byrjun 17. aldar.

HREPPHÓLAR Í HRUNAMANNAHREPPI (Á) c. 1200: Kirknaskrá Páls,

DI XII 7

1382-91: a heimaland allt med gognum oc giædum. Backaland. [+skóg, hrútahöfn, afrétt, engjar, beit]

Þar skulu vera prestar tveir oc diakn.

Þangad liggur tiund af v. bæium oc lysitollar.

Halfur lysitollur vr Midfelli oc Langholti nedra oc Vnnarholli.

Groptur af ollumm þessum bæium

Reiknadist portio Ecclesiæ medann sira Biarne hiellt vmm viij ar vc.

1397 Þetta hefur til aukist vmm þat framm sem j maldaga herra Michels stenndur.

[kvikfé] medan sira Asgrijmur hefur buid

portio Ecclesiæ vij hundrud wmm næstu xij ár

Jtem forn portio vc

fiell nidur xc. Af portione epter godra manna mäte firir þat er sira Asgrijmur hafdi læted vppgiaura kirkiuna.

Er hann nv skyllidugur cc kirkiunne i portionem; Máld DI IV 45-46

[um 1430]: kirkiann aa [kvikfé]

allan skog ä steinastodum ... Annan j aslaagstungum. Hin þridia j bringu; Máld DI IV

434

1440: [ágrip, kvikfé og ornamenta] Enn um beit aa galltafell talar hier ecki par; Máld DI IV 616

[um 1440]: aa heimaland allt med gognum og suo giædum. Backa land og suo nups land [+3 skóga, hrútahöfn, afrétti, engjar]

Þar skulu vera ij prestar og eirn diakni.

Þangat liggur tiund af ollum fim bæium og lysistollur. Halfur liostollur fra midfelli.

Langholli nedra og unnarholli.

Groftur af ollum þessum bæium.

Kyrkian a beit upp a galtafell xx kuum og hundrad asaudar .ij. Manudi j annat mal. Er gunnar nikulasson gaf kyrkiunne; Máld DI IV 617

1444: J portio iiij voder og xij alner betur; DI IV 662

1449: fiordi maaldagi kyrckunnar.

Anno Domini 1449 voru suo mykler peningar afenter j Holum þa biorn sueinsson slepti. Enn sijra snorre Einarsson tok vid.

Kyr xv og kuiga mylk.

Lx asaudar og v aklfar.

Ij hestar og iiij hross.

Item luckttar iijr merkur j metfie.

Item pundare og vefstadur.

J portio nya og gamla. Ix voder og ij merkur vax. DI V, 35 [AM 262 4to. Bl. 1b; AM 66A 8vo, bl. 6b-7a]

1474: Máld DI V 773-775

24.5.1476: Attundi maaldagi kyrkiunnar

Anno Domini M°. Cd. Lxx° sexto voru suo mikler peningar afhenter stadnum j Holum i H[runa]manna hrepp. Þa er Oddr Petrsson backalarius arcium officialis heilagrar Skaalholltzkirkju i millum Botnzär oc Hrutafiardar aar. Afhente faustud[aginn] I fardogum en sera Jon Olafsson medtok.

Jn primis .xv. Kyr.

Niu asaudar ku[gil]lde. Oc .xij. Sauder veturgamler I et tiunda asaudar kugilldit.

V. Klfar.

Iij. Hestar.

Ij. Hross.

Lukkt i porcio.

Vij. Sauder tvævetrer.

Vij. Sauder veturgamler.

Einn ketill I halfa þridiu mork.

Vij marka pottur I mork

[half] en fimta vod.

Reiknast þetta allt saman. X. Alnum fatt I fim hundrud. Máld DI VI, 72-73 [AM Apogr. 2176 eftir skinnbl. Úr kirkjubók frá Hrepphólum; AM 262 4to, bl. 2a fellir úr]

1493: Niunde maldagi kyrkiunnar.

Anno Domini 1493 voru suo mikler peningur afvennter j Holum þa biskup Stephan liet afvenda. Enn sijra þordur gudmunzson medtok.

In primis kyr. Xv.

Ausaudur lx.

Gamallt naut firir. V. Kalfa.

Iij hestar oc ij hross.

Ijc. Innastox fridvirtt er sijra jon gaf kyrkiunne.

Jtem xiiijc j portio fornt og nytt.

Var stadurinn allur med utihusvm og hialeigum giordur firir xij hundrut.

Jtem var ornamentum kyrkiunnar.

Hun atti tuo kaleika. Annann litinn. Tuenn messuklædi alfær. Einn hokul. Ij.

Cantaracapur. Ein dalmadica. Ij altarisklædi. Annat vont. V. Dugar glitader vonder. Ij corporalia med husum. Fons umbuningur vondur. Ij kluckur. Ein bialla Ein koparpjpa. Máld DI VII, 300 [AM 262 4to, bl. 2a-b]

9.8.1498: sr. Þórður Guðmundsson gefur sr. Þórði Jónssyni umboð til að taka út staðinn Hóla í Hrunamannahrepp og alla þá peninga er þar standa saman kvika og dauða, fríða og ófríða á næstu fardögum og allan reikningsskap af Árna Jónssyni og afhenda Pétri Sveinssyni eða þeim sem hann setur til sinna vegna með að taka sögðum peningum staðarins og sr. Þórðar Guðmundssonar. DI VII, 396

1503: Máld DI VII 665

1538: Máld DI X 395-396

1553: Máld DI XII 638

1575: Máld DI XV 652-653

8.2.1799: Kirkja á Hofi tekin af og sóknin lögð til Hrepphóla; (PP, 82) [konungsbréf]

27.2.1880: Hrepphólaprestakall lagt niður og sóknin lögð undir Stóra-Núp; (PP, 81) [lög]

**Hættumat:** hætta, vegna líkagraftar

**Heimildir:**DI XII, 7; DI IV, 45-46, 434, 616, 617, 662; DI V, 35, 773-775; DI VI, 72-73; DI VII, 300, 396, 665; DI X, 395-396; DI XII, 638; DI XV, 652-653; PP, 82, 81; Krikjur Íslands 1, 14. 51-52

**ÁR-323:003** *Kletthús* heimild um útihús 435154 396937

„Þessi mannvirki [hesthús og rétt 021] voru flutt á Balann hjá Klettinum,“ segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað í sömu heimild segir: „Norður frá Hólabæli er stakur klettur, kallaður Kletturinn, og kringum hann Túnbalinn. Til hliðar við Klettinn var Kletthús, þar sem hestar kirkjufólks voru hýstir bæði sumar og vetur. Við Klettinn var stór rétt, sem tók 500 fjár. Þar var þægilegt að reka að, veggir úr húsinu á tvo vegu, svo og Kletturinn. Skjól var í réttinni í norðanátt. Bæði réttin og húsið eru horfin nú.“ Kletthúsin eru sýnd á túnakorti um 80m norð-norðaustan við bæjarstæði 001, 270m vestan við úthús 004 og sambyggð þeim var rétt 021.



*Kletthús 003, horft til norðurs.*

Minjastaðurinn er í grösugu svæði fast austan við heimreið og hallar land til suðurs.

Húsin hafa verið rifin og sléttuð og sér ekkert til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920; Ö-Hrepphólar, 3, 4-5

**ÁR-323:004** *Lambhúshóll* heimild um lambhús 435373 397060

„Austur af Gerðunum er Leynir (Stóri-Leynir). ... Milli Stóra- og Litla-Leynis er Lambhúshóll. Þar var fjárhús (lambhús) fyrir 60 lömb, svo og heygarður, síðar heyhlaða, eftir að bárujárn kom, nál. 1905. Húsin á Lambhúshól voru fjárlægð um 1940 og hóllinn og Litli-Leynir lagfærðir með jarðýtu og síðan unnin sem véltækt tún,“ segir í örnefnaskrá. Húsin á Lambhúshól eru sýnd á túnakorti frá 1920 og eru þau 310-

320m norðaustan við bæjarstæði 001, 250m aust-norðaustan við Kletthús 003 og um 70m sunnan við Efra-Hólkot 008.

Hóllinn er í sléttuðu túni.

Lambhúsin stóðu efst á hól og voru grjóthleðslurnar hlaðnar úr stuðlabergi. Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920; Ö-Hrepphólar, 6



ÁR-323:005 hús kirkja 435160 396869



Hrepphólakirkja 005, horft til norðausturs.

Kirkjan 002 í Hrepphólum stóð áður 10-15 m suðvestan við kirkjuna sem þar er nú. Sú kirkja var rifin árið 1903 og færð út úr kirkjugarðinum á lítinn bala norðaustan við bæ 001. Kirkjan sem reist var á nýjum stað árið 1903 fauk í lok desember 1908. Önnur kirkja var reist á sama stað árið 1909 og stendur hún enn.

Kirkjan er á flatlendi norðvestast í kirkjugarðinum. Kirkjugarðurinn er að öðru leyti í halla til suðausturs.

Kirkjan er um 11x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þegar kirkjan var flutt var hún látin vera í sömu stefnu og bæjarhúsin en ekki austurvestur eins og áður var. Kirkjan er timburkirkja með kór. Hún er bárujárnsklædd og stendur á steypum sökklí. Kirkjunni er lýst nákvæmlega í bókinni Kirkjur Íslands 1.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Kirkjur Íslands 1, 31

ÁR-323:006 Laxahjallstöft tóft hjallur 436065 397301



Laxahjallstöft 006, horft til austurs.



Uppdráttur af Laxahjallstöft 006

„Yfir Hnúkamýri gnæfir Hjallás. ... Uppi á Hjallás er hjallstöft, sem er friðlýst, og má þar engan stein hreyfa. Tóftin er gerð úr hellulögðu grjóti, að uppruna úr stuðlabergsdröngum. Þarna segir sagan, að Þorbjörn jarlakappi, landnámsmaður í Hrepphólum, hafi þurrkað lax að sumrinu,“ segir í örnefnaskrá. Laxahjallinn er um rúman 1km aust-norðaustan við bæjarstæði 001, um 650m austan við fjárhústóft 037 og um 560m austan við minkabú á Ásgerði.

Tóftin er á háu og frekar stóru klettholti sem kallast Hjallaás. Efst er holtið svo til flatlent og gróið miklum mosapembum og er tóftin norðan megin við háholtið.

**FRIDLÝSTAR FORNMINJAR.** „Laxahjalls-tóft forn uppi á Hjallaási.“ „Sá af þeim þremur, sem næstur er bænum heitir Hjallás. Uppi á honum er grjóttóft, 8 ál. löng og 3 ál. víð. Veggirnir eru sumstaðar heilir og eru þeir 1 1/4 al. þykkir. Nafn ássins bendir til þess, að

þetta sé hjalltóft, enda getur hún ekki annað verið.“

Tóftin er 7x4m að stærð, einföld og snýr svo til í vestur austur. Vegghleðslunum hefur verið hrúgað upp úr frekar stóru grjóti og eru þær um 80cm á hæð og 130-150cm á breidd. Með góðum vilja má telja um 6 umför í þeim. Syðri vegghleðslan er signari en sú nyrðri og er op á henni til vesturs. Tóftin er vel gróin mosa.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**ÁG: Fornleifaskrá, 75; Ö-Hrepphólar, 13; BJ: „Rannsókn í Árnesþingi“ Árbók 1905, 34-35

**ÁR-323:007** *Haugur Þorbjörns jarlakappa* þúst legstaður 435298 397015

„Allt þetta stykki [027] var sléttað fyrir nokkrum áratugum. Þó var látinn óhreyfður all-stór haugur eða smáhóll, sem munnmæli segja, að sé Haugur Þorbjörns jarlakappa, land-námsmanns í Hrepphólum. Haugurinn er í suðurhorni Norðastagerðis [027], í góðum halla mót suðri og sól. Haugur þessi er sjáanlega gerður af mönnum, því að sjá má, hvar efni hefur verið tekið í hann,“ segir í örnefnaskrá. „... og enn sér í túninu hauginn Þorbjörns, hins fyrsta bónda þar,“ segir í Sunnlenskum byggðum. Haugurinn er 230m norðaustan við 001, 80-90m vest-suðvestan við Lambhúshól 004 og um 50m sunnan við íbúðarhús á Breiðáasi sem er byggt 1960.

Hóllinn er í landi sem hallar nokkuð skarpt til suðurs.

Hóllinn er greinilegur í ný plægðu landinu. Hann er svo til alveg hringlaga, um 12m í þvermál. Hæð hans er 50cm að norðanverðu en um 2m að sunnanverðu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 6; SBI, 283



*Haugur Þorbjörns jarlakappa 007 sést vel fyrir miðri mynd sem grösugur hóll í ný plægðu landi. Horft til austurs.*

**ÁR-323:008** *Efra-Hólakot* bæjarstæði býli 435368 397134

Þegar Jarrðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin saman 1709 var Efra-Hólakot í byggð. Bærinn í Breiðáasi stendur á svipuðum slóðum og Efra-Hólakot stóð áður, segir í Sunnlenskum byggðum. „Norður af túni er Kotás. Hann er



*Teikning af tóft Efra-Hólakots 008*



*Efra-Hólakot 008, horft til austurs.*

sérstæður, nokkuð hár, og er suðurhlið hans snertispöl norður af Lambhúshól. Var Norður-Hólakot þar í brekkunni, og sjást þess enn merki. Það var einnig nefnt Efra-Hólakot og Upp-Hólakot. Þarna bjó síðast Gísli Guðmundsson.“ segir í örnefnaskrá. Efra-Hólakot/Norður-Hólakot er 360-370m norðaustan við bæjarstæði 001, 90-100m norðaustan við íbúðarhús í Breiðáasi byggt 1960 og um 70m aust-suðaustan við íbúðarhús í Ásgerði 2 byggt 1992.

Tóftirnar eru í húsagarði við íbúðarhús og hafa mörg tré verið gróðursett í tóftina.

Tóftin er 11x7m að stærð, einföld og snýr vestur austur. Vegghleðslur eru um 2m á breidd, austurgafllinn reyndar um 3m. Veggirnir eru rúnnaðar og vel grónir, ekki sjást neinar grjóthleðslur í þeim. Hleðsluhæð að innan er um 50cm en ytra byrðið er um 80cm á hæð. Ekki var hægt að greina aðrar tóftir í næsta nágrenni enda er tóftin inn í húsapyrpingu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:**JÁM II, 234-235; SBI, 282; Ö-Hrepphólar, 10

**ÁR-323:009** Villa bæjarstæði býli 433866 399108

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Árna Pálssonar frá 1709 segir: „Sr. Björn Jónsson prestur að Hólum í Ytra Hrepp (hann kom til Hóla anno , en dó anno ), bygði býli yst í Hóla engjum, þeim parti, sem næst liggur Miðfells engjum, var gjört til að verja engið



*Villa 009, horft til norðurs.*

fyrir ágangi penings nábuá. Þetta býli var kallað af nokkrum Gil hjáleiga af því það stóð við Miðfellsgil af flestum Villa. ... Bygðin hjelst í 6 ár, og fjell síðan niður og hefur ekki síðan aftur bygst sökum þrönglendis ...“ „Vestur af Markhvammi er eyðibýlið Villa. Ekki er kunnugt um ábúendur þar. Þar voru byggð sauðahús, og hafði faðir Jóns þar 160 sauði. Þar hefur allt verið sléttað, og engar tóftir sjást. Fyrir vestan Villu er Kerjahvammur, sem var vatnsból bæjarins,“ segir í örnefnaskrá. Búið er að slétta yfir minjastaðinn og er staðsetningin ekki nákvæm en Villa mun hafa verið um 2,3 km norð-norðvestur af bæjarstæði 001, rúma 900m aust-suðaustur af Höfða, SJÁ 053

og rúma 1,4 km norð-norðaustur af tóft ÁR-325:012 sem er í landi Sóleyjarbakka.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Ekkert sér til minja vegna sléttunnar.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:**JÁM II, 237; Ö-Hrepphólar, 18

**ÁR-323:010** garðlag túngarður 434948 396479

„Landamerki milli Hrepphóla og Hólakots eru: Frá Stóru-Laxá og eftir túngarði á Gunnugerði [011] ...,“ segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað í skránni segir: „Stóri og efnismikli túngarðurinn varðandi Suðurtún var frá heimreiðinni af Stöðlinum [023], næstum vestast á Balanum, alveg við Hólabæli og þar niður Hrygginn, yfir Laxmannslaut og Laxmannshól, þar sem hann er hæstur, og að rótum hólsins, en þar nálega vinkilbeygður þar við Þórarinsreit að Fremstahvammi.“ Túngarður er sýndur á túnakorti frá 1920 og afmarkaði hann túnið

að stærstum hluta. Garðurinn sést enn í suðvesturenda túnsins, um 420 m suðvestan við bæ 001. Hann liggur til norðvesturs frá bakka Stóru-Laxár sem áin brýtur af.

Sléttað tún sem liggur fram á háan og brattan árbakka.

Garðurinn sést á um 120 m löngum kafla og liggur hann norðvestur-suðaustur. Hann er ógreinilegur frá árbakka á 20 m löngum kafla en er vel greinilegur þaðan og að norðvesturenda. Girt er ofan á garðinn. Hann er torfhlaðinn og er 1-1,5 m á breidd og 0,6-1 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 1, 3-4; Túnakort 1920



*Garðlag 010, horft til norðvesturs.*

**ÁR-323:011** Gunnugerði garðlag túngarður 434949 396611

„Landamerki milli Hrepphóla og Hólakots eru: Frá Stóru-Laxá og eftir túngarði [010] á Gunnugerði ...,“ segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað í sömu heimild segir: „Fyrir ofan Fremstahvamm, við landamerki Hrepphóla og Hólakots [ÁR-324], er blettur, sem heitir Gunnugerði, kennt við Guðrúnu systur Jóns. Hún hafði dálæti á þessum stað. Stykki þetta var plægt fyrst 1908 og aftur sléttað vetur síðar.“ Gunnugerði var hlaðið við tún- og landamerkjagarð 010. Búið er að slétta það í tún en ummerki um norðausturvegg þess sjást í túni um 300 m suðvestan við bæ 001 og um 80 m norðaustan við garð 010.

Sléttað tún í aflíðandi halla til suðausturs.

Útflattur garðurinn sést sem 1 m breiður hryggur í túninu. Hann er 106 m á lengd og liggur norðvestur-

suðaustur. Ekki sjást leifar af veggjum meðfram norðvesturhlið eða suðausturhlið.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 1, 9



*Gunnugerði 011, horft til suðausturs.*

**ÁR-323:012** tóft fjárhús 435431 397215

„Neðan Kotáslautar eru fjárhús, hesthús [037] og heyhlaða [042], en ekki notuð um sinn,“ segir í örnefnaskrá. Tóft af útihúsum eru 460-470m norðaustan við bæ 001, 90-100m norðaustan við Efra-Hólkot 008 og 50-60m sunnan við minkabú Ásgerðis. Hesthúsin 037 og hlaðan 042 hafa verið sléttuð. Nákvæm staðsetning þeirra er óþekkt en þau munu hafa staðið nálægt fjárhústóftum 012 sem eru 460-470m norðaustan við bæ 001, 90-100m norðaustan við Efra-Hólkot 008 og 50-60m sunnan við minkabú Ásgerðis. Ekki er hægt að segja með fullri vissu um hlutverk tóftar en af stærð að dæma kemur helst lítið fjárhús til greina.

Minjastaðurinn er neðarlega í bröttum og litlum hvammi sem nefnist Kotáslaut. Landið hallar til norðvesturs. Mikið af trjám hefur verið gróðursett í hvamminn.






*Fjárhústóft 012, horft til norðausturs.*

Tóftin er einföld, 8x3m að stærð og snýr suðvestur norðaustur. Vegghleðslurnar eru signar, um 60cm á hæð og um 1m á breidd og á kafi í grasi. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í þeim. Op er á tóftinni til suðvesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 10



*Teikning af fjárhústóft 012.*

**ÁR-323:013** heimild um kálgarð 435147 396825

„Matjurtagarðurinn lá suðaustan bæjar [001] og útihúsa. Að þremur hliðum garðsins voru þykkir og háir garðar til varnar búfé og á þá settur gaddavír, er hann fór að flytjast til landsins. Garðurinn var stunginn upp með skóflum til 1922, en þá komu til plógur og lítil tindaherfi,“ segir í örnefnaskrá. Kálgarðurinn var í brekku suðaustan við bæjarstæðið og suðvestan við kirkjugarð 002.

Búið er að slétta yfir allar byggingar á bæjarstæði og líklegt er að jarðvegi og byggingar-efni af því hafi verið ýtt niður brekkuna. Hún er grasi gróin og sléttuð.

Engin ummerki um upphlaðna kálgarðsveggi sjást lengur og hefur verið sléttað yfir þá.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 8

**ÁR-323:014** heimild um óþekkt 434923 396598

„Fyrir neðan Laxmannshól var gömul tóft, og gæti Þórarinsreitir vissulega hafa verið þar. Þegar Gunnugerði [011] var endurunnið 1939, var notuð til þess jarðýta. Skyldi hún fullslétta gerðið, svo og hálfvallinn túngarð [010], er var milli þess og Suðurtúns. Komu þá í ljós niðurfallin hús, og neðst var töluvert af grjóti, fjórar kerrur eða svo. ... Staðsetning þessa var rétt við gamla túngarðinn og 10-15 m frá rót Laxmannshóls,“ segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning niðurföllnu húsanna sem komu í ljós við túnasléttun er ekki ljós en var líklega á milli garðlaga 010 og 011, suðvestan undir Laxmannshól, um 330 m suðvestan við bæ 001.

Í sléttu túni á flata efst í túninu.

Grunn lægð er þar sem ætla má að minjarnar hafi verið en önnur ummerki sjást ekki sem

geta gefið staðsetningu þeirra til kynna. Ekki er ljóst um hvers konar minjar hefur verið að ræða. Líklegt er að þau hafi verið af útihúsum en ekki er útilokað að þarna hafi verið hjáleiga frá Hrepphólum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 3

**ÁR-323:015** *Hestaréttarbali* heimild um hesthús 434987 396745

„Lautin norður af Laxmannshól, Laxmannslaut, hefur líka verið nefnd Hestaréttarlaut. Hún var nefnd svo upp úr aldamótum og bar heiti af Hestaréttarbala, sem er norður af henni. Þar stóð þá hesthús, sem Jón man glögg eftir. Þegar Sigurður Jónsson (faðir Jóns) flutti að Hrepphólum 1883, mun hann fljótlega hafa byggt rétt og hús fyrir beitarhross, en stutt var í góða beitarhaga að vetrinum. Kirkjugestir utan af bæjum, og þá sunnan Laxár, munu hafa haft not af réttinni og húsinu. Þessi mannvirki voru flutt á Balann hjá Klettinum [sjá 003 og 021],“ segir í örnefnaskrá. Líklega var hesthúsið og réttin á balanum næst Hestaréttarlaut að norðanverðu, um 180 m suðvestan við bæ 001.

Sléttað tún. Vegur liggur um Hestaréttarlaut sem greinist í þrennt og liggur að íbúðarhúsi Stefáns Jónssonar, að kirkju 005 og að nýlegu fjósi.

Engin ummerki um hesthús eða rétt sjást norðan við Hestaréttarlaut. Mannvirkin voru flutt eins og fram kemur hér að ofan og sléttað hefur verið yfir svæðið eftir það.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 3

**ÁR-323:016** *Áveitur* örnefni áveita 434786 396906

„Suður af Fótárholti [sjá 050] voru Áveitur eftir aldamótin 20-30 ár eða svo,“ segir í örnefnaskrá. Áveitur eru á milli Fótárhólts og Stekkjarhólts 324:014 sem er að mestu leyti í landi Hólakots. Þær eru austan Skeiða- og Hrunamannavegar 30, um 340 m austan við bæ 001.

Flatlent svæði sem áður var mýrlent en hefur verið ræst fram með djúpum skurðum og er búið að rækta þar tún.

Engin ummerki sjást um áveitumannvirki vegna ræktunar. Áveitan sunnan við Fótárholt kann að hafa tengst eða verið hluti af áveitu 324:004 sem skráð er í landi Hólakots.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 20

**ÁR-323:017** heimild um fjós 435043 396726

„Austur af Hestaréttarlaut [014] er Fjóshóll. Á honum var áður fjós og heygarður, en eftir að fjósakona varð úti milli fjóss og bæjar, var fjósið flutt. Þessi vegalengd var um 120 metrar. Árið 1936 var nyrzti hluti Suðurtúns (Fjóshóll) lagfærður með jarðýtu og unninn með jarðyrkjuverkfærum. Eins og nafnið bendir til, var þar fjós, einnig hesthús [018] og heygarður [019] með fimm heystæðum,“ segir í örnefnaskrá. Þar sem Fjóshóll var er búið að reisa mjög stórt fjós.

Nýja fjósið er á flata sem grafinn hefur verið að hluta inn í aflíðandi brekku og jafnaður

hefur verið með stórvirkum vinnuvélum. Malarplan er allt í kringum það.

Engin ummerki eru um gamla fjósið vegna rasks og bygginga á svæðinu.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 4

**ÁR-323:018** heimild um hesthús 435050 396730

„Austur af Hestaréttarlaut [014] er Fjóshóll. Á honum var áður fjós og heygarður, en eftir að fjósakona varð úti milli fjóss og bæjar, var fjósið flutt. Þessi vegalengd var um 120 metrar. Árið 1936 var nyrzti hluti Suðurtúns (Fjóshóll) lagfærður með jarðýtu og unninn með jarðyrkjuverkfærum. Eins og nafnið bendir til, var þar fjós [017], einnig hesthús og heygarður [019] með fimm heystæðum,“ segir í örnefnaskrá. Þar sem Fjóshóll var er búið að reisa mjög stórt fjós.

Nýja fjósið er á flata sem grafinn hefur verið að hluta inn í aflíðandi brekku og jafnaður hefur verið með stórvirkum vinnuvélum. Malarplan er allt í kringum það.

Engin ummerki eru um hesthúsið vegna rasks og bygginga á svæðinu. Í gólfi hesthússins fannst skeifa.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 4

**ÁR-323:019** heimild um heygarð 435049 396726

„Austur af Hestaréttarlaut [014] er Fjóshóll. Á honum var áður fjós og heygarður, en eftir að fjósakona varð úti milli fjóss og bæjar, var fjósið flutt. Þessi vegalengd var um 120 metrar. Árið 1936 var nyrzti hluti Suðurtúns (Fjóshóll) lagfærður með jarðýtu og unninn með jarðyrkjuverkfærum. Eins og nafnið bendir til, var þar fjós [017], einnig hesthús [018] og heygarður með fimm heystæðum. Heygarðshleðslan var mjög efnismikil, ferhyrndur reitur, og sést glögg fyrir honum, en götur milli heystæða voru fylltar,“ segir í örnefnaskrá. Þar sem Fjóshóll var er búið að reisa mjög stórt fjós.

Nýja fjósið er á flata sem grafinn hefur verið að hluta inn í aflíðandi brekku og jafnaður hefur verið með stórvirkum vinnuvélum. Malarplan er allt í kringum það.

Engin ummerki eru um heygarðinn vegna rasks og bygginga á svæðinu.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 4

**ÁR-323:020** *Jónslaut* heimild um óþekkt 435128 396855



*Jónslaut 020, horft til aust-norðausturs.*

„Snertispöl vest-suðvestur af vesturhorni íbúðarhússins voru leifar af skeifulögðum gördum, mjög gömlum. Voru sagnir um, að þar hafi verið vígi, þ.e. ef hópur manna barðist við fáa, og höfðu þá þeir færri skeifulagaðan vegginn sér til skjóls. Þessi staður var um aldamót og lengur kallaður Jónslaut og allt þar til þessu mannvirki var rutt í burt nál. 1935,“ segir í örnefnaskrá. Staðsetning minjastaðarins er óljós en mun þó hafa verið

nálægt 10m norðvestan við bæjarstæði 001 og 30-40m vestan við Hrepphólakirkju 005.

Yfir minjastaðinn liggur akvegur og þar er einnig bílastæði kirkjugesta Hrepphólakirkju.

Minjastaðurinn hefur verið sléttaður og sér ekkert til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 4

**ÁR-323:021** *Kletthús* heimild um rétt 435148 396940

„Norður frá Hólabæli er stakur klettur, kallaður Kletturinn, og kringum hann Túnbalinn. Til hliðar við Klettinn var Kletthús, þar sem hestar kirkjufólks voru hýstir bæði sumar og vetur. Við Klettinn var stór rétt, sem tók 500 fjár. Þar var þægilegt að reka að, veggir úr húsinu á tvo vegu, svo og Kletturinn. Skjól var í réttinni í norðanátt. Bæði réttin og húsið eru horfin nú.“ segir í örnefnaskrá. Réttin er sýnd á túnakorti um 80m norð-norðaustan við bæjarstæði 001, 270m vestan við úthús 004 og sambyggð henni voru Kletthús 003.

Minjastaðurinn er í grösugu svæði fast austan við heimreið og hallar land til suðurs.

Réttin hefur verið rifin og landið sléttað, ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 4-5

**ÁR-323:022** *Kletturinn* heimild um huldufólksbústað 435144 396952

„Talin var álfabyggð í Klettinum og mikið talað um það áður.“ segir í örnefnaskrá. Kletturinn er rúma 100m norður af bæjarstæði 001, 170-180m suðvestan við íbúðarhús Breiðáss, byggt 1960 og þétt austan við heimreiðina að Hrepphólakirkju 005. Við Klettinn stóðu Kletthús 003 og rétt 021. Þá virðist mega draga þá ályktun af túnakorti Hrepphóla að túngarður 010 hafi verið byggður upp að Klettinum.

Kletturinn er stórt jarðfast bjarg, vel gróið grasi í landi sem hefur að stærstum hluta verið sléttað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 5; Túnakort 1920

**ÁR-323:023** *Hólastöðull* heimild um kvíar 435143 396985

„Hólastöðull var hjá réttinni [021]. Vegna mjaltanna var gert lítið gerði fyrir kýrnar og hlið á því af Stöðlinum og annað miklu stærra gerði neðar [025],“ segir í örnefnaskrá. Staðsetning er ekki nákvæm en Stöðullinn mun hafa verið 140-150m norðan við bæjarstæði 001 og 140-150m vest-suðvestan við íbúðarhús að Breiðási byggt 1960.

Minjastaðurinn er í sléttuðu landi.

Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 5



*Hólastöðull 023, horft til suðurs.*



**ÁR-323:024** *Litlinátthagi* heimild um náttuga 435139 396940

„Hólastöðull var hjá réttinni [021]. Vegna mjaltanna var gert lítið gerði fyrir kýrnar og hlið á því af Stöðlinum [023] og annað miklu stærra gerði neðar. Þar var kallaður Stórinátthagi [025]. Ær voru mjólkaðar þar í færivíum, gerðum úr borðum, er voru færð til eftir þörfum, stundum daglega, ef rigningar voru. Fráfærur voru síðast milli 1920 og 1930 ... Bæði Stóri- og Litlinátthagi voru sléttaðir og eru í Vesturtúni,“ segir í örnefnaskrá. Staðsetning er ekki nákvæm en Litlinátthagi mun hafa verið 140-150m norðan við bæjarstæði 001 og 140-150m vest-suðvestan við íbúðarhús að Breiðási byggt 1960.

Minjastaðurinn er í sléttuðu landi.

Minjastaðurinn hefur verið sléttaður og sér ekkert til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 5

**ÁR-323:025** *Stórinátthagi* heimild um náttuga 435102 397013

„Hólastöðull var hjá réttinni [021]. Vegna mjaltanna var gert lítið gerði fyrir kýrnar og hlið á því af Stöðlinum [023] og annað miklu stærra gerði neðar. Þar var kallaður Stórinátthagi. Ær voru mjólkaðar þar í færivíum, gerðum úr borðum, er voru færð til eftir þörfum, stundum daglega, ef rigningar voru. Fráfærur voru síðast milli 1920 og 1930 ... Bæði Stóri- og Litlinátthagi [024] voru sléttaðir og eru í Vesturtúni,“ segir í örnefnaskrá. Staðsetning er ónákvæm en Stórinátthagi mun hafa verið 160-170m norðan við bæjarstæði 001, 170-180m vestan við íbúðarhús Breiðáss byggt 1960 og um 70m norðvestan við Klettinn 022.

Minjastaðurinn er í sléttuðu landi.

Minjastaðurinn hefur verið sléttaður og sér ekkert til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 5

**ÁR-323:026** *Ullarhvammur* heimild um þvottastað 435164 396894

„Suðaustan við Klettinn er Ullarhvammur. Ull var flutt þangað til þurrkunar, eftir að Rjómaskurður kom, en við skurðinn var þvegið og skolað. Ullarhvammur er illa útlítandi nú, eftir að grafið var þar fyrir vatnslögn,“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar var Ullarhvammur norðan Hrepphólakirkju og sunnan Klettsins. Staðsetning er ekki nákvæm en Ullarhvammur mun hafa verið um 50m norðaustan við bæjarstæði 001, um 60m sunnan við Klettinn 022 og 20m norðan við Hrepphólakirkju 005.

Grösugur og nokkuð brattur hvammur.

Minjastaðurinn hefur verið sléttaður og sér ekkert til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 5; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hrepphólar

**ÁR-323:027** *Gerðin* heimild um akur 435215 396945

„Norðaustur frá Klettinum [022] eru Gerðin. Þarna voru eins konar gerði, þ.e. Þrjár samliggjandi spildur, afmarkaðar með afar gömlum gördum og garðabrotum. Gerðin öll

munu hafa verið um tveir hektarar. Hafði hvert gerði sitt nafn: Fremstagerði, Miðgerði og Norðastagerði.“ segir í örnefnaskrá. Staðsetning er ekki nákvæm en Gerðin munu hafa verið um 200m norðaustan við bæ 001, um 160m austan við Klettinn 022 og legið umhverfis haug Þorbjörns 007.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

„Þykkir veggir voru í Norðastagerði. Segir sögnin, að í Gerðunum hafi verið sáð korni til þroskunar og manneldis. Allt þetta stykki var sléttað fyrir nokkrum áratugum. Þó var látinn óhreyfður allstór haugur eða smáhóll, sem munmæli segja, að sé Haugur Þorbjörns jarlakalla, landnámsmanns í Hrepphólum. Haugurinn er í suðurhorni Norðastagerðis ...“ segir í örnefnaskrá. Ekki sjást nein ummerki eftir Gerðin en enn má sjá haug Þorbjörns 007 sem var innan Gerðanna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 5

**ÁR-323:028** heimild um traðir 435139 396940

Samkvæmt túnakorti Hrepphóla frá 1920 lágu upphlaðnar traðir frá túngarði 010 og heim að bæ 001. Lágu þær frá rétt 021 sem er við Klettinn 022, vestan Ullarhvamms 026 og að bæjarhlaðinu. I

Minjastaðurinn er í sléttuðu landi.

Ekkert sér til minja vegna vegagerðar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920



*Frá Kletthúsum og að bæ lágu traðir 028 en til þeirra sést ekki lengur. Horft til suðurs.*

**ÁR-323:029** gryfja mógrafir 436845 397444

Mógröf er 1,8 km aust-norðaustan við bæjarstæði 001, um 800m austan við Laxahjalla 006 og 240m norðvestan við Kálfhagavað 049.

Minjastaðurinn er í þýfðum móa sem einkennist af klettaholtum.

Mógröfin er 7x3m að stærð, snýr norðaustur suðvestur og er um 60cm á dýft. Hún er gróin í botninn og mjög blaut.

**Hættumat:** engin hætta



*Mógröf 029, horft til norðausturs.*

**ÁR-323:030** frásögn býli 435979 397411

„Vestur af Hjallás og suður af Stóramóa er Krosshólamýri. Ekki er vitað af hverju hún dregur nafn, en Einar Jónsson myndhöggvari frá Galtafelli, taldi að Hnúkarnir hefðu áður heitið Krosshólar,“ segir í örnefnaskrá. Sigurður Jónsson, heimildamaður, greindi frá því að umræður og vangaveltur hefðu verið um það að (Hrepp)Hólar hefðu upphaflega heitið Krosshólar og að býlið hefði verið austan við Krosshólamýri og vestan við Klaufarkjafst á

milli Grjótáss og Hjalláss (sjá Laxahjallstöft 006). Meint bæjarstæði er um 1 km suðvestan við bæ 001. Þar sjást engin ummerki um býli.



*Engar minjar um býli 030 sjást hjá Krosshólamýri, horft til vesturs.*

Búið er að rækta Krosshólamýri í tún. Mjög grýttar brekkur eru ofan/austan við mýrina og grýtt er í Klaufum þar upp af. Í Klaufarkjaftri er lítil jarðvegskeila sem myndast hefur við framburð leysingavatns og þar er heldur þröngt og aðstæður þannig að ólíklegt er að þar hafi verið býli, hvað þá heldur stórbýli. Þar sem leysingavatnið kemur niður hefur myndast gróinn flati. Leysingavatn grefur sig í gegnum keiluna og er bleyta í henni efst (austast).

Engin ummerki um búsetu sjást við austurjaðar Krosshólamýri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 17

**ÁR-323:031** heimild um brunn 435185 396825

„Brunnur var fyrir neðan kirkjugarðinn [002], en ekki þótti gott að taka vatn þar, og var því leitað að vatni annars staðar,“ segir í örnefnaskrá. Brunnurinn var um 10 m suðaustan við kirkjugarðinn og um 50 m suðaustan við bæ 001.

Brunnurinn var á flata norðvestan við hestarétt. Þar er malarvegur. Til suðausturs er flatlent mýrlendi sem hefur verið ræst fram.

Engin ummerki um brunn eða uppsprettu sjást þar sem brunnurinn var. Stefán Jónsson, heimildamaður, mundi ekki hvort brunnurinn hefði verið hlaðinn en hann hafði drukkið vatnið úr honum og þótt það gott.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 7

**ÁR-323:032** *Heimabrunnur* heimild um brunn 435133 396810

„Brunnur [031] var fyrir neðan kirkjugarðinn [002], en ekki þótti gott að taka vatn þar, og var því leitað að vatni annars staðar. Leitað var eftir vatni 1906-1907 (?) á hlaðinu framan við gripahúsin (fjós og hesthús), í skúr suðvestan við heyhlöðuna [gert er ráð fyrir því að þessi hús hafi verið á bæjarhólnum og ekki skráð sérstaklega],“ segir í örnefnaskrá. Að sögn Stefáns Jónssonar, heimildamanns, var Heimabrunnur ofarlega í brekku suðvestur af kirkjugarðinum, um 40 m sunnan við bæ 001 og um 50 m VSV við brunn 031.

Grasi gróin brekka en vegarslóðar eru suðvestan við hana og útihús lengra til suðvesturs.

„Brunnurinn varð 32 fet á dýpt, þar af 15 fet í klöpp, og kom þá gott og vel kalt vatn, en mikið verk var þetta. ... Jón kallaði brunninn Brunninn á hlaðinu, en hann var líka kallaður Heimabrunnur og Djúpibrunnur,“ segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er horfinn vegna fyllingar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 7

**ÁR-323:033** heimild um brunn 435158 396798

„Árið 1919 var fenginn maður úr Skaftafellssýslu til að athuga í Árnassýslu um að leiða sjálfrennandi vatn með því að nota vatnshrút. ... Brunnur var tekinn vestast í djúklasanum fyrir neðan hrútakofann [034], er var í suðurhorni matjurtagarðsins [013],“ segir í örnefnaskrá Brunnurinn var neðst í brekku á milli tveggja bragga um 60 m suðaustan við bæ 001.

Malarvegur liggur á milli bragganna og hefur orðið nokkurt rask í kringum þá, ekki síst vegna vegagerðar.

Í örnefnaskrá segir einnig: „Vatni var veitt úr brunnum á eins metra dýpi niður í Miðhvamminn, en það var sex feta fallhæð og mjög hagstæð aðstaða. Aðrennslisrörið var 1 1/4 tommu, en rörið heim í fjóstunnu 1/2 tommu. Ekki mátti skrúfa fyrir vatnið, þ.e. frárennslið frá vatnshrútnum, því að þá stoppaði hann og fór ekki í gang aftur sjálfkrafa. Var því sett lok á tunnuna og rök úr henni (afrennsli) efst og í Brunninn á hlaðinu [032].“ Ekki sjást skýr ummerki um þennan brunn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 7

**ÁR-323:034** heimild um hrútakofa 435146 396796

„Árið 1919 var fenginn maður úr Skaftafellssýslu til að athuga í Árnassýslu um að leiða sjálfrennandi vatn með því að nota vatnshrút. ... Brunnur [033] var tekinn vestast í djúklasanum fyrir neðan hrútakofann, er var í suðurhorni matjurtagarðsins [013],“ segir í örnefnaskrá. Hrútakofinn var að líkindum um 50 m SSA við bæ 001, framan við efri braggann af tveimur sem eru á flatlendi neðan við brekkuna suðaustan við bæ.

Þar sem ætla má að hrútakofinn hafi verið er malarplan og er stallur niður af því til suðausturs.

„Kofinn var ætlaður fyrir fjóra hrúta og voru nál. 50 cm breiðar jötur meðfram hliðarveggjum. ... Hrútakofinn var örugglega mjög gamall, með litlum strompi, litlum glugga í fremstu sperru og rammgerðri hurð á sterkum lömum, er féll inn í kofann,“ segir í örnefnaskrá. Engin ummerki sjást um hrútakofann og hefur hann horfið vegna sléttunar eða byggingaframkvæmda.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 7

**ÁR-323:035** heimild um draug 435558 397543

Í Rauðskinnu er saga um draug sem ætlaði að drepa prestinn í Hrúna en var yfirbugaður í Vöðlum og hjaðnaði þar eins og froða. Að sögn Sigurðar Jónssonar, heimildamanns, var þessi staður í pytti sem nú er kominn í skurð í Vöðlum um 800 m norðaustan við bæ 001.

Pytturinn var í horni í skurði fast suðaustan við veg sem liggur í malarnámu norðaustan við Vöðlana.

Búið er að gera skurði um alla Vöðla til að ræsa fram og rækta tún. Enginn pyttur sést en froða er í skurðinum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Rauðskinna IV ‘Saga frá Hrepphólum’, 114-116



**ÁR-323:036** Þvottahvammur heimild um þvottastað 435066 396551

„Þvottahvammur er næstur Fjósahvammi [dregur nafn sitt af fjósi 017]. Þar var þveginn þvottur og einnig ull, áður en Rjómaskurður kom,“ segir í örnefnaskrá. Þvottahvammur er á milli Fremstahvamms og Fjósahvamms, um 310 m sunnan við bæ 001.



*Þvottahvammur 036, horft til suðausturs.*

Í Þvottahvammi er allbreiður bakki neðan túns. Norðarlega á honum er grunnt vik inn í túnjaðarinn. Þar er líklega uppspretta ef marka má þann mikla græna gróður sem þar vex innan um mosa og sinu.

Ætla má að þvottur hafi verið þveginn við meinta uppsprettu en engin greinanleg mannaverk eru á svæðinu og ekkert vatn sést á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 9

**ÁR-323:037** heimild um hesthús 435431 397215

„Neðan Kotáslautar eru fjárhús [012], hesthús og heyhlaða [042], en ekki notuð um sinn,“ segir í örnefnaskrá. Líkleg tóft af fjárhúsum 012 er á minjasvæðinu en hesthúsin og hlaðan 042 hafa verið sléttuð. Nákvæm staðsetning þeirra er óþekkt en þau munu hafa staðið nálægt fjárhústóftum 012 sem eru 460-470m norðaustan við bæ 001, 90-100m norðaustan við Efra-Hólkot 008 og 50-60m sunnan við minkabú Ásgerðis.

Minjastaðurinn er neðarlega í bröttum og litlum hvammi sem nefnist Kotáslaut. Landið hallar til norðvesturs. Mikið af trjám hefur verið gróðursett í hvamminn.

Minjastaðurinn hefur verið sléttuður og sér ekkert til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 10

**ÁR-323:038** Hnúkahús tóft+garðlag beitarhús 436070 397192

„Skógarskarð liggur á milli Skógarholts og Klifs. Klifið er töluvert hátt, hærra en Skógarholt. Var farið um Klif á Hnúkahúsin, og var lagður vagnvegur [039] til að keyra heim



*Hnúkahús 038A, horft til norð-norðvesturs.*



*Garðlag 038B hjá Hnúkahúsum, horft til vesturs.*

skán,“ segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: „Suðaustan í Hjallás [sjá 006] eru Hnúkahús, tvö fjárhús, sem notuð voru til 1950. Hús þessi eru mjög gömul með þykkjum veggjum, og standa tóftir þeirra enn. Í veggjunum eru í bland bjargstórir hleðslusteinar.“ Hnúkahús eru á hjalla milli Hjalláss [sjá 006] og malarvegar sem liggur í stuðlabergsnámu, um 1 km austan við bæ 001 og 540 m vestan við stekk 044.

Tóftin er í litlu túni sunnan undir alláum og grýttum ás eða holti. Túnið er í brekku sitt hvoru megin við tóftina en nokkuð flatlent er framan við hana. Klóelfting vex á tóftinni.

Lágur torfgarður afmarkar túnið sem tóftin er í. Hann er meðfram SSA-hlið og VSV-hliðum túnsins og afmarkar svæði sem er um 22x70 m að stærð og snýr VSV-ANA. Garðurinn er 0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Girt var ofan á garðinn. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og er hún 15x16 m að stærð, snýr NNV-SSA í henni eru fjögur hólf. Í suðurhluta tóftarinnar eru hólf I og II sem eru samsíða og snúa NNV-SSA. Op er á þeim til SSA og eru þau bæði 8x3 m að innanmáli. Garði er í hólf II sem er vestan við hólf I. Hann er 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Garði er líka í hólf I en hann sést illa vegna þekjunnar sem hrunið hefur ofan í hólfid. Stór, niðurgrafin hlaða IV er aftan við hólf I og II, í norðurhluta tóftarinnar. Hún snýr þvert á hólf I og II og er 7x2,5 m að innanmáli. Hlaðan er nokkuð samansigin og talsvert grjóthrun er úr veggjum. Op er inn í hlöðuna úr hólfum I og II. Hólf III er VSV við hólf II. Það er 2x1,5 m að innanmáli og op er á því á VSV-hlið. Mesta hæð veggja utanmáls í tóftinni er 1,5 m og mest sjást 6 umfór innanmáls.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 10, 13

**ÁR-323:039** vegur leið 435860 397099

„Skógarskarð liggur á milli Skógarholts og Klifs. Klifið er töluvert hátt, hærra en Skógarholt. Var farið um Klif á Hnúkahúsin [038], og var lagður vagnvegur til að keyra heim skán,“ segir í örnefnaskrá. Leiðin sést fyrst skammt frá Hnúkahúsum og er rudd á köflum. Hún liggur til suðvesturs í átt að bæ 001.

Leiðin liggur um ása og holt, víðast gróin svæði.



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af hnúkahúsum 038*



*Leið 039, horft til suðausturs.*

Veginum var fylgt á um 440 m löngum kafla frá Hnúkahúsum og að túnnum í kringum bæinn. Þar sem vegurinn er ruddur er hann um 2 m á breidd innanmáls, gróinn að hluta. Þar sem vegurinn er ekki ruddur eru ýmist hjólför eða götupaldrar. Eftir því sem nær dregur bæ verður vegurinn breiðari, sér í lagi þar sem vegurinn liggur í sveig um Klifið þar sem gerður hefur verið sneiðingur í hlíðina.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 10

**ÁR-323:040** *Háholtsvað* heimild um vað 436006 396553

„Pyttur í ánni fyrir austan Matseld heitir Matseldarauga. Þar fyrir neðan er Háholtsvað,“ segir í örnefnaskrá. Háholtsvað er vað á Stóru-Laxá á leið 681:020. Það er rúma 900m aust-suðaustan við bæjarstæði 001 og um 750m sunnan Laxahjalla 006.

Vaðið er í opnum hvammi og eru flatir breiðir bakkar á ánni.

Áin er breið á þessum stað en sennileg nokkuð straumbung. Vaðið ætti þó að vera gott og uppkoman hæg. Götur 054 liggja að vaðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 12

**ÁR-323:041** frásögn rétt 435019 396935

Samkvæmt Stefáni Jónssyni, heimildamanni, var hestagerði 140-150m norðvestan við bæjarstæði 001 og 70-80m norðvestan við íbúðarhús á Hrepphólum byggt 1990.

Minjastaðurinn er í sléttuðu túni.

Minjastaðurinn hefur verið sléttaður og sér ekkert til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-323:042** heimild um hlöðu

„Neðan Kotáslautar eru fjárhús [012], hesthús [037] og heyhlaða, en ekki notuð um sinn,“ segir í örnefnaskrá. Líkleg tóft af fjárhúsum 012 er á minjasvæðinu en hesthúsin 037 og hlaðan hafa verið sléttuð. Nákvæm staðsetning þeirra er óþekkt en þau munu hafa staðið nálægt fjárhústóftum 012 sem eru 460-470m norðaustan við bæ 001, 90-100m norðaustan við Efra-Hólkot 008 og 50-60m sunnan við minkabú Ásgerðis.

Minjastaðurinn er neðarlega í bröttum og litlum hvammi sem nefnist Kotáslaut. Landið hallar til norðvesturs.

Ekkert sér til minja vegna sléttunnar eða annara framkvæmda.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 10

**ÁR-323:043** *Borgardalur* örnefni 436224 397328

„Ef haldið er áfram austur veginn, er næst farið neðan Borgardals. Hann er eins og stórt leiksvið, opið til suðausturs. Á bak við hann er Borgarháls,“ segir í örnefnaskrá. Örnefnið

Borgardalur bendir til þess að þar sé eða hafi verið fjárborg. Dalurinn er um 200 m norðaustan við Hnúkahús 038 og 1,2 km norðaustan við bæ 001.

Borgardalur er brattur og fremur þröngur dalur. Malarvegur sem liggur að stuðlabergsnámu liggur þvert í gegnum hann, neðarlega. Neðan við veginn er mikil mýri. Dalurinn er að mestu leyti gróinn og grösugur og er gott skjól í honum.

Engar tóftir eru sýnilegar í Borgardal og hafði Stefán Jónsson, heimildamaður, ekki heyrt að þar hefðu nokkurn tímann verið tóftir. Nafnið kann að vera dregið af klettaborgum en einnig getur verið að hann dalurinn hafi fengið nafnið vegna þess hve skjólgóður hann er og því getað verið skýli fyrir útigangsbúfenað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 13


**ÁR-323:044** *Stekkjartún* tóft stekkur 436583 397352

„Borgarháls [sjá 043] er grasi vaxin klettarami, sem tengir saman Hjallás [sjá 006] og þann næsta af Hnúkunum, Vatnsás. .... Sunnan í Vatnsás er Stekkjartún í brekku móti austri (Gamla Stekkatún). Þarna voru tóftir, en vegurinn hefur verið lagður þar um, og óvíst er, að tóftirnar sjáist enn,“ segir í örnefnaskrá. Stekkjartóftin sést enn en vegurinn liggur yfir suðausturenda hennar. Tóftin er um 1,5 km norðaustan við bæ 001.

Stekkurinn er í halla til suðausturs og er Stekkjartúnið beggja vegna við malarvegin sem liggur að stuðlabergsnámu og er það í talsverðum halla. Umhverfið einkennist af holtum og ásum og inn á milli þeirra eru blaut mýrarsund.

Stekkurinn er tvískiptur og er um 14x8 m að stærð. Hann snýr norðvestur-suðaustur og er hlaðinn úr torfi og grjóti. Bæði hólfín í tóftinni snúa eins og hún. Norðvestast í tóftinni er hólf I sem er 5x1,5 m að innanmáli, op er á því til suðausturs. Hólfið mjókkar lítillega í

miðju þar sem suðvesturlangveggur bungar inn og kann þar að hafa verið skipting en líklegra er að það sé hrun úr veggnum. Í þessu hólfi sjást 2 umför innanmáls og veggir eru 0,5 m á hæð. Norðvesturendi hólfins er illa farinn vegna umferðar fjár yfir hana en tvær fjárgötur liggja yfir hana þar. Hólf II er við austurhorn á hólfi I. Það er eingöngu grjóthlaðið og er 7x3 m að innanmáli. Ekki sést op á því en malarvegurinn



Uppdrátturinn sýnir teikningu af stekkjartóft 044.

Stekkjartún 044, horft til suðausturs.




neðan við tóftina hefur raskað suðausturvegg hólfsins þar sem kann að hafa verið op. Hleðslur í hólfi II eru útflattar og eru 0,2 m á hæð og mikið af grjóti hefur hrunið inn í hólfið úr suðvesturlangvegg.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 13-14

**ÁR-323:045** *Hellisstekkur* hellir stekkur 436623 397408

„Borgarháls [sjá 043] er grasi vaxin klettarmi, sem tengir saman Hjallás [sjá 006] og þann næsta af Hnúkunum, Vatnsás. .... Sunnan í Vatnsás er Stekkjartún [044] í brekku móti austri (Gamla Stekkatún). Þarna voru tóftir, en vegurinn hefur verið lagður þar um, og óvíst er, að tóftirnar sjáist enn. Hár klettur, á að gizka 15 metrar á hæð, skagar austur úr Vatnsás. Undir honum er Hellisstekkur. ... Neðst á klettinum er Stekkjarnef, sem snýr til suðausturs. Undir nefinu er skúti, Hellisstekkurinn, og frá honum brött túbrekka. Nafnið hellisstekkur getur jafnvel átt við neðsta nefið á klettinum einnig. Í skútanum er mjög líklegt, að ærnar hafi verið byrgðar þann hálf mánuð, sem lömbin voru látin „hlaupa um stekk“,“ segir í örnefnaskrá. Meintur Hellisstekkur er um 70 m norðaustan við stekk 044, beint upp af lítilli en alldjúpri tjörn. Malarvegur sem liggur að stuðlabergsnámu liggur á milli hellis og tjarnar.



*Uppdrátturinn sýnir teikningu Hellisstekk 045*



*Hellisstekkur 045, horft til suðvesturs.*

Hellisuskútinn er neðst í miklum berghamri og er 3 m breið silla framan við hann og svo snarbrött brekka, um 6 m löng. Hún er grasi gróin. Á milli stekkjara 044 og hellis eru grjótskriður.

Hellisuskútinn er lítill og grunnur eða 3x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Er hann eini staðurinn sem kemur til greina sem Hellisstekkur á svæðinu. Framan við skútann til suðausturs er jarðlægt og gróið grjót. Mögulega er það úr hleðslu framan við skútann en einnig kann það að hafa hrunið úr berginu. Grjótið er á svæði sem er 6x3 m að stærð, frammi á brekkubrun. Skútinn virðist ekki nógu stór til að geta rúmað margar ær og er mögulegt að Hellisstekkur sé ekki skráður á réttum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 13-14

**ÁR-323:046** Stekkjarnefsgata heimild um leið 436635 397364

„Við Helligsteck [045] er smalagata, Stekkjarnefsgata.“ segir í örnefnaskrá. Stekkjarnefsgata er að öllum líkindum partur af lengri leið sem enn er notuð og liggur hún suðvestan frá bæjarstæði 001 milli Stóru-Laxár og Hólahnjúka og að stekk 045. Þessi leið klofnar við suðvesturhorn Vatnsáss, liggur neðri leiðin (047) til austurs og svo til suðurs að Kálfhagavaði 049 en hin 048 liggur upp til norðurs þar til hún sameinast annarri leið 681:021 sem sýnd er á Herforingjaráðskorti frá 1910.

Göturnar liggja samsíða og undir akfærum vegi.

Göturnar eru u.þ.b. 5 talsins, á 2-4m breiðu belti. Þær eru grónar, um 30-40cm djúpar og um 30cm breiðar. Hægt er að rekja leiðina á um 350m löngum kafla.

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 14; Herforingjaráðskort 47 1910



*Stekkjarnefsgata 046, horft til norðurs.*

**ÁR-323:047** gata leið 436999 397529

„Gatan, sem farið er eftir, skiptist við suðvesturhorn Vatnsáss. Sú til hægri liggur niður í Kálfhaga. Þegar komið er sömu leið, er vinstri beygjan tekin.....Einnig er hægt að fara á hesti þvert yfir Kálfhagaholt eftir hestagötu, sem þar á að vera, því að mikil lægð er nálægt miðju holtisins,“ segir í örnefnaskrá. Götunni sem hér er lýst liggur til suðvesturs frá bæjarstæði 001 milli Stóru-Laxár og Hólahnjúka. Hún klofnar við suðvesturhorn Vatnsáss og liggur til austurs og svo til suðurs að Kálfhagavaði 049 en hin 048 liggur upp til norðurs þar til hún sameinast annarri götu 681:021 sem sýnd er á Herforingjaráðskorti frá 1910. Hún er 1,7km frá bæjarstæði 001 og um 750m aust-norðaustan við Laxahjall 006.

Gatan liggur milli lágra klettaholta niður að Stóru-Laxá.

Ruddur vegur hefur verið gerður ofan í göturnar en þar sem þær sjást eru þær í mesta lagi 3 og grónar í botninn. Þær liggja frekar þétt saman á 1-2m breiðu svæði, um 30cm á beidd og um 10cm á dýpt. Hægt var að rekja slitrur af þeim á um 650m laöngum kafla.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 14



*Leið 047, horft til norðvesturs.*

**ÁR-323:048** gata leið 436709 397720

„Gatan, sem farið er eftir, skiptist við suðvesturhorn Vatnsáss. Sú til hægri liggur niður í Kálfhaga. Þegar komið er sömu leið, er vinstri beygjan tekin.....Einnig er hægt að fara á hesti þvert yfir Kálfhagaholt eftir hestagötu, sem þar á að vera, því að mikil lægð er nálægt miðju holtisins,“ segir í örnefnaskrá. Götunni sem hér er lýst liggur til suðvesturs frá bæjarstæði 001

milli Stóru-Laxár og Hólahnjúka. Hún klofnar við suðvesturhorn Vatnsás, liggur neðri leiðin 047 til austurs og svo til suðurs að Kálfhagavaði 049 en hin 048 liggur upp til norðurs þar til hún sameinast annarri götu 681:021 sem sýnd er á Herforingjaráðskorti frá 1910. Leiðin er rúmlega 1,7 km norðaustan við bæjarstæði 001 og um 450m norðvestan við Kálfhagavað 049.

Leiðin liggur um móa undir brekkurótum Hólahnjúka.

Göturnar eru grónar, í mesta lagi 3 og allar grónar í botninn. Þær liggja frekar þétt saman á 1-2m breiðu belti, um 30cm á beidd og um 10cm á dýpt. Hægt er að rekja hana á 850m löngum kafla eða svo til alveg þar til hún sameinast götu ÁR-681:021.

**Hættumat:** hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 14; Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-323:049** *Kálfhagavað* heimild um vað 437019 397280



*Kálfhagavað 049, horft til norðvesturs.*

„Kálfhagi er vallendi við ána [Stóru-Laxá] og liggur móti austri...Kálfhagaklettur er hringlagaður, gróinn og u.þ.b. sex til átta metra hár klettur, sem stendur á brúninni, þar sem Laxá rennur niður í Ófærustreng ... Ofan við Ófærustreng er Kálfhagavað ...“ segir í örnefnaskrá. Kálfhagavað er austan Vatnsás, tæpa 2 km austan við bæjarstæði 001 og um 950m austan við Laxahjall 006. Leiðin og vaðið mun hafa nýst þeim sem ætluðu að Hlíð og Hlíðargerði og lengra norður austan Laxár.

Nokkur halli er á landinu beggja vegna árinna en áin er slétt og breið.

Gott brot er á ánni og því ætti vaðið að vera ágætt. Lágir bakkar eru beggja vegna og því ætti yfirreiðin að vera frekar hæg. Leið 047 liggur að vaðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 14-15

**ÁR-323:050** *Fótarholt* heimild um fjárhús 434822 397398

„Suður af Krókunum er Fótarholt fyrir vestan þjóðveginn á móti veginum heim að bænum. ... Á Fótarholti hafa lengi verið fjárhús. Þar eru nú nýlega byggð fjárhús fyrir 400 fjár,“ segir í örnefnaskrá. Fótarholt er um 630 m norðvestan við bæ 001, austan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30. Þar eru stór fjárhús og hlaða í bragga.

Fótarholt fær nafnið af lögun sinni. Það er lítið og lágt holt. Mikið rask hefur orðið á því vegna bygginga og annarra framkvæmda. Umhverfis holtið eru framræstar mýrar sem hafa verið ræktaðar í tún.

Engin ummerki sjást um beitarhús á holtinu og hafa þau vafalaust horfið vegna byggingaframkvæmda.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 19

**ÁR-323:051** *Vöðlabrú* heimild um brú 435618 397453

„Um Vöðla lá gamli vegurinn [681:024], sem gerður var 1907, og brú var gerð yfir vatnið í Vöðlunum, sem kölluð var Vöðlabrú. Hún var norðan við Kotás [sjá 008]. Stöplar brúarinnar voru úr grjóti og byggt með kökkum,“ segir í örnefnaskrá. Brúin var austarlega í Vöðlunum, um 750 m norðaustan við bæ 001.

Vöðlarnir voru áður blaut mýri en búið er að ræsa hana fram og rækta.

Malarvegur liggur yfir Vöðlabrú og sést hún ekki lengur af þeim sökum. Vegurinn liggur norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 17



*Vöðlabrú 051, horft til suðvesturs.*

**ÁR-323:052** heimild um ristu 435297 397357

„Suður af Vöðlunum voru Torfflatir, sem B[rynjúlfur].J[ónsson]. aðgreinir í Innri- og Fremri-Torfflöt. Þar var þurrkað torf, sem skorið var í Vöðlunum og haft á hey,“ segir í örnefnaskrá. Vöðlarnir eru stórt svæði um 700 m norðaustan við bæ 001. Það var mýrlent en hefur verið þurrkað og ræktað. Nýbýlið Ásgerði er á Langabakka sunnan við Vöðlana.

Mikið raks hefur orðið á svæðinu vegna jarðræktar og trjáræktar.

Engin ummerki um torfristu sjást vegna ræktunar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 17

**ÁR-323:053** heimild um mógrafir 433428 399267

„Mótak var hjá Höfða, sem áður var undir Sóleyjarbakka, en nú tilheyrir Höfði Hrepphólum,“ segir í örnefnaskrá. Gryfja sem er við Höfða er tæpa 3km norðvestan við bæjarstæði 001, um 680m norðvestan við Villu 009 og um 1,6 km norður af tóft ÁR-325:012 í landi Sóleyjarbakka.

Landið hallar bratt til suðurs að Miðfellsgili.

Gryfjan er 5x5m að stærð og um 2m á dýft. Öll gróin grasi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 18



*Mótak 053, horft til norðurs.*



ÁR-323:054 gata leið 435432 396725

„Læmið gengur í gegnum Eyrarnar, þegar mikið er í ánni. ... Gvendarhvammsklettur er niður við Læmið. Nef gengur út úr Gvendarhvammi, og er farið yfir það, þegar gatan er farin ... Á árum áður var reiðgata úr Gvendarhvammi ofan Gvendarhvammskletts, niður allbratta skriðu og þar yfir Læmið. Er þessi gata nú góður bílvegur,“ segir í örnefnaskrá Hrepphóla.



Leið 054, horft til suðurs.

Leiðin sést á stuttum kafla þar sem hún liggur niður af háum árbakka á flatar eyrar niður við Stóru-Laxá að Háholtsvaði 040.

Leiðin sést í þýfðum móa á bröttum árbakka. Flatlendar, grónar eyrar eru neðan við hann til suðurs og austurs. Bíslóði á sömu leið er vestan við leiðina og liggur hann einnig niður á eyrarnar. Malarvegur er fast norðan við þann hluta leiðarinnar sem enn sést. Hann liggur að stuðlabergsnámu.

Á svæði sem er um 80x35 m að stærð og snýr norður-suður er djúp gata sem hefur grafist niður og ruddur vegur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Gatan A er austast á

svæðinu. Hún er 60 m löng og liggur frá norðri til suðausturs. Gatan er 1-1,5 m á dýpt. Neðst er hún 0,5 m á breidd og breiðkar upp á við. Gatan stefnir fram af snarbröttum bakkanum en breytingar hafa orðið á honum vegna rofs og vegagerðar. Samhliða götunni að vestanverðu er ruddur vegur B. Hann liggur úr norðri og beygir til suðvesturs. Vegurinn liggur um lægri og meira aflíðandi brekku en gatan. Vegurinn er gróinn og er farinn af búfénaði. Frá suðausturenda götu A liggja ógreinilegar götur til suðvesturs á veg B.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 13



# ÁR-324 Hólakot

ÁR-324:014 stekkur

ÁR-324:015 stekkur

ÁR-324:016 óþekkt

ÁR-324:004 áveita

ÁR-324:003 stekkur

ÁR-324:007 traðir

ÁR-324:001 bústaður

ÁR-324:012 óþekkt








ÁR-324:008 tungarður

ÁR-324:009 brunnur

ÁR-324:005 áveita

ÁR-324:006 útihús

## Slýringar


-  bæjarhöll
-  horfimi minjastaður
-  tóft
-  gömul bygging sem stendur enn
-  tungarður skv. túnakorti
-  mörk túns skv. túnakorti
-  garðlög eða leiðir

metrar

0

250

500





## ÁR-324 Hólakot

Hjáleiga Hrepphóla 1709, þá nefnd Syðra-Hólakot. JÁM II, 235.

1920: Tún 4 ha, um 1/2 slétt, garðar 10,7 arar. „Jörðin er meðaljörð að landrými og nokkuð jafnt um þurrlendi og votlendi. Landið er allt grasi gróið, og sumarhagar eru góðir. Vetrarheit var allgóð, meðan stunduð var. Engjar voru sæmilegar. Ræktunarland er gott, á auðunni þurrlendi, einnig á framræstu mýrlandi.“ SBI, 284



Bæjarstæði Hólakots 001, horft til norð-norðausturs.

### ÁR-324:001 Hólakot bæjarhóll bústaður 434841 396274


Bæjarstæði Hólakots er um 650 m suðvestan við Hrepphóla 323:001 og um 50 m austan við núverandi íbúðarhús, byggt 1960, sem er neðar í túninu.

Á bæjarstæðinu er steinsteypt húsasamstæða, útihús, hlaða og gamalt íbúðarhús, suðvestan við lága og afliðandi brekku eða hrygg efst í gamla heimatúninu.

Ekki sést afgerandi hólmyndun á bæjarstæðinu. Þó er jarðvegsstallur sem gengur til suðausturs frá hlöðugafli. Hann er 15 m á lengd og 10 m á breidd. Hlaðan er frá 1972 og var hún byggð inn í stallinn. Halldóra Ásmundsdóttir, heimildamaður, vissi ekki hvort komið hefðu upp hleðslur, gripir eða aska við þá framkvæmd. Bæjarröðin hefur haft sömu stefnu og húsin sem standa á bæjarstæðinu, norðvestur-suðaustur og snúið göflum til suðvesturs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920



Uppdrátturinn hér að ofan er nákvæm endurgerð af túnakorti Hólakots frá 1920 en á það hefur verið bætt viðeigandi fornleifanúmerum. Skyggði flöturinn táknar bæjarhólinn. Heilar línur umhverfis túnið táknar túngarð.

### ÁR-324:002 Hólastrengir heimild um vað 434421 395471

Í lista yfir örnefni í landi Hólakots er nefnt vaðið Hólastrengir. Staðsetningu þess er ekki lýst. Halldóra Ásmundsdóttir, heimildamaður, taldi það vera sama og Hólavað 013 en það vað er merkt inn á örnefnakort af jörðinni en nokkru ofar með ánni en Hólastrengir. Gengið er út frá því að um tvo staði sé að ræða og er því Hólavað skráð sérstaklega. Vaðið um Hólastrengi er á Stóru-Laxá um 900 m suðvestan við bæ 001 á leið 018 suður að Skarði ÁR-283 í



Gnúpverjahreppi.

Farið er af ógrónum áreyrum í landi Hólakots og er stefnt í skarð inn í háa og bratta bakka í landi Skarðs. Áin dreifir vel úr sér í Hólastrengjum og rennur í mörgum álum milli sandeyra.

Engin ummerki um umferð sjást við vaðið enda breytir áin sér eflaust mikið á eyrunum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hólakot BJ, 110

**ÁR-324:003** *Stekkatún* örnefni stekkur 434316 396525

Í Stekkatúni eru fjárhús. Að sögn Halldóru Ásmundsdóttur, heimildamanns, voru eldri fjárhús á sama stað sem hafa verið rifin. Þau voru hlaðin úr torfi og grjóti. Líklega hefur stekkur sem túnið dregur nafn sitt af verið á sama eða svipuðum stað og fjárhúsin síðar meir. Ekki er útilokað að Stekkatún dragi nafn sitt af stekk í Stekkjarholti 014 sem er um 200 m norðaustar.

Gamalt tún sem komið er í órækt. Svæðið í kringum fjárhúsin sem standa er nýtt fyrir hrossabeit. Malarvegur liggur að fjárhúsunum.

Engar minjar um stekk eða gömul fjárhús sjást í Stekkatúni.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hólakot BJ, 110

**ÁR-324:004** *Áveita* garðlag áveita 434462 396664



Hér sést eitt af garðlögum sem tilheyra áveitu 004. Horft til suðausturs.



Lofmyndin sýnir umfang og afstöðu garðlaga í áveitu 004.

Áveitusvæði er á merkjum móti Hrepphólum ÁR-323, vestan við Stekkjarholt 014 í svokölluðu Sundi. Það er merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar. Innan þess eru mógrafir sem skráðar eru með áveitunni.

Flatlend, smápýfð mýri.

Á svæði sem er um 250x200 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur eru áveitugarðar, tvær mógrafir og einn skurður. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar. Þrír torfhlaðnir garðar eru samsíða og liggja norðvestur-suðaustur. Um 75 m eru á milli garða A og B en 140 m eru á milli garða B og C. Garðar A og B eru 0,8-1,2, m á breidd og 0,5-0,7 m á hæð. Garður C er 1 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Hann er beinni en hinir garðarnir. Norðvestan við garða A og B er siginn garður D sem er mjög ógreinilegur og kann að vera eldri en hinir. Hann er um 100 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Einn greinanlegur skurður E liggur þvert á garð A. Hann er um 60 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er samansiginn og er 0,4 m á breidd og 0,5 m á hæð. Á milli garða A og B eru tvær mógrafir. Þær eru grunnar og þurrar en dýpstar eru þær um 0,3 m. Mógröf F er

norðvestast á svæðinu. Hún er um 50x24 m að innanmáli og snýr norður-suður. Mógröf G er um 90 m suðaustar og er 80x24 að innanmáli og snýr norður-suður. Hún mjókkar til suðurs.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hólakot

**ÁR-324:005** Áveita garðlag áveita 433613 396025

Mikil áveitumannvirki eru í Áveitu um 1,3 km vestan við bæ 001 en vatni var veitt úr Stóru-Laxá í skurði frá bæ og á þessar grónu eyrar. Örnefnið Áveita er merkt inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar.

Flatlendar grónar eyrar á milli Hólakotsbríkar og vegar að Birtingaholti ÁR-326. Eyrarnar eru smábýfðar og vaxnar grasi og mosa.


Áveituskurðurinn sem notaður var til að veita vatni úr Stóru-Laxá á áveituna er um 200m suðvestan við bæ 001 og um 450 m austan við áveitusvæðið. Hann sést á um 300 m löngum kafla þar sem hann liggur eftir flatlendinu neðan við háa brekku. Skurðurinn er 4-6 m breiður og um 0,3 m djúpur, allur grasi gróinn. Skurðurinn er austan við Skeiða- og Hrunamannaveg 30 og hverfur á bak við sumarbústaði áður en kemur vestur að veginum. Áveitan er á svæði sem er um 500x320 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Svæðið hefur líklega náð lengra til suðausturs en í suðausturjaðri þess er búið að rækta tún. Mest er um torfhlaðna garða sem eru 0,4-0,6 m á breidd og 0,3-0,5 á hæð. Nærri norðausturenda svæðisins er breiður skurður sem er 275 m á lengd og allt að 2-3 m á breidd. Hann er samansiginn og gróinn og er ekki dýpri en 0,2-0,3 m. Annar skurður liggur nærri suðausturjaðri svæðisins. Hann er um 380 m á lengd og liggur í nokkrum hlykkjum frá suðvestri til norðausturs. Hann er 0,4 m á breidd og dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hólakot



Áveita 005, horft til norðausturs.



Loftmyndin sýnir umfang og afstöðu garðlaga í áveitu 005

**ÁR-324:006** tóft útihús 434790 396160

Tóft er 120-130m suðvestan við bæjarhól 001. Tóftin er rétt utan við tún og 25m norðan við brunn 009.

Tóftin er byggð inn í brekku sem liggur til suðausturs undir sléttuðu túni. Garðlag 008 sem liggur framan við tóftina sunnan megin er að öllum líkindum túngarður. Tóftin hefur því staðið innan túns og hefur sennilega verið einhvers konar útihús.


Tóftin er 9x4m að stærð og snýr svo til í austur og vestur. Vegghleðslurnar sem eru allar á kafi í grasi og mosa eru mjög voldugar. Þær eru um 1m á hæð og um 2m á breidd en ekkert



*Tóft af útihúsi 006, horft til suðvesturs.*

hleðslugrjót er hægt að greina í veggjunum. Tóftin er tvískipt og er eystra hólfíð mun skýrara en það vestara.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Uppdrátturinn sýnir teikningu af tóft 006 og afstöðu hennar við tóngarð 008.*

**ÁR-324:007** heimild um traðir 434842 396334

Á túnakorti frá 1920 sést að traðir lágu frá bæ til NNV í átt að Hrepphólum ÁR-323. Þær lágu undir löngum hólhrygg, þeim sama og gamli bærinn 001 var undir.

Sléttað tún.

Engin ummerki um traðirnar sjást og hafa þær verið sléttaðar í tún.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-324:008** garðlag túngarður 434752 396156



*Túngarður 008, horft til austurs.*

Garðlag sem liggur frá norðaustri til suðvesturs sunnan túns er að öllum líkindum leifar af túngarði. Það er 60-150m sunnan við bæjarhól 001, u.þ.b. 90m vestan við Stóru-Laxá. Tóft af útihúsi 006 er þétt norðan við garðlagið.

Garðlagið er á frekar þröngum hjalli í miðri brekku sem hallar til suðurs og suðausturs.

Garðlagið er 50-60 cm á hæð, um 1m á breidd og um 160m á lengd og liggur frá norðaustri



til suðvesturs. Það er hærra að utanverðu en er á kafi í grasi og er ekki hægt að sjá neitt hleðslugrjót í því. Sunnan garðlagsins má hugsanlega sjá votta fyrir þælu. Á nokkrum stöðum hafa tré verið gróðursett þétt upp við garðlagið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-324:009** brunnur brunnur 434785 396136

Brunnur er 130m sunnan við íbúðarhús sem er byggt 1960, um 140m suð-suðvestan við bæjarhól 001 og um 20m sunnan við garðlag 008.

Brunnurinn er í grösugri og blautri brekku sem hallar suðurs að bökkum Stóru-Laxár.

Lítill gryfja var grafin í lindina og er þar lítill trékassi yfir. Núverandi vatnsból hefur verið fært örlítið ofar í brekkuna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Brunnur 009, horft til norðurs.*

**ÁR-324:010** Sauðahús tóft fjárhús 433627 396367

Tóft af fjárhúsum er um 1,2km vestan við bæjarhól 001 og 670-680m noðr-norðaustan við Sóleyjarbakkavað 017. Tóftin er einnig tæpa 70m norðan við fjárhústóftir 011.


Tóftin er á grösugu og þýfðu holti en umhverfis

holtið er mýrlent flatlendi.

Tóftin er 13x6m að stærð, skiptist í tvö hólf og snýr norður suður.

Vegghleðslurnar eru hlaupnar í þúfur en þær eru um 2m breidd og um 60cm á hæð. Tóftin er öll á kafi í grasi og er ekki hægt að greina neinar grjóthleðslur í henni. Op er á milli hólfna og svo eru tvo op á syðra hólfinu, eitt á suðurgaffli og annað á vesturhlið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



*Teikning af Sauðahúsum 010.*



*Sauðahús 010, horft til norðurs.*

**ÁR-324:011** tóft fjárhús 433622 396295

Tóft af fjárhúsum er um 1,2km vestan við bæjarhól 001 og rúma 600m norð-norðaustan við Sóleyjarbakkavað 017. Tóftin er einnig tæpa 70m sunnan við fjárhústóftir 010.

Tóftin er á grösugu og þýfðu holti en umhverfis holtið er mýrlent flatlendi.

Tóftin er 12x10m að stærð, hefur fjögur hólf og snýr í norður suður. Vegghleðslur eru signar, hlaupnar í þúfur og nokkuð troðnar, um 1-2m á breidd og um 80cm á hæð. Þær eru grónar mosa og grasi og er ekki hægt að greina grjóthleðslur í þeim. Tvö op eru á suðurgaffli





Tóft 011, horft til norðurs.



Teikning af tóft 011.

og er annað þeirra mun greinilegra en hitt. Greinilega opið er austan til á suðurgafflinum en það ógrerinilega vestan megin á gafflinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-324:012** þúst óþekkt 434814 396249

Ílangur hóll eða þúst er í túni suðaustan við núverandi íbúðarhús, um 30 m suðvestan við gamla bæinn 001. Halldóra Ásmundsdóttir, heimildamaður, taldi að einhverjar



Þúst 012, horft til suðausturs.

mannvistarleifar væri að finna í hólnum, jafnvel eldri bær. Hóllinn er að öllum líkindum manngerður en líklega er að þarna hafi verið útihús en að þar sé eldri bær.

Hóllinn er í hæðóttu túni. Á honum er fánastöng og liggur hellulagður stígur að henni. Búið er að planta trjám í hólinn og í kringum hann. Hann er ekki lengur sleginn af þeim sökum.

Hóllinn er 18x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 0,5 m á hæð og flatur að ofan.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**ÁR-324:013** Hólavað örnefni vað 434656 395754

Hólavað er merkt inn á örnefnakort af Hólakoti um 565 m SSV við bæ 001. Halldóra Ásmundsdóttir, heimildamaður, hélt að Hólavað og vaðið Hólastrengir 002 væru sama vaðið. Hólavað er hins vegar merkt á öðrum stað á kortinu en Halldóra sagði Hólastrengi vera og er því gengið út frá því að um tvö vöð sé að ræða. Hólavað er á Stóru-Laxá á leið 018 suður að Skarði ÁR-283 í Gnúpverjahreppi.

Farið er af ógrónum áreyrum í landi Hólakots. Vaðið er ofan við Hólastrengi, þar sem áin rennur í mörgum álum milli sandeyra.

Engin ummerki um umferð sjást við vaðið enda breytir áin sér eflaust mikið á eyrunum.  
**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hólakot

**ÁR-324:014** *Stekkjjarholt* þúst stekkur 434453 396785

Tóft er tæpa 650m norðvestan við bæjarhól 001, hún er sambyggð garðlagi 016 og um 30m norðaustan við tóft 015.

Efst á grasigrónu holti í sléttum móa sem kallast Áveita 004.

Tóftin er mjög óljós og eiginlega er bara um þúst að ræða. Vegghleðslur eru um 1m á breidd, innrabyrði er mjög óljóst en ytrabyrði er um 60cm á hæð. Tóftin er öll mjög sigin, afmynduð og hlaupin í þúfur og því er erfitt að átta sig á útliti hennar. Hún er 18x12m að stærð og snýr norður suður. Sennilega gæti hún hafa þjónað sem aðhald eða rétt.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hólakot BJ, 110



*Þúst 014, horft til austurs.*

**ÁR-324:015** *Stekkjjarholt* tóft stekkur 434423 396768



*Uppdrátturinn sýnir teikningar og afstöðu þústar 014, stekks 015 og garðlags 016 á Stekkjjarholti.*



Stekkur 015, horft til norðurs.

Tóft er á Stekkjarholti, um 640m norðvestan við bæ 001, um 25m suðvestan við tóft 014 og rúma 10m vestan við garðlag 016. Út frá örnefninu sem er á holtinu hefur tóftin hugsanlega verið stekkur.

Tóftin er á lágum holtarana í sléttum grösugum móa sem kallast Áveita 004. Landið og tóftin halla til suðurs.

Tóftin er 14x8m að stærð, tvískipt og snýr norður suður. Vegghleðslur eru mjög signar, 2-3m að breidd og um 60cm á hæð, grónar grasi og mosa. Ekki er hægt að sjá hleðslugrjót í þeim. Op er á suðurgafli.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-324:016** Stekkjarholt garðlag óþekkt 434434 396739



Garðlag 016, horft til norðausturs.

Garðlag er 615-620m norðvestan við bæjarhól 001 og norðvestan við Áveitu 004. Það er sambyggt tóft 014 og rúma 10m sunnan við tóft 015.

Garðlagið liggur eftir lágum holtarana.

Garðlagið er svo til alveg beint og liggur frá norð-norðaustri til suð-suðvesturs. Það er rúmlega 320m langt, 20-50cm á hæð og 1m á breidd. Það er gróið grasi og mosa og víða hlaupið í þúfur. Hugsanlega gæti það hafa verið vörslugarður en líka er mögulegt að þetta sé túngirðing í yngri kanntinum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-324:017** Sóleyjarkkavað heimild um vað 433280 395789

„Þjóðvegur [681:024], er gerður var 1906, fyrir konungskomuna 1907, byrjaði við Sóleyjarkkavað á Stóru-Laxá, [...],“ segir í örnefnaskrá Hrepphóla ÁR-323. Á Herforingjaráðskorti frá 1910 sést að vaðið var í ánni eftir eyrum og kom upp á árbakkann í landi Hólakots um 1,4 km suðvestan við bæ 001, 360 m sunnan við áveitu 005 og litlu vestan við brúna yfir Stóru-Laxá á Skeiða- og Hrunamannavegi 30.

Flatlendar, þurrar áreyrar.

Engin ummerki sjást um vaðið á bakkanum en áin tekur stöðugum breytingum og brýtur ýmist land eða hleður undir sig jarðvegi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 5; Herforingjaráðskort 47 1910


**ÁR-324:018** leið 434761 396054

Vöðin Hólastrengir 002 og Hólavað 013 voru líklega farin á leið yfir að Skarði ÁR-283 í Gnúpverjahreppi. Ekki fundust heimildir um þessa leið og ekki er til lýsing á legu hennar en hún lá yfir Stóru-Laxá. Leiðin var skoðuð í landi Hólakots þar sem engin ummerki um hana sást á vettvangi en hún hefur að mestu leyti legið yfir flatar áreyrar sem tekið hafa sífelldum breytingum eftir rennsli árinna.

**Hættumat:** engin hættu



# ÁR-325 Sóleymarbakki



**Skýringar**

- bæjarhöll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- túngarður skv. túnakorti
- mörk túns skv. túnakorti
- leiðar túngarðs

## ÁR-325 Sóleyjarbakki

Hjáleiga Hrepphóla 1709, þá hafi hún sér tún og engjar, en óskipta haga. JÁM II, 236.

1920: Tún 4 ha, garðar 13 arar. „Vel meðaljörð um landrými, og allt landið grasi gróið. Nokkur hluti landsins er blaut mýri, allgott beutiland á vetrum. Þurrlendi er meðfram Stóru-Laxá, grónar eyrar og vallendisbakkar. Góður sumarhagar, en erfitt er um ræktun vegna árinna, sem oft flæðir yfir og ver með sér sandi og mól og eyðileggur girðingar.“ SBI, 285



Bæjarstæði Sóleyjarbakka 001, horft til vesturs.

ÁR-325:001 Sóleyjarbakki bæjarhóll bústaður 431885 396768


Sóleyjarbakki er í eyði (2015) en samkvæmt túnakorti frá 1920 hefur bærinn staðið beint norður og uppaf heimreiðinni um 50m norðvestan við íbúðarhús sem er byggt 1956.

Bæjarstæðið er á lágri hólbungu sem er hluti af sléttuðu túni.

Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður og er ekki hægt að greina upphleðslu með góðu móti en segja má að bæjarstæðið hafi verið um 45x30m að stærð og hefur það snúið í suðvestur og norðaustur. Vottar greinilega fyrir grunnni húss sem þar stóð og var 9x8m að stærð og sneri norð-norðaustur og suð-suðvestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920



Uppdrátturinn hér að ofan er nákvæm endurgerð af túnakorti Sóleyjarbakka frá 1920 en á það hefur verið bætt videigandi fornleifanúmerum. Skyggði flöturinn táknar bæjarhóllinn. Heilar línur umhverfis túnið táknar túngarð.

ÁR-325:002 heimild um útihús 432000 396724

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 120m aust-suðaustan við bæjarstæði 001 og 15-20m austar en íbúðarhús reist 1956.

Minjastaðurinn er í grösugu og sléttuðu túni.

Ekkert sér til minja vegna sléttunnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920



**ÁR-325:003** þúst útihús 432099 396754

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 180m austur af bæjarstæði 001 og um 100m austur af íbúðarhúsi byggðu 1956. Þar 15m austar standa úthús undir þaki.

Minjastaðurinn er þétt við ruddan veg sem liggur að uppistandandi útihúsum.

Ekkert sér til minja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-325:004** heimild um brunn 431866 396707

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var brunnur við enda traða 005 um 60 m sunnan við bæ 001.

Vegur heim að bænum er á sama stað og traðirnar voru. Sitt hvoru megin við hann er blaut mýri sunnan við túnið sem er uppi á flötum bakka. Brunnurinn hefur því verið í mýrinni.

Engin ummerki sjást um brunninn og er líklegt að hann hafi farið undir veginn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**Túnakort 1920

**ÁR-325:005** heimild um traðir 431860 396711



*Traðir 005, horft til suðurs.*

Samkvæmt túnakorti frá 1920 voru traðir sunnan við bæ 001. Þær hafa verið sléttaðar því ekkert sér til þeirra en núverandi heimreið mun liggja þar sem traðirnar lágu áður.

Heimreiðin liggur í gegnum tún sem hefur verið sléttað.

Ekkert sér til minja hugsanlega vegan vegagerðar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Sóleyjarbakki BJ, 111

**ÁR-325:006** *Stöðull* örnefni kvíar 432056 396680

Örnefnið Stöðull er merkt inn á örnefnakort af jörðinni, fast sunnan við heimatúnið. Af merkingu á kortið að dæma var stöðullinn um 180 m suðaustan við bæ 001, rétt utan túns.

Túnið er uppi á lágum, flatlendum bakka og neðan við það til suðurs er mýrlent og grasi gróið.

Stöðullinn var að líkindum í eða undir brekkunni niður af túninu. Þar eru engin mannaverk sýnileg og óvíst að þar hafi verið hlaðnar kvíar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Sóleyjarbakki BJ, 111

**ÁR-325:007** Byrgisós örnefni

Örnefnið Byrgisós er í lista yfir örnefni í landi Sóleyjarbakka. Þar eru hins vegar engar staðsetningar. Ekki náðist í heimildamann fyrir jörðina og því reyndist ekki unnt að staðsetja örnefnið og kanna hvort þar sé byrgi eins og nafnið bendir til.


**Heimildir:** Ö-Sóleyjarbakki BJ, 111

**ÁR-325:008** Stekkatún tóftir beitarhús 432807 396497

Í Stekkatúni eru tvær tóftir, stór beitarhúsatóft og önnur minni tóft. Minjarnar eru um 950 m austan við bæ innan sumarbústaðarlóðar sem er gríðarstór. Húsin eru merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910.

Stekkatúnið er á lágum bakka norðan við gróið flatlendi sem nær niður að Stóru-Laxá. Svæðið er stórpýft og komið í sinu. Mikil skógrækt er allt í kring og er röð af víði og öspum fast norðaustan við tóftirnar. Gras og elfting vex á tóftunum.

Minjarnar eru á svæði sem er um 25x20 m að stærð og snýr NNA-SSV. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Beitarhúsatóft A er syðst á svæðinu. Hún er þrískipt og er að mestu leyti úr torfi. Tóftin er um 16x12 m að stærð og snýr VNV-ASA. Öll hólfin snúa eins og tóftin. Hólf I er í SSA-horni. Það er 2x5 m að innanmáli. Op hefur verið á því til ASA, út úr tóftinni en það sést ekki skýrt. Op er svo úr því til VNV inn í hólf II sem er lítillaga niðurgrafin hlaða. Það er um 4x2 m að innanmáli. Samsíða NNA-hlið á hólfi I er hólf III. Það er um 4x2 m að innanmáli og op er á því í ASA enda. Óljóst framhald af því nær 5 m lengra til VNV en þar eru ekki skýrir veggir. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 1 m. Hleðslurnar eru grónar en ekki virðist um mjög gamlar minjar að ræða.



Uppdrátturinn sýnir afstöðu og teikningu af tóftum 008A og 008B.





*Beitarhúsatóft 008A, horft til vesturs.*



*Tóft 008B, horft til norð-norðvesturs.*

Nokkur uppsöfnun mannvistarlaga er undir tóftunum en sér í lagi undir beitarhúsatóftinni. Tóft B er um 5 m NNA við tóft A. Hún einföld og að mestu torfhlaðin. Tóftin er um 4x7 m að stærð og snýr NNV-SSA. Óljóst op er á NNV-gaffli. Mesta hæð veggja er um 0,5 m. Óljóst garðlag eða veggur liggur til NNA frá tóftinni á um 5 m löngum kafla en hverfur svo í þýfi. Ekki er stekkjartóft sýnileg í Stekkatúni og líklegt að beitarhúsin séu á sama stað og stekkurinn var áður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Sóleyjarbakki BJ, 111; Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-325:009** *Borgarkelda* örnefni fjárskýli 432873 396473

Örnefnið Borgarkelda kemur fyrir í örnefnaská Sóleyjarbakka sem Brynjúlfur Jónsson tók saman en þar er staðsetningu ekki getið en samkvæmt örnefnakorti Ingimundar Einarssonar hefur hún verið milli Stekkatúns og Stóradals sem gera má ráð fyrir að eigi við stað sem er um 1km aust-suðaustan við bæjarstæði 001 og um 160m norðan við Auðholtsveg 340.

Mjög blautt mýrlendi sem mikið hefur verið raskað með trjárækt og skuðgrefti.

Óvíst er að á þessum slóðum hafi staðið fjárborg þótt örnefnið gefi það til kynna. Engin ummerki um tóftir fundust á svæðinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Sóleyjarbakki BJ, 111; Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Sóleyjarbakki

**ÁR-325:010** heimild um túngarð 431881 396702

Samkvæmt túnakorti frá 1920 afmarkaði túngarður allt gamla heimatúnið á Sóleyjarbakka nema norðvesturhorn þess.

Túnið er á flatlendum bakka norðan við mýrlendi.

Engin ummerki sjást um túngarð og hefur hann verið sléttaður eða horfið í framræsluskurði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-325:011** frásögn beitarhús

Halldóra Ásmundsdóttir, heimildamaður, sagði að það væru sauðahús eða beitarhús í landi Sóleyjarbakka, rétt við merkin á móti Hólakoti ÁR-324.

Skurður og girðing eru á merkjum. Búið er að grafa mikla skurði til að þurrka landið vestan við merkin móti Hólakoti. Þar er mikil skógrækt og hafa rásir verið plægðar á stóru svæði og trjám plantað í þær.

Stórt svæði á merkjum var gengið en engin ummerki um beitarhúsin fundust og ekki reyndist því unnt að staðsetja þau með innan við 50 m skekkju. Ekki er útilokað að um sömu minjar sé að ræða og skráðar voru í Stekkatúni 008.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar


**ÁR-325:012** tóft óþekkt 433311 397602

Samkvæmt Herforingjaráðskorti 47 eru þrjú hús sýnd í Hríshólum sem eru út í miðri Hólamýri. Þetta eru minjastaðirnir 012, 015 og 016. Tóft 012 er um 1,6 km norðaustan við bæjarhól 001 og 230m norðaustan við tóft 015.

Tóftin er á holti innan afgirts skógræktarsvæðis sem hefur verið framræst með djúpum skurðum.

Tóftin er tvískipt, 10x5m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Vegghleðslur eru mjög signar, um 1m á breidd og um 30cm á hæð.

Norðvesturendi tóftarinnar er aðeins greinilegri en



Teikning af tóft 012

suðausturendinn en annars er tóftin öll á kafi í grasi og nokkuð hlaupin í þúfur. Ekki var hægt að greina op á milli hólfa og engin suðvesturgafli er á tóftinni sem gefur til kynna að þar hafi verið timburgafl. Ekki var hægt að finna nein ummerki eftir grjóthleðslur í veggjum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910



Tóft 012, horft til norðausturs.

**ÁR-325:013** *Reiðingskelda* örnefni rista 432153 397039

Inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar er merkt örnefnið Reiðingskelda norðan við bæ. Ekki fengust nákvæmar upplýsingar um staðinn en hann var staðsettur gróflega út frá örnefnakortinu. Nafnið bendir til þess að reiðingur hafi verið ristur í eða við kelduna sem var að líkindum um 370 m norðaustan við bæ 001.

Búið er að ræsa fram og rækta tún á svæðinu sem áður var mýrlent.

Engin ummerki sjást um ristu vegna sléttunar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Sóleyjarbakki

**ÁR-325:014** Þvottalæmi örnefni þvottastaður 431792 396750

Inn á örnefnakort Ingimundar Einarssonar er merkt örnefnið Þvottalæmi fast suðvestan við heimatúnið. Nafnið bendir til þess að þar hafi þvottur verið þveginn. Þvottalæmi er um 110 m vestan við bæ 001.

Þvottalæmi er þar sem tveir mjög breiðir skurðir mætast. Annars vegar skurður sem liggur norður-suður og hins vegar skurður sem liggur austur-vestur. Sá síðarnefndi liggur meðfram túninu að sunnanverðu og á milli túns og lágs holts.

Líkleg hefur verið góð uppspretta á þessum stað sem hefur hentað til þvotta. Engin ummerki um slíkar athafnir sáust á vettvangi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Sóleyjarbakki

**ÁR-325:015** tóft beitarhús 433111 397482

Samkvæmt Herforingjaráðskorti 47 eru þrjú hús sýnd á Hríshólum sem eru út í miðri Hólamýri. Þetta eru minjastaðirnir 012, 015 og 016. Tóft 015 er um 1,4km norðaustan við bæjarhól 001 og 230m suðvestan við tóft 012.

Tóftin er á holti innan afgirts skógræktarsvæðis sem hefur verið framræst með djúpum skurðum.

Tóftin er 16x11m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún er mjög greinileg, á kafi í grasi og öll þýfð svo að einungis er hægt að greina tvö hólfi í henni þó ætla megi að þau hafi verið fleiri. Nyrst í henni er hólfi sem er 7x2m að stærð og liggur gangur frá því til suðvesturs að opi sem er á suðvesturgafninum. Syðst á norðvestur-langhlið tóftarinnar er annað op sem liggur að hólfi sem er 6x2m að innanmáli. Ytrabyrði tóftarinnar er um 1m á hæð en innrabyrði er hæst um 160cm á hæð. Tóftin hefur að öllum líkindum verið beitarhús og má gera ráð fyrir því að nyrsta hólfið í henni hafi verið hlaða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-325:016** tóft óþekkt 433095 397464

Samkvæmt Herforingjaráðskorti 47 eru þrjú hús sýnd á Hríshólum sem eru út í miðri Hólamýri. Þetta eru minjastaðirnir 012, 015 og 016. Tóft 016 er um 1,4km norðaustan við bæjarhól 001 og tæpa 260m suðvestan við tóft 012 og 8m suðvestan við tóft 015.

Tóftin er á holti innan afgirts skógræktarsvæðis sem hefur verið framræst með djúpum skurðum.

Tóftin er ferhyrndur pallur sem er 5x3m að



*Beitarhúsatóft 015, horft til norðurs.*




*Tóft 016 er sennilega heystæði. Horft til suð-suðvesturs*

stærð, snýr norðaustur og suðvestur og hefur að öllum líkindum verið heystæði. Upphleðsla hennar er um 80cm. Hún er öll á kafi í grasi en lítil geil sem er í norðausturhorni hennar er að öllum líkindum vottur um rof sem komið hefur í tóftina.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:**


Herforingjaráðskort 47 1910



*Uppdrátturinn sýnir teikningu og afstöðu milli Beitarhúsatóftar 015 og heystæðistöftar 016 í Hríshólum.*



# Fornleifar á fleiri en einni förd





## ÁR-681 Fornleifar á fleiri en einni jörð

**ÁR-681:002** heimild um leið 435603 397055

“Tíðaskarð er gildrag úr Kúadal og niður á Eyrar. ... Um Tíðaskarð fóru Stóru-Núpsprestar, er þeir komu til að messa í Hrepphólum. Um Tíðaskarð lá einnig gömul þingmannaleið alla leið austan úr Skaftafellssýslum,” segir í örnefnaskrá Hrepphóla. Leiðin var skoðuð í landi Hrepphóla ÁR-323 sumarið 2015 en óvíst er að hún sjáist annarsstaðar í Hrunamannahreppi vegna ræktunar og framkvæmda. Ætla má að leiðin sé sýnd á Herforingjaráðskorti 47 frá 1910 þar sem hún liggur upp á árbakkann, norðaustur fyrir heimatúnið í Hrepphólum, á Gamla veginn 024; ruddan veg sem gerður var í tilefni af komu Danakonungs 1907.

Leiðin liggur frá Stóru-Laxá upp brattar brekkur og í þýfðum móa en hverfur svo til norðurs þar sem eru framræstar og ræktaðar mýrar.

“Leið Skaftfellinga og Rangæinga, er riðið var til Þingvalla árlega, sem kunnugt er, var þannig, að riðið var yfir Þjórsá á Nautavaði [RA-440:027], og er það eina vað á Þjórsá, sem má næstum alltaf teljast reitt. Þaðan lá leiðin þvert yfir Gnúpverjahrepp, á Háholtsvað [323:040] á Stóru-Laxá. Þaðan eftir Tíðaskarði og upp í Skógarskarð austan við tún í Hrepphólum. Þaðan lágu þessar götu til norður yfir Hrunamannahrepp og yfir Hvítá á Kópavatnseyrum [339:031], og er það eina vað á Hvítá fyrir neðan Gullfoss,” segir í örnefnaskrá Hrepphóla. Leiðin var skoðuð í Skógarskarði í landi Hrepphóla en þar er bíslóði og ekki sjást reiðgötur. Skarðið hefur að líkindum dýpkað og mögulega myndast af umferð um þetta svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Ö-Hrepphólar, 12-13; Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:005** gata leið 438912 405417

Í grein um Hruna í Árnesingi segir: “... merkilegt er að leiðin í norður frá Hruna [ÁR-312] lá ekki þar sem núna er þjóðvegur um Hrunavöll heldur var farið upp fyrir Hrunann sjálfan að austanverðu og síðan um Leynisásu svonefnda niður á Hrunavöll. Ofan á Leyningsásu má enn glögglega sjá göturnar sem liggja yfir Laxá að Berghyl [ÁR-303] og áður voru nefndar. Í Hrunavelli liggja þær hjá Ketilhól sem er skýrt kennileiti. Í stað þess að fara leiðina áfram frá Berghyl um Gyldurhaga mátti sveigja til vesturs [sjá leið 009] um kirkjuskarð og síðan fara upp hjá Skipholti [ÁR-342] og um Steypu eða Steypuvað [352:057] á Hvítá og hjá Drumboddsstöðum [ÁR-352] alla leið í Haukadal, ef vildi.” Leiðin sem lýst er í greininni er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1910 en hér verður leiðin skilgreind frá Hruna að Berghyl og svo áfram að Þórarinsstöðum ÁR-300. Á kortinu liggur leiðin framhjá túninu í Berghyl. Leiðin var skoðuð í landi Hruna 2015 þar sem hún liggur um Hrunavöll.

Þýfður og flatlendur mói.

Leiðin sést vel á 950 m löngum kafla frá Leynisásu að Litlu-Laxá móts við Berghyl.



Leið 681:005, horft til suð-suðausturs.

Leiðin hefur grafist niður í breiða gróna rennu. Norðvestan við Ketilhól liggur ungur ruddur vegur af leiðinni til norðausturs að ánni. Af loftmyndum að dæma eru lítil ummerki sýnileg um leiðina í landi Berghyls og Þórarinsstaða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**HP: “Hruni” Árnésingur V, 18, 21; Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:006** gata leið 438912 405417



*Leið 681:006, horft til suðausturs.*

Í grein um Hruna í Árnésingi segir: “Aðrar götur [en 005] sjást frá Leynissánum og liggja vestar um Hrunavöll, stefna sem næst að núverandi brú á Litlu-Laxá. Þær héldu áfram norður fyrir Túnsberg [sjá Reykjadalsskot ÁR-302] og sveigðu þar til vesturs yfir Nónás og síðan um mýrarsund til suðvesturs að Kópsvatnsási og Kópsvatni [ÁR-339]. ... Í áðurnefndu mýrarsundi voru gerðar brýr sem enn má sjá. Þetta er að hluta gamli kirkjuvegurinn milli Kópsvatns og Reykjadals [ÁR-301] ...” Leiðin var skoðuð í landi Hruna ÁR-312 á Hrunavelli. Hún er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1910.

Þýfður og flatlendur mói, aðallega vaxinn

mosa.

Leiðin var rakin á um 1,1 km löngum kafla þar sem leiðin liggur NNV-SSA. Hún er þó horfin á 170 m breiðu svæði nærri Litlu-Laxá vegna uppblásturs. 22-25 götur sjást á svæði sem er um 26 m á breidd. Göturnar mynda rennu norðaustast en annars eru þær 0,1-0,2 m á breidd og 0,2 m á dýpt. Göturnar eru grónar fyrir utan 1-2 götur suðvestast sem farnar eru af búfénaði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**HP: “Hruni” Árnésingur V, 21; Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:009** gata leið 439024 406127



*Leið 681:009, horft til suðausturs.*

Í grein um Hruna í Árnésingi segir: “... merkilegt er að leiðin [005] í norður frá Hruna [ÁR-312] lá ekki þar sem núna er þjóðvegur um Hrunavöll heldur var farið upp fyrir Hrunann sjálfan að austanverðu og síðan um Leynissása svonefnda niður á Hrunavöll. [...] Í stað þess að fara leiðina áfram frá Berghyl [ÁR-303] um Gyldurhaga mátti sveigja til vesturs um kirkjuskarð og síðan fara upp hjá Skipholti [ÁR-342] og um Steypu eða Steypuvað [352:057] á Hvítá og hjá Drumboddsstöðum [ÁR-352] alla leið í Haukadal, ef vildi.” Á Herforingjaráðskorti

frá 1910 sést leið liggja af leið 005 að Reykjadal ÁR-301 og áfram á leið 019. Leiðin var skoðuð á Hrunavelli í landi Hruna.

Þýfður, flatlendur mói.

Þessi leið liggur að mestu leyti í rennu sem er um 200 m á lengd og endar í skarði nærri bakka Litlu-Laxár. Rennan er ógróin og er 1-2 m á breidd og 0,3-0,6 m á dýpt. Einnig eru götur sitt hvoru megin við rennuna. Ungur ruddur vegur liggur úr skarðinu í sveig til austurs og heldur svo áfram til suðausturs að beitarhúsum í Stekkjartúni 312:009 í landi Hruna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**HP: “Hruni” Árnésingur V, 21; Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:010** gata leið 439184 404972

Leið lá frá Hruna ÁR-312 að Þverspyrnu ÁR-309 og áfram að Hörgsholti ÁR-308. Hún er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1910. Leiðin var skoðuð í landi Hruna 2015.

Leiðin liggur vestan við Brennimýri um gróinn og þýfðan móa en sést fyrst í ógrónu skarði um 100 m norðaustan við Hruna 312:001.

Leiðinni var fylgt á 360 m löngum kafla þar sem leiðin liggur norðaustur-suðvestur. Þar sjást 10-12 götur á 12 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar og eru 0,1-0,2 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Herforingjaráðskort 47 1910



*Leið 681:010, horft til suðvesturs.*

**ÁR-681:011** vegur leið 438825 403555

Leið er merkt inn á Herforingjaráðskort frá 1910 sem lá frá Stóru-Laxá suðvestan við Bláhyllshnúk í landi Sólheima ÁR-311, yfir leið 021, að Hrunalaug 313:007 og áfram að Hruna ÁR-312:001. Leiðin var skoðuð í Músasundi í landi Áss ÁR-313 sumarið 2015.

Leiðin liggur um móa meðfram holtum og ásum.

Leiðinni var fylgt á um 350 m löngum kafla. Þar sem leiðin var skoðuð virðist hún hafa verið rudd og er 2 m á breidd. Vegurinn er gróinn og sjást ekki reiðgötur við leiðina.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Herforingjaráðskort 47 1910



*Leið 681:011, horft til suðausturs.*



**ÁR-681:012** gata leið 438198 404546

Samkvæmt Herforingjaráðskorti frá 1910 lá leið til norðurs frá Ási 313:001 framhjá Hruna 312:001 og að Hrunavelli þar sem hún tengdist fleiri leiðum (sjá t.d.: ÁR-681:009). Leiðin var skoðuð í landi Hruna. Hún er 350m vestan við bæjarhólinn í Hruna 312:001 og suðaustan við Hrunaveg 344.



*Leið 681:012, horft til norðausturs.*

Leiðin liggur um gróið holt.

Leiðin liggur mikið til samsíða og sunnan við núverandi veg um sveitina, Hrunaveg 344. Leiðin sést nokkuð vel á stuttum kafla en annars hefur hún lent að hluta undir túnasléttun, jarðsíma og svo sjálfan þjóðveginn sem liggur að Hruna og við hann er kenndur. 4-5 götur sjást á um 6 m breiðu svæði. Hver þeirra er 30-40cm að dýpt, grónar í botninn og 40-50cm breiðar. Hægt er að rekja hana á um 150m löngum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:013** 434654 402661

Samkvæmt Herforingjaráðskorti frá 1910 lá leið frá Grafarbakka ÁR-314 um Hellisholt ÁR-317 og áfram að Efra-Langholti ÁR-331. Leiðarinnar var leitað í landi Hellisholts 2015 án árangurs. Hún sést hins vegar á stuttum kafla á loftmynd og var því hægt að staðsetja hana nokkuð nákvæmlega.

Leiðin liggur um móa milli holta og ása í landi Hellisholts.

Leiðin sást ekki á vettvangi og því er ekki lýsing á henni. Hún er horfin í landi Grafarbakka og sést ekki skýrt af loftmynd í landi Efra-Langholts.

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:014** gata leið 434853 402366

“Austan undir þeim [Nónás] heitir Sundaföt, þar liggja göturnar að Miðfelli [ÁR-318], þar heitir Götuklettar,” segir í ornefnaskrá Hellisholts. Leið þessi er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1910 og lá hún á milli Hellisholts ÁR-317 og Miðfellstorfunnar (Miðfells ÁR-318, Götu ÁR-319 og Dalbæjar ÁR-320). Leiðin var skoðuð í landi Hellisholts, á merkjum móti Götu.



*Leið 681:014, horft til norðausturs.*

Leiðin liggur um gróinn og þýfðan móa vestan við Miðfellsfjall. Í landi Götu er mikil skógrækt í sumarhúsabyggð vestan við fjallið.

Leiðin er um 2 km í heild. Henni var fylgt á um 300 m löngum kafla í landi Hellisholts, frá merkjum móti Götu að stórri malarnámu. 12 grónar götur sjást svæði sem er um 10 m á breidd. Þær eru 0,1-0,2 m á breidd og 0,2 m á dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Hellisholt, 2; Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:015** gata leið 434455 402750

Samkvæmt Herforingjaráðskorti frá 1910 lá leið frá Miðfellstorfundi (Miðfelli ÁR-318, Götu ÁR-319 og Dalbæ ÁR-320) til norðurs að Hrafnkelsstöðum ÁR-334, Efra-Seli ÁR-336 og Syðra-Seli ÁR-335. Leiðin var skoðuð í landi Hellisholts ÁR-317.

Leiðin liggur um láglandi í sléttum móa.

Göturnar sem liggja norður-suður eru mjög óljósar, 2-3 og virðast vera á u.þ.b. þriggja metra breiðu beltí. Leiðinni var fylgt eftir á u.þ.b. 150m löngum kafla en tæplega 700m langur hluti hennar sést á loftmynd.

**Hættumat:** engin hætta



*Leið 681:015, horft til norðurs.*

**ÁR-681:016** gata leið 436535 405163

Á Herforingjaráðskorti frá 1910 er sýnd leið sem lá frá Reykjadalaskoti ÁR-302 meðfram Högnastaðaáasi að Gröf ÁR-315 og Högnastöðum ÁR-316 á leið 020 sem lá frá Högnastöðum og Gröf að Efra-Seli ÁR-336 og Syðra-Seli ÁR-335. Leiðin lá fast austan við beitarhús 315:009 í landi Grafar þar sem leiðin var skoðuð.

Leiðin liggur um gróinn móa og sléttuð tún.

Leiðinni var fylgt á um 450 m löngum kafla þar sem hún liggur norðaustur-suðvestur. Í suðvesturenda þess hluta leiðarinnar sem var skoðaður liggur leiðin frá túnslóða undir Högnastaðaáasi í djúpri rennu sem virðist hafa myndast af umferð en kann að hafa grafist niður vegna vatnsrennslis. Rennan er um 250 m á lengd og er 3-5 m á breidd og 1-2 m á dýpt. Við norðausturenda rennunnar er sléttuð tún í kringum beitarhúsatóft 315:009 og hefur verið sléttuð yfir leiðina þannig að hún sést aðeins sem grunn rás í túninu. Leiðin verður fljótt illgreinanleg þegar komið er norðaustur fyrir það svæði sem garður í kringum beitarhúsin afmarkaði. Ekki sést meira af leiðinni í landi Grafar eða Högnastaða vegna ræktunar og byggingaframkvæmda en leiðin kann að sjást í landi Reykjadalaskots.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910



*Leið 681:016, horft til suðvesturs.*

**ÁR-681:017** heimild um leið 436852 405419

Á Herforingjaráðskorti frá 1910 er sýnd leið sem lá af leið 016 litlu norðaustan við beitarhús 315:009 í landi Grafar ÁR-315, yfir Litlu-Laxá og að rjómbúí 313:025 í landi Áss ÁR-313. Þar tengist hún leiðum 024, 025 og 026. Leiðin var skoðuð í landi Grafar.

Leiðin lá eftir háum gróðurlausum árbakka þar sem allur gróður og jarðvegur er blásinn

burt.

Engar götur sjást á leiðinni þar sem hún var skoðuð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:018** gata leið 433427 400939

Á Herforingjaráðskorti frá 1910 er sýnd leið sem lá frá Efra-Langholti ÁR-331 og Langholtskoti ÁR-332 að Miðfellstorfunni (Miðfelli ÁR-318, Götu ÁR-319, og Dalbæ ÁR-320). Leiðin var skoðuð í landi Götu þar sem hún liggur yfir Torfholt 319:015 (sjá einnig



*Leið 681:018, horft til vesturs.*

319:014). Þar sjást tvö afbrigði af leiðinni, annars vegar reiðgötur og hins vegar ruddur vegur.

Vestan við Torfholt voru miklar mýrar sem hafa verið ræstar fram að miklu leyti og á hluta svæðisins hafa tún verið ræktuð. Austan við holtið hefur einnig orðið talsvert rask vegna ræktunar og bygginga. Torfholt er gróið og þýft.

Á milli reiðgatna og rudds vegar eru um 100 m. Reiðgötur A liggja þvert yfir Torfholt og var hægt að fylgja þeim á um 130 m löngum kafla þar sem þær stefna austur-vestur. Göturnar eru grónar og ekki mjög greinilegar en sjást 12 saman á um 15 m

breiðu svæði. Norðan við þær er ruddur vegur B sem liggur í sveig frá vestri til suðausturs. Hann sést á 175 m löngum kafla. Vegurinn er víðast gróinn og er 1,5-2 m á breidd og 0,1-0,5 m á dýpt. Dýpstur er hann í mesta brattanum. Þar sem vegurinn beygir til suðausturs liggja af honum reiðgötur á 56 m löngum kafla sem stefna til austurs. Þær eru grónar og sjást 10 saman á svæði sem er 8-10 m á breidd. Hér er gert ráð fyrir að göturnar og vegurinn séu á sömu leið en ekki er útilokað að um fleiri en eina leið sé að ræða.

**Hættumat:** hætta, vegna jarðræktar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:019** heimild um leið 435260 404521



*Leið 681:019, horft til austurs.*

Konungsvegur sem lagður var í tilefni af heimsókn Danakonungs árið 1907 liggur í gegnum Hrunamannahrepp frá Brúarhlöðum við Hvítá, litlu norðvestan við Högnastaði ÁR-316 og Gröf ÁR-315, yfir Litlu-Laxá og áfram til suðurs eftir Langholtsfjalli og svo að hreppamörkum við Stóru-Laxá. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti frá 1910. Langholtsvegur 341 liggur á löngum kafla á sama stað og þessi vegur á milli Litlu-Laxár



og Stóru-Laxár. Leiðin var skoðuð norðaustan við Litlu-Laxá í landi Grafar og Högnastaða en þar sást ekki leifar af henni vegna byggingaframkvæmda, vegagerðar og annars rasks.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:020** heimild um leið 435063 404566

Á Herforingjaráðskorti frá 1910 er leið sem lá frá Högnastöðum ÁR-316 að Efra-Seli ÁR-336 og Syðra-Seli ÁR-335. Leiðin var skoðuð í landi Grafar.

Leiðin lá um deiglendan móa norðan við Litlu-Laxá.

Engin ummerki sást um leiðina í landi Grafar vegna bygginga, vegagerðar og ræktunar. Lítil von er til þess að ummerki sjáist um leiðina í landi Selsbæjanna af sömu ástæðum.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910



*Leið 681:020, horft til austurs.*

**ÁR-681:021** heimild um leið 436556 398400

Samkvæmt Herforingjaráðskorti frá 1910 lá leið frá Hörgsholti ÁR-308 meðfram Stóru-Laxá vestan megin, framhjá Sólheimum ÁR-311 og að Núpstúni ÁR-322. Þar lá hún að malbikuðum vegi sem nefnist Skeiða- og Hrunamannavegur 30. Leiðin var ekki skoðuð í heild sinni og á lýsingin sem hér fer á eftir bara við þann hluta hennar sem skoðaður var í landi Núpstúns ÁR-322.

Leiðin liggur um láglendi og milli holta.

Göturnar eru allt að því 12 saman og mynda því sumstaðar nokkuð breitt belti sem getur verið 10-15m. Hver gata er um 30-50cm á dýpt og um 20-30 cm á breidd. Hluti leiðarinnar er kominn undir slétt tún eða vegar slóða sem hefur verið malarborinn. Leiðin sést nokkuð örugglega á loftmynd á um 4km löngum kafla.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910



*Leið 681:021, horft til austurs.*



**ÁR-681:022** heimild um leið 433781 396186

Á Herforingjaráðskorti frá 1910 er sýnd leið sem liggur af Gamla veginum 024 Við Hólakot ÁR-324 að Sóleyjarbakka ÁR-325 og Birtingaholti ÁR-326 og áfram að Stóru-Laxá. Leiðin var skoðuð í landi Hólakots sunnan undir Hólakotsbríkum þar sem mikil áveitumannvirki eru, sjá 324:005.

Flatlendar grónar og smápýfðar engjar.

Ekki sjást skýrar reiðgötur í landi Hólakots á þessari leið og ekki er ljóst hvar hún lá nákvæmlega. Hún hefur ekki legið alveg undir Hólakotsbríkum því þar eru blaut dý eins og uppi á bríkunum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:023** gata leið 439016 405503

Miklar götur eru austast í Hrunavelli, vestan undir Leynisásam, sem liggja af leið 005. Þær hverfa í tún í Stekkjartúni 312:009 í landi Hruna en leiðin virðist halda áfram í djúpri rennu



*Leið 681:023, horft til norðausturs*

sem heldur sömu stefnu að Litlu-Laxá. Ekki er ljóst hvert leiðin liggur en hún stefnir upp með ánni til norðausturs.

Leiðin liggur um þýfðan móa.

Leiðin liggur NNA-SSV. Henni var fylgt af leið 005 á um 400 m löngum kafla að Stekkjartúni 312:009. Á þeim kafla eru 20 götur á 18 m breidd svæði. Þær eru grónar og eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Við Stekkatúnið hverfur leiðin á kafla í tún en virðist hafa haldið áfram eftir djúpri, gróinni rennu sem myndast hefur af umferð á um 500 m löngum kafla að Litlu-Laxá. Frá Stekkjartúni er rudd leið til norðausturs af þessari

leið og langleiðina að Minni-Laxá móts við Berghyl ÁR-303. Rudda leiðin er ung og er ekki skráð sérstaklega.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-681:024** Gamli vegurinn vegur samgöngubót 435836 398761



*Gamli vegur 681:024, horft til norðausturs.*

“Þjóðvegurinn, er gerður var 1906, fyrir konungskomuna 1907, byrjaði við Sóleyjarbakkavað [324:017] á Stóru-Laxá, lá austur með Laxánni og upp á Hólakotsmó, um Tíðaskarð, og þar áfram upp á Hólabala. Þar áfram inn með Langabakka og Langamel, vestan Kotássins [sjá 323:008]. ... Vegurinn lá yfir Vöðlabrú [323:051] innan Kotássins, en beygði þar mikið til vinstri upp á Stóramóa, ofan Svarðarlágar upp á Núpstúnsmóa, um Sandvöll og þar upp að Öxlinni,” segir í örnefnaskrá

Hrepphóla. “Túnið niður af Vesturás kallast Sandvöllur. eru þar fjárhús [322:008]. Voru þar áður tveir Nátthagar [322:021], Litli-

Nátthagi og Stóri-Nátthagi. Þar um lá Gamli vegurinn. Hans sáust glögg merki um 1950. Vegurinn lá smáspöl fyrir ofan Þjóðveginn, eins og hann er nú, og fyrir neðan túnið, eins og það var þá, og svo upp við fjallið og inn með því. Gamli vegurinn lá inn með vesturhlíð fjallsins, “inn með Öxlinni”, þangað sem nú er býlið Smárahlið,” segir í örnefnaskrá Núpstúns. Á Herforingjaráðskorti frá 1910 er sýndur vegur sem liggur frá Stóru-Laxá, um land Hólakots ÁR-324, Hrepphóla ÁR-323, Núpstúns ÁR-322, Galtafells ÁR-321, Grafarbakka ÁR-314 og Áss ÁR-313 en vegurinn endar við Ássrjómabú 313:025 í landi Áss og tengist þar leiðum 025, 025 og 017. Leiðin var skoðuð í landi Núpstúns og Grafarbakka. Hún liggur meðfram Núpstúnsfjalli og Galtafellsfjalli.

Þar sem leiðin var skoðuð liggur hún um gróinn móa undir fjallshlíðum.

Leiðin sést á um 4 km löngum kafla í landi Galtafells og Grafarbakka og á um 300 m löngum kafla í landi Núpstúns. Leiðin liggur í grófum dráttum norðaustur-suðvestur. Þar sem leiðin var skoðuð er hún rudd og er um 2 m að innanmáli og 0,3-0,5 m á dýpt. Viðast er hún gróin og eru 2-3 götur á henni á köflum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Ö-Hrepphólar, 5-6; Ö-Núpstún, 2-3; Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:025** heimild um leið 435445 403725

Á Herforingjaráðskorti frá 1910 er sýnd leið sem liggur af leið 019 (Konungsvegi), framhjá Gröf ÁR-315 og Grafarbakka ÁR-314 og að rjómabúi 313:025 í landi Áss þar sem hún liggur á leiðir 024, 026 og 017. Leiðin liggur undir uppbyggðum malarvegum sem eru að hluta Langholtsvegur 341 og Hrunavegur 344. Leiðin var skoðuð í landi Hellisholts og Grafarbakka.

Leiðin liggur um flatlent láglandi sunnan við Litlu-Laxá.

Engin skýr ummerki um leiðina sjást á vettvangi og má ætla að þau hafi horfið vegna vegagerðar og ræktunar.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:**Herforingjaráðskort 47 1910

**ÁR-681:026** heimild um leið 438225 403955

Á Herforingjaráðskorti frá 1910 er sýnd leið sem liggur frá Ási ÁR-313 og Hruna ÁR-312 um Hellisás (sjá 313:033) á leið 024 og áfram að Grafarbakka ÁR-314. Sá hluti leiðarinnar sem liggur frá Ási og Hruna á leið 024 er ruddur en ekki sá hluti sem liggur frá leið 024 og að Grafarbakka. Leiðin var skoðuð í landi Áss.

Leiðin liggur um mýlend svæði og holt og móa.

Ekki sáust mjög skýr ummerki um leiðina en þó má greina hana óljóst á Hellisholti þar sem eru yngri bíslóðar á hlutum leiðarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:**Herforingjaráðskort 47 1910



## Niðurstöður

Að beiðni sveitarfélagsins Hrunamannahrepps var aðalskráning fornleifa unnin í nágrenni Flúða í byrjun sumars 2015. Við vettvangsvinnu var rætt við heimildarmenn og ábúendur og er þeim færðar bestu þakkir fyrir hjálpina og upplýsingarnar. Skráðar voru 354 fornleifar á 12 jörðum. Flestar fornleifar voru skráðar á Hrepphólum eða 54 en færstar voru fornleifarnar á jörðunum Götu og Sóleyjarbakka eða 16 fornleifar á hvorri jörð. Almenn gildir sú regla um dreifingu minjastaða að hún er þéttust næst bæ. Um það vitna örnefnaskrárnar og túnakortin sem teiknuð voru í upphafi 20. aldar. Mikið af þeim minjastöðum sem vitað er um að stóðu í túni sjást ekki lengur sökum túnasléttunar, það þýðir þó ekki endilega að öll ummerki eftir minjastaðina séu horfin því þau geta enn leynst undir sverði og örugglega fleiri til. Í því sambandi má allt eins gera ráð fyrir því að á einhverjum tíma hafi staðið hús, rétt eða gerði á svo til hverjum hól innan heimatúnsins. Túnakortin sem voru teiknuð í upphafi 20. aldar er mikilvæg heimild en þau eru engu að síður bara ein útgáfa af skipulagi jarðarinnar sem kortið vísar til, skráning á ástandi. Það má því segja að saga hvers bæjar sé geymd í heimatúninu ekki síður en í sjálfum bæjarhólnum. Almenna reglan er síðan sú að eftir því sem fjær dregur frá bæ verða minjastaðirnir dreifðari.

Eins og áður hefur komið fram voru fornleifar skráðar á 12 jörðum; Hruna, Ási, Grafarbakka, Gröf, Högnastöðum, Hellisholti, Miðfelli, Götu, Núpstúni, Hólum, Hólakoti, og Sóleyjarbakka. Elstu jarðirnar í þessum hópi, samkvæmt ritheimildum, eru Hrepphólar sem fyrst er getið er í Landnámu<sup>1</sup> og Hruni sem fyrst er getið í Sturlungu.<sup>2</sup> Á báðum þessum jörðum stóðu kirkjur og standa þær enn. Ás var hjáleiga frá Hruna<sup>3</sup> og Hólakot, Núpstún og Sóleyjarbakki hjáleigur frá Hrepphólum.<sup>4</sup> Elsta heimild sem getur um Grafarbakka, Gröf og Hellisholt er máldagi Hrunakirkju frá 1331<sup>5</sup> og svo er Miðfells getið í máldaga Hrepphólakirkju frá 1382-91.<sup>6</sup> Högnastaðir voru áður hjáleiga frá Gröf<sup>7</sup> og Gata hjáleiga frá Miðfelli.<sup>8</sup> Eins og gefur að skilja þá eru hjáleigurnar yngri en lögbýlin þó að mikill aldursmunur geti verið á þeim innbyrðis. Vísendingar um aldur jarða er einnig hægt að fá með því að skoða verðmætamat þeirra og hvort kirkjur hafi staðið á þeim. Þá er gengið út frá því að frumbýlingarnir hafi valið sér besta jarðnæðið og því ættu elstu jarðirnar að vera stærstar og dýrastar og þá einnig að þau lögbýli þar sem bænhús eða kirkja hefur staðið séu eldri en lögbýli án bænhúss.<sup>9</sup> Þegar gamalt verðmætamat þessara jarða er skoðað kemur ýmislegt áhugavert í ljós. Hrepphólar og Hruni voru kirkjulén og því sést ekki hvers virði þær jarðir voru. Það kæmi þó ekki á óvart ef Hrepphólar hefðu verið metnir hærra en Hruni þar sem fleiri hjáleigur virðast hafa verið á Hrepphólum en Hruna. Árið 1686 er Miðfell metið á 60 hundruð<sup>10</sup> sem gerir hana að dýrustu jörðinni í bændaeign innan skráningarsvæðisins og eru þá hjáleigurnar, Gata og Dalbær, taldar með. Þar á eftir kemur svo Gröf sem ásamt Högnastöðum sem er 39 hundruð.<sup>11</sup> Á Gröf og Miðfelli stóðu eitt sinn einnig kirkjur þó að öll


- 1 Landnáma (útg. 1968), bls. 382
- 2 Sturlunga I, bls. 60
- 3 JÁM II, bls. 258
- 4 JÁM II, bls. 234
- 5 DI II, 665-666
- 6 DI IV, 45-46
- 7 JÁM II, bls. 245
- 8 JÁM II, bls. 250
- 9 Orri Vésteinsson (1998). bls. 1-29
- 10 Björn Lárusson (1967), bls. 110
- 11 Björn Lárusson (1967), bls. 109



ummerki um þær séu horfin í dag. Það voru útkirkjur, oft kallaðar hálfkirkjur, sem sennilega hafa verið kallaðar svo út af því að þar var bara messuskylda annan hvern sunnudag. Við útkirkjuna í Gröf var kirkjugarður því þegar grafið var fyrir fjósi á bænum komu í ljós nokkrar beinagrindur.<sup>12</sup> Grafarbakki var metinn á 30 hundruð árið 1686 og Hellisholt á 20 hundruð<sup>13</sup> sem bendir til þess að þær hafi verið í meðallagi stórar og stóðu bænhús á báðum þessum jörðum. Gróflega má því segja að skráningarsvæðið hafi skipst milli sex lögbýla sem með tíð og tíma hafa skipst í 12 smærri lögbýli.

Ástand fornleifanna eða minjastaðanna var mjög misjafnt eins og gefur að skilja. Það kom fram hér að ofan að 354 minjastaðir voru skráðir innan skráningarsvæðisins, þar af sást ekki til 156 minjastaða þó hægt væri að staðsetja þá og er það rúm 44% af heildar fjöldanum. Ýmsar ástæður liggja þar að baki, t.d. minjastaðir sem voru innan heimatúns eða svo nærri því að þeir hafa verið sléttaðir, sögustaðir og mannabeinafundir sem ekki hafa skilið eftir sig nein sýnileg ummerki. Það sést til 64 minjastaða eða 18,1%, þetta á við um minjastaði sem eru orðnir lítt sýnilegir en einnig um götur og leiðir. Á 13 minjastöðum (3,7%) standa hleðslur, sem þýðir að ástand þeirra er gott og á 47 minjastöðum til viðbótar standa þær grónar, sem telst einnig gott og því má segja að um 17% minjastaða sé í góðu ástandi. Aftur á móti voru 40 minjastaðir (11,3%) með signar hleðslur og 6 til viðbótar (1,7%) með útflattar hleðslur alls 13%. 7,3% minjastaða var ekki hægt að staðsetja.


Ýmis hætta hefur um langan aldur steðjað að fornleifum, svo sem vegna jarðvegseyðingar af völdum vindrofs eða landbrots en aldrei munu þær hafa verið í meiri hættu en eftir tilkomu vinnuvéla sem geta umbreytt stóru landsvæði á einni dagsstund. Á hverjum minjastað var því reynt að áætla út frá staðsetningu og umhverfi hans hvort og hvers vegna hann væri í hættu. 104 minjastaðir (29,4%) voru ekki taldir vera í hættu en 35 (9,9%) voru metnir í stórhættu. Rúmlega helmingur allra minjastaða eða 51,4% var álitinn vera í einhvers konar hættu.



Hættumat hvers minjastaðar fer eftir því hversu miklar framkvæmdir hafa átt sér stað í nágrenni hans eða hversu mikil líkindi eru á því í framtíðinni. Þannig eru minjastaðir nærri hvers konar byggð eða fjölförnum vegi álitnir í meiri hættu en minjastaður sem er fjarri

12 ÞG: „Rannsókn á svonefndi Lögrétta að Gröf í Hrunamannahreppi“ Árbók 1962,102

13 Björn Lárusson (1967), bls. 110



byggðu bóli. Önnur atriði sem hafa áhrif á hættumat minjastaða er t.d. trjágróður og rof. Tilgangurinn með hættumatinu er að vekja athygli á því að umræddur minjastaður geti lent í hættu vegna tiltekinna þátta sem hvorki eru álitnir óhjákvæmilegir eða óyfirséanlegir.

#### *Almennt um minjastaðina*

Minjastaðirnir sem voru skráðir á svæðinu eru eðli málsins samkvæmt dæmigerðar minjar um landbúnað og landnýtingu til forna en að því sögðu hafa allar sveitir sína sérstöðu sem skapast vegna ólíkra gæða og aðstæðna. Í Jarðatali J. Johnsen sem gefið var út 1848 kemur fram að 50 jarðir tilheyrðu þá Hrunamannahreppi. Skráningarsvæðið sem telur aftur á móti eingöngu 12 jarðir er því aðeins lítil hluti hreppsins og því ekki samanburðarhæfur við aðra hreppa sem hafa verið skráðir að fullu. Það sem segja má almennt um skráningarsvæðið er að á því voru til að mynda skráðir 12 bæjarhólar eða bæjarstæði eða jafnmörg og skráðar jarðir og svo 13 býli eða fornar hjáleigur. Bæjarhólar myndast þar sem íbúðarhús hafa staðið til lengri eða skemmri tíma. Hann ber vitni um upphleðslu mannvistarlaga sem safnast hefur saman í tímans rás. Bæjarhólar eru því mjög mikilvægir minjastaðir en að sama skapi má segja að þeir séu sá minjaflokkur sem verst hefur orðið úti við þróun nýs húsakostar. Annað atriði sem einkennir þessa minjastaði líka er að oftast er ennþá búið á þeim. Við fornleifaskráninguna í Hrunamannahreppi kom í ljós að eingöngu þrjár af þeim 12 bæjarhólum sem voru skráðir geta talist greinilegir en það eru bæjarhólarnir á Grafarbakka ÁR-314:001, Gröf ÁR-315:001 og Núpstúnum ÁR-322:001. Annars er meiri hluti bæjarhólanna frekar ógreinilegir og verður það að teljast nokkuð merkilegt sé tekið tillit til aldurs þessara jarða. Eins og áður hefur komið fram voru skráð 13 býli á úttektarsvæðinu; ÁR-312:005, ÁR-312:006, ÁR-312:007, ÁR-313:020, ÁR-314:021, ÁR-316:012, ÁR-316:017, ÁR-317:008, ÁR-319:006, ÁR-319:007, ÁR-323:008, ÁR-323:009 og ÁR-323:030. Hægt var að staðsetja öll býlin nema eitt, Grænagerðiskot ÁR-319:007. Á tveimur minjastöðum stóðu enn tóftir, Launfit ÁR-312:007 og Efra-Hólakot ÁR-323:008, annars voru í flestum tilfellum allar sýnilegar minjar þessara býla horfnar, í mesta lagi sást bara greinileg hólbunga. Hér eru ónefndar tvær tóftir sem hafa óþekkt hlutverk og eru við frísbíggjuföllinn, tóftir ÁR-317:030 og ÁR-317:031 en þær gætu mögulega hafa verið býlistóftir líka.

Þrjú sel voru skráð; ÁR-312:013, ÁR-314:016 og ÁR-322:012, sem er merkilega lítið þrátt fyrir að úttektarsvæðið sé kannski ekki lýsandi fyrir hreppinn. Þar af var á tveimur stöðum eingöngu seljaörnefni sem benti til seljabúskapar en á Fornaseli ÁR-314:016 voru skráðar tóftir. Beitarhúsin voru töluvert fleiri en selin eða 19; ÁR-312:009, ÁR-312:025, ÁR-313:028, ÁR-313:029, ÁR-313:034, ÁR-314:007, ÁR-315:009, ÁR-315:029, ÁR-

315:030, ÁR-317:027, ÁR-317:028, ÁR-317:029, ÁR-318:007, ÁR-319:016, ÁR-322:025, ÁR-323:038, ÁR-325:008, ÁR-325:011 og ÁR-325:015. Tóftir 12 beitarhúsa voru skráðar og á þremur minjastöðum til viðbótar fundust garðlög sem gera má ráð fyrir að hafi afmarkað svæði umhverfis beitarhús sem hafa þá verið sléttuð en á fjórum minjastöðum fundust engar tóftir; ÁR-313:028, ÁR-315:029, ÁR-315:030 og ÁR-325:011. Þessi afgerandi munur á seljum og beitarhúsum er áhugaverður og gæti gefið til kynna áherslu á sauði þó ekki sé hægt að fullyrða að beitarhús hafi eingöngu hýst sauði. Í landi Högnastaða er þó minjastaður sem heitir Innrihús ÁR-316:009 og eru þau sögð vera sauðahús. Þetta eru að öllum líkindum beitarhús en í því tilfalli er það tekið fram að um sauðahús<sup>14</sup> sé að ræða og styður frekar þá kenningu að áhersla hafi verið á ræktun sauða.

Á skráningarsvæðinu voru skráðir 12 stekkir; ÁR-312:016, ÁR-312:022, ÁR-313:017, ÁR-314:027, ÁR-316:006, ÁR-317:014, ÁR-322:010, ÁR-324:003, ÁR-323:044, ÁR-323:045, ÁR-324:014 og ÁR-324:015. Engar stekkjartóftir fundust á sjö minjastöðum, á þremur stöðum fundust tóftir ÁR-312:022, ÁR-324:015, ÁR-323:044, á ellefta minjastaðnum fannst þúst ÁR-324:014 og á þeim tólfta ÁR-323:045 var stekkurinn við helli sem notaður var sem stekkur. Ekkert nafn eða hlutverk er þekkt á tóft ÁR-313:030 í landi Áss en að útliti að dæma hefur hún að öllum líkindum verið stekkur líka. Stekkirnir á skráningarsvæðinu voru oftast á bilinu 400-600m frá bæ en einnig eru dæmi um að þeir hafi staðið nær en lengst frá bæ voru þeir á Hrepphólum, um 1,5 km.

Örnefni sem gáfu vísbendingar um kvíar fundust svo til á öllum jörðum; ÁR-312:010, ÁR-313:013, ÁR-314:012, ÁR-314:020, ÁR-315:013, ÁR-316:007, ÁR-318:012, ÁR-319:010, ÁR-322:029, ÁR-323:023 og ÁR-325:006 en einungis tvær kvíatóftir fundust. Tóftirnar tvær sem voru skráðar eru á Hruna ÁR-312:010 og Högnastöðum ÁR-316:007. Það er frekar algengt að lítið finnist af kvíatóftum þar sem þær stóðu oftast rétt utan túns og hafa því í flestum tilfellum orðið túnasléttun eða öðrum framkvæmdum að bráð. Tóftin á Högnastöðum er til að mynda gott dæmi um slíkan minjastað, sambyggð túngarðinum utanverðum. Hún hefur verið rannsökuð með uppgrefti og kom þá í ljós að veggir hennar voru eingöngu orpnir jarðvegi<sup>15</sup> og hefur því ekki verið vandað til hennar. Líkt og kvíarnar voru nátthagar einnig rétt utan túns og eru örlög þeirra því svipuð. Til eru heimildir um þrjá nátthaga innan skráningarsvæðisins; ÁR-322:021, ÁR-323:024 og ÁR-323:025 en öll ummerki um þá eru horfin af yfirborði.

Áveitur er minjaflokkur sem er töluvert frábrugðinn þeim minjaflokkum sem fjallað hefur verið um hér að ofan því þær ná yfir töluvert stærra landsvæði en láta að sama skapi oft lítið yfir sér. Ellefu áveitur voru skráðar innan svæðisins; ÁR-312:018, ÁR-312:023, ÁR-313:012, ÁR-314:034, ÁR-314:035, ÁR-314:037, ÁR-315:012, ÁR-315:021, ÁR-323:016, ÁR-324:004 og ÁR-324:005. Garðlög voru sýnileg á öllum stöðum nema á ÁR-315:021 því þar er renna, en á ÁR-315:012 og ÁR-323:016 voru öll ummerki minjanna horfin af yfirborði.

Minjaflokkurinn sem var mest áberandi fyrir minjasvæðið og sem þyrfti jafnvel að gefa betri gaum að eru leiðir, en innan skráningarsvæðisins voru skráðar 43 leiðir; ÁR-312:015, ÁR-312:029, ÁR-312:031, ÁR-312:034, ÁR-312:035, ÁR-313:014, ÁR-313:042, ÁR-314:022, ÁR-314:032, ÁR-315:004, ÁR-317:017, ÁR-317:022, ÁR-318:013, ÁR-318:015, ÁR-322:011, ÁR-322:020, ÁR-323:048, ÁR-323:047, ÁR-323:054, ÁR-323:046, ÁR-323:039, ÁR-324:018, ÁR-681:002, ÁR-681:005, ÁR-681:006, ÁR-681:009, ÁR-681:010, ÁR-681:011, ÁR-681:012, ÁR-681:013, ÁR-681:014, ÁR-681:015, ÁR-681:016, ÁR-681:017, ÁR-681:018, ÁR-681:019, ÁR-681:020, ÁR-681:021, ÁR-681:022, ÁR-681:023, ÁR-681:024, ÁR-681:025 og ÁR-681:026.

14 Ö-Högnastaðir, 3

15 Hildur Gestsdóttir (2006), bls. 8

*Minjar sem henta til kynningar og/eða hafa hátt rannsóknargildi*

Nokkrir minjastaðir innan skráningarsvæðisins eru sérlega áhugaverðir, hafa hátt rannsóknargildi eða falla vel til kynningar á fornleifum og gömlum búskaparháttum fyrir heimamenn eða ferðamenn sem heimsækja hreppinn. Á það skal samt bent að kynning á minjum getur bara átt sér stað að frumkvæði landeiganda eða með hans samþykki.

Minjastaður sem sést vel frá Þjóðveginum en hvers hlutverk eru ókunnugum algjörlega hulin ráðgáta, eru veggjarústir rjómabúsins við Áslæk. Áslækjarrjómabúið ÁR-313:025 var starfandi frá 1903-1926 og standa veggir þess ennþá sem minnismerki um mjög stutt skeið í iðnsögu Íslendinga. Fyrstu rjómabúin sem reist voru á Íslandi voru byggð í Hrunamannahreppi strax eftir aldamótin 1900, það fyrsta á Syðra-Seli 10.7.1900, en um 1930 var búið að leggja þau öll niður.<sup>16</sup> Minjarnar eru, eins og áður sagði, nálægt fjölförnum vegi og mætti á auðveldan hátt nota þær til að fræða ferðamenn, innlenda sem erlenda, um uppbygginguna sem átti sér stað í íslenskum landbúnaði við upphaf 20. aldar. Þetta má gera með upplýsingaskiltum sem útskýra minjarnar með texta, gömlum myndum af mjólkurbúinu og teikningum. Svipaða hluti mætti einnig gera við rafstöðina hjá Ási, ÁR-313:038. Hún er reyndar alveg á mörkum þess að vera fornleif þar sem komið var fram á þriðja eða fjórða áratuginn þegar slíkar rafstöðvar komu í sveitirnar en hún er mikilvægur minnisvarði um framþróun í landinu.

Gamla Laugin ÁR-315:014, Vaðmálhver ÁR-315:020 og Hellisholtahver ÁR-317:023 sem notaðir voru til brauðbaksturs og þvotta eru mjög áhugaverðir minjastaðir. Þeir voru eins konar samkomustaðir þar sem fólk af bæjunum í kring hittust og áttu stund saman. Það er auðvelt aðgengi að þessum stöðum og fræðandi skilti gætu auðveldlega breytt þessum stöðum í skemmtilegan áningarstað fyrir komandi kynslóðir og ferðamenn sem eiga leið hjá. Álíka minjastaður er Hrunalaug ÁR-313:007 í landi Áss. Hún er reyndar orðin mjög vinsæll áfangastaður ferðamanna og er mikill átroðningur á svæðinu í kringum laugina þegar farinn að hafa áhrif á minjarnar. Ljónastígur ÁR-315:004 er gömul reiðleið yfir Högnastaðaásinn og hugsanlega hluti af Þjóðleið<sup>17</sup> og er kjörið að nýta hana áfram sem slíka ef hægt er og sameina þannig viðhald á gamalli leið og útivist. Eitt af einkennum skráningarsvæðisins eru leiðir. Það væri mjög áhugavert að kortleggja nákvæmlega allt leiðarkerfi svæðisins, gæti það m.a. varpað ljósi hvernig samgöngur hafa þróast og hvernig sumir staðir færast úr alfaraleið sem leiðir þá til þess að aðrir hafa teikið við því hlutverki. Heimildir eru til um leiðir sem legið hafa um svæðið og voru þær raktar að hluta en hefðbundin aðalskraning megnar ekki að elta og skrá leiðir ítarlega, til þess er hvorki áætlaður nægur tími né fjármagn.

Við bæinn Hruna er samnefnd kletthæð. Ofan á henni er tóft ÁR-312:024 sem oft hefur verið fjallað um og talin er hafa verið kirkjutóft. Það er að segja tóft kirkjunnar sem sökk í jörð á jólanótt með sóknarbörnum og presti.<sup>18</sup> Þó að það verði að teljast afar ósennilegt er staðsetningin óvenjuleg og það hefur greinilega þótt lengi og væri fróðlegt að athuga hvert raunverulegt hlutverk hennar hafi verið. Hún ber merki um mikla eyðingu frá þeim tíma sem hún var í notkun, vegghleðslur eru mjög signar en vel grónar. Hún hefur því hátt varðveislu-, rannsóknar- og kynningargildi.

Aðrar tóftir sem eru ekki síður athyglisverðar er Launfit ÁR-312:007. Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var Launfit nýbýli kringum 1630 sem fór í eyði í lok 17. aldar<sup>19</sup> og sé það rétt er byggðin mjög vel afmörkuð í tíma. Lítið hefur verið

16 Árni Daníelsson (2013), bls. 131-133

17 Ö-Högnastaðir, bls. 3

18 KK I, bls. 135-136

19 JÁM II, bls. 258



rannsakað af bæjum frá þessu tímabili og þá bendir allt til þess að tóftirnar séu öröskuð minjaheild og því hafa Launfitstóftirnar mjög hátt rannsóknar- og varðveislugildi. Það gæti líka verið auðvelt að kynna minjarnar í kjölfarið því aðkoma að þeim er mjög greið en að sama skapi ætti ónæði af þeim heimsóknum að vera lítið þar sem tóftirnar eru ekki þétt við íbúabyggð.

Við frisbígolfvöllinn á Flúðum eru tvær tóftir, ÁR-317:030 og 031, og er hlutverk þeirra óþekkt. Heimildarmaður sem talað var við hélt þó að um mögulegt býli væri að ræða. Tóftirnar hafa hátt rannsóknargildi og væri hlutverk þeirra þekkt gætu þær haft heilmikið fræðslugildi fyrir útivistarsvæðið sem þær standa hjá. Staðsetningin er þannig séð alveg frábær en þetta er auðvitað tvíeggja sverð eins og margt annað þar sem minjastöðum í þéttbýli er alltaf í meiri hætta búin en öðrum og reyndar stafar tóftunum hætta nú þegar af trjágróðri sem hefur verið plantað þétt í nágrenni þeirra. Innrihús ÁR-316:009 í landi Högnastaða er einnig minjastaður sem er innan þéttbýlis sem þrengir allverulega að. Tré hafa verið gróðursett í garðlag sem afmarkað hefur landið umhverfis húsin og valda þau skemmdum á minjunum. Fjöldi beitarhúsa eins og Innrihúsa er athyglisverður sé miðað við stærð skráningarsvæðis. Beitarhús voru hér áður og fyrr oftast ætluð sauðum þó að það hafi kannski ekki verið algilt. Á það ber þó að líta að Innrihús eru sérstaklega nefnd sauðahús og mætti þá vel ímynda sér að svipaður búskapur hafi verið stundaður í öðrum beitarhúsum sem skráð voru á svæðinu sem gefur þá til kynna að áhersla hafi verið á sauðabúskap á svæðinu. Nálægð minjana gerir það að verkum að auðvelt er að nota þær til að kynna forna búskaparhætti fyrir yngri kynslóðum og ferðafólki sem á leið hjá. Minjastaðurinn er að stæorum hluta öröskuð minjaheild og hefur því hátt rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

Fornasel ÁR-314:016 í landi Grafarbakka voru einu seljatóftirnar sem skráðar voru á skráningarsvæðinu. Þær eru dæmi um minjastað sem er í algjörum minnihluta og hafa þær hátt varðveislu- og rannsóknargildi. Aðkoma að þeim auðveld ef áhugi væri á að kynna þær fyrir komandi kynslóðum sem ummerki um löngu horfna búskaparhætti.

Fornufjós ÁR-315:010 er minjastaður í landi Grafar, framarlega á bakka Litlu-Laxár. Austan við minjastaðinn er varnargarður því áin var farin að brjóta bakkann og minjastaðinn. Má ætla að um helmingur minjastaðarins hafi brotnað í ána. Fornufjós eru um 160 m frá bæ og því er staðsetning þess með allt öðrum hætti en almennt hefur verið á seinni tímum þar sem fjósín voru oftast höfð fast við eða jafnvel sambyggð bæjunum. Örnefnið, Fornufjós, og þá aðallega forliðurinn, gefur þannig til kynna að tekin hefur verið ákvörðun um að byggja nýtt fjós og þá á öðrum stað. Það er athyglisvert að velta því fyrir sér af hverju því var valinn staður svo langt frá bæ og af hverju það var flutt. Minjastaðurinn hefur hátt varðveislu og rannsóknargildi.

Oft er úrval minja í úthögum gott og úr miklu að móða en þannig háttar ekki til á skráningarsvæðinu og sem dæmi fundust eingöngu minjar um þrjá stekki á svæðinu þar sem heimildir voru um 12 slík mannvirki. Þar mun stekkur ÁR-323:044 vera skýrasta dæmið um slíka tóft og er aðkoma að honum góð. Beitarhúsin voru fleiri og sem gott dæmi fyrir þá tegund minjastaða er Hnúkahús Á323:038. Þau eru tvöföld og hjá þeim hefur land verið afmarkað með garðlagi. Svo er það réttin í landi Áss ÁR-313:033. Hún er í helli og framan við hellinn hefur verið hlaðinn veggur. Hér er um að ræða skemmtilega nýtingu á náttúrulegum aðstæðum. Allir hafa þessir staðir hátt varðveislugildi sem vel væri hægt að nota til kynningar á horfnum búskaparháttum.

Á skráningarsvæðinu er einn minjastaður sem er friðlýstur, er það Laxahjallatóft ÁR-323:006 í landi Hrepphóla. Samkvæmt friðlýsingarskránni sem gefin var út 1990

var friðlýsingin þinglýst 7 september 1927 að beiðni Matthíasar Þórðarsonar,<sup>20</sup> þáverandi þjóðminjavarðar . Í Sunnlenskum byggðum kemur fram að Hrunalaug ÁR-313:007 sé friðlýst<sup>21</sup> en hennar er hvergi getið í friðlýsingarskránni.

Hér að ofan hefur umræðan mikið til snúist um minjastaði sem enn sjást á yfirborði og geta talist sjónrænir og hentugir til að kynna áhugasömu heimafólki eða ferðamönnum. Það er því rétt að vekja athygli á því hér í lok skýrslu að það þarf einnig að gæta fyllstu varúðar á þekktum minjastöðum þó lítil sem engin ummerki sjáist á yfirborði því undir sverði leynast oft talsverðar mannvistarleifar. Þetta er orsökinn fyrir því að skilgreina má allt það svæði sem fellur innan marka gamalla heimatúna sem sérstakt hættusvæði þar sem fornleifar eru hvergi eins þéttar og einmitt þar, þrátt fyrir að lítil ummerki sjáist oft á yfirborði eins og komið hefur verið að áður. Það er því mikilvægt að hafa samráð við Minjastofnun Íslands áður en farið er í framkvæmdir á eða við slíka minjastaði. Að lokum má minna á 21., 22. og 23. grein laga um menningarminjar en þar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

---

20 ÁG: Fornleifaskrá, 75

21 SBI, 237

## Heimildir

**ÁFÍ 1996:** Ágúst Guðmundsson (1996). „Ofan Hreppafjalla milli Hvítar og Þjórsár í Árnessýslu.“ *Árbók Ferðafélags Íslands*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands

**ÁG: Fornleifaskrá:** *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. (1990). Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands

**Árnesingur V:** Helgi Þorláksson (1998). „Hruni, um mikilvægi staðarins fyrir samgöngur, völd og kirkjulegt starf á þjóðveldisöld.“ *Árnesingur*. Rit V. Selfoss: Sögufélag Árnesinga.

Árni Daníel Júlíusson (2013). *Landbúnaðarsaga Íslands*. Bindi 2. Reykjavík: Skrudda

**BJ: “Athugasemdir við Árbók Fornleifafélagsins 1905” Árbók 1907:** Brynjúlfur Jónsson (1907). „Athugasemdir við Árbók Fornleifafélagsins 1905.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 29-38

**BJ: “Fornleifafundur í Bryðjuholti 1903” Árbók 1904:** Brynjúlfur Jónsson (1904). „Fornleifafundur í Bryðjuholti 1903.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 22-23

**BJ: “Fornleifar í Hörgholti” Árbók 1900:** Brynjúlfur Jónsson (1900). „Fornleifar í Hörgholti.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1900*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 28-29

**BJ: “Rannsókn í Árnesþingi” Árbók 1905:** Brynjúlfur Jónsson (1906). „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-51

**BJ: “Rannsóknir byggðaleifa” Árbók 1896:** Brynjúlfur Jónsson (1896). „Rannsóknir byggðaleifa upp frá Hrunamannahreppi sumarið 1895.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-13

**BJ: “Ýmsar greinar” Árbók 1910:** Brynjúlfur Jónsson (1911). „Ýmsar greinar.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 28-47

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic land registers*. W. F. Salisbury (þýddi). Lund: Gleerup

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kh. og Rv. 18531976 Einar Guðmundsson (1932). *Íslenskar þjóðsögur*. 5 bindi. 2. útgáfa. Reykjavík: Leiftur, 1932), I, 65-67.

**FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* (1983). Sveinbjörn Rafnsson (bjó til prentunnar). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar

Guðmundur Ólafsson (1987). *Skálarlaga leirgryfja að Kópavatni*. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 7. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands

*Heimir* (1959). „Eyðibýli í Hrunamannahreppi.“ Sigurður Sigurmundsson, Brynjólfur Guðmundsson og Guðmundur Jónsson (ritstjórn). Hrunamannahreppur: Ungmennafélag Hrunamanna

**Herforingjaráðskort 1905-15:** Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1910). (blöð: 47). Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Sótt af: <http://islandskort.is/is/category/list/29>

Hildur Gestsdóttir (2006). *Fornleifakönnun í landi Högnastaða á Flúðum í Hrunamannahreppi*. FS322-06221. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses

**IA:** *Islandske Annaler indtil 1578* (1888). Dr. Gustav Storm (ritstj.). Christiania: Grøndahl & Søns Bogtrykkeri.

**JÁM II:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Árnessýsla. Bindi II. Kaupmannahöfn 1918-1921;

**JJ:** J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen

**KE: “Hringur með nöfnum” Árbók 1949-50:** Kristján Eldjárn (1951). „Hringur með nöfnum austurvegsvitringa.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík:

Ísafoldarprentsmiðja, bls. 129-131

**KEKH:** Kristján Eldjárn (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið*. 2. útgáfa. Adolf Friðriksson (ritstjóri). Reykjavík: Mál og menning

**Kirkjur Íslands bindi 1:** *Kirkjur Íslands* (2001). Bindi I. Margrét Hallgrímsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Karl Sigurbjörnsson (ritstjórn). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd ríkisins, Biskupsstofa og Hið íslenska bókmenntafélag

**KK I:** P. E. Kristian Kálund (1984). *Íslenzkir sögustaðir*. Bindi 1, Sunnlendingafjórðungur. Haraldur Matthíasson (ísl. þýðing). Reykjavík: Örn og Örlygur hf

Kristján Mímísson (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Högnastíg og Smiðjustíg á Flúðum í Hrunamannahreppi, Árnessýslu*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan

**MP: "Skýrsla" Árbók 1910:** Matthías Þórðarson (1911). „Skýrsla um viðbót við Forngripasafnið og þau söfn, er því eru sameinuð, árið 1909.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 72-97

**MP: "Skýrsla" Árbók 1911:** Matthías Þórðarson (1911). „Skýrsla um viðbót við Þjóðminjasafnið árið 1910.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 70-98

**MP: "Smávegis" Árbók 1924: 42-58:** Matthías Þórðarson (1924). „Smávegis. Um nokkra staði og fornminjar, er höf. hefir athugað á skráningarferðum sínum. Framhald greinanna í Árb. 1920.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 42-58

**SBI:** *Sunnlenskar byggðir* (1980). „Tungur, Hreppar, Skeið.“ Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson (ritnefnd). Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.

**SH: "Fornbýli við Hrunakrök" Árnesingur I:** Sigurjón Helgason (1990). „Fornbýli við Hrunakrök og sögnin um forna Hruna.“ *Árnesingur*. Rit I. Selfoss: Sögufélag Árnesinga, bls. 25-42

**Skýrsla FÍ II:** *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík* (1874). Bindi II, 1867-1870. Sigurður Guðmundsson (höf). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag

**Sturl:** *Sturlunga saga* (1988). Örnólfur Thorsson (ritstj.). Reykjavík: Svart á hvítu

**ÞG: "Rannsókn á svonefndri Lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi" Árbók 1962:** Þorkell Grímsson (1962). „Rannsókn á svonefndri Lögréttu að Gröf í Hrunamannahreppi.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Kristján Eldjárn (ritstj.). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 100-114

**ÞM: "Rannsókn fornrustar við Auðnugil" Árbók 1984:** Þór Magnússon (1985). „Rannsókn fornrustar við Auðnugil í Hrunamannahreppi.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Inga Lára Baldvinsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag, bls. 183-190

**ÞM: "Sögualdarbyggð í Hvítárholti" Árbók 1972:** Þór Magnússon (1973). „Sögualdarbyggð í Hvítárholti.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Kristján Eldjárn (ritstj.). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 5-80



## Óútgefnar heimildir:

Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Ás. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Gata og Miðfell. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Grafarbakki. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Gröf. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hellisholt. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hólakot. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hrepphólar. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Hrúni. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Högnastaðir. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Núpstún. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ingimundur Einarsson: Örnefnabók Hrunamannahrepps - Sóleyjarbakki. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Túnakort 1920:** Túnakort Hrunamannahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Túnakort 1921:** Túnakort Hrunamannahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Túnakort 1922:** Túnakort Hrunamannahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Ö-Ás:** Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

**Ö-Ás svör við sp:** Eiríkur Steindórsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Gata:** Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Grafarbakki BJ:** Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Grafarbakki:** Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Gröf:** Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

**Ö-Gröf BJ:** Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Gröf, Hvammur og Högnastaðir:** Valdimar Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hellisholt BJ:** Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hellisholt:** Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hólakot BJ:** Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Hrepphólar:** Jónína Hafsteinsdóttir skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í

íslenskum fræðum.

**Ö-Hruni:** Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Högnastaðir:** Valdimar Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Miðfell:** Þorsteinn Bjarnason skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Miðfellshverfi BJ:** Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Núpstún:** Jóhann Már Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Núpstún ath og viðb:** Jóhann Már Guðmundsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Núpstún ath:** Athugasemdir Jóns Sigurðssonar. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

**Ö-Sóleyjarbakki BJ:** Brynjúlfur Jónsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

#### **Heimildamenn:**

Björg Björnsdóttir

Eiríkur Kristoferson

Eiríkur Steindórsson

Emil Kristófersson

Garðar Olgeirsson

Guðjón Emilsson

Gunnlaugur Magnússon

Halldóra Ásmundsdóttir

Ingilaug Auður Guðmundsdóttir

Jón Hermannsson

Sigrún Tómasdóttir

Sigurður Jónsson

Skúli Gunnlaugsson

Sólrún Tómasdóttir

Stefán Jónsson

## Hnitaskrá:

Samtala	X	Y	Samtala	X	Y
ÁR-312:001	438645	404653	ÁR-313:005	437989	404317
ÁR-312:002	438660	404628	ÁR-313:007	438881	403934
ÁR-312:003	438621	404669	ÁR-313:008	437977	404229
ÁR-312:004A	438827	404828	ÁR-313:009A	437887	404110
ÁR-312:004B	438699	404888	ÁR-313:009B	437885	404083
ÁR-312:004C	438733	404873	ÁR-313:009C	437886	404052
ÁR-312:005	438918	404515	ÁR-313:010	437919	404188
ÁR-312:006	438650	404475	ÁR-313:011	438044	404386
ÁR-312:007	438168	406521	ÁR-313:012	438215	404362
ÁR-312:008	438590	404677	ÁR-313:013	438222	404160
ÁR-312:009A	439271	405724	ÁR-313:014	438486	404222
ÁR-312:009B	439192	405683	ÁR-313:015	437965	404203
ÁR-312:009C	439210	405806	ÁR-313:016	437739	404091
ÁR-312:010	438871	404664	ÁR-313:017	437553	404424
ÁR-312:011	439738	406071	ÁR-313:020	437994	404372
ÁR-312:012A	439821	404951	ÁR-313:021	438121	403887
ÁR-312:012B	439775	404837	ÁR-313:022	438730	403461
ÁR-312:012C	439780	404830	ÁR-313:023	438815	403829
ÁR-312:012D	439703	404816	ÁR-313:024	438109	404153
ÁR-312:012E	439450	404601	ÁR-313:025	437480	404148
ÁR-312:012F	439179	404383	ÁR-313:026	438040	404373
ÁR-312:012G	438798	404080	ÁR-313:027	437976	404199
ÁR-312:013	439663	404796	ÁR-313:028	437255	404667
ÁR-312:014	438200	404759	ÁR-313:029A	438760	403958
ÁR-312:015	438197	406518	ÁR-313:029B	438746	403910
ÁR-312:017	438629	404640	ÁR-313:030	437922	404265
ÁR-312:018A	437900	404958	ÁR-313:031	439689	404012
ÁR-312:018B	438017	405149	ÁR-313:032	439622	404082
ÁR-312:018C	438136	405101	ÁR-313:033A	438440	404088
ÁR-312:018D	438211	405075	ÁR-313:033B	438491	404112
ÁR-312:018E	438215	405069	ÁR-313:033C	438403	404045
ÁR-312:020	438540	405288	ÁR-313:034A	439018	404207
ÁR-312:021	439106	404473	ÁR-313:034B	439060	404346
ÁR-312:022	438224	404755	ÁR-313:035	438769	403886
ÁR-312:023A	438477	404596	ÁR-313:036A	437716	404053
ÁR-312:023B	438522	404491	ÁR-313:036B	437569	404175
ÁR-312:023C	438496	404511	ÁR-313:037	438119	404417
ÁR-312:023D	438491	404493	ÁR-313:038A	437650	404112
ÁR-312:024	438706	404681	ÁR-313:038B	437614	404129
ÁR-312:025	439563	405055	ÁR-313:039	438438	404100
ÁR-312:026	439093	404481	ÁR-313:040	437522	404158
ÁR-312:027	439154	405984	ÁR-313:042	437566	404198
ÁR-312:028	438361	404798	ÁR-314:001	436203	404295
ÁR-312:029	438556	406222	ÁR-314:003	436248	404095
ÁR-312:030	437488	405687	ÁR-314:004	436263	404015
ÁR-312:031	438478	405887	ÁR-314:005	436253	404277
ÁR-312:032	437579	405698	ÁR-314:006	437439	403600
ÁR-312:033	439743	406118	ÁR-314:007A	437457	402676
ÁR-312:034	438455	406048	ÁR-314:007B	437464	402654
ÁR-312:035	439421	405984	ÁR-314:008	436400	403920
ÁR-313:001	437965	404215	ÁR-314:009A	436089	404219
ÁR-313:002	438004	404318	ÁR-314:009B	436079	404215
ÁR-313:003	438009	404337	ÁR-314:010	436663	403211
ÁR-313:004	437982	404336	ÁR-314:012	436347	404095

<b>Samtala</b>	<b>X</b>	<b>Y</b>	<b>Samtala</b>	<b>X</b>	<b>Y</b>
ÁR-314:013	436330	403995	ÁR-315:026	435758	403944
ÁR-314:014	438619	403846	ÁR-315:027	435802	403943
ÁR-314:016	436799	402479	ÁR-315:028	435553	404002
ÁR-314:017	436989	402195	ÁR-315:029	436163	404612
ÁR-314:018	436213	402574	ÁR-315:030	435985	404662
ÁR-314:020	436358	403936	ÁR-316:001	435726	404380
ÁR-314:021	436657	403592	ÁR-316:002	435618	404439
ÁR-314:022	436052	404180	ÁR-316:003	435770	404464
ÁR-314:023	435896	404115	ÁR-316:004	435734	404504
ÁR-314:024	436676	403909	ÁR-316:005	435704	404525
ÁR-314:025	436245	404247	ÁR-316:006	435668	404567
ÁR-314:026	436134	404345	ÁR-316:007	435705	404527
ÁR-314:027	436348	403937	ÁR-316:008	436155	405040
ÁR-314:028	436325	403971	ÁR-316:009	435718	404663
ÁR-314:029	436227	403825	ÁR-316:010	435725	404616
ÁR-314:030A	436192	403810	ÁR-316:011	435723	404681
ÁR-314:030B	436025	403682	ÁR-316:012	435159	405866
ÁR-314:031	436110	404212	ÁR-316:014	434395	405932
ÁR-314:032	436172	404399	ÁR-316:015	433652	406275
ÁR-314:033	436178	404463	ÁR-316:016	434294	405771
ÁR-314:034	436904	402573	ÁR-316:017	434621	406316
ÁR-314:035A	436639	402854	ÁR-316:018	435703	404367
ÁR-314:035B	436415	402643	ÁR-317:001	435493	403139
ÁR-314:036	436278	403842	ÁR-317:002	435491	403150
ÁR-314:037A	436722	404031	ÁR-317:003	435557	403130
ÁR-314:037B	436784	404165	ÁR-317:004	435470	403188
ÁR-314:038A	436375	404112	ÁR-317:005	435523	403262
ÁR-314:038B	436361	404141	ÁR-317:006	435569	403248
ÁR-314:039	436784	402472	ÁR-317:007	435524	403084
ÁR-314:040	436803	402505	ÁR-317:008	435329	403038
ÁR-314:041	436785	402504	ÁR-317:009	435486	403192
ÁR-315:001	435687	404080	ÁR-317:010A	435367	403007
ÁR-315:002	435714	404048	ÁR-317:010B	435549	403284
ÁR-315:003	435697	404259	ÁR-317:011	435538	403121
ÁR-315:004	436414	405253	ÁR-317:012	435451	403149
ÁR-315:005A	436413	405253	ÁR-317:013	435445	403142
ÁR-315:005B	436418	405365	ÁR-317:014	435668	403497
ÁR-315:006	435625	404115	ÁR-317:015	435312	402948
ÁR-315:008	435242	404458	ÁR-317:016	435512	403146
ÁR-315:009A	436571	405278	ÁR-317:017	434993	402711
ÁR-315:009B	436593	405342	ÁR-317:018	435119	403384
ÁR-315:010	435824	404166	ÁR-317:019	435086	402682
ÁR-315:011	435634	404085	ÁR-317:020	435286	403158
ÁR-315:013	435454	404352	ÁR-317:022A	435324	402978
ÁR-315:014A	436252	404472	ÁR-317:022B	434948	402578
ÁR-315:014B	436249	404463	ÁR-317:023	435455	403512
ÁR-315:016A	436438	404683	ÁR-317:024	435526	403588
ÁR-315:016B	436442	404698	ÁR-317:025	435415	403448
ÁR-315:017	435294	404408	ÁR-317:026	435331	403122
ÁR-315:018	434932	404660	ÁR-317:027A	435545	402642
ÁR-315:019	435924	404025	ÁR-317:027B	435482	402603
ÁR-315:020	436236	404453	ÁR-317:027C	435473	402612
ÁR-315:021	434684	404520	ÁR-317:028	435692	402352
ÁR-315:022	435556	404254	ÁR-317:029	434916	403078
ÁR-315:023	435576	404217	ÁR-317:030	435811	403488
ÁR-315:024	435631	404190	ÁR-317:031	435796	403498
ÁR-315:025	435686	404070	ÁR-317:032	435476	403342




<b>Samtala</b>	<b>X</b>	<b>Y</b>	<b>Samtala</b>	<b>X</b>	<b>Y</b>
ÁR-317:033	435149	402711	ÁR-322:021	435781	398716
ÁR-317:034	435373	402957	ÁR-322:022A	436042	398253
ÁR-317:035	435382	403861	ÁR-322:022B	435877	398216
ÁR-317:036	434982	403479	ÁR-322:023	435507	398160
ÁR-317:037	435245	402859	ÁR-322:024	437266	398916
ÁR-318:001	434475	400736	ÁR-322:025	434821	398506
ÁR-318:002	434504	400714	ÁR-322:026	435853	398354
ÁR-318:003	434575	400424	ÁR-322:027	435449	398164
ÁR-318:004	434247	400596	ÁR-322:028	435724	398675
ÁR-318:005A	433022	399457	ÁR-322:029	436092	398211
ÁR-318:005B	433012	399463	ÁR-323:001	435136	396850
ÁR-318:007	433094	399462	ÁR-323:002	435170	396855
ÁR-318:008	434261	400582	ÁR-323:003	435154	396937
ÁR-318:009	433705	399326	ÁR-323:004	435373	397060
ÁR-318:011	434451	400537	ÁR-323:005	435160	396869
ÁR-318:013	433539	401000	ÁR-323:006	436065	397301
ÁR-318:016	434456	400676	ÁR-323:007	435298	397015
ÁR-318:017	434426	400568	ÁR-323:008	435368	397134
ÁR-318:018	434825	401393	ÁR-323:009	433946	398909
ÁR-319:001	434336	400739	ÁR-323:010	434948	396479
ÁR-319:002	434202	400750	ÁR-323:011	434949	396611
ÁR-319:003	434286	400853	ÁR-323:013	435147	396825
ÁR-319:004	434401	400804	ÁR-323:014	434923	396598
ÁR-319:005	434360	400724	ÁR-323:015	434987	396745
ÁR-319:006	434237	400552	ÁR-323:016	434786	396906
ÁR-319:008	434568	401828	ÁR-323:017	435043	396725
ÁR-319:009	433037	400279	ÁR-323:018	435050	396730
ÁR-319:010	434115	400756	ÁR-323:019	435049	396726
ÁR-319:011	434178	400753	ÁR-323:020	435128	396855
ÁR-319:012	434421	401690	ÁR-323:022	435144	396952
ÁR-319:013	434315	401318	ÁR-323:023	435143	396985
ÁR-319:014A	433519	400951	ÁR-323:024	435146	396995
ÁR-319:014B	433551	401017	ÁR-323:025	435102	397013
ÁR-319:014C	433539	401000	ÁR-323:026	435164	396894
ÁR-319:015	433435	400965	ÁR-323:027	435296	396988
ÁR-319:016A	433810	401203	ÁR-323:028	435139	396940
ÁR-319:016B	433763	401223	ÁR-323:029	436845	397444
ÁR-322:001	435899	398324	ÁR-323:030	435979	397411
ÁR-322:002	435871	398240	ÁR-323:031	435185	396825
ÁR-322:003	435940	398371	ÁR-323:032	435133	396810
ÁR-322:004	435956	398470	ÁR-323:033	435157	396798
ÁR-322:005	435939	398498	ÁR-323:034	435146	396796
ÁR-322:006	435839	398197	ÁR-323:035	435558	397542
ÁR-322:007	435815	398636	ÁR-323:036	435066	396551
ÁR-322:008	435810	398601	ÁR-323:037	435431	397215
ÁR-322:009	437671	399366	ÁR-323:038A	436070	397191
ÁR-322:010	436050	398996	ÁR-323:038B	436024	397174
ÁR-322:011	436141	399020	ÁR-323:039	435860	397099
ÁR-322:012	437008	399489	ÁR-323:040	436006	396553
ÁR-322:013	436175	398263	ÁR-323:041	435019	396935
ÁR-322:014	436127	398222	ÁR-323:043	436224	397328
ÁR-322:015	436541	398532	ÁR-323:044	436583	397351
ÁR-322:016	436558	398528	ÁR-323:045	436623	397408
ÁR-322:017	437228	399339	ÁR-323:046	436635	397364
ÁR-322:018	437223	399330	ÁR-323:047	436999	397529
ÁR-322:019	437284	398431	ÁR-323:048	436709	397720
ÁR-322:020	437021	398559	ÁR-323:049	437019	397279

<b>Samtala</b>	<b>X</b>	<b>Y</b>	<b>Samtala</b>	<b>X</b>	<b>Y</b>
ÁR-323:050	434822	397398	ÁR-681:018A	433427	400939
ÁR-323:051	435618	397453	ÁR-681:018B	433468	401035
ÁR-323:052	435297	397357	ÁR-681:019	435260	404521
ÁR-323:053	433428	399267	ÁR-681:020	435063	404566
ÁR-323:054	435432	396725	ÁR-681:021	436556	398400
ÁR-324:001	434841	396274	ÁR-681:022	433781	396186
ÁR-324:002	434421	395471	ÁR-681:023	439016	405503
ÁR-324:003	434316	396525	ÁR-681:024A	435836	398761
ÁR-324:004A	434440	396576	ÁR-681:024B	437503	402763
ÁR-324:004B	434462	396664	ÁR-681:025	435445	403725
ÁR-324:004C	434687	396644	ÁR-681:026	438225	403955
ÁR-324:004D	434393	396603			
ÁR-324:004E	434502	396527			
ÁR-324:004F	434447	396645			
ÁR-324:004G	434543	396579			
ÁR-324:005A	433613	396025			
ÁR-324:005B	434703	396124			
ÁR-324:006	434790	396159			
ÁR-324:007	434842	396334			
ÁR-324:008	434752	396156			
ÁR-324:009	434785	396136			
ÁR-324:010	433627	396367			
ÁR-324:011	433622	396294			
ÁR-324:012	434814	396248			
ÁR-324:013	434656	395754			
ÁR-324:014	434453	396785			
ÁR-324:015	434423	396768			
ÁR-324:016	434434	396738			
ÁR-324:017	433280	395789			
ÁR-324:018	434761	396054			
ÁR-325:001	431885	396768			
ÁR-325:002	432000	396724			
ÁR-325:003	432071	396723			
ÁR-325:004	431866	396707			
ÁR-325:005	431860	396711			
ÁR-325:006	432056	396680			
ÁR-325:008A	432807	396497			
ÁR-325:008B	432811	396511			
ÁR-325:009	432873	396473			
ÁR-325:010	431881	396702			
ÁR-325:012	433311	397602			
ÁR-325:013	432153	397039			
ÁR-325:014	431792	396750			
ÁR-325:015	433111	397482			
ÁR-325:016	433095	397464			
ÁR-681:002	435603	397055			
ÁR-681:005	438912	405417			
ÁR-681:006	438497	405880			
ÁR-681:009	439024	406127			
ÁR-681:010	439184	404971			
ÁR-681:011	438825	403555			
ÁR-681:012	438198	404546			
ÁR-681:013	434654	402661			
ÁR-681:014	434853	402366			
ÁR-681:015	434455	402750			
ÁR-681:016	436535	405162			
ÁR-681:017	436852	405419			




## Loftmyndir - fornleifakort

Loftmyndirnar hér að aftan sýna afstöðu fornleifa innan jarða en fremst er dreifing allra skráðra minjastaða sýnd á Íslandskorti 1:100000 sem gefið var út á árunum 1921 - 1944. Hver loftmynd er merkt ákveðinni jörð og ef um fleiri en eina loftmynd af sömu jörð er að ræða er þess getið innan sviga (t.d. kort 1 og kort 2). Þar að auki er lítið merki neðarlega í hægra horni þeirra sem samsett er af tveimur eða fleiri römmum sem sýna númer loftmyndanna, afstöðuna og skalann á milli þeirra. Stór rammi þýðir að á þeim sést stærra landsvæði en á minni römmunum. Á hverri loftmynd eru eingöngu sýnd hnit sem tilheyra einni jörð. Hnit er sýnt með rauðum punkti með svartri umgjörð og hjá því er hvítt merki sem sýnir kennitölu minjastaðarins ásamt hlutverki hans eins og það kemur fyrir í fornleifaskránni. Svartar línur sýna hvar minjastaðir, og þá aðallega leiðir og garðlög, hafa verið rakin með staðsetningartækjum. Á sumum loftmyndunum sjást rauðar línur sem sýna möguleg landamerki. Þær eru bara til viðmiðunar og má ekki nota minjakortin sem heimild um landamerki. Fornleifakort eru einnig birt við upphaf umfjöllunar um hverja jörð fyrir sig sem sýnir enn fremur upplýsingar túnakorta frá öðrum áratugi 20. aldar







Rauðar línur tákna landamerki en þær eru eingöngu settar fram til viðmiðunar og án ábyrgðar. Ekki má nota minjakortin sem heimild um landamerki. Rauðir punktar eru hnitsettir minjastaðir.



# ÁR-312 Hrumi (kort 1)

ÁR-312:007 býli  
ÁR-312:015 leið

ÁR-312:029 leið

ÁR-312:034 leið

ÁR-312:027 fjárskýli

ÁR-312:033 óþekkt

ÁR-312:035 leið

ÁR-312:031 leið

ÁR-312:009 bettarhús

ÁR-312:009 bettarhús

ÁR-312:009 bettarhús

ÁR-312:032 fjárhús

ÁR-312:030 óþekkt

ÁR-312:020 legstaður

ÁR-312:018 áveita

ÁR-312:018 áveita

ÁR-312:018 áveita

ÁR-312:018 áveita

ÁR-312:004 fjárhús

ÁR-312:012 landamerki

ÁR-312:014 fjárhús

ÁR-312:022 stekkur

ÁR-312:010 kvíar

ÁR-312:012 landamerki

ÁR-312:023 áveita

ÁR-312:023 áveita

ÁR-312:005 býli

ÁR-312:005 býli

ÁR-312:021 fjárhús

ÁR-312:012 landamerki

250

250

500

750

1000 m



1



# ÁR-312 Hruni (kort 2)



ÁR-312:012 landamerki

ÁR-312:004 fjárhús

ÁR-312:004 fjárhús

ÁR-312:004 fjárhús

ÁR-312:013 sel

ÁR-312:008 traðir

ÁR-312:024 óþekkt

ÁR-312:003 útihús

ÁR-312:010 kvíar

ÁR-312:001 bústaður

ÁR-312:002 kirkja

ÁR-312:017 kálgarðurur

ÁR-312:023 ávettta

ÁR-312:006 býli

ÁR-312:005 býli

ÁR-312:026 heystæði

ÁR-312:021 fjárhús

ÁR-312:012 landamerki


ÁR-312:012 landamerki

ÁR-312:012 landamerki





# ÁR-313 Ás (kort 1)



ÁR-313:028 beitarhús

ÁR-313:017 stekkur

ÁR-313:020 býll

ÁR-313:004 lambhús  
ÁR-313:005 útihús  
ÁR-313:002 hesthús

ÁR-313:030 óþekkt

ÁR-313:042 leið

ÁR-313:025 rómabú

ÁR-313:016 þvottastaða

ÁR-313:036 óþekkt

ÁR-313:001 bústaður  
ÁR-313:015 kálgarður

ÁR-313:010 traðir

ÁR-313:009 lambhús

ÁR-313:037 vörslugarðurur

ÁR-313:011 útihús

ÁR-313:003 útihús

ÁR-313:012 ávelta

ÁR-313:014 leið

ÁR-313:008 fjós  
ÁR-313:027 traðir

ÁR-313:013 kvíar

ÁR-313:024 mögrafir

ÁR-313:033 rétt


ÁR-313:029 beitarhús

ÁR-313:035 óþekkt






# ÁR-313 Ás (kort 2)





# ÁR-314 Grafarbakki (kort 1)



ÁR-314:033 vað

ÁR-314:032 leið

ÁR-314:026 kálgarður

ÁR-314:025 traðir

ÁR-314:001 bústaður

ÁR-314:009

ÁR-314:023 vað

ÁR-314:003 útihús

ÁR-314:004 útihús

ÁR-314:027 stekkur

ÁR-314:028 hesthús

ÁR-314:008 lambhús

ÁR-314:036 óþekkt

ÁR-314:029 hesthús

ÁR-314:030 fjárhús

ÁR-314:030 fjárhús

100 0 100 200 300 400 m



ÁR-314:021 býli

ÁR-314:037 áveitta

ÁR-314:037 áveitta

ÁR-314:038 fjárhús

ÁR-314:012 kvíar

ÁR-314:013 tungarður

ÁR-314:020 kvíar

ÁR-314:024 legstaður



# ÁR-314 Grafarbakki (kort 2)



ÁR-314:033 vað

ÁR-314:032 leið

ÁR-314:026 kálgaður

ÁR-314:001 bústaður

ÁR-314:005 öskuhaugur

ÁR-314:031 legstaður

ÁR-314:038 fjárhús

ÁR-314:003 úrinús

ÁR-314:004 úrhú

ÁR-314:027 stekku

ÁR-314:013 túngarður

ÁR-314:008 lambhús

ÁR-314:050 fjárhús

ÁR-314:029 hesthús

ÁR-314:036 óþekkt

ÁR-314:024 legstaður

ÁR-314:021 býli

ÁR-314:010 hesthús

ÁR-314:035 áveita

ÁR-314:034 áveita

ÁR-314:035 áveita

ÁR-314:017 óþekkt

ÁR-314:041 fjárhús

ÁR-314:040 heystræði

ÁR-314:039 óþekkt

ÁR-314:016 sel

ÁR-314:007 beitarnhús

ÁR-314:007 beitarnhús

ÁR-314:007 beitarnhús

ÁR-314:018 rista

ÁR-314:035 áveita

ÁR-314:041 fjárhús

ÁR-314:039 óþekkt

ÁR-314:016 sel

250

0

250

500

750

1000 m

2



# ÁR-315 Gröf (kort 1)

ÁR-315:018 mógráfr

ÁR-315:008 vað

ÁR-315:017 afökustaður

ÁR-315:013 kvíar

ÁR-315:022 fjárhús

ÁR-315:023 lambhús

ÁR-315:024 tröðr

ÁR-315:006 þingstaður

ÁR-315:001 bústaður

ÁR-315:011 tröðr

ÁR-315:025 kálgarður

ÁR-315:028 vað

ÁR-315:026 kálgarður

ÁR-315:002 útkr. klia

ÁR-315:019 mógráfr

ÁR-315:003 tungarður

ÁR-315:010 fjós

ÁR-315:030 beitarnús

ÁR-315:029 beitarnús

ÁR-315:016 drau  
ÁR-315:016 drau

ÁR-315:020 þvottastaður

ÁR-315:014 sundlaug

ÁR-315:014 sundlaug





# ÁR-315 Gröf (kort 2)





# ÁR-316 Högnastaðir (kort 1)

ÁR-316:008 óþekkt

ÁR-316:011 óþekkt

ÁR-316:009 fjárhús

ÁR-316:010 vörslugarður

ÁR-316:006 stekkur

ÁR-316:007 kvíar

ÁR-316:004 útihús

ÁR-316:003 útihús

ÁR-316:002 útihús

ÁR-316:001 bústaður

ÁR-316:018 kálgarður

ÁR-316:005 túngarður

100 0 100 200 300 400 m



# ÁR-316 Högnastaðir (kort 2)

ÁR-316:015 vað

ÁR-316:017 býli

ÁR-316:014 fjárhús

ÁR-316:016 landamerki

ÁR-316:012 býli

ÁR-316:008 óþekkt

ÁR-316:009 fjárhús

ÁR-316:011 óþekkt

ÁR-316:006 stekku

ÁR-316:010 vörslugarður

ÁR-316:002 útihús

ÁR-316:003 útihús

ÁR-316:018 kaigardur

ÁR-316:001 bústaður

500

0

500

1000

1500

2000 m



# ÁR-317 Hellisholt (kort 1)



2

1



# ÁR-317 Hellisholt (kort 2)



ÁR-317:005 útihús  
ÁR-317:006 lambhús

ÁR-317:004 útihús  
ÁR-317:009 traðir

ÁR-317:020 fjárhús  
ÁR-317:002 bænhús  
ÁR-317:012 þvottastaði  
ÁR-317:016 traðir  
ÁR-317:026 óþekkt  
ÁR-317:011 hesthús  
ÁR-317:003 útihús

ÁR-317:029 beitarhús

ÁR-317:008 býli

ÁR-317:022 leið  
ÁR-317:010 túngarður

ÁR-317:015 hrútakoff  
ÁR-317:034 útihús

ÁR-317:037 vörslugarður

ÁR-317:017 leið  
ÁR-317:033 vörslugarður

ÁR-317:019 fjarskýli

ÁR-317:022 leið

ÁR-317:027 beitarhús  
ÁR-317:027 beitarhús  
ÁR-317:027 beitarhús

ÁR-317:028 beitarhús

2

1



# ÁR-318 Miðfell

• ÁR-318:018 þjóðsaga

• ÁR-318:013 leið

• ÁR-318:001 bústaður

• ÁR-318:002 útkirkja

• ÁR-318:016 traðir

• ÁR-318:004 útihús

• ÁR-318:008 lambhús

• ÁR-318:017 landamerki

• ÁR-318:011 túngarður

• ÁR-318:003 útihús

• ÁR-318:005 óþekkt

• ÁR-318:007 beitarhús

• ÁR-318:005 óþekkt

• ÁR-318:009 fjárskýli

250


0

250

500

750

1000 m





# ÁR-319 Gata

ÁR-319:008 fjárhús

ÁR-319:012 óþekkt

ÁR-319:013 óþekkt

ÁR-319:016 beitarhús  
ÁR-319:016 beitarhús

ÁR-319:015 rista

ÁR-319:014 óþekkt

ÁR-319:011 tungarður

ÁR-319:010 kvíar

ÁR-319:002 útihús

ÁR-319:006 býll

ÁR-319:003 lambhús

ÁR-319:004 tungarður

ÁR-319:001 bústaður


ÁR-319:005 traðir

ÁR-319:009 fjárhús





# ÁR-322 Nýpstún



ÁR-322:012 sel

ÁR-322:009 vað

ÁR-322:018 óþekkt

ÁR-322:017 fjárhús

ÁR-322:011 leið

ÁR-322:010 stekkur

ÁR-322:024 rista

ÁR-322:021 náttagi

ÁR-322:028 rista

ÁR-322:007 túngarður

ÁR-322:008 fjárhús

ÁR-322:015 fjárhús

ÁR-322:016 rétt

ÁR-322:020 leið

ÁR-322:005 lambhús

ÁR-322:004 útihús

ÁR-322:026 traðir

ÁR-322:003 hesthús

ÁR-322:001 bústaður

ÁR-322:002 útihús

ÁR-322:022 túngarður

ÁR-322:013 vatnsból

ÁR-322:014 lögn

ÁR-322:029 kvíar

ÁR-322:023 rista


ÁR-322:006 rétt

ÁR-322:027 rista

100 0 100 200 300 400 m




# ÁR-323 Hrepphólar (kort 1)





# ÁR-323 Hrepphólar (kort 2)





# ÁR-323 Hrepphólar (kort 3)

ÁR-323:053 mógrafi

ÁR-323:009 býli


- ÁR-323:025 náthagi
- ÁR-323:041 rétt
- ÁR-323:016 áveita
- ÁR-323:015 hesthús
- ÁR-323:011 túngarður
- ÁR-323:014 óþekkt
- ÁR-323:010 túngarður
- ÁR-323:035 draugur
- ÁR-323:051 brú
- ÁR-323:030 býli
- ÁR-323:045 stekkur
- ÁR-323:046 leið
- ÁR-323:052 rista
- ÁR-323:006 hjallur
- ÁR-323:044 stekkur
- ÁR-323:037 hesthús
- ÁR-323:008 býli
- ÁR-323:038 beitarhús
- ÁR-323:039 leið
- ÁR-323:004 lambhús
- ÁR-323:031 brunnur
- ÁR-323:054 leið
- ÁR-323:054 leið
- ÁR-323:040 vað
- ÁR-323:048 leið
- ÁR-323:029 mógrafi
- ÁR-323:047 leið
- ÁR-323:049 vað



3



# ÁR-324 Hólakot



ÁR-324:015 stekkur  
ÁR-324:016 óþekkt

ÁR-324:003 stekkur

ÁR-324:014 stekkur  
ÁR-324:004 áveita

ÁR-324:010 fjárhús

ÁR-324:011 fjárhús

ÁR-324:005 áveita

ÁR-324:008 tungarður  
ÁR-324:005 áveita

ÁR-324:007 traðir

ÁR-324:001 bústaður

ÁR-324:012 óþekkt

ÁR-324:006 útihús

ÁR-324:009 brunnur


ÁR-324:002 vað

250 0 250 500 750 1000 m

ÁR-324:013 vað



# ÁR-325 Sóleymarbakki



ÁR-325:012 óþekkt

ÁR-325:015 beitarhús

ÁR-325:016 óþekkt

ÁR-325:013 rista

ÁR-325:002 útihús

ÁR-325:001 bústaður

ÁR-325:014 þvottastaður

ÁR-325:005 tröðir

ÁR-325:004 brunnur

ÁR-325:003 útihús

ÁR-325:010 túngarður

ÁR-325:006 kvíar

ÁR-325:008 beitarhús

ÁR-325:009 fjárskvíli

250 0 250 500 750 1000 m

